

Pingsályktanir afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Tímareikningur.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sp.:
Till. til þál. um ákvörðun sérstaks tímareiknings (A. 102).

Á 6. fundi í Sp., 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sp., 21. apríl, var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Við flm. þessarar till. berum hana fram til að fá úr því skorið, hvort vilji Alþingis sé fyrir að nota heimild l. frá 16. febr. 1917 til þess að færa klukkuna fram, sem kallað er. 1. gr. þeirra l. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneyti Íslands heimilast að ákveða með reglugerð breytingu á tímareikningi á Íslandi þannig, að klukkan verði færð fram um allt að 1½ klukkustund frá svonefndum islenzkum meðaltíma, og verði þá 1 klukkustund og 58 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur“.

Við flm. þessarar till. förum ekki fram á, að lagabeimildin verði notuð til fulls, en þó get ég sagt, að ég álit, að það gæti vel komið til álita, ef brtt. kæmi fram í þá átt.

Um ástæðu fyrir þessari till. nægir í sjálfu sér að vísa til grg., þó að hún sé að visu ekki löng. Og þó að við höfum ekki beinlínis tekið fram í grg., þá er auðsætt, og kemur það greinilega fram í nál. um frv. 1917, að með því að færa klukkuna fram, þá sparast ekki svo lítið ljósmeti. Þessar tvær höfuðástæður, sparnaður á ljósmeti og þá ekki síður hitt, að með þessu móti ætti fólk að geta notið betur sólar heldur en með þeim tíma, sem nú er, sýnast vera nægilegar til þess, að Alþingi gæti fallizt á, að klukkan yrði færð fram.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa till., en vona, að Alþingi taki henni vel.

Skúli Guðmundsson: Það getur verið að benda mætti á eitthvað, sem mæli með, að þessi breyt. sé gerð á klukkunni yfir sumartímann, en ég get

) Stjarna () framan við nafn ræðumanns tákna, að ræðan sé prentuð eftir handriti inn-
anþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

Alpt. 1939. D. (54. löggjafarþing).

ekki komið auga á, að það hafi mikla þýðingu. Ég vil aðeins benda á eitt atriði í þessu sambandi. Mér bárust fyrir nokkru upplýsingar frá forstjóra veðurstofunnar um, að þetta gæti haft örðugleika í för með sér fyrir þá þjónustu, sem hann hefir á hendi. Vegna sambands við erlendar veðurstofur getur veðurstofan ekki breytt um tíma veðurathugana og útsendingu nema að litlu leyti, þó að klukkunni sé flýtt. Yrðu því veðurfregnir birtar síðar á degi, miðað við hina flýttu klukku, og álitur forstjóri veðurstofunnar, að það kynni að koma sér verr fyrir ýmsa, sem veðurfregnir vilja nota.

Ennfremur bendir hann á, að veðurskeytaflutningur grípi á annan hátt inn í starf síma og útvarps en nú, ef klukkunni verður flýtt, og geti það haft í för með sér aukaútgjöld fyrir veðurstofuna, þó að hann geri ekki ráð fyrir, að það muni miklu.

Í grg. þessarar till. er það fært fram, að með því að flýta klukkunni gefist mönnum kostur á að njóta sólar lengur en verið hefir. Ég fæ ekki annað séð en allur þorri manna geti jafnt notið sólar, þó að klukkunni sé ekki breytt, með því að fara heldur fyrr á fætur, miðað við klukku, á sumrum en á veturnum. Það getur verið, að í ýmsum stofnunum, þar sem ákveðinn vinnutími er, gæti þetta að einhverju leyti átt við, en vafalaust gætu margar stofnanir sér að meina-litlu breytt um starfstíma sinn án þess að breyt. væri gerð á klukkunni.

Páll Zóphóniasson: Herra forseti! Þegar ég varð einn af flm. þessarar till., vakti aðallega fyrir mér, að með því að flýta klukkunni, eins og heimild er fyrir í gömlum l., þá mætti spara þjóðinni allmikinn ljósmetiskostnað. Ég var í morgun að athuga, hvað mörg heimili væru á landinu, og eftir manntalinu 1930 eru þau kringum 21 þús., en eru sjálfsagt fleiri nú. Síðan athugaði ég, hvað mörg notuðu rafmagn og hvað mörg oliuljós, og komst ég að því, að 12 þús. notuðu rafmagn, en 9 þús. oliuljós. Ef lítið er á raflýstu heimilin, er erfitt að segja um, hvað mikið sparast þar, ef einn ljósatími er færður yfir á dagtíma, en ef við hugsum okkur, að hvert heimili sé lýst með 2 perum 50 kerta, þá sparast 480 kr. fyrir hvern tíma, sem er hægt að færa af ljósatíma yfir á dagtíma. Þetta sparast hjá einstaklingunum, en þó ekki út á við, þegar rafmagnið er komið og framleitt með vatnsorku, en það er þó a. m. k. sparnaður í

gjaldreyri þar, sem nota verður mótorá til að raflýsa með. En ef við gerum ráð fyrir, að hvert heimili, sem notar olíu til ljósa, sé lýst upp með 2 20^o brennurum, þá sparast 5 aurar á hvert heimili fyrir hvern ljósatíma, er færast á dagtíma, eða 450 kr. fyrir alla þjóðina í aðfluttu eldsneyti, sem á ófriðartímum — og margir búast nú við ófriði — er erfitt að ná í og því full þörf á að spara. Þetta er því fyrst og fremst sparnaðarmál. Ég viðurkenni, að hver maður getur gert þetta sjálfur án aðgerða Alþingis, en Alþingi getur haft áhrif á, að allir geri það með því að færa klukkuna.

Ég á erfitt með að skilja, hvers vegna veðurstofan ætti ekki að geta lagað sig eftir breyt. á klukkunni eins og veðurstofur í hinum löndunum. Mér er næst að halda, að forstjóri veðurstofunnar sé ekki búinn að átta sig almennilega á málinu. Veðurstofan hér hlýtur að geta lagað sig eftir klukkunni, eins og t. d. í Englandi, sem kemst vel af með sínar veðurfregnir jafnt þó þar sé sumartími og vetrartími. Ég held því, að það stafi þara af fasthaldni við gamlar venjur og siði, ef veðurstofunni er ógeðfellt að breyta til.

*Flm. (Jóhann Jósefsson): Mér virðist, að svo megí líta á, að þessi mótbára, sem fram hefir komið, sé ekki á allt of góðum rökum reist, en áður en ég vík að því, vil ég benda á, að i till. stendur, að heimilt skuli að flýta klukkunni frá 2. sunnudegi í apríl til 1. sunnudags í okt. Við vonuðum, að till. yrði afgr., áður en 2. sunnudagur í apríl væri liðinn, en eins og víta má, verður það ekki gert, því það er forhlaupin tíð.

Út af mótbárum forstjóra veðurstofunnar þarf fátt eitt að segja. Það er vitanlegt, að veðurfregnum er varpað út kl. 10 að morgni, kl. 3 að degi, kl. rúml. 7 að kvöldi og svo kl. 1 að næturlagi. Ekkert af þessum tíma virðist koma í bága við útvarpstímann, þó að klukkunni verði flýtt, nema ef vera skyldi útvarp veðurfregnanna kl. 7, en á því hlýtur að vera hægt að ráða bót.

Þá vil ég leyfa mér að vísa til bréfs frá pósti- og símamálastjóra, þar sem hann segir, að það virðist ekki þurfa að raska starfsemi pósts og síma, þó að klukkunni verði flýtt á sumrin. Um útsendingar til annarra landa þarf að sjálf-söggðu að gæta þess, að senda einni klst. fyrir en ella. Að því er snertir mótbáru hv. þm. V.-Húnv., að menn geti bara farið eins snemma á fætur og þeim sýnist, og því þurfi ekkert við klukkuna að eiga, þá er það í sjálfu sér rétt, að það er á valdi hvers einstaklings, hversu snemma hann fer á fætur, en þess ber þó að gæta, að það vill nú jafnan verða svo, að okkur hættir við að fara eftir klukkunni, láta hana ráða háttum að kvöldi og rismáli að morgni.

Það er vitanlegt, að mál þetta snertir sveitirnar ekki eins mikið og kaupstaðina, þar sem þar er jafnan farið fyrr á fætur, og virðist mér því, að fulltrúar sveitanna ættu að geta látið mál þetta að mestu afskiptalaust. Röksemdir þær, sem hv. þm. V.-Húnv. hefir komið fram með gegn frv. þessu nú, voru og færðar gegn máli þessu 1917. Þegar heimildarlögin voru sett, en ég sé ekki, að þau séu svo mikilvæg, að þau eigi að

hefta framgang þessa máls, sem í alla staði er mjög þarft.

Skúli Guðmundsson: Ég vil benda enn á eitt atriði, sem mér virðist, að athuga þurfi í sambandi við þetta mál, en það er, hvort ekki myndi t. d. geta leitt af því meiri eftirvinnu við fiskverkun en ella, því að það er alls ekki víst, að það verði hægt að byrja þeim mun fyrr á fiskverkuninni á morgnanna vegna veðr-áttu o. fl., sem nemur því, sem klukkunni verður flýtt. Getur vinnan því komið til með að dragast lengur fram eftir deginum að tímatali en áður. En nú hafa öll atvinnufyrirtæki, sem fiskþurrk- en stunda, samið við hlutaðeigandi verkalýðs-félög, hvenær eftirvinna skuli talin hefjast. Hér getur því orðið um allverulegt atriði að ræða. Ég vil því alls ekki, bæði af þessum ástæðum og öðrum, sem ég hefi þegar tekið fram, samþ. till., þar sem líka stjórnin hefir heimild til þess að gera þessa hluti, ef henni bara sýnist.

*Flm. (Jóhann Jósefsson): Það má vel vera að þessi breyt. á klukkunni geti orðið til þess í einstaka tilfelli að valda eftirvinnu, en ég tel ekki, að hér sé um svo stórt atriði að ræða, að slíkt geti komið til með að valda neinum úrslitum, — atriði, sem eigi að hamla því, að verkamenn og börn fái möguleika til þess að njóta sólar og dags betur en nú er hægt.

Það er rétt, að heimild er til í lögum fyrir stj. að gera þetta, en þar sem sú heimild hefir ekki verið notuð síðan 1917, virðist ekki nema rétt, að Alþingi láti í ljós vilja sinn um þetta nú.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 22:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafna-kalli, og sögðu

já: EÁrna, EE, EmJ, Erlþ, FJ, GSv, ÍsH, JJós, JGM, JPálm, JJ, JörB, MG, PZ, SEH, StSt, StgrSt, SvþH, VJ, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ.

nei: BJB, BSN, HelgJ, IngP, MJ, ÓTh, PO, SkG, AJ, BJ.

HermJ, HV, JakM, PHerm, PHann, SÁÓ greiddu ekki atkv.

10 þm. (BrB, EOJ, EystJ, GP, GG, SK, TT, ÞorbÞ, ÞBr, HG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 192).

2. Náttúrufræðirannsóknir o. fl.

Á 7. fundi í Sp., 21. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um náttúrufræðirannsóknir o. fl. (A. 180).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sp., 22. apríl, var till. tekin til cinnar umr.

***Flm. (Pálmi Hannesson):** Herra forseti! Í grg. þessarar till. er drepíð á það helzta, sem máli skiptir í sambandi við hana, en auk þess þykir mér rétt að geta nokkurra atriða.

Náttúrufræðirannsóknir greinast samkv. eðli sínu í tvennt: fræðilegar rannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Um hinar fræðilegu rannsóknir er það að segja, að það hefir verið heldur litill áhugi fyrir þeim hér á landi. Í því sambandi þykir mér rétt að benda á, að um leið og þjóðin tók við sjálfstæðinu, tók hún á sig margar skyldur, m. a. þá, að rannsaka landið. Það er skylda, sem hver einasta fullvalda þjóð tekst á hendur. En nú hefir það orðið þann veg, vegna fjárskorts og fámennis hér hjá okkur, að minna hefir orðið úr slíkum rannsóknum hér á landi en skyldi. Afleiðingin hefir orðið sú, að þeim mönnum hefir árlega fjölgað, sem hingað hafa leitað til rannsókna. Þessir menn margir hverjir hafa gengið hér um eins og við værum ekki fullvalda þjóð. Og það er vitanlegt, að meðan við ekki tökum sjálfir upp slíkar rannsóknir, þá höfum við tæplega rétt til að standa gegn slíku. Út af þessu hefir smám saman skapazt það álit, að við séum ekki sjálfstæð þjóð á þessu sviði. Þess er ekki langt að minnst, að hingað hafa komið leiðangrar frá erlendum háskólum og farið um landið í rannsóknarskyni án þess að spyrja, hvort þeir væru velkomnir. Slíkt mundi ekki þolað í nokkru öðru landi. Og vitanlega er slíkt og því um líkt frekleg móðgun við fullvalda þjóð, en við höfum orðið að sætta okkur við þetta. Ég geri ráð fyrir, að allar þorri manna geri sér tæplega ljóst, hvað alvarlegt mál er hér á ferðinni. Jafnframt þessu hafa svo þeir innlendir menn, sem fengið hafa við rannsóknir hér, mætt harla litlum skilningi og orðið að leita til erlendra manna um ýmsar upplýsingar. Það hlýtur að vera álit manna, að þetta þurfi að breytast.

Um hagnýtu rannsóknirnar er það að segja, að þær eru algerlega lífsnauðsyn fyrir okkur. Það hlýtur að vera takmark okkar að rannsaka, hvað raunverulega er hér af efnun í jörðu, og hvers virði þau eru, bæði málmar og önnur efni. Við þurfum að eignast spjaldskrá yfir allar náttúruauðlindir Íslands. Það er að visu svo, að við erum fátæk þjóð. Við þurfum þess vegna ekki að hugsa til, að við getum gert þessar rannsóknir algerlega á eigin spýtur. En við eigum að hafa forystuna og alla umsjón með þessum rannsóknum. Því er þessi till. til þál. komin fram, að við viljum flm. hennar, að vilji Alp. komi fram í þessu efni, sá vilji, að við höfum í hyggju að taka að okkur yfirstjórn þessara mála og litum aðeins á það sem móðgun, ef erlendir menn koma hingað til rannsókna án þess að leita samvinnu við okkur. Hitt er annað mál, að sú samvinna myndi í mörgum tilfellum fast.

Ég skal að endingu geta þess, að þetta mál er undirbúið í samráði við utanríkismálanefnd. Hefir verið leitað fyrir sér um, hvaða ákvæði gilda um þetta erlendis. Einnig hefir verið rætt við sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn um málið og leitað tillagna hans og umsagnar. Er-

lendis gilda engin bein fyrirmæli eða lagaákvæði um þessa hluti, en venjurnar aftur á móti orðnar svo fastar, að þeim hróflar enginn maður, hvorki erlendir né innlendir. Og það er lítið svo á af flm. og öðrum, sem að þessari till. standa, að það sé tímabært, að Íslendingar láti það einnig í ljós, hvers þeir óska í þessum efnun.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi geta þess í sambandi við þessa till., að í sjálfu sér get ég verið henni sammála, en mér finnst þær ástæður, sem flm. færði fyrir flutningi hennar, vera dálítið einkennilegar að sumu leyti. Það hefir nýlega verið skýrt frá því, að ríkisstj. hafi skipað nefnd til að hafa yfirstjórn þessara mála, og tveir af flm. þessarar till. munu vera meðlimir þeirrar nefndar. Mér er ekki kunnugt um, að þessi nefnd sé skipuð samkv. ályktun frá Alp. Nefndarmennirnir munu hinsvegar vera allir launaðir og þeir hafa tekið sér fyrir hendur að ráða framkvæmdastjóra fyrir sig. Það virðist því, að þessi till. sé fram komin til að löggilda þessa nefndarskipun eftir á. Það kom fram á þinginu í fyrra till. um fjárveitingu í sama skyni, en sú till. var felld með miklum meiri hl. Það er náttúrulega ekki nema gleðilegt, að þessi áhugi skuli vera vaknaður, en ég verð að segja, að mér finnst ekki nægilegt, að þessi n. komi til með að vinna langvarandi skipulagsbundið starf í því skyni að búa til einkonar spjaldskrá, eins og hv. þm. orðaði það. Ég held, að það eigi fyrst og fremst að leggja áherzlu á að rannsaka þá staði, sem menn vita, að til eru ýms efni á, málmar og annað, sem gætu orðið uppistaða undir atvinnurekstri í framtíðinni. Það þarf ekki aðeins að rannsaka þetta fræðilega, heldur þarf einnig að rannsaka það, hvort það borgi sig að vinna þessi efni. En til þess að slíkar rannsóknir geti orðið framkvæmdar er ekki nægilegt að skipa slíka nefnd án nokkurrar lagaheimildar. Til þess þarf líka fjárveitingu, en hana verður ekki hægt að fá fyrr en næsta haust. Það hefði því átt að taka það fram í þessari till., að Alp. ályktaði, að ríkisstj. væri heimilt að veita nægilegt fé til þessara hluta. En um það stendur ekkert í þessari till. Það væri náttúrulega ágætt, ef þessi till. hefði áhrif í þá átt, sem hv. flm. taldi, að hún mundi hafa, nefnilega að sporna við því, að erlendir „visindaleiðangrar“, sérstaklega frá Þýzkalandi, kæmu hingað unnvörpum og væðu um landið heimildarlaust. Hinsvegar sýnist mér enginn umbúningur á þessari till., sem mundi hindra slíkt.

Ég vil að lokum beina þeirri fyrirsögn til hæstv. ríkisstj., hvað þeir nefndarmenn fái í laun, sem skipaðir hafa verið í þessa nefnd, og einnig hvað framkvæmdastjórinn hafi í laun.

Ég skal taka það fram, að ég mun ekki greiða atkv. gegn þessari till., en finnst hún ganga allt of skammt til þess, að nokkur alvara sé sýnd í þessu mikilsverða máli.

***Flm. (Pálmi Hannesson):** Mér virðist, að hv. 3. þm. Reykv. hafi misskilið þessa till. nokkuð. Ég skal taka það fram, að þessi till. er algerlega óviðkomandi þeirri n., sem ríkisstj. hefir skipað til að sjá um hagnýtar rannsóknir. Hins-

vegur er þess getið í grg., að það mætti þykja eðlilegt, að þessari n. yrði falin forsjá hinna fræðilegu rannsókna jafnhliða.

Fyrirspurninni um laun nefndarmanna var beint til ríkisstj., og sé ég ekki ástæðu til að svara henni.

Hv. þm. vildi draga nokkuð í efa, að þessi till. væri þannig úr garði gerð, að hún spornaði við rannsóknum erlendra manna hér á landi. Út af þessu skal ég taka það fram, að ég geri ekki ráð fyrir, að eftir að þessi till. hefir náð samþykki muni nokkur erlendir vísindamaður leyfa sér að koma hingað nema í samráði við okkur sjálfa. Það er mín skoðun, að það muni verða erfitt að setja föst lagaákvæði um þessa hluti, að öðru leyti en því, sem l. um útlendinga ná auðvitað yfir þessa menn. En það er að sjálf-sögðu ekki í nokkru síðuðu landi litið á vísindamenn fyrirfram sem einhverja glæpamenn. Það er að sjálf-sögðu gengið út frá, að menn komi í góðum tilgangi, eins og erindi þeirra hljóta að fela í sér.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Út af fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. út af þessari nefndarskipun skal ég upplýsa, að þessi n. er ólaunuð, svo að það verður ekki mikið úr því ádeiluatríði. Þessir menn eru allir mjög áhugasamir á þessu sviði, og við væntum þess, að starf þeirra, ásamt starfi framkvæmdarstjórans, geti borið nokkurn árangur.

Ég ætla ekki að fara langt út í umr. um þetta mál, en ég get þó tekið það fram, sem ég veit, að hv. þm. er kunnugt, að það hafa á undanförrum árum farið hér fram nokkrar rannsóknir. Þessar rannsóknir hafa verið dreifðar á milli margra manna, sem hafa áhuga fyrir þeim. Þessari till. og þeirri n., sem skipuð hefir verið, er ætlað að samræma þessar rannsóknir, sem gerðar hafa verið, og koma þeim fyrir á einn stað í rannsóknarstofu atvinnuveganna. Ættu þessar rannsóknir að geta myndað þar safn í framtíðinni, sem áhugamenn hefðu aðgang að. Það er mikill áhugi hjá mörgum, og margir óska að kynna sér þessar hverjarannsóknir. 6 eða 7 manns hafa lánað þessi gögn, og það var spurt eftir þeim af áhugamanni norður í landi, en við gátum ekki sent þau þangað.

Fyrir 3 árum voru gerðar hér rannsóknir um hvernig ætti að gera hér sement. Menn komust að þeirri niðurstöðu, að sú framleiðsla væri möguleg hér á landi fyrir 58 kr. tonnið, en það þótti of dýrt. Eins og þeim rannsóknum er háttað nú, þarf að taka efni inni við Elliðaár og sækja sand vestur á firði, en leirinn við Elliðaárnar er ekki nógu kísilborinn, og þarf því að fá hann á hverasvæðum. Þetta liggur fyrir og þarf að halda áfram athugunum á, og ef tækizt að finna efni á réttum stöðum, mundi framleiðslan geta borið sig. Ég nefni þetta rétt sem dæmi, en nú á að reyna að koma skipulagi á þessi mál, og til þess hefir verið valin þessi nefnd. Laun framkvæmdarstjórans eru um 8000 kr., þegar talin eru skólastjóraalaun hans og viðbótarlaun fyrir þetta starf. Reynslan mun leiða í ljós, að ekki verður séð eftir þessu fé. Hvað svo verður veitt til þess að halda starfinu áfram,

er undir fjárveitingavaldinu komið, en ríkisstj. taldi ekki rétt að láta þetta starf biða lengur en orðið er.

Hv. flm. till. hefir gert grein fyrir ástæðunum til þess, að hún er flutt, og þær koma líka fram í grg. Það er ætlunin að senda fulltrúum erlendra ríkja afrit af till. Það er ekki vegna neinnar sérstakrar þjóðar, heldur vegna starfsins almennt, að þessi till. er flutt.

Ég efast ekki um, að ef þál. er send fulltrúum erlendra ríkja, mun hver þjóð sýna þá kurteisni að fylgja þeim reglum, sem settar verða.

*Héðinn Valdimarsson: Ég er ekki að sjá eftir opinberu fé til vísindarannsókna, enda gefur þessi þáltill. ekki heimild til fjárveitinga. Ég vil þó geta þess, að mér virðist ekki geta gengið lengur, að enginn fjárveiting sé til þessa, og væri eðlilegra að hafa á því fastara form en í till. og nánar tengt Háskóla Íslands.

Við erum nú nýbúinir að heyra í útvarpinu, að það gilda mismunandi siðareglur hjá hinum ýmsu stórveldum, og ég get vel hugsað mér, að hingað komi menn, sem virði að vettugi þær reglur, sem við viljum setja. Ég hygg og, að einhverjar hömlur séu á þessu í okkar nágrannalöndum, a. m. k. í Englandi, og nákvæmar rannsóknir á því, til hvers menn koma inn í landið.

Ég vil vænta þess, að fyrir frh. þessa þings í haust hafi stj. undirbúið þetta mál betur og að þá verði gengið í að koma fram hagnýtum rannsóknum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 220).

3. Sildarlýsisverksmiðja.

Á 6. fundi í Sp., 18. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um verksmiðju til vinnslu á sildarlýsi (A. 165).

Á 7. fundi í Sp., 21. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. og 9. fundi í Sp., 22. og 24. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sp., 25. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.

*Flm. (Finnur Jónsson): Ég get um þessa till. vísað til grg., sem henni fylgir. Þarna er um nokkuð mikið mál að ræða, ef hægt er að auka verðmæti sildarlýsis um milljónir króna með því að koma á vinnslu þess og herzlu hér á landi. Það er aðallega tvennt, sem til þessarar iðju þarf. rafmagn og vatn. Verksmiðja, sem vinnur úr 10 þús. smálestum á ári, mun þurfa um 35 tonn af

vatni á klt. En hér á landi ætti ekki að vera vatnsskortur. Nú er verið að reisa á Norðurlandi rafstöð, sem ætti að geta framleitt ódýrt rafmagn. Þá virðist koma til mála að hafa verksmiðjuna á Akureyri. En sennilega mundi þó Reykjavík þykja öruggari og hentari staður. Hafnir fyrir norðan geta lokazt af hafis og útflutningur teppzt langan tíma að vetrinum.

Síðan ég lagði fram þessa till. hefir ungur verkfræðingur komið að máli við mig um þessi efni. Hann hefir kynnt sér þau ræklega. Og sem prófraun frá Polyteknisk Læreanstalt í Kaupmannahöfn hafði hann einmitt fengið verkefni í þessari grein. Hann gaf mér þær upplýsingar, að verksmiðja, sem ætti að geta unnið úr 16 þús. tonnum á ári, mundi kosta um 300 þús. kr. Ennfremur sagði hann, að ef vel tækist með herzlu á sildarlýsinu, þannig að nota mætti það í stórum stíl til manneldis, í smjörliki o. fl. þá væri verðmunurinn á unnu og óunnu lýsi of lágt reiknaður í grg. þáttill. Hann taldi lýsið eiga að geta vaxið um allt að 100% að verðmæti við herzluna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég vona, að hv. Alþingi sjái sér fært að samþ. till. og að rannsóknnum verði hraðað sem mest. Því að ég er sannfærður um, að hér er um mjög mikilsvert atriði í aukningu atvinnuveganna að ræða.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 252).

4. Vöruflutningaskip til Ameríkuferða.

Á deildafundum 25. apríl var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um stuðning við Eimskipafélag Íslands, ef það byggir vöruflutningaskip, hentugt til Ameríkuferða (A. 213).

Á 10. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sp., 26. apríl, var till. tekin til síðari umr.

*Frsm. (Jónas Jónsson): Ég get ekki komizt hjá því að skýra þetta mál lítið eitt, með því að það er ekki öllum hv. þm. jafnkunnugt. En það stendur svo á, að eftir því, sem ég veit þezt, mun framkv.stjóri Eimskipafélags Íslands, Guðmundur Vilhjálmsson, vera staddur í Kaup-

mannahöfn og verða innan skamms að taka ákvörðun um það, hvort hann og stjórn félagsins lætur byggja skip fyrir félagið af þessari gerð eða ekki.

Aðdragandi þessa máls er sá, að Eimskipafélag Íslands hefir um nokkuð mörg ár verið að búa sig undir byggingu skips, töluvert stærra en þau skip, sem það hefir átt hingað til. Og það hefir verið meining félagsstj. og hún hefir undirbúið það á þeim grundvelli, að það væri mjög stórt skip, en að öllum líkindum að hálfu leyti manflutningaskip. Það er að áliti stjórnar Eimskipafél. tími til þess kominn að gera út skip, sem gangi til Englands og Danmerkur með töluvert meiri hraða en þau skip, sem nú eru í þeim förum, miðað við, að slíkt skip gæti dregið hingað útlenda ferðamenn á sumrin. Nú voru þó ekki allir í stj. Eimskipafél. á þetta sáttir, eins og nú standa sakir, þannig að eimskipafélagsstj. hefir samþ. að gera annað af tvennu, annaðhvort að byggja svona stórt skip, sem að hálfu leyti væri manflutningaskip, en geti þó tekið töluvert meiri farm heldur en t. d. Gullfoss og Dettifoss, eða þá hinsvegar að láta gera skip, sem væri talsvert minna. Og ég hygg, að munurinn sé sá, að stóra skipið, ef til kæmi að kaupa það, mundi eftir núverandi gengi kosta talsvert á fimmtu millj. kr. og vera 320 fet á lengd. Aftur á móti er hinn möguleikinn, sem stj. Eimskipafél. álitur vera fyrir hendi, að gera skip sem sé 260 fet á lengd og gangi ekki eins hratt og stóra skipið mundi gera, en kostar þá að sama skapi minna, með því að í því skipi mundi ekki vera tekið pláss í farþegarúm nema á þiljum uppi, eins og á Dettifossi, og þá er gert ráð fyrir, að á slíku skipi mætti rúma eins marga farþega eins og nú á Gullfossi.

En það, sem hefir komið okkur í fjvn. til þess að leggja þessa þáttill. hér fram, er það, að við álitum, að það væri mjög heppilegt, ef hægt væri að byggja skip nú, sem yrði alveg föst byrjun að því að leggja grundvöll að viðskiptum við Ameríku, sem fyrst og fremst byggist á vöruflutningum, og fyrst og fremst byggist á því, að flytja vörur frá okkur til Ameríku, og þá um leið væntanlega vörur til okkar þaðan aftur um leið og verzlun byrjaði þar með okkar vörur. En ef stefnt er að þessu sem aðalatriði, þá er ekki rétt að leggja höfuðáherzlu á, að skipið verði að hálfu leyti farþegaskip, því að við mundum geta fengið nóg ferðafólk frá Ameríku á sumrin, en þetta farþegarúm, ef haft væri í skipinu, yrði þá að standa autt verulegan tíma úr árinu, yfir vetrartímamann. Og ef skip á t. d. að hafa farþegarúm fyrir 200 farþega, þá tekur það vitanlega mikið af lestarrúmi skipsins. En það er ekki hlutverk okkar hér í fjvn. að segja stjórn Eimskipafél. fyrir um það, hvað hún á að gera. Hitt er annað mál, sem hér liggur fyrir, og það, sem við vildum mæla með, ef Alb. sýndist það ráð, að skora á ríkisstj. að reyna að komast að samkomulagi við stjórn Eimskipafél. Ísl. um, að það byggji skip, aðallega til Ameríkuferða, og að ríkisstj. sé heimilt að heita félaginu styrk til rekstrar þess skips, — ég skal ekki segja, hve miklum, en talsverðum, í hlutfalli við þann rekstrarhallu, sem gera má ráð fyrir, að yrði á

rekstri skipsins fyrstu árin a. m. k. Nú er það þannig, að Eimskipafél. hefir í sjálfu sér skuldbundið sig til þess, nema ef það fellur frá því vegna fjárhagsástæðna, að gera vöruflutningaskip, sem að hálfu leyti væri mannflutningaskip. eða að öðrum kosti samskonar skip og hér í þáttill. er víkið að. Ef Eimskipafél. byggir vöruflutningaskip þetta og kærir sig ekki um að láta það ganga nema til Englands og Danmerkur eða Englands og Þýskalands, þá er ekki ástæða til þess að styrkja Eimskipafél. til vöruflutninga á þeim gömlu leiðum, þeir eiga að borga sig. En ég hygg, að Eimskipafél. Ísl. mundi fá velviljanan stuðning alls þorra landsmanna, ef það tæki sér fyrir hendur að hefja Ameríkuferðir, þó að á því yrði tap fyrst í stað, sem gera má ráð fyrir. — Ég vil ekki fullyrða, hvort það gæti sked. að fyrsta árið gæti orðið notað til þeirra ferða minna skip. þ. e. a. s. eitthvert af eldri skipunum, meðan flutningarnir væru að vaxa. Þó skiptir það ekki máli. — Ef þetta skip er vélskip, með 14 mílna hraða, þá eru í því fölgirnir möguleikar til þess, að við getum byrjað að fara nýjar leiðir til viðskipta vestur þar.

Það, sem knúðið hefir okkur í fjvn. til þess að leggja fram þessar till., eru þessir sívaxandi erfiðleikar á að koma íslenskum vörum á markað erlendis. Við vitum nú í dag ekki annað en að Spánn sé okkur lokaður í því efni, og það er alltaf að verða erfiðara og erfiðara með sölu í Portúgal. Við erum með mestan „kvóta“ á Ítalíu, en hann er þó litill, miðað við það, sem áður var. Salan til Þýskalands er nú góð, miðað við það, sem áður var. En Þjóðverjar keppa alltaf með miklum dugnaði að því að vera sjálfum sér nógir, og útlit er fyrir, að ekki liðu á löngu þangað til að þeir verða það svo, að þeir þurfi ekki að kaupa fisk af okkur. Þess vegna finnst mér full þörf á því að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að geta selt fisk í Ameríku. Ég get ekki hugsað mér annað en að við munum geta unnið markað fyrir okkar fisk í Ameríku, þar sem við höfum einhvern bezta fisk í heimi til að selja. Við höfum nú kælítæki og getum gert úr honum ákaflega góða vöru. Í Bandaríkjunum er meiri kælítækni en í nokkru öðru landi í heimi. Þar eru fleiri kælíhús, kælívagnar og kæliskápar heldur en í nokkru öðru landi í veröldinni. En þegar við reyndum að koma þessari vöru til Tékkóslóvakíu, þá var það þröskuldur í veginum fyrir sölu á fiski þangað, að slík tækni var þar ekki nema í tiltölulega smáum stíl og eftir að byggja hana upp.

Nú dettur mér ekki í hug að segja, að það, að Bandaríkjamenn hafa mikla kælítækni, sé sama sem það, að þeir muni kaupa af okkur fisk. Það geta komið til greina stórir erfiðleikar á þessari sölu. En við stöndum vel að vígi um verzlun þar vestra að því leyti, að Bandaríkin vilja frjálsta verzlun, og þar aftur hægt að fá það, sem við viljum flytja inn.

Ég játa, að þetta, sem ég hefi nú sagt um viðskipti við Ameríku, mundu e. t. v. ekki þykja þung rök, ef við værum ekki sama sem afskornir frá þessum gömlu mörkuðum. Og þó að ég gæti búizt við því, að það yrði ódýrara að flytja vissar vörur frá Ameríku með stórum skipum til Eng-

lands, þá er aftur það, sem hér kemur til greina, ef við ætlum að koma okkar vörum, t. d. fiski, inn á markað í Bandaríkjunum, að því verður ekki við komið nema með okkar eigin skipum, þveg eins og við urðum að byggja Brúarfoss á sínum tíma til þess að koma útflutningsvöru bændu til Englands.

Ég fór einn dag með Vilhjálmi Þór til þess að taka á móti sild í kössum, reyktri og frystri, sem var búið að umskipa í Leith og flytja til Glasgow, og mikið af kössunum var ónýtt. Það má nú náttúrulega segja, að sú sala hafi verið á tilraunastigi og að kassarnir hafi ekki verið nógu sterkir. En það vita allir, hve miklum erfiðleikum það er bundið, ef umskipa þarf vörum, sem sendar eru svona eins og þessi sild á markaðinn. Sérstaklega mundi slík umskipun vera óþægileg á frystum fiski. Annars, þó að ég nefni þetta dæmi um sildarsendinguna, ætla ég ekki að fara út í sildarsölumálin, en aðeins segja, að þetta er ekki nema á byrjunarstigi enn. En ég vil rétt geta um það samt, þó að það sé ekki stór röksemd, að einn stærsti íslenski kaupmaðurinn í Vesturheimi, Sveinn Þorvaldsson úr Skagafirði, seldi hollenzka sild. Hún kom í litlum ílátum, sem voru miðuð við það, sem fólkíð vildi hafa þar. Þessi íslenski kaupmaður hefði hundrað sinnum heldur viljað fá íslenska sild til sölu. Ég hygg, að þegar betur væri leitað í Ameríku, mundi takast að koma miklu meira af okkar vörum út þar heldur en nú á sér stað. Og ein af okkar beztu vörum er nú nær eingöngu seld til Bandaríkjanna, sem er lýsi, sem hefir unnið sig þar inn sem verzlunarvara.

Ég læt hér staðar numið að tala um þá nauðsyn, sem mér finnst á því að hafa skip, sem hæft er til Ameríkuferða. Það er ekki hægt að segja, að gömlu skipin séu hæft til slíkra ferða, því að þau eru kolaskip og eyða svo miklu í kol. Þótt þau hafi verið notuð til slíkra ferða á stríðsárunum og verði sennilega aftur notuð til þeirra undir sömu kringumstæðum, þá er í raun og veru ekkert vit í að hafa til slíkra ferða nema oliuskip, því olían tekur svo lítið pláss og hefir ýmsa aðra kosti þar að auki. Ef það tækist að smíða svona skip, áður en ófriður skellur á, þá er það hið mesta bjargráð að hafa samband við Ameríku, og þó búast megi við, að sá ófriður verði þannig, að skip okkar verði í hættu á þessari leið, þá er það þó ekki svipað eins og kringum England.

Að síðustu vil ég vika að því, sem fyrir mér er stórt atriði. En það er viðhorfið til landa okkar í Ameríku. Þó ég geri ekki ráð fyrir, að það verði verulegur burtflutningur héðan að heiman vestur eða heimferðir að vestan, þá eru nú í Ameríku undir 50 þús. manna, sem sumt er fætt á Íslandi, sumt fætt vestra og talar íslensku, en sumt talar ekki íslensku. Þetta fólk er dreift um allt Kanada og öll Bandaríkin. Það er í raun og veru mikil vandsæmd fyrir okkur að vanrækja þetta fólk, svo og sýna því svo litinn sóma, að menn hér heima hafa það almennt á tilfinningunni, að þetta fólk sé dáíð okkur. En það hefir aftur á móti tilfinningu fyrir okkar landi. Ég held, að ef við gætum byrjað þessar ferðir vestur, þá mundi það valda mikilli breyt-

ingu í okkar andlega lífi, að menn færu þá vestur til að læra vísna hluti og það kæmu menn að vestan, aðallega til þess að sjá gamla landið, og einnig væri hægt að skipta á unglíngum til náms. Margt af þeirri teknisku þekkingu, sem við nú skjæjum til annarra landa, ættum við að geta fengið þar.

Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á eina grein, lögfræðina, en í henni höfum við Íslendingar að vonum mjög lítið tekið eftir Ameríku. Þegar ég var vestra, þá talaði ég alloft við nokkra af hinum ágætu íslenzku lögfræðingum í Kanada og Bandaríkjunum. Þeir sögðust vera mjög fúsir til, ef lögfræðingar kæmu að heiman, að koma þeim inn í réttarferið vestra. Ég nefni þetta sem dæmi, því mér finnst rétt, að við í andlegum efnum höfum ekki eingöngu samband við meginlandið.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta. En það getur vel verið, að þótt þessi till. verði samþ., þá náist ekki samningar milli stjórnar Eimskipafél. og ríkisstj., og gæti það komið sér illa, ef ófriður kviknaði á næstunni. En þessi till. er þó ekki miðuð við stríð, heldur frið. Hún er miðuð við það, að við réttum út hægri handlegginn í vesturátt, svo að við hér í Atlantshafinu höfum mikil og góð sambönd á báðar hendur. Það er ætlunin að stofna með þessu nýja skipi tengilið við Ameríku, svo að við getum komið þar á markað okkar fiski, sild og lýsi og kannske fleiru, og til þess, að við getum kynnt þessu stóra landi.

*Jón Pálmason: Það stendur svo á, að ég hefi ekki getað fylgt með meðnm. mínum í fjvn. í því að leggja til, að þessi till. verði samþ. Mér þykir ástæða til að gera grein fyrir minni afstöðu til till.

Eins og hv. frsm. gat um, þá hafa að undanförunu farið fram umleitanir af hálfu stjórnar Eimskipafél. Íslands um að fá stuðning til þess að byggja stórt skip, sem að nokkru leyti sé ætlað til manflutninga og að nokkru leyti til vöruflutninga. Það var gert ráð fyrir, að skipið væri 320 fet á lengd og myndi kosta um 4½ millj., og rekstrarhalli á því myndi verða 345 þús. kr. á ári, eftir þeim áætlunum, sem fyrir lágu. En samkv. upplýsingum frá stjórn Eimskipafél. var gert ráð fyrir, að hægt væri að færa hann nokkuð niður.

Nú hefi ég lítið svo til, að þótt þessar tölur væru ekki alveg nákvæmar, þá væri það hreinasta fjarstæða að leggja út í svo stórfelldan hallarekstur, þótt líkur væru til, að hægt væri að fá af því hagnað á annan hátt. Það lítur nú út fyrir, að búð sé í bili með þetta fyrirtæki, þar sem fyrrv. atvnrh. hefir með bréfi dags. 5. þ. m. neitað að mæla með því, að stuðningur verði veittur til þess að byggja þetta skip. Það má gera ráð fyrir, að núv. hæstv. ríkisstj. telji sig að einhverju leyti bundna við þá neitun.

Þá kemur til greina, að láta byggja þetta vöruflutningaskip, sem þessi till. fjallar um. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að samkv. upplýsingum og áætlunum, sem stjórn Eimskipafél. gaf fjvn. þá var talað um, að rekstrarhalli á þessu vöruflutningaskipi myndi verða 70—80 þús. kr.

meiri en á hinu stærra skipi. Ég hefi að sjálf-sögðu ekki aðstöðu eða þekkingu til þess að dæma um, að hve miklu leyti þessar áætlanir muni vera réttar. En þegar ég fæ þessar upplýsingar frá þeim aðiljum, sem hlut eiga að máli, að rekstrarhallinn á þessu fyrirhugaða vöruflutningaskipi verði hærri heldur en á hinu stóra skipi, þá treysti ég mér ekki til að mæla með því að skora á ríkisstj. að hefja samninga við stjórn Eimskipafél. á þessum grundvelli. Ég tel þess vegna mjög hæpið að gera fasta samninga um þetta minna skip nú sem stendur.

Ég vil taka það fram, að ég sem þm. tel mig ekki bundinn af þeim samningaumleitunum, sem farið hafa fram um þetta mál. Það verður að meta, hvað mikil nauðsyn er hér fyrir hendi, og ég tel eðlilegt eins og þessu máli er nú komið, að þingið visi því til ríkisstj., og vil ég leyfa mér að leggja það til.

Forseti (HG): Mér hefir horizt till. frá hv. þm. A.-Húnv. um að visa málinu til ríkisstj.

*Atvnrh. (Ólafur Thors): Ég fór því miður á mis við meiri hlutann af ræðu hv. form. fjvn. og get því ekki beinlínis svarað henni. Ég þóttist þó heyra, að hann í ræðu sinni var að tala um hina miklu hugsjón sína, að tengja íslenzku þjóðarbrotin vestan hafs og austan sem föstustum böndum. Hann hefir með för sinni vestur markað ný tímamót í sögu kynningarmálsins milli þjóðarbrotanna vestan hafs og austan. Mér er óhætt að fullyrða, að enginn Íslendingur hefir komizt í jafnánin kynni við íslenzku þjóðina vestan hafs eins og form. fjvn. Ég lit á þessa viðleitni með hinn mestu samúð, og ég er fús að leggja minn skerf til þess að tengja sem bezt saman þjóðarbrotin vestan hafs og austan. Ég hefi orðið þess var, að hann fylgir þessu máli fast eftir í smáu sem stóru, og tek ég þessa till. sem líð í þeirri viðleitni hans.

Ég álit hinsvegar, að Alþ. megi ekki blanda saman þeirri samúð, sem það hefir með því að tengja saman íslenzku þjóðarbrotin vestan hafs og austan, og hinsvegar peningamálum Eimskipafél. Íslands, nema innan hæfilegra vébanda. Ég get ekki séð, að þessi till. þótt samþ. verði, geti á nokkurn hátt verið óviðfelldin fyrir stjórn Eimskipafél. Íslands, ef lítið er á hana þeim augum, sem ég ætla að leyfa mér að líta á hana, að hún sé til viðbótar því, sem ríkisstj. hefir áður sagt við stjórn Eimskipafél. í sambandi við væntanlegu byggingu Eimskipafélagsins á stóru farþegaskipi.

Ég vil út af ræðu hv. þm. A.-Húnv. aðeins segja það, að ég álit, að það sé svo fjarri því, að það sé nokkur fjarstæða, að Eimskipafél. hefji byggingu á fyrirhugaðu farþegaskipi, að ég álit þvert á móti, að það væri til hins verra, ef svo væri dregið úr stórhug þessa fyrirtækis, að það þyrði ekki að ráðast í byggingu á slíku skipi, sem að sjálf-sögðu væri miklu smærra spor heldur stigið var 1914, þegar Eimskipafélagi Íslands var hleypt af stokkunum með byggingu Gullfoss og Godafoss.

Ég ber ekki þau kennsl á þetta mál, að ég treysti mér jil að kveða upp endanlegan dóm

um það, hvort þessi stefna Eimskipafél. Íslands sé rétt að öllu leyti, þó ég sjái nú, að fengnum þeim upplýsingum, sem ég tel mig hafa fengið, að það sé hyggilegra að gera það heldur en að byggja það skip, sem verið var að hugsa um. Ég vil ekki kveða upp neinn dóm um þetta, fyrr en ég hefi kynnt mér það, og ég tel mig hafa óbundnar hendur um að snúast á hvora þá sveif, sem mér finnst eðlilegri tákmynd af þeirri hugsjón Íslendinga, að geta dregið fána hinnar íslensku þjóðar við samilegan hún í erlendum höfnum.

Það var fjarri sanni, að ríkistj. telji sig bundna af því bréfi, sem fyrrv. atvmrh. hefir látið frá sér fara. En ég vil upplýsa það sem mína skoðun, að ríkistj. sé bundin af öðru bréfi frá sama ráðh., og það verður þá verkefni ríkisstj. að losa þau bönd, ef hún telur ástæðu til að gera það. Ég tel ekki ástæðu til að draga það inn í umr.

Ég vil, að það komi skýrt fram frá minni hendi, að ég skoða þetta sem örvun til Eimskipafél. Íslands um að styðja sem bezt viðleitnina til að tengja saman þjóðirnar vestan hafs og austan, og í öðru lagi að styðja að því, að nánari tengsl megi takast út frá viðskiptalegu sjónarmiði milli Íslands og Ameríku. En það má gjalda varhuga við að stiga víxlspor í þessu sambandi og leggja of mikið af mörkum, áður en þróunin er komin á það stig, að hún kallar á þá flutningaþörf, sem ætlað er að bæta úr með byggingu slíks skips.

Ég vil svo að lokum segja það, að hvernig sem fer um till., þá lit ég svo á, að atvmrh. og raunar öll ríkisstj. hafi óbundnar hendur, bæði af till. og eins af bréfi fyrrv. ráðh., um endanlega afstöðu til væntanlegrar byggingar á skipi fyrir Eimskipafél. Ísl., sem ég að visu álit, að ríkisstj. hafi mjög takmarkað vald yfir. Ég er yfirleitt mótfallinn því, að ríkisstj. sé í sínum afskiptum að fara út fyrir hin eðlilegu takmörk. Ég hefi ekki langan ráðherraferil að baki mér, en þessa einu viku, sem ég hefi gegnt þessu starfi, þá hefir mér ofboðið, hvað ríkisstj. er ætlað að gera í smáu sem stóru. Ég held það væri betra, að ráðh. hefðu takmarkaðra verksvið, en reyndu þá að leysa þau störf, sem þeir hefðu, betur af hendi. Og í þessu sambandi vil ég leggja áherzlu á, að ég álit, að ríkisstj. eigi ekki að ætla sér vald um of í viðskiptum sínum við Eimskipafél. Ísl., þar sem með stjórn þess fara reyndir og hagsýnir menn, en þekking okkar er takmörkuð í þessu sambandi. Það má ekki heldur blanda saman þeirri miklu hugsjón, sem vakir fyrir hv. formanni fjvn., við hreint fjárhagslegt atriði.

***Pétur Ottesen:** Ég veit, að við erum allir sammála um, að Eimskipafél. Ísl. hefir mikilsvert hlutverk að inna af hendi, þar sem okkur hefir tekizt með stofnun þess félags að losna undan því leiðinlega ástandi, að þurfa að öllu leyti að vera upp á aðrar þjóðir komnir með aðflutninga til landsins og flutninga á okkar afurðum til annarra landa. Það er ekki hægt að gera kröfu til þess, að þróunin hafi verið örari en hún hefir verið, enda skortir mikið á, að við fullnægjum flutningaþörfinni til og frá okkar

landi. Ennþá þurfum við að verja allmiklu af okkar dýrmæta gjaldeyri til þess að borga farmgjöld til annarra þjóða.

Hinsvegar dylst mér það ekki, að í þessari þróun hjá Eimskipafél. höfum við komizt lengra á leiðis með að fullnægja fólksflutningaþörfinni heldur en farmflutningaþörfinni, og þess vegna virðist mér það réttmætt og frekar ástæða til, að því leyti, sem ríkisvaldið sér sig knúð til, að veita Eimskipafélagi Íslands atbeina til þess að geta betur en hingað til mætt farmflutningaþörfinni, og það því fremur, sem svo stendur á hjá þjóðunum, að margir búast við, að til ófriðar geti dregið, þá er þörfin í þessu efni ennþá ríkari. Ég held þess vegna, að verið sé á réttari leið með þessa þáttill., þegar maður lítur á þessa þróun og þörfina í framtíðinni, að beina því til Eimskipafél. Ísl., að það leggi, eins og sakir sanda, meiri og ríkari áherzlu á að auka skipakostinn að því er snertir farmflutninga. Svo er líka annað atriði, sem þarna kemur til greina, að okkur er nauðsyn á því að beina okkar viðskiptum meir en verið hefir til Ameríku. Það hefir þegar komið í ljós, að það hillir undir allverulega sölumöguleika þar að því er snertir saltfisk og sild. Auk þess er það ekki ómögulegt, að þegar leiðin vestur er opnuð fyrir afurðasölu, þá gætum við fengið þar hagkvæm kaup á ýmsum þeim nauðsynjum, sem við nú kaupum frá öðrum þjóðum, og gætum við þá flutt það með sömu skipum aftur til landsins.

Þegar á þetta er litið, þörfina á því að beina þróuninni í þessa átt frekar en orðið er, og haga þeim skipakosti, sem hæstist við, þannig, að hann geti tekið að sér flutninga til Ameríku, þá er það svo mikilsvert atriði, að það er fullkomlega þess vert fyrir þingið að reyna að ýta undir og örva þróunina í þessu efni og færa þetta mál inn á þá braut, sem þinginu finnst réttmæt og eðlileg, eftir því viðhorfi, sem nú er.

Ég get ekki fallizt á að visa þessu máli til stj. því það er sama sem að þingið segi, að það vilji ekkert gera við þetta mál. Þegar málum er visað til ríkisstj. undir venjulegum kringumstæðum, þá er þingið að hlíðra sér hjá að taka afstöðu til málanna, og það er hægt að taka svo til orða, að það sé sama og að setja þau í drekkingarhyl. Ég vil undirstrika það, sem hv. form. fjvn. og frsm. till. sagði um hana og þá þýðingu, sem það gæti haft, að þannig væri tekið á þessu máli eins og till. hljóðar um. Ég vildi því mega vænta þess, að þingið geti fallizt á að fara þessa leið. Ef till. verður samþ., þá hefir ríkisstj. yfirlystan vilja þeirra manna, sem greiða henni atkv., um það, hvernig þeir vilja, að tekið sé á málinu, eftir því viðhorfi, sem nú er.

***Jón Pálmason:** Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að till. mín um að visa málinu til ríkisstj. er miðuð við það, að Alb. taki ekki ákvarðanir um þetta fyrr en á framhaldi þessa þings á komandi hausti.

Mér finnst, að málið liggi þannig fyrir, miðað við það ástand, sem fyrir hendi er, að það sé mjög athugasvert að taka ákvarðanir um það, að binda ríkissjóð við stórfelld ný framlög til Eimskipafél. Íslands. Hæstv. atvmrh. tók það fram,

að hann liti svo á, að vald Alp. og ríkisstj. yfir Eimskipafél. væri mjög takmarkað. Ég er því samþykkr. Það er takmarkað að því leyti, er snertir þær ráðstafanir, sem Eimskipafél. sem stofnun hefir ráð á að sjá fyrir. Hinsvegar skilst mér, að þetta mál sé komið inn á Alp. vegna þess, að farið sé fram á stóraukinn styrk til þessa félagsskapar úr ríkissjóði. Það er atriði, sem Alp. og ríkisstj. hefir að sjálfsgöðu vald til að taka ákvarðanir um.

Hæstv. atvmrh. tók það fram, að hann teldi sig ekki bundinn af bréfi fyrr. atvmrh. í þessu máli, og ekki heldur af till. þeirri, sem hér liggur fyrir. Þótt samþ. yrði. Um þetta er það eitt að segja frá minnu sjónarmiði, að ég tel, að það heyri að sjálfsgöðu undir Alp. og ríkisstj. að taka ákvörðun um styrkinn. Þess vegna vil ég, að þeim ákvörðunum sé frestað þangað til fjárlög næsta árs verða afgr. Það er þetta, sem er ástæðan til þess, að ég vil ekki leggja til, að gerðar séu bindandi ákvarðanir í þessu efni, sérstaklega með tilliti til þess, að ég hef upplýsingar um það frá stjórn Eimskipafél., að áætlaður rekstrarhalli á þessu skipi verði meiri en mundi verða á hinu stærra skipi, sem ég er í vafa um, að heppilegt sé að byggja. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er ýmislegt, sem mælist með því, að skipastóll félagsins sé aukinn, en eins og okkar fjárhag er nú komið, þá hygg ég, að gætilega verði að fara í það á öllum sviðum að auka gjöldin. Og ekki einasta það, heldur verði að gera gagngerðar ráðstafanir til að draga úr þeim. En mér virðist, að menn muni ekki enn hafa gert sér nægilega glögga grein fyrir því, hvernig ástandið er í raun og veru.

*Frsm. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hæstv. atvmrh. skal ég taka það fram, að ég hefði ekki treyst mér að bera fram þessa till., ef það væri ekki vegna vöruflutninganna. Að visu álit ég, að það skipti miklu fyrir okkur að hafa menningarsamband við Ameríku, en eins og síðasti ræðumaður tók fram, þá álit ég okkar fjárhag svo komið nú, að ekki væri ráðlegt að leggja út í byggingu þessa skips, ef ekki væri slíkt hörmungarástand hjá okkur með markaði fyrir fiskinn og sú von, að úr því mætti bæta að nokkru með slíku skipi. Hæstv. ráðh. sagði, að hann teldi sig og stj. ekki bundna, þó að þessi till. yrði samþ., til að fara þá leið, sem hún gerir ráð fyrir. Ég skal ekki segja neitt um það, en eins og málið liggur fyrir, þá held ég, að það sé í raun og veru ekki nema um 2 leiðir að ræða. Eimskipafélagið hefir sjálf till. samþ. 2 möguleika, annaðhvort að byggja stórt farþegaskip eða flutningaskip nokkru minna. Ég held, að engum í stjórn Eimskipafél. hafi dottið í hug, að möguleiki væri fyrir að byggja bæði skipin. Þessi till. gæti því haft nokkra þýðingu, ef stjórn Eimskipafél. hætti við að byggja stærra skipið og tæki það ráð að byggja heldur minna vöruflutningaskip. Mitt álit er það, að ef þessi till. verður samþ., þá sé hún bindandi fyrir ríkisstj. Ég álit, að Alp. eigi að ráða því, hvort félagið ræðst í að byggja minna eða stærra skipið. Ég álit, að ef till. hv. þm. A.-Húnv. yrði samþ., þá væri það til að ýta undir þann möguleika, að

stj. tæki sér vald til að semja um þetta upp á eindæmi. Ég vænti þess vegna, að till. hans verði felld. Ég vil beinlínis undirstrika það, að atkvgr. um þetta mál sé í alvöru. Og ég lit svo á, að till. sé bindandi á þann hátt, að ef hún verður samþ., þá sé ekki heimild fyrir stj. til að semja um styrk til annars skips. Einnig að það skilyrði verði sett fyrir styrknum, að skipið sé notað til Ameríkuferða. Að öðrum kosti álit ég, að grundvöllurinn fyrir stj. til að veita styrkinn sé fallinn.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Hv. form. fjvn. hefir nú kveðið mjög skýrt á um það, hverja meiningu hann leggi í þessa till. Hann segir, að hér sé um 2 möguleika að ræða, að byggja stórt farþegaskip, 320 fet, eða minna vöruflutningaskip, um 265 fet, sem hann vill nefna Ameríku-skip. Fleiri möguleikar eru ekki fyrir hendi, segir hann. Ennfremur segir hann, að ef þessi till. verði samþ., þá telji hann ekki heimild til að byggja öðruvísi skip en till. gerir ráð fyrir. (JJ: Jú. ef Eimskipafélagið gerir það sjálf). Já, ef það gerir það án ríkisstyrks. Nú verð ég að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst ekki eðlilegt, að Alp., að framkomnum upplýsingum um málið, fari að taka ákvarðanir um það, hverskonar skip verði tekið. Ég segi fyrir mig, að ég mundi hika við að segja við eimskipafélagsstj., enda þótt hún teldi, að heppilegra myndi að byggja þetta skip en hitt, að þá segði ég henni að byggja hitt skipið, en ekki þetta. Því síður mundi ég gera slíkt, ef ég hefði engar talnalegar upplýsingar um, hvort væri hagkvæmara, eins og vitað er, að Alp. hefir ekki fengið. Eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, legg ég eindregið til, að þessu máli verði vísað til stj., og ég hygg, að formaður fjvn. hafi ágæta aðstöðu hjá ríkisstj. til að koma með sínar meiningar, og ennfremur að hann þurfi ekki að vera hræddur um, að ekki verði tekið tillit til hans álits, svo fremi sem sannfæring ríkisstj. leyfir. Stjórnin hefir tilhneigingu, svo framarlega sem sannfæring leyfir, að taka tillit til óska hans í þessu máli. En mér finnst, að ekki megi krefjast þess, að Alp. taki fram fyrir hendur eimskipafélagsstj. án þess að hafa sýnt viðleitni til að rannsaka málið.

*Sigurður Kristjánsson: Ég mun greiða atkv. með því að þessu máli verði vísað til stj., og þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir þeirri afstöðu minni. Það er vitað, að Eimskipafél. hefir fyrir löngu ákveðið að láta byggja skip til millilandaferða, og það allt öðru vísi skip en hér er boðizt til að styrkja. Það hefir ekki komið fram í þessum umr., að Eimskipafél. hafi beðið um þennan styrk, sem hér er um að ræða, og ég geng út frá, að það hafi ekki gert það. Það mun vera fátítt, að boðizt sé til að styrkja hluti, sem ekki er beðið um neinn styrk til. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, að þessi till. er áreiðanlega borin fram í því ákveðna augnamiði að sporna við þeirri ákvörðun Eimskipafél. að byggja fullkomnið millilandaskip. Ég mun þess vegna greiða atkv. með því, að þessari till. verði vísað til stj. Það er öllum vitað, að

það hefir verið uppi, og er enn, viðleitni til að hnekka starfsemi Eimskipafél. Og ég vil láta það koma fram um leið og ég greiði atkv., að ég er andvígur þeirri viðleitni.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég held, að hv. síðasti ræðumaður hafi nú enga sorgarsögu af því að segja, hvernig búíð hafi verið að Eimskipafélaginu. Það hefir verið búíð vel að því, eins og það hefir verðskuldað. Þetta, sem hér er um að ræða, er ekki kúgun. Það liggur fyrir, að Eimskipafél. hefir samþ., að um tvær leiðir sé að ræða, eins og ég hefi tekið fram. Það má því ekki líta svo á, að hér sé verið að koma með eitthvað út í bláinn. Eggert Claessen kom fyrir nokkrum dögum til okkar á fund í fjvn. Hann sagði við okkur um leið og hann var að fara, að við ættum nú að gefa Eimskipafél. einhverja sumargjöf. Nú vil ég ekki segja, að hann hafi verið að beiðast eftir þessu í alvöru, en ef þessi till. verður samþ., þá er félagið búíð að fá þessa sumargjöf. Það væri auðvitað öllum ánægjuefni, ef við getum byggt stórt farþegaskip, en við erum bara ekki þannig stæðir, að við getum leyft okkur slíkt. Okkur vantar ýmislegt fleira en farþegaskip, sem við getum ekki veitt okkur vegna fátæktar. Við eigum t. d. ekkert almennilegt hús undir stjórnarráð. Þó er okkar gamla stjórnarráð orðið gamalt og allt of lítið. Öll skjöl eru í hættu vegna eldhættu. En hvers vegna eigum við ekki stórt og nýtizku stjórnarráðshús? Vegna þess að við erum svo fátæk, að við getum ekki byggt það. Og það er af sömu ástæðu, sem ég tel, að við getum ekki núna leyft okkur að byggja stórt farþegaskip. Það er líka annað í því sambandi. Það er vitað, að ef við fengjum stórt farþegaskip, þá mundi ferðamannastraumurinn aukast. En hvað eigum við að gera við þá ferðamenn. Við höfum engin rúm handa heim. Við þurfum fyrst að byggja nægileg rúm handa ferðamönnum, áður en við byggjum skip til farþegaflutninga. Það sagði mér einn kunningi minn frá Englandi, hvernig hann hefði haft það hér á gististöðunum. Hann sagði, eins og satt er, að rúmin hér á gististöðunum væru svo lítil, að það væri slæmt fyrir óvana að sofa í þeim. Hann sagðist hafa það þannig, að þegar hann væri einn orðinn í herberginu, þá tæki hann rúmfötin og setti þau niður á gólf og svæfi í þeim þar. Þetta munu fleiri hafa gert. Og þetta er ekki að ástæðulausu, að ferðamenn kvarta yfir slíku. Við höfum þann sið að hringa okkur í rúmunum, en útlendingar kunna það ekki. Ég er sam-mála Eggert Claessen um það, að við þurfum að fá stórt farþegaskip, en við höfum ekkert að gera við það eins og stendur. Við þurfum fyrst að fá eins og 500 rúm í landinu til að taka á móti gestum. En það ber á milli okkar í meiri hl. fjvn. og stj. Eimskipafél., að hana langar til að byggja skip nú þegar, en við viljum, að það verði byggt seinna. Fyrir okkur vakir, að þjóðina vantar skip, sem sé nr. 2 af Brúarfossi, til að koma okkar ágæta fiski til þess eina lands í veröldinni, sem hefir alveg frjálsa verzlun.

***Finnur Jónsson:** Ég get ekki að því gert, að mér finnst þessi till. allmiklu viðtækari en hv.

þm. S.-þ. vill gera úr með fyrirsögn sinni, því að það er nokkuð viðtækt mál, þegar talað er um að byggja stórt skip til vöruflutninga. Við hvað er miðað með orðunum „stórt skip“?

Þá er talað um að veita félaginu rekstrarstyrk í hlutfalli við þann rekstrarhalla, sem það kynni að verða fyrir á 10 árum. Nú getur enginn sagt um það, hve mikill rekstrarhalli kynni að verða á slíku skipi 10 ár fram í tímann. Það er jafnvel erfitt að segja fyrir um ástandið á næstu mánuðum, hvað þá næstu árum, og því er líka erfitt að segja, hverjir möguleikar séu á því að fá slíkt skip byggt. Það litur nú ófriðlegar út en áður í álfunni, og getur jafnvel verið, að innan fárra daga, en ekki fárra mánaða, þurfi að fara að gera ráðstafanir til að verða undir það búinn, að siglingar teppist til útlanda. Ég hefi heyrt, að stríðsundirbúningsn., eða hvað hún nú heitir, hafi farið fram á það við Eimskipafél., að það leitaði fyrir sér um kaup á einu eða tveim flutningaskipum. Getur farið svo, að bráðlega þyrfti að gripa til slíkra ráðstafana.

Ég gæti hallazt að því að vísa þessu máli til hæstv. stj. eins og það liggur fyrir, ekki þó með þeim forsendum, að ekkert verði gert í því, heldur þeim, að hún hefji samvinnu við stj. flokkanna og geri það bezta, sem henni litist að gera, eftir ástæðum þeim, sem uppi kynnu að verða á næstu tímum.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég held, að það sé fágætt, að Alþingi veiti mönnum eða stofnunum fé án þess að um það sé beðið. Nú er það vitanlegt, að Eimskipafél. hefir ákveðið að láta byggja mjög fullkomið skip og hefir leitað aðstoðar hæstv. stj. til þess. Það er líka vitanlegt, að þessu skipi gæti félagið beint til siglinga hvert sem því sýndist, þó að það væri í upphafi miðað við þær siglingaleiðir, sem nú eru farnar. Mér er að visu ekki kunnugt um, hvað farið hefir milli félagsins og hæstv. ríkisstj., en ég þykist þess fullviss, að stj. félagsins hafi hagað máli sínu eins og vera ber og talað um það við hæstv. ríkisstj., hverjir möguleikar myndu á því, að félagið gæti byggt skip til fullnægingar núverandi flutningabörf á farni og fólki.

Nú kemur fram þessi till. hv. fjvn. um að veita Eimskipafél. styrk til að byggja skip til allt annarrar starfrækslu en félagið hafði sjálfst ákveðið að hefja. Það fylgir engin grg. um það, að minnzt hafi verið á þetta við félagið. Ég vil því spyrja hv. flm. till., hvort þeir hafi rætt þetta við stj. félagsins og hvort þeir byggji till. sína á ósk eða ákvörðun félagsins um að byggja skip í þessum tilgangi. Ef svo er ekki, þá er þessi till. alveg merkilegt fyrirbæri á Alþingi.

Ég sagði áðan, að ég myndi greiða atkv. með því að vísa málinu til stj. Ég vildi þá ekki rökstyðja afstöðu mína með því, að ég álitu ekki, að málið væri rétt upp tekið. En ég heyrði ekki af ræðu hv. flm. eitt orð, er gæfi til kynna, að málið hefði verið tekið upp í samráði við Eimskipafélagið. Ég held, að það sé því ekki fjarri lagi, þó að ég álykti, að hv. fjvn. hafi látið sér lást að undirbyggja flutning málsins á sjálf-sagðasta hátt, með því að leita um það samkomulags við Eimskipafélagið. Og ég tel, að hv.

Vörflutningaskip til Ameríkuferða. — Ríkisábyrgð fyrir Sauðárkrök.

Alþingi hafi fulla ástæðu til að biðja hv. fjvn. að fresta sínu máli þar til hún getur sýnt, að hún flytji það í samráði við Eimskipafélagið.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á ágæta grein í Vísí í dag. Ég get skrifað þar undir hvert orð, þó að ég geti það ekki allveg alltaf um greinar í því blaði. En blaðið tekur það fram, að þessa till. á þskj. 213 beri Alþingi að samþ., og færir góð rök fyrir því. Ég vona, að hv. síðasti ræðumaður taki tillit til þess, að þetta ágæta blað hefir komið að þessari niðurstöðu.

Út af málsmeðferðinni vil ég benda hv. þm. á það, að við erum nú að hverfa frá störfum um margra mánaða skeið. Við getum því ekki haft frekari áhrif á málið. Við óskum þess aðeins, að hæstv. ríkisstj. geri þetta. Við getum ekki farið að semja við stj. Eimskipafél. nú. Það gæti vel verið, að stj. félagsins segði: Við kærum okkur ekkert um þessa aðstoð, — og nær það þá ekki lengra. Alþingi hefir þá ekki annað gert en leggja vissa möguleika í hendur stjórnarinnar.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar Magnús Guðmundsson samdi um framlag til Eimskipafél. fyrir Brúarfoss, þá benti Jón Einarsson fulltrúi í atvmrn. honum á, að Eimskipafél. væri að byggja skip, og væru ef til vill möguleikar á því að semja við félagið um að hafa það kæliskip. Magnús Guðmundsson tók málið upp og tókst að fá því framgengt.

Hv. 6. þm. Reykv. spurði, hvort félagið hefði beðið um þetta. Ég get ekki svarað því að svo stöðdu, en á umr.-fundi með stj. Eimskipafél. kom það fram, að stj. áleit, að þráðurinn væri slitnaður með stóra skipið. Svo spurði formaður félagsins í spaugi: Hvað viljið þið gefa okkur? Því gátum við ekki svarað. En það dettur engum í hug, að Eimskipafél. geti byggt 200 farþega skip án ríkisstyrks. Og um það verður að ganga atkvgr. á þingi. Ef hægt væri að byggja skip til Ameríkuferða, sem gæti tekið 2000 tonn af vörum auk farþega, þá væri það eflaust hin heppilegasta stærð, því að við höfum ekki efni á að hafa afskaplega stór skip.

Ég vona, að hv. 6. þm. Reykv. breyti um skoðun. er hann les Vísí og athugar, hvað Magnús Guðmundsson gerði. En málið getur vitanlega strandað á mörgu öðru, t. d. Eimskipafél. sjálfu eða hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá þm. A.-Húnv. um að visa málinu til ríkisstj. felld með 25:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, JakM, JJós, JPálm, MG, MJ, ÓTh, SEH, SK, SÁÓ¹) VJ, BSn, EmJ, ErlP, FJ, GP, ÁJ, HG.

nei: ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BJB, BrB, EÁrna, EOl, EyStJ, HelgJ, HermJ, IngP, ÍslH, JGM, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, ÞBr, ÞP.

HV, EE greiddu ekki atkv.

1) SÁÓ: Með tilvísun til þess, er hv. þm. Ísaf. sagði hér áðan, segi ég já.

3 þm. (SvbH, TT, GG) fjarstaddir.

Till. samþ. með 28:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, HermJ, HV, IngP, ÍslH, JJós, JGM, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, ÞP, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BJB, BrB, EÁrna, EOl, EyStJ.

nei: JPálm, SK.

GSv, JakM, MG, MJ, ÓTh, SEH, SÁÓ, VJ, ÁJ, BSn, EE, EmJ, ErlP, FJ, GP, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (TT, GG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 255).

Við nafnakallið um þáttill. gerðu 3 þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Héðinn Valdimarsson: Þar sem séð verður á till., að hæstv. ríkisstj. á að hafa óbundnar hendur um stærð og fyrirkomulag skipsins, og með þeim skilningi á henni, segi ég já.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég lit að vísu svo á, að ef þessi till. yrði felld, þá hefði ríkisstj. ekki leyfi til þess, þar til þing kemur saman að nýju, að gefa Eimskipafélaginu fyrirheit um styrk umfram það, sem félagið nýtur nú, en verði till. samþ., hefir stj. leyfi til að veita félaginu styrk til Ameríkuskips. En með tilliti til þess, hvaða skilning hv. form. n. hefir lagt í málið, óska ég ekki sérstaklega eftir þessari heimild, en hefi hinsvegar ekkert á móti því, að stj. sé gefin heimildin. Þess vegna greiði ég ekki atkv.

Sigurður Kristjánsson: Ég er að sönnu með því, að ríkið styrki á allan hátt Eimskipafélagið til að halda uppi siglingum milli Íslands og annarra landa. En ég álit, að þessi till. sé sett til höfuðs ákvörðun Eimskipafélagsins um að byggja allt annað skip en hér er gert ráð fyrir. Þess vegna segi ég nei.

5. Ríkisábyrgð fyrir Sauðárkrök.

Á 6. fundi í Sp., 18. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Sauðárkrökshrepp (A. 169).

Á 7. fundi í Sp., 21. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

***Flm. (Pálmi Hannesson):** Það þarf ekki langt mál umfram grg. til þess að mæla með þessari tillögu. Eins og kunnugt er, hefir á undanförunum árum verið unnið að hafnargerð á Sauðárkróki. Verki þessu er nú að mestu lokið, nema að ganga frá hafnargarðinum fremst, verja hann ágangi brims. Eins og nú standa sakir er garðurinn í hættu og hafa orðið dálitlar skemmdir á honum í vetur.

Þegar lögín um hafnargerð á Sauðárkróki voru sett, var ekki gert neitt ráð fyrir, að vextir myndu falla á stofnkostnað þessa mannvirkis, en

Ríkisábyrgð fyrir Sauðárkrök.

það varð með öllu óumflýjanlegt. Í lögunum er nfl. svo ákveðið, að framlagið skuli vera í 11 hlutum, einn hlutur á ári. Hér var því ekki um annað að ræða en að taka lán, svo hægt væri að láta verkið ganga áfram. Vextirnir af því lentu því eðlilega á stofnkostnaði verksins. Að fullgæra verkið má nú alls ekki lengur dragast, og þar sem nú þarf að fara að gera innkaup á efni og frestun þingsins er fyrir dyrum, var ekki um annað að ræða en að fara þessa leið, sem farin er í þáttill.

Annars má og geta í sambandi við þetta mál, en það er, að þegar hafnargerðin var áætluð, var hún áætluð út af fyrir sig, en ekkert tillit tekið til þeirra mannvirkja, sem óumflýjanlega þurfa að vera í sambandi við slíkt mannvirki til þess að það hafi möguleika til að bera sig fjárhagslega. Má þar til nefna t. d. vatnsveitu og mannvirki í sambandi við sildarsöltun. Hér verður því að bæta allmiklu við hinn upphaflega stofnkostnað.

Ég tel sjálfsagt, að þáttill. þessi fari til fjvn. til athugunar, og vil ég svo að lokum mega mælast til þess, að hið háa Alþingi veiti henni brautargengi.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sp., 26. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 169, n. 242).

***Pétur Ottesen:** Fyrir fjvn. hefir legið þáttill. um það, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að ábyrgjast fyrir Sauðárkrökshrepp allt að 125 þús. kr. viðbótarlán til hafnargerðar á Sauðárkróki. Eins og tekið er fram í nál., þá vantar heimild til þess, að áðurgreind upphæð eða sem því nemur sé tekin að láni með ríkisábyrgð, en með því einu móti er unnt að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, og kostnaður við þær mun nema, eftir þeim upplýsingum, sem legið hafa fyrir fjvn. og vitamálastjóri hefir staðfest, allt að því 110 þús. kr. til viðbótar því, sem þegar hefir verið lagt til þeirra. Þær framkvæmdir, sem þarna er um að ræða, eru fyrst og fremst til öryggis fyrir hafnargarð, sem búið er að byggja fyrir nokkur hundruð þús. kr., og á að tryggja garðinu með því að koma fyrir grjótoppfyllingu utanvert við hann til öryggis fyrir norðanbrimi, og sömuleiðis ef is ræki að landinu. Að öðru leyti er þarna fyrirtæki, er miðar að því að skapa möguleika fyrir því, að þarna geti hafizt einhverskonar starfsemi, sem gæti leitt af sér nokkrar tekjur fyrir höfnina. Það verður að viðurkenna, að ærin þörf sé á að ljúka þessu verki sem fyrst, þar eð búið er að binda mikið fé í þessu fyrirtæki, og nú þegar er búið að verja um 620 þús. kr. til hafnargerðar á Sauðárkróki, og það er fyrirhugað, að verkinu verði lokið á þessu sumri, og þá verður heildarupphæðin, sem til þess hefir verið varið, um 730 þús. kr. En til þess að standa undir svona mikilli

fjárhæð, eða þeim hluta hennar, sem orðið hefir að taka að láni, þarf vitanlega allstórfelldan atvinnurekstur, er gefi höfninni miklar tekjur. Þarna er því ærin nauðsyn á því, að nú þegar verði hægt að taka hafnargerðina til notkunar, einkum þar sem hún skapar stuðning til þess, að þarna geti hafizt arðberandi starfsemi.

Af þessum ástæðum hefir fjvn. fyrir sitt leyti getað fallizt á, að ríkisábyrgð verði veitt á láni til hafnargerðarinnar á Sauðárkróki, er nemi 110 þús. kr. Raunar getur verið, að ekki þurfi á svo mikilli ábyrgðarheimild að halda, því að enn er ónotuð nokkur fjárupphæð af þeim ábyrgðarheimildum, sem áður hafa verið veittar til hafnargerðarinnar, og því fé verður eytt fyrst. Þess vegna verður ekki notað meira af þessari ábyrgðarheimild en frekast er þörf á.

Í sambandi við þetta skal þess getið, eins og fjvn. hefir tekið fram í nál., að það er þegar búið að skapa fordæmi fyrir slíkum ábyrgðum ríkissjóðs í sambandi við hafnargerðir. Kostnaðurinn við þær er mikill, en þetta eru nauðsynlegar framkvæmdir, sem miða að því að skapa aðstöðu til starfrækslu. Nauðsynlegt er, að vatn verði leitt á hafnargarðinn, sem í þessu tilfelli hefir í för með sér allverulegan kostnað, sem mun nema um 35 þús. kr., því að hér hagar svo til, að vatn verður að sækja alllangan veg. Það er alveg bráðnauðsynlegur liður við notkun hafnarinnar, að nægilegt vatn sé þar, því að það er sægur skipa, er kemur til Sauðárkróks, og er þá vitanlega nauðsynlegt, að nóg vatn sé til.

Að öðru leyti er þess vitanlega ærin þörf, að í sambandi við slík hafnarmannvirki sem þessi verði búið sem bezt í haginn fyrir góða aðstöðu til fiskaðgerðar og sildarsöltunar og annarrar slíkrar starfsemi, sem vitanlega þarf að fara fram sem allra næst hafnarmannvirkjunum sjálfum, til þess að ekki þurfi að leggja í allt of mikinn kostnað við flutninga á hráefni.

Alþ. hefir áður farið inn á þá braut, sem þessi þáttill. gerir ráð fyrir, sem sé við hafnargerðir á Skagatrönd og Hofsósi. Fjvn. lætur þess getið í nál. því, er fylgir þessari till., að hún hafi gengið inn á þessa stefnu, og leggur sérstaka áherzlu á það hvað vatnsveituna snertir, að hún sé nauðsynleg, því að það hefir verið gengið út frá því við þær hafnargerðir, sem framkvæmdir hafa verið á undanförunum árum og sambærilegar eru við þessa, að vatnsveita væri lögð, og kostnaður við það teldist til kostnaðar við hafnargerðirnar. Fjvn. lítur svo á, að nauðsynlegt sé að koma slíkum tækjum upp þar, sem það hefir ekki verið gert áður, og þess vegna er gert ráð fyrir vatnsveitu hér, og hefir verið gert á fleiri stöðum, sem sjá má af nál.

Þá vekur fjvn. athygli á því í nál., sem fylgir þessari till., að Skagafjarðarsýsla hefir lofað að leggja fram 100 þús. kr. til hafnargerðarinnar á Sauðárkróki. Þetta fé er ekki afturkræft, og hefir sýslan þegar greitt 70 þús. kr. af þessari upphæð. Hinsvegar hefir fjvn. talið rétt í sambandi við þessa ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj., að á þessu ári verði innt af hendi greiðsla á því, sem þá stendur eftir af þessari upphæð, sem mun nema um 30 þús. kr. Ennfremur var vakin athygli á því í nál., sem fylgir þessari till., að hér hefir verið

brugðið út af þeirri venju, sem fylgt hefir verið í líkum tilfellum sem þessu. Venjulega hefir verið látið fylgja ákvæði um það, að viðkomandi sýslu- sjóðir taki á sig sjálfsábyrgð gagnvart ríkissjóði, en það hefir ekki verið gert að því er þessa hafnar- gerð snertir, og hefir því sú ríkisábyrgð, sem til þessa verks hefir verið veitt, verið tekin upp sem heimildargr. í fjárl. En á móti þessu var gerð sú krafa, og varð að samkomulagi, að 100 þús. kr. yrðu lagðar í þetta fyrirtæki sem óaftur- kræft fé.

Ég hefi hlaupið í skarðið og haft framsögu í þessu máli, vegna þess að hv. form. fjvn. (JJ) var ekki kominn, þegar fundur var settur og þetta mál var tekið á dagskrá. Mun hann þá gera þessu máli frekari skil, ef hann telur ástæðu til þess.

Niðurstaðan af till. fjvn. í þessu máli er sú, að fjvn. gengur inn á, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast 110 þús. kr. til þessa verks, í stað 125 þús. kr., sem upphaflega var lagt til, og sú upphæð er miðuð við það, að áætlað er, að það kosti um 110 þús. kr. að fullgera verkið.

Ég ætla svo aðeins að bæta því við, að eins og tekið er fram í nál., er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði $\frac{1}{2}$ hluta allrar upphæðarinnar, sem hafnarmannvirkið kostar, og gera má ráð fyrir, að heildarkostnaðurinn verði um 730 þús. kr., þegar lokið er við þær framkvæmdir, sem er í ráði að gera á komandi sumri.

Sveinbjörn Högnason: Mér þykir vænt um að heyra, að Alþ. ætlar að afgr. þetta mál á þennan hátt, og ég vona, að fyrirhlediðslurnar við Markarfljót og Þverá sæti sömu skilyrðum eins og gert er ráð fyrir, að verði sett viðvikjandi hafnarmannvirkjunum á Sauðárkróki.

ATKVGR.

Brtt. 242 samþ. með 25 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 256).

6. Ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

Á deildafundum 25. apríl var útbýtt frá Sp.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Ólafsfjarðarhrepp til rafveitubyggingar (A. 211).

Á 10. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

***Flm. (Bernharð Stefánsson):** Ég skal nú ekki teftja umræður. En þessi till. fer fram á, að Ólafsfjarðarhreppi sé veitt ábyrgð — eða heimilað að veita honum ríkisábyrgð á 50 þús. kr. láni til þess að byggja raforkuver.

Ég ætla ekki að ræða um þessa þáttill. meira, en aðeins benda á, að hæstv. Alþ. samþ. það 1936 að veita ríkisstj. heimild til þess að láta í té samskonar ríkisábyrgð og hér er farið fram á. Ég vona því, að enginn hv. þm. hafi neitt á

móti því, að samskonar heimild verði nú endurnýjuð sem þá var samþ.

***Garðar Þorsteinsson:** Út af till. um að vísa þessu máli til fjvn. vildi ég mælast til þess, að það verði ekki gert.

Eins og hv. 1. flm. gat um, er hér aðeins um endurnýjun fyrri heimildar til ríkisábyrgðar að ræða. Og nauðsynin á að veita Ólafsfjarðarhreppi ábyrgð þessa hefir áður verið athuguð í fjvn. Hinsvegar er vitað, að í ráði er, að þingi verði frestað í kvöld eða nótt, og það væri sama sem að þetta mál næði ekki fram að ganga fyrir þingfrestun, ef málinu yrði vísað til fjvn.

Ég get upplýst það, sem líka kemur fram í grg. till., að Ólafsfjarðarhreppur hefir nú möguleika á að fá lán og byrja á verkinu í sumar. Og það er ekki hægt að notast við stöð þá, sem nú er framleitt með rafmagn í Ólafsfirði. Enda hefir rafmagnseftirlit ríkisins bannað að nota þessa stöð í því ástandi, sem hún er nú. Það er því nauðsynlegt að byrja á þessari rafstöð strax í sumar.

Þar sem, eins og ég hefi sagt, er hægt að fá lán til þessarar framkvæmdar nú, vildi ég mælast til þess, að þessu máli, sem aðeins er endurnýjun á fyrri heimild, verði ekki vísað til n., þar sem fjvn. á Alþ. 1936 er búin að taka afstöðu til þess og var með því að veita Ólafsfjarðarhreppi þessa ríkisábyrgð, enda kostar stöðin ekki meira nú, nema síður sé. Þess vegna er nú minni ástæða til, að þetta mál fari til hv. fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjvn. felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: BjB, BSn, EE, EyStJ, HelgJ, IngP, JPAlm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerM, PZ, PHann, PO, SÁÓ, SkG, StgrSt, VJ, ÞP.

nei: ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BrB, EOI, EmJ, ErlP, GP, GSv, HV, ÍsIH, JJós, MG, SEH, SK, StSt, SvBH, HG.

FJ, JakM, ÞBr greiddu ekki atkv.

5 þm. (EÁrna, GG, HermJ, JGM, TT) fjarstaddir.

Á 11. fundi í Sp., 26. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hafði búizt við því, að þessu máli myndi verða vísað til fjvn. til athugunar. En í gær, þegar þetta mál kom til fyrri umr. hér í Sp., var því hafnað við atkvgr., að málinu yrði vísað til fjvn. til athugunar.

Menn minnst þess ef til vill, að ég, ásamt samþm. mínum, flutti þáttill. snemma á þessu þingi um samskonar framkvæmdir fyrir Árnes-sýslu. Því máli var útbýtt 17. marz og hefir ekki verið tekið á dagskrá enn. Stuttu eftir að því máli var útbýtt voru fluttar af hálfu ýmsra annarra þm. brtt. við þetta mál, og snertu þær brtt. einkum héruðin sunnanfjalls. Þrátt fyrir það, þótt búizt væri að undirbúa byggingu rafveitu fyrir okkar hérað, og þeim undirbúningi

væri svo langt komið, að ekki væri annað eftir en að ráðast í framkvæmdir — það þurfti ekki annað en að ákveða hvenær verkið skyldi hafið og fá fé til þess — var því máli þó ekkert sinnt hér á þinginu. Ég hygg reyndar, að af hálfu sumra þeirra þingmanna, er fluttu brtt. við þessa þáttill., hafi það verið vegna þess, að í þeirra héraði hafi verið langt komið undirbúningi slíkra framkvæmda, svo sem rannsóknnum á Andakilsfossnum í Borgarfirði og virkjun þeirra. Ég tek þetta fram vegna þess, að mér þykir all-einkennilega farið með þetta mál hér, ekki sízt fyrir þá sök, að hv. þm. Eyf. (BST og EÁrna) hafa, ásamt ýmsum atriðum, er snerta þeirra hérað, flutt brtt. áður á þinginu við þessa þáttill. okkar þm. Árn., og einmitt það atriði, sem okkar þáttill. vildi fá framgengt, fólst í þeirri brtt. Við þm. Árn. höfum ekki gengið fast að því við hæstv. forseta að taka málið á dagskrá, þrátt fyrir það, þótt okkar hérað hefði algerða sérstöðu um framkvæmd þessa verks. Við reiknuðum ekki með því, að þm. annarra kjördæma myndu leggja svo einhliða áherzlu á slíkar framkvæmdir fyrir sín héruð, þótt skilyrðin væru allt önnur, því að miklu minni undirbúningur til slíkra framkvæmda hefir verið hafinn af þeirra hálfu heldur en í Árneshöf. En okkur virtist samt sem áður, að ekki væri rétt að gera þá kröfu til Alp., að það afgr. þetta mál eitt sér, og öll önnur mál af svipuðu tagi væru sett til hliðar og framkvæmdum þeirra frestað.

Af þessum ástæðum fyrst og fremst — og ég get reyndar bætt við öðrum nokkuð veigamiklum ástæðum, að þar sem framkvæmd allra slíkra virkjana á hverjum stað kostar erlendan gjaldreyri í verulegum stíl og er, eins og kunnugt er, miklum erfiðleikum bundið með slíkar greiðslur — þá höfum við ekki gengið frekar fram í því, að þetta mál yrði tekið fyrir til afgreiðslu. Þessari þáttill., sem nú er hér til umr., var útbýtt 24. þessa mánaðar, eða í fyrradag. Hún var tekin á dagskrá í gær með afbrigðum og afgr. hér við fyrri umr., síðan neitað um athugun í n. Hún er tekin ein út úr öllum þeim þáttill., sem fyrir liggja, og vinnuð úr þeim brtt., sem þm. Eyf. — þeir eiginlegu þm. Eyf. — fluttu snemma á þingi. Nú eru þeir ekki einir um þetta mál, heldur koma ótal fylgihnettir, er munu eiga að vera til þess að punta upp á og afsaka þá málsmeðferð, sem hér er stefnt til í kvöld.

Við hv. 2. þm. Árn. kunnum ekki við að gera þá kröfu, að okkar rafveitumál væri tekið fram yfir öll önnur slík mál. Þrátt fyrir það, að betur stendur á um undirbúning þess heldur en þessa máls, sem hér er um rætt, og þar af leiðandi að framkvæma það, þá kann ég ekki heldur við, að þannig sé farið að með þetta mál, sérstaklega þegar lítið er á það, hverjar röksemdir eru færðar fyrir framkvæmd þessarar virkjunar, því að það er talið í grg. fyrir þessari þáttill., að Ólafsfjarðarhreppi sé nauðsynlegt að fá ábyrgðina nú þegar, áður en þingi verður frestað, þar sem tilætlanin sé að hefja undirbúning á næsta sumri undir byggingu stöðvarinnar. Lengra er þessu máli ekki komið í héraði. Ég gef hvorki þm. kjördæmisins né öðrum sök á því. Þótt fyrir 2 árum eða meira hafi verið veitt heimild

til að veita ábyrgð fyrir þessari virkjun hér á þingi, og svo hinsvegar þegar lítið er á það, að undirbúningurinn er ekki lengra kominn, þá réttlætir það alls ekki að kippa þessu máli einu út úr og hafa á því svona sérstaka afgreiðslu og skjóta öðrum hliðstæðum málum á frest, og það slíkum framkvæmdum, sem lengra eru komnar áleiðis og snerta miklu fleiri menn. Í okkar héraði kæmi þessi framkvæmd hátt á annað þús. manns að notum. Og þó að slíkar röksemdir einar út af fyrir sig séu ekki svo sérstaklega mikilvægar, þá ættu þær þó í þessu efni, með hliðsjón af öðrum ástæðum, ekki að hafa minna gildi heldur en ástæður þær, sem færðar eru fram fyrir rafveitumáli Ólafsfjarðar, sem snertir 700 einstaklinga.

Nú vil ég á engan hátt verða meinsmaður þessa máls, þannig að þetta málefni sé eyðilagt á þann veg, að hæstv. Alp., þegar það kemur saman í haust, athugi það ekki og veiti því fullkomlega afgreiðslu. Það er síður en svo. En ég vil, eins og við höfum hugsað okkur, sem stöndum að þáttill. um svipuð efni, að hún sé tekin til athugunar af fjn. fyrst og fremst, og þá vil ég einnig, að þetta mál hljóti samskonar athugun. Nú hefir það verið felt hér á þingi að vísa málinu til n., og þó að við síðari umr. sé, kann ég samt sem áður ekki við að bera fram till. um það. En ég vil leyfa mér að óska þess, að umr. um þetta mál verði frestað þar til þing kemur saman í haust, og ég vil mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún taki þetta mál, ásamt samskonar málum, sem liggja nú fyrir þinginu, til athugunar og undirbúnings fyrir næsta þing, þegar það kemur saman í haust.

Ég get ekki við því húizt, að hæstv. forseti sjái sér fært, upp á sitt eindæmi, að verða við þessum óskum, sérstaklega fyrir þá sök, að búið er að fella það að vísa málinu til athugunar í n. Vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki minar óskir til greina og beri það undir hæstv. Alp., hvort það geti ekki fallist á, að umr. um þetta mál verði frestað, með þeim óskum, að ríkisstj. taki það til athugunar fyrir þingið í haust. Með því móti getur málið fengið þinglega meðferð, og það er ekki nema sanngirniskrafa gagnvart öðrum þm., sem eiga samskonar óskir fram að bera, og máske öllu ríkari, að það sé höfð sama málsmeðferð um þetta mál eins og þau rafveitumál, sem þeir bera fyrir brjósti. Ég kann miklu betur við það, og ég vil óska þess, að þeir hv. þm., sem þessa þáttill. hafa flutt, geti látið sér lynda þessa afgreiðslu málsins nú á þinginu.

*Garðar Þorsteinsson: Hv. 1. þm. Árn. hefir nú sagt hér, að hann vildi ekki vera meinsmaður þessa máls (PZ: Í haust.), og ég geri ráð fyrir, að 2. þm. Árn. hefði sagt það sama í dag, ef hann hefði tekið til máls. En báðir þessir hv. þm. reyna, hver á sinn hátt, að drepa niður málið. Hv. 2. þm. Árn. vissi það mjög vel í gær, að ef þessu máli væri vísað til n., þýddi það sama sem að málið yrði ekki til umr. hér fyrr en í haust. Hv. 1. þm. Árn. kemur hér áðan með till. um, að málinu sé frestað. Það má gjarnan segja, að fresta því til næsta fundar, því að sá fundur

Ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

verður ekki fyrir en í haust. Það sama vakir fyrir báðum þessum hv. þm., að eyða þessu máli. Hver er svo ástæðan fyrir því?

Það er ekki vegna þess, að hv. þm. sé á móti málinu, eins og hann líka tók fram, en hann sagði sem svo, að það lægju fleiri mál fyrir þessu þingi, sem svipað stæði á um, þar á meðal þáttill., sem hann og samþm. hans flyttu um ríkisábyrgð, sem ætti að ganga í svipaða átt.

Ég vil strax taka það fram, að þessar ástæður hafa ekki við nein rök að styðjast, af þeirri einföldu ástæðu, að fjvñ. er þegar búin að athuga þetta mál og búin að afgreiða það frá sér og mæla með því, að þessi ábyrgð sé veitt.

Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Árn. hefir heyrt það, að þessar ástæður, sem hann nefndi, hafa ekki við nein rök að styðjast, af því að það er búið að samþ. að veita þessa ríkisábyrgð fyrir 50 þús. kr. á Alp. 1936. Og það liggur alls ekki þannig fyrir, að þá hafi verið komnar fram þær þáttill., sem þm. Árn. og fleiri nú bera fram á þessu þingi, um ríkisábyrgð fyrir rafveitu, og fjvñ. hefir ekki tekið neina afstöðu til þeirra.

Í þessu tilfelli er ekki farið fram á neitt annað en að þessi ábyrgð, sem sjálfsagt þótti að veita árið 1936, sé tekin upp og endurnýjuð. Allar þær sömu ástæður, sem lágu fyrir 1936, að þessi ábyrgð væri veitt, liggja allar nákvæmlega eins fyrir nú. Og ég satt að segja skil ekki þá afstöðu, sem þessir hv. þm. hafa, að ekki sé hægt að endurnýja þessa ábyrgð, sem fjvñ. var búin að athuga og þingið að samþ., alveg án tillits til þess, hvaða afgreiðslu aðrar svipaðar þáttill. fá.

Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. Alp. viki ekki frá þeirri reglu, sem það hefir hingað til fylgt, að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til mannvirkja, sem svipuð er þessu, og geri ég ráð fyrir því þess vegna, að engin ástæða sé til fyrir þessa hv. þm. að reyna að setja fóttinn fyrir málið einungis vegna þess, að þeir vilja, að sínar till., sem þeir nú í fyrsta sinn bera fram, fái sömu afgreiðslu. Það er fyrst og fremst ekki nauðsynlegt, að tvær þáttill. fái endilega sömu afgreiðslu. Og í öðru lagi, þótt þessi þáttill. verði samþ., þá er ekkert, sem bendir í þá átt, að till. hv. þm. Árn. og hún verði að fylgjast að. Og það er ekkert, sem tengir þessar till. þannig saman, að samþykkt þeirra þurfi að fara fram samtímis.

Ég vil svo strax taka það fram, að það mun ekki vera rétt, sem tekið er fram í grg. þeirrar þáttill. og hv. þm. Árn. vildu reyna að hengja hattinn á, að á þessu sumri eigi að fara fram aðeins undirbúningur undir virkjunina. En mælingar hafa þegar verið gerðar, og tilraun til þess að fá lán, sem mun fánlegt, mun einnig hafa átt sér stað. Undirbúningurinn er þess vegna búinn, og virkjun stöðvarinnar á að fara fram á þessu sumri. Og það er aðeins misritun, að það stendur í grg., að undirbúningur aðeins eigi að fara fram í sumar.

Ég vildi aðeins undirstrika þetta, og ég hefi hér í höndum símskeyti, sem oddviti Ólafsfjarðarhrepps hefir sent, sem hann orðar á þá leið, að hann segist fastlega gera ráð fyrir, að lán fái til þess að virkja Garðsá í sumar, og telur því

nauðsynlegt, að ríkisábyrgð fái fyrir láninu. Hv. 1. þm. Árn. er velkomið að sjá þetta símskeyti, ef hann óskar, svo hann geti borið saman dagsetninguna við þáttill., og sömuleiðis að hann geti séð, að í grg. þáttill. er óvart sagt, að undirbúningurinn eigi að fara fram í sumar.

Nú vil ég í þriðja lagi benda á það, að rafmagnseftirlit ríkisins hefir bannað að nota rafmagnsstöðina í Ólafsfirði í því ásigkomulagi, sem hún nú er. Stöðin er rekin með gömlum mótör, sem búið er að banna að nota til þess meira. Hvað eiga Ólafsfirðingar að gera? Eiga þeir að fá sér nýjan olíumótör, og eiga þeir alveg að hætta við að virkja Garðsá? Það er tími til þess að gera það nú, þegar lánið fæst, en hinsvegar ekki leyfilegt að nota stöðina, sem þar er til nú. Það er ekkert einsdæmi, að fátæk hreppsfélög verði að leita til ríkis eða Alp. um ábyrgð. Og ég hygg nú, að þessar ástæður fyrir þessari þáttill. fullkomlega réttlæti það, að þessi heimild sé veitt nú á þessu þingi. En ef málið er ekki afgr. nú, er virkjuni þar með stefnt í óefni, með því að ábyrgðin fái ekki fyrir en í haust. Ég sé ekki í raun og veru, hvaða hættu það er, sem ætti að varna því að veita þessa endurnýjun á ábyrgðinni. Það gerir á engan hátt hv. þm. Árn. né öðrum, sem flytja þáttill. um ríkisábyrgð, torveldara að fá þær samþ., þótt þessi þáttill. verði samþ., nema síður sé. Því að ekki væri það ólíklegt, að þm., sem greiddu atkv. með þessari ábyrgð, yrðu meðmæltir annarri ábyrgð, ef svipað stæði á.

En aðaláherzluna legg ég sem sagt á þetta þrennt: Í fyrsta lagi það, að hér er aðeins um endurnýjun á ábyrgð að ræða, og í öðru lagi eru aðstæður þannig nú, að nú mun vera hægt að fá lán til virkjunarinnar. Í þriðja lagi er það, að Ólafsfirðingar mega ekki nota þá rafstöð, sem þar er nú.

***Eiríkur Einarsson:** Athygli manna innan þings og utan er nú óðum að aukast og áhugi fyrir rafveitum, og er það vel farið. Það sýnir mikinn menningarvott, að hinn rétti skilningur er nú alltaf að aukast, að þetta og heilsusamlegra sé að lifa í ljósinu heldur en í myrkrinu.

Ég verð að láta það í ljós, að sú þáttill., sem hér liggur fyrir um ábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp, mun eiga mikinn og eðlilegan rétt á sér, og að það sé sízt ástæða til að setja sig á móti, að slík ábyrgð fái, ef henni er framfylgt af hæstv. Alp. á samsvarandi hátt við aðrar svipaðar þáttill., sem nú liggja fyrir. Það geta verið gildar ástæður og sjálfsagt mjög réttar fyrir kaupstaði og hreppsfélög að æskja ábyrgðar fyrir rafveitur, þar sem möguleikar eru fyrir hendi til þess að framkvæma þær. Og maður hlýtur, jöfnu höndum og þetta viðurkennist, að taka tillit til hins almenna ástands í landinu í þessum einum, og hefir verið nokkuð drepið á það af hv. 1. þm. Árn. í sambandi við það, sem fram hefir komið við þessar umr. Þegar maður athugar það, að þegar samþ. var ábyrgðin fyrir Ólafsfjörð fyrir nokkrum árum, þá var áhugi manna ekki orðinn eins almennur og nú fyrir rafveitumálum. Og nú hafa Ólafsfirðingar sótt um að endurnýja þá ábyrgð, og það má segja,

að þeir hafa staðið vel á verði um að afla sér slíkrar heimildar.

En líti maður svo á þetta mál með hliðsjón af öðrum rafveitumálum, verður manni nær að setja hljóðan. Það var ekki tilviljun ein, sem réð, að stærsta verklega framkvæmdin, sem gerð var hér á landi á síðari hluta 19. aldar, brúin yfir Ölfusá, var hafin einmitt í þeim hluta þessa lands, sem stærstur er og blómlegastur og þar sem fólkið er flest.

Ég nefni þetta aðeins sem dæmi, til þess að sýna þá meginreglu, sem ekki aðeins á að gilda um brúargerðir og vegagerðir, heldur líka um öll samsvarandi mál, og þar með rafveitumálin. Frá því Sogsvirkjunin var ákveðin og þar til hún var framkvæmd var farið að rannsaka það af kunnáttumönnum, hvernig hægt væri að koma rafmagni frá Soginu, ekki aðeins til Reykjavíkur, heldur líka til nálægra kaupstaða og annarra byggðarlaga, sem bezta aðstöðu hefðu og helzt kæmu til greina í þessu efni, og þá mætti fyrst til nefna þau kaupsýnir, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyri. Á öllum þessum stöðum og nágreinni mundi slík rafveita bera sig vel í þessum blómlegu byggðarlögum.

Þessi menningarlega hörf biður úrlausnar. Það má segja, að margir staðir séu til hér á landi, þar sem slík rafvirkjun gæti horið sig, og þar á meðal efast ég ekki um, að Ólafsfjörður sé, en hinvegar ber að lita á það, að með hverju misserinu, sem liður, hefir skilningur á þessum málum aukizt, því þegar eftir að farið var að gera Sogsvirkjunina, reyndum við að fá hjálp hins opinbera til raforkuleiðslna, en þá var það ekki heyrt af fjölda manna, sem ekki álitu sig eiga þar neina hagnaðarvon. Síðan hafa opnast augu manna fyrir því, hve málefnið er gott. Ég vil ekki vera meinsmaður þess, að Ólafsfirði sé veitt þessi 50 þús. kr. ríkisábyrgð fyrir rafveitu, en af því að við vitum það vel, hve víða er nauðsyn fyrir slíka ábyrgð og háltill. liggja nú fyrir hæstv. Alþ., sem munu biða afgreiðslu til haustsins, þá finnst mér það vera sanngjarnt og réttlátt að láta einnig háltill. um heimildina fyrir Ólafsfjörð biða til haustþingsins.

Ef það er ekki tryggt, að málið sé að þessu leyti tekið upp á réttan hátt, þá verður í þessu tómt handahóf, sem menn eiga eftir að naga sig í handabökun fyrir og verður til mæðu í staðinn fyrir hagsbætur. Þetta er það, sem ég vona, að hæstv. stj. fari eftir, að hún hagi sínum undirbúningi þannig, að byrjað verði þar, sem byrja skal, með tilliti til þeirra hluta, sem ég hefi nú nefnt.

Páll Zóphóniasson: Ég hefi áður lýst þeirri afstöðu, sem ég hefi til rafmagnsmála yfirleitt, en í sambandi við þessa till. langar mig til að spyrja hv. flm. hennar um nánari upplýsingar en gefnar eru í grg.

Það hefir verið talað um að virkja Laxá og það hefir verið talað um að koma rafmagninu til Akureyrar og Eyjafjarðar. Í því sambandi vil ég fá upplýsingar um — það er gert ráð fyrir, að þessi virkjun kosti 155 þús. — hvað það kostar að taka línu frá Eyjafirði og til Ólafsfjarðar. Er það dýrara eða er það ódýrara, fæst meira

rafmagn með því og verður það tryggara eða ótryggara? Það hefir líka verið talað um að virkja Skeiðfoss og leiða rafmagn þaðan til Siglu-fjarðar. Hefir verið athugað í sambandi við það, hvað kosta muni að láta Ólafsfjörð fá rafmagn þaðan? Um þetta vil ég fá upplýsingar áður en ég greiði atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil vanta þess, að hæstv. forseti verði við fyrsta tækifæri við þeim tilmælum mínum, að bera fram þessa ósk mína um meðferð málsins.

Við hv. 7. landsk. vil ég segja, að mér finnst það eiga við hann, að sjaldan bregður mæri vana sinum; þegar ég kom fram með till. um að fresta málinu, svo að stj. undirbúi það og leggi það fram á framhaldsþinginu í haust, þá segir hann, að ég sé að drepa málið. (GP: Eyða málinu). Það er karlmannlegra að vilja standa við orð sin, en það getur verið, að hv. þm. vilji nú hafa sagt eitthvað annað. Ef hann hefir þá trú, að svo framarlega sem málið verður rækilega athugað, þá sé það þar með úr sögunni og það verði því að aldurtíla, þá verð ég að draga þá ályktun af því, að ekki sé vanþörf á að athuga málið og rannsaka það betur. Það dregur því sízt úr mér að bera fram þá ósk til hæstv. forseta, og ég held, að það sé fullkomlega réttlætandi, þegar aðalflm. málsins hefir ekki sterkari trú á málinu en þetta.

Hann vill láta það, sem fjvn. sagði 1936, gilda að öllu leyti nú. Það er eins og allt hafi staðið í stað nema sjálfur tíminn; hann hefir þó líklega runnið áfram, og við skrifum nú 1939. En ég hygg, að eins og ártalið hefir breytt, þá hafi einnig ýmsar ástæður breytt stórkostlega frá þeim tíma. Sú heimild, sem var þá veitt á Alþingi, er úr gildi fallin og féll úr gildi um leið og fjárlög þess árs. Síðan hafa kosningar farið fram og þing verið háð. Úr því að þessi heimild er úr gildi fallin, er eins mikil þörf á að fá hana samþ. nú eins og þótt málinu væri nú hreyft í fyrsta sinn. Þetta vona ég, að hv. 7. landsk., sem er að menntun sinni lögfræðingur, athugi, þegar hann fer að hugsa sig betur um og skapsmunir hans komast í betra jafnvægi en þeir höfðu, þegar hann byrjaði ræðu sína áðan.

Hv. þm. segir, að það sé ekkert óeðlilegt, að 2 till. fái mismunandi afgreiðslu. Ég býst við, að flestum þm. komi ekki ókunnuglega fyrir að heyra það, því að þeir hafa séð svo mörg dæmi þess. Hann drap á það, af því að ég vék að grg., af því að ég hafði ekki annað við að styðjast en þær röksemdir, sem málið byggist á, að það væri misritun og ætti að merkja allt annað. Það er ekki mín sök. Það heyrir til undirbúningi málsins og flutningi þess inn í þingið, sem virðist þá eitthvað vera á reiki.

Hv. þm. drap á það sem ástæðu fyrir því að fá þessa samþykkt nú og gera þessu máli svo miklu hærra undir höfði en öðrum samskonar málum, að rafmagnsstöðin í Ólafsfirði sé biluð og megi ekki nota hana eins og er, af því að rafmagnseftirlitið hafi bannað það. Ég er ekki í vafa um, að ef þeir, sem þarna eiga hlut að máli, sneru sér til rafmagnseftirlitsins, gætu þeir fengið þessa rafmagnsstöð lagfærða, svo

að mætti notast við hana eitthvað áfram. Mótorstöðvar eru ótryggar, og verður oft að gera við þær, þegar þær fara að slitna. Það, sem Ólafsfirðingar því þurfa að gera, er að láta gera við þessa stöð, svo að þeir geti notað hana, þangað til þetta mál er leyst.

Ég hefi ekki með einu orði lagt á móti því, að Ólafsfjörður fengi þessa ábyrgð á sínum tíma. Þess vegna eru þessi stóryrði hv. þm. til mín og annarra þeirra, sem vilja láta athuga málið, óþörf og óviðeigandi, og hafi menn ekki oftrú á því að haga málf lutningi sínum óðrúvisi en menn almennt telja viðeigandi, þá ættu menn ekki að skrúfa sig upp í að hafa slíkan málf lutning sem hv. 7. landsk. hefir hér nú. Ég gaf honum ekkert tilefni til slíks, og þó að hann þykist vel að sér í sinni mennt, þá ætti hann ekki að treysta sér svo mjög, að honum geti ekki skeikað, og þó að ég hafi ekki farið óvægilegar að honum en ég hefi gert, þá ætti honum að vera það nægur lærdómur til að haga sér eins og yfirlætislausir og stilltir menn gera.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég vænti þess, að Alþingi líti með sanngirni og myndarskap á þessi mál og fari ekki að gera upp á milli mála. Þó að einhver þéð séu að reyna að hlaupa á milli reita óðrúvisi en réttar taflegur gera ráð fyrir, þá ætti það ekki að hindra réttláta niðurstöðu hjá Alþingi.

Forseti (HG): Hv. 1. þm. Árn. hefir óskað eftir, að umr. um þetta mál verði frestað. Ég tel mig ekki hafa rétt til, þar sem gert er ráð fyrir, að þingi verði frestað um leið og þessum fundi lýkur, að verða við þessum tilmælum, nema sýnt sé, að meiri hluti þm. geti fallizt á þessa málsmeðferð. Ég mun því bera það undir þm.

Einar Árnason: Með þessari þáttill. er farið fram á, að Alþingi heimili stj. að ábyrgjast til Ólafsfjarðar allt að 50 þús. kr. Í sjálfu sér er ekki hægt að segja, að hér sé um stórt mál að ræða, þegar það er borið saman við ýmislegt annað og ýmsar samþykktir, sem gerðar hafa verið í fjármálum á Alþingi, en mér virðist hafa komið fram í umr. eins og talsverð hætta sé á, að hér sé um mjög varhugavert mál að ræða fyrir ríkissjóð; það sé yfirleitt mjög varhugavert fyrir Alþingi að heimila stj. annað eins og þetta. Mér finnst satt að segja þetta ekki bera vott um, að Alþingi hafi svo mikið traust á stj., ef það þorir ekki að fá henni annað eins mál og þetta í hendur.

Það hefir komið hér fram mjög meinleysisleg ósk um að vita þessu máli frá þinginu, vikja þessum hræðilega kaleik frá mönnum undir því yfirsíkinu, að einhverstaðar annarstaðar þurfi líka að koma upp rafveitum. Það er svo með Ólafsfjörð, að hann er í raun og veru hérað út af fyrir sig. Hann er mjög einangraður, svo að í raun og veru er mjög sjaldan hægt að komast þangað nema á sjó. Þarna er mannmargt þorp. Þar er nægilegt vatnsafl rétt við þorpið til virkjunar, svo að þorpsbúar geta fengið þar ljós og hita með tiltölulega ódýrri rafstöð.

Nú skyldu menn halda, að þetta mál sé ekki þann veg undirbúið, að timabært sé að samþ.

Alpt. 1939. D. (54. löggjafarþing).

nú till. eins og þessa. En ef það væri svo, að eitthvað skorti á undirbúninginn, svo að ekki yrði neitt af framkvæmdum nú, þá er ekki mikil hætta á, að ríkissjóður verði fyrir mikilli byrði. Ég sé þess vegna ekki neina minnstu ástæðu til þess, að Alþingi fari nú að neita um þá heimild, sem hér er farið fram á. Ég efast ekki um, að stj., ef hún fær þessa heimild, notar hana ekki, nema það sé víst, að þetta fyrirtæki geti komizt upp og hyggilega sé til þess stofnað og á því sé mikil nauðsyn.

Hv. 1. þm. N.-M. spurðist fyrir um það hér áðan, hvort Ólafsfjörður mundi ekki geta notið rafmagns frá Laxá í Þingeyjarsýslu, þegar það verður leitt til Akureyrar. Ég skal ekki fullyrða um þetta, en ég veit það, að hv. 1. þm. N.-M. er svo kunnugur staðháttum, sérstaklega þar nyrðra, að hann veit, að ef á að leiða rafmagn frá Akureyri til Ólafsfjarðar, þarf að fara yfir einn allra versta fjallgarð, sem til er hér á landi, með rafleiðsluna. Hann er afarsnjöþungur, og tímunum saman að vetrarlagi er þar gersamlega ófært fyrir nokkurn mann, og ef bilun kæmi þar, er óhugsandi, að þar sé hægt að gera við tímunum saman. (PZ: Alltaf er gert við símann þar). En það er ekki hægt að leggja rafleiðsluna á þeim stað, það er svo mikið úr leið, og þessi leiðsla yrði áreiðanlega eins dýr eða miklu dýrari en þessi rafstöð rétt við þorpið. Ég held því, að tæplega geti komið til mála að leiða rafmagn frá Laxárfossunum til Ólafsfjarðar. Það hefir verið tekið fram, að Ólafsfirðingar eiga nú við algerlega ófullnægjandi mótorstöð að búa, sem eins og tekið er fram í grg. er talið óforsvaranlegt að láta ganga, og það væri mjög óhyggilegt að fara að leggja peninga í að koma upp nýrri mótorstöð og ganga framhá því þægilega vatnsfalli, sem þar er til.

Mér finnst satt að segja, að þessi litla ábyrgð-artillaga geti ekki komið til með að standa í neinu sambandi við leiðslu á rafmagnni um Suður-landsundirlendið. Þetta tvennt er svo afskaplega fjarskylt, að ég sé ekki, að það standi í neinu sambandi hvort við annað.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að Alþingi ætti að taka undir þetta mál með sannsýni og myndarskap, en ég get ekki séð. að sannsýnin og myndarskapurinn geti komið fram í öðru en að Alþingi samþ. þessa till. og geri með því Ólafsfirðingum mögulegt að framkvæma jafn nauðsynlegt fyrirtæki og hér er um að ræða, ef þeir á annað borð geta lagt fram það fé, sem til þess þarf, og yfirleitt allt það, sem nauðsynlegt er til þess að þetta geti orðið að fullum notum. En það er víst, að ef um þessa ábyrgð er neitað, þá er þetta mál drepíð fyrir Ólafsfirðingum um ófyrirsjáanlega tíma.

Ég vil því vænta, að þegar um svona sanngirnismál er að ræða, sem er ekki heldur hættulegra en þetta sýnir sig að vera, þá sjái þingið sér fært að samþ. þessa till.

***Sigurður E. Hlíðar:** Herra forseti! Mér skildist á ummælum hv. 1. þm. N.-M., að hann vildi fá að vita, hvort ekki væri fyrirhuguð leiðsla frá Akureyri og út með Eyjafirði vestanverðum og hvort Ólafsfjörður mundi ekki geta fengið raf-

Ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

magn frá þeirri leiðslu. Hv. 2. þm. Eyf. kom lítilliga inn á þetta, en taldi sig ekki vita glöggst skyn á því. Ég vil því leyfa mér að gefa nokkrar upplýsingar. Það hefir verið mælt fyrir leiðslu alla leið vestur til Siglufjarðar, og þá náttúrulega um Ólafsfjörð, en ég þori ekki að segja um nema vissa hluta af leiðinni. Leiðsla frá Akureyri að Hjalteyri er áætluð að muni kosta 250 þús., en þaðan að Dalvík 200 þús. Hvað leiðsla þaðan og í Ólafsfjörð kostar, veit ég ekki, en á þeirri leið er slæmur fjallgarður, og verður að hafa sérstakan útbúnað, svo að ég geri ráð fyrir, að þegar vegarspottinn til Hjalteyrar kostar 250 þús. kr., þá muni leiðin frá Dalvík til Ólafsfjarðar kosta meira en gert er ráð fyrir, að rafstöð í Ólafsfirði kosti, sem með gengisfalli er áætluð 155 þús. kr. Þetta hefir þær verkanir, að menn eru tregir til að leggja í langar og dýrar leiðslur þangað, og það má gera ráð fyrir, að þessar línur verði ekki lagðar nú um stundarsakir. Og ef Ólafsfjörður ætti að fá rafmagn þessa leið, þá yrði hann að standa undir línunni einn alla leið. Það eru því engar líkur til, að Ólafsfjörður geti fengið rafmagn frá Akureyri, a. m. k. ekki í náinni framtíð.

Hér er ekki farið fram á neina hóflausa ábyrgðarheimild, heldur aðeins ábyrgðarheimild fyrir láni, sem nemur þriðjungji stofnkostnaðar þessa fyrirtækis, eða nálægt því 50 þús. kr. Maður hefir nú séð hér í hæstv. þingsölum atkvgr. fyrir ekki mörgum mínútum síðan, þar sem heimiluð var ábyrgð fyrir meira en tvöfalt hærri upphæð, sem er ekki kannske til fyrirtækis alveg sama eðlis og þetta er, en nokkuð hliðstætt. Það er dálítið hlálegt að glúpná nú fyrir þessu, sem þó var búið að samþ. 1936, og bera því við, að ríkissjóður hafi ekki ráð á þessu. Hér er, eins og hv. 2. þm. Eyf. tók fram, þannig, að þetta litla mál, sem hér er á ferðinni, er alls ekki þess eðlis, að það á nokkurn hátt geti orðið til þess að spyrna fótum við stærri virkjun eða leiðslu rafmagns frá raforkuverum, eins og t. d. í sambandi við Sogið. Síður en svo. Þetta er alveg sérstakt mál fyrir þetta kaupún, og framgangur þess spillir ekki á neinn hátt fyrir öðrum byggðarlögum um að fá rafleiðslur hjá sér.

Mér virðist öll sanngirni mæla með því, að við verðum við þessari ósk Ólafsfirðinga um að veita ríkisstj. þessa ábyrgðarheimild hér í þessum þingsal í kvöld fremur en að fresta málinu til haustsins.

*Garðar Þorsteinsson: Það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði og var meginþátturinn í hans ræðu hér áðan, var tómur skætingur til mín og persónuleg illyrði, sem ég sumpart mun síðar svara og sumpart láta sem ég ekki hefði heyrð það. Hann talaði um, að ég hefði í upphafi minnar ræðu sagt, að hann hefði viljað eyða málinu eða drepa það. Hvort orðið sem ég hefi notað, þá stend ég við það.

Það þýðir ekkert fyrir þann hv. þm. að koma hér fram með sakleysisfyrirbragði og segjast vilja þessu máli vel, þegar allir vita, að hann er að reyna að draga málið á langinn, nefnilega að reyna að fá því frestað til haustsins, sem þá

um leið hlýtur að verða þess valdandi, að Ólafsfjörður getur ekki notað þann möguleika, sem hann hefir nú til þess að virkja Garðsá. Við vitum, hvað sú afgreiðsla málsins þýddi, sem hér var reynt að koma fram, að vísa málinu til nefndar. Það þýddi ekki endilega, að málið yrði endanlega drepit, heldur hitt, að málið yrði ekki afgr. fyrir þingfrestun. En það má á sama hátt segja, að aldrei sé hægt að segja um mál, sem vísað er til ríkisstj., að það væri endilega fyrir fullt og allt drepit, því að það gæti vitanlega risið upp á næsta þingi. En að svo miklu leyti sem hægt er að segja, að þetta þing endi við þingfrestun, þá var það að vísa málinu til n. nú ekkert annað en að eyða málinu a. m. k. til næsta hausts, sem þýddi það, að svipta Ólafsfjörð möguleika, sem hann hefir nú til að koma þessu verki í framkvæmd.

Hv. 1. þm. Árn. var að tala um, hvort ég óttist, að ef rannsókn yrði látin fara fram til haustsins á því, þá yrði það málinu til aldurtila, og hann segir, að þar sem svo virðist vera með mig, standi hann enn fastar á því, að málið verði rannsakað til haustsins. Það er síður en svo, að ég óttist þetta. Ég er sannfærður um, að ef hv. fjvn. vildi afgr. málið og ríkisstj. rannsakaði það svo til hausts, þá mundi hún komast að þeirri niðurstöðu, að rök þeirra manna séu rétt, sem með málinu eru. Sú rannsókn getur ekki leitt annað í ljós. En ég óttast, að þeim tilgangi, sem á að ná með samþykkt þessarar þáttill., verði ekki náð, ef samþykkt hennar er frestað til hausts. Og ég vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að ríkisstj. hefir það fullkomlega á sínu valdi að rannsaka allt, sem þetta mál snertir, þó að þáttill. verði samþ., því að hér er ekkert um annað að ræða en heimild fyrir ríkisstj. til að ákveða, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir láni, sem Ólafsfjörður kann að taka. Það er algerlega á valdi ríkisstj., hvort heimildin verður notuð eða ekki.

Ég get ekki séð nein rök fyrir því, að það þurfi að binda þessar tvær till. til þál. saman, þessa till. og þá, sem hann var að tala um viðkomandi leiðslu rafmagns frá Soginu. Ég sagði það í minni fyrri ræðu og segi það enn, að það er síður en svo, að líklegt sé, að sú þáttill., sem sá hv. þm. flytur og hann nefndi, yrði fremur felld í haust, þó að þessi þáttill. yrði samþ. nú, nema síður væri, af því að það er ekki líklegt, að hv. þm. beiti sér á móti þeirri till. hv. 1. þm. Árn., ef hún að áliti fjvn. hefði við rök að stýðjast. En ég sagði jafnframt, sem þessi hv. þm. og forseti Nd. hneykslaðist á, að þáttill. gætu fengið margskonar afgreiðslu. Þær geta fengið fernskonar afgreiðslu: Verið samþ., felldar, vísað til ríkisstj. eða vísað frá með rökst. dagskrá, þannig að það er ekki nein óumflýjanleg nauðsyn, að afgreiðsla þessarar þáttill. um ríkisábyrgð fyrir láni fyrir Ólafsfjörð verði á sama hátt og afgreiðsla þáttill. hv. 1. þm. Árn.

Ríkisstj. fær fullkomið tækifæri til að rannsaka þetta mál áður en heimildin yrði notuð, þó að þáttill. verði samþ. nú. Og það leiðir af sjálfu sér, að rökin fyrir að nota slíkar ábyrgðarheimildir sem þessa eru ekki í öllum tilfellum fullkomlega rannsókuð af hæstv. Alþ. eða hv.

fjvn. í hverju tilfelli, sem slíkar heimildir eru samb. Það, sem til greina kemur, er um samþykkt er að ræða á svona heimildum, er það, að Alþ. setur sig ekki á móti því, að ríkisstj. gangi í slíkar ábyrgðir. Það er eðlilegt að heimila ríkisstj. að ganga í slíkar ábyrgðir gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. Þá er það á valdi ríkisstj., hvort hún gengur í slíkar ábyrgðir eða ekki. Og hér er að sjálfsgöðu um slíkt að ræða. Ef ríkisstj. kemst að þeirri niðurstöðu, að þessi leið sé ekki heppileg, en t. d. heppilegra að leiða rafmagn til Ólafsfjarðar frá Laxá (sem ekki mun þó vera heppilegra), þá hefir ríkisstj. fullkomlega á valdi sínu að neita um ábyrgðina eða fara aðrar leiðir í málinu.

Það er líka rétt hjá þessum hv. þm., að það hafa farið fram nýjar kosningar síðan árið 1936. En það er hinsvegar engin ástæða til þess að álíta, að sú niðurstaða, sem sú núverandi fjvn. kæmist að, yrði önnur en niðurstaða fjvn. 1936. Sömu ástæður eru nú til að ætla, að hv. þingheimur neitaði ekki um að veita ríkisstj. þá ábyrgðarheimild, sem Alþ. veitti 1936. Og það, sem mér virðist þess vegna, að hv. þm. verði að taka til greina, er, að þessi till. um ábyrgðarheimild handa Ólafsfjarðarhreppi hefir verið rannsókuð í fjvn. Alþ., þó að í þeirri n. sitji nú ekki þeir sömu menn og þá sátu í henni og þó að fram hafi farið nýjar kosningar. Mundi t. d. þessi hv. þm. telja, að ekki væri líklegt, að fjvn. sem nú situr, mundi komast að sömu niðurstöðu um eitthvert atriði, sem fjvn. á síðasta þingi komst að, þó að hinsvegar hv. þm. viti, að kosið er í fjvn. á hverju þingi, án tillits til þess, hvort kosningar hafa farið fram síðan á síðasta þingi áður? Flokkaskipting á þingum, ef ekki fara fram kosningar á milli þeirra, er svo svipuð, að það hefir ekki áhrif á gang mála að þessu leyti, þó að kosið sé í fjvn. á hverju þingi fyrir sig.

Svo kemur hv. 1. þm. Árn. að mér persónulega og segir, að ég hafi verið æstur í skapi, ókurteis, hafi æst mig upp og flutt málið á óviðeigandi hátt, og að það kunni svo að vera, að mér gæti skjátlazt. Það má nú vera, að mér geti skjátlazt. En ég veit ekki til, að ég hafi sagt eitt einasta orð til þessa hv. þm. í minni fyrri ræðu, sem hann gæti hneyklazt á. Hið eina, sem ég sagði í þá átt, var, að hann með þessari till. sinni vildi eyða málinu. Því að það þekkja allir, að það að vísa málum til n. þýðir stundum sama sem að eyða þeim.

Eitt var, sem hv. 1. þm. Árn. sagði og ég hefði ekki minnst á nema að gefnu tilefni, og það var, að hann viðhafði ekki almennar kurteisisreglur, er hann sagði, að þessi þáttill. væri flutt, ekki aðeins af hinum eiginlegu þm. Eyf., heldur einnig af þm., sem væru þar einhverjir fylgihnettir. Ég hygg, að þessi hv. þm., sem hneykslaðist á orðalagi minnar ræðu áðan, gæti á þinglegan hátt sagt, hverjir hefðu flutt þessa þáttill.

Í sinni fyrri ræðu vildi hv. 1. þm. Árn. byggja sinn málflutning á misritun, sem er í þáttill. Það var ekkert við því að segja, ef hann hefði ekki vitað betur. En ég las fyrir honum símskeyti og bauð honum að lesa það sjálfum. En hann hefir ekki gert það. Misritunin er í því fólgin, að sagt

er í grg. þáttill., að tilætlunin muni vera að hefja á þessu sumri „undirbúning byggingar stöðvarinnar“. En í símskeytinu stendur, að það eigi að hefja virkjunina í sumar, ef ábyrgðin fæst fyrir þessu láni. Ef hv. 1. þm. Árn. hefði viljað leita sannleikans í þessu máli, þá hefði hann getað lesið skeytið. En í stað þess viðhefir hann skæting og segir, að ekki sé einu sinni hægt að flytja málið rétt inn í þingið. Ég hefi þess vegna ekki viðhaft ósamilegan málflutning, og þessi hv. þm. hefir enga ástæðu til þess að vera með persónulegan skæting í minn garð út af neinu slíku. Og þó að hann e. t. v. hefði tilhneigingu til að vera með einhverjar hótanir í minn garð, eins og hann geti sagt mér eitthvað fyrir um það, hvort eða hvar ég skuli standa, þá segi ég bara það, að ég ætla hvorki að standa hér né annarstaðar upp á hans náð. Og þó að hann kannske geti nú sagt, að ég hafi sagt eitthvað harðort til hans, þá er það bara að gefnu tilefni. Og ég vil heldur greiða mínar skuldir að fullu, þó að sumir geti látið sér nægja 5%.

Páll Zóphóniasson: Það hafa þrír hv. þm. reynt að svara þeim spurningum, sem ég bar fram áðan. Fyrst hv. 2. þm. Eyf., sem svaraði spurningunni sýnilega frá sínu hyggjuviti, en gat ekki sagt neitt um beinan samburð eða rannsókn, sem fram hefði farið á þessu, sem ég spurði um.

Í öðru lagi svaraði hv. þm. Ak. þeim og sagði, hvaða áætlanir hefðu verið gerðar um það, hvað kostuðu rafleiðslur frá Akureyri út með Eyjafirði að vestan á nokkru af leiðinni þaðan og til Ólafsfjarðar, sem hann virtist þó ekki vita með vissu um, hverjar væru.

Og sá þriðji, sem svaraði spurningu minni, var hv. 7. landsk., sem sló því föstu, að eftir upplýsingum þeim, sem fyrir lögju um það, sem ég vildi fá samanburð á, þá kæmi þar ekki neinn samanburður til greina. Og enginn þeirra minntist á virkjun Skeiðfoss.

Þessi svör þessara hv. þm. voru þess vegna á þá leið, að ég er sannfærður um, að þessi samanburður hefir ekki verið gerður enn. Þess vegna mun ég vera með því að láta afgreiðslu málsins bíða, þangað til sá samanburður fæst.

***Eiríkur Einarsson:** Þegar ég tók til máls áðan, hagaði ég orðum mínum þannig, að ég óskaði eftir, að hæstv. ríkisstj. var ætlað að heyra orð mín. Þá voru hæstv. ráðh. ekki inni í þingsalnum. Nú eru þeir inni, og vil ég því að nokkru leyti endurtaka það, sem ég þá sagði.

Það er nú svo við þessar umr., að sumir hv. þm. skilgreinast sem meginnettir, en aðrir sem fylgihnettir. Ég er hér eftir því fylgihnöttur.

Hér er um það rætt, hvort fresta skuli afgreiðslu þessa máls til haustsins eða samb. þessa þáttill. nú þegar. Þessi tilmæli um frestun málsins til hausts voru borin fram af hv. 1. þm. Árn., og finnast mér þau vera á rökum byggð.

En það, sem ég að öðru leyti vildi sagt hafa um þetta mál, er þetta:

Þegar tillit er tekið til þáttill. um raforkulínur

frá Sogsvirkjuninni til nálægra kaupþúna og hér-
aða, sem liggur fyrir hæstv. Alp. með allmörg-
um brtt., eins og sjá má af þskj. þar um, og
hinsvegar er litið á þessa þáttill., sem hér liggur
fyrir, um það, að ríkisstj. heimilist að ábyrgi-
ast 50 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp til
rafveitubyggingar, og þegar jafnframt er á það
litið, að síðarnefnd till. er komin hér til þess að
standa eða falla við atkvgr., en hin fyrrnefnda,
viðkomandi rafleiðslu frá Soginu, og brtt. við
hana liggja allar í láginni til hausts, þá verður
það að viðurkennast, að það er í raun og veru
ekkert, sem ræður þessum mikla mismun á með-
ferð þessara mála, annað en það, að þessari
Ólafsfjarðarþáttill. er fylgt fram með meiri festu
heldur en þáttill., sem ég nefndi, er snertir Suð-
urland. Það er eins og þeir, sem heima eiga ná-
lægt sildinni þar nyrðra, taki nú upp hætti
hennar, því að þeir fara nú í stórum torfum
til þess að keppast við að koma þessu máli fram
hér á þingi. En það er ekki hægt að segja um
fiskigöngurnar hér við Suðurland.

Ég vil segja það, að till. um heimild fyrir
ríkisstj. til að ábyrgjast fyrir hönd ríkisins lán
til þess að leggja rafveitur frá Sogsvirkjuninni,
sem er miðuð við þorp og sveitir í nágrenninu,
og síðan brtt. við það, að láta slíka ábyrgð gilda
einnig á sama hátt fyrir fjarlægari sveitir og
þorp, er miðuð við svo mannmargar sveitir og
þorp, að ég tel rétt að láta eitt yfir þessar till.
ganga og þá þáttill., sem hér er um að ræða,
um ábyrgðarheimild fyrir Ólafsfjarðarhrepp. Ég
álit rétt, fyrst till. viðkomandi Sogsvirkjuninni
og leiðslum frá henni verður að biða til hausts,
að þessi till. biði þá sama dóms.

Þegar um tilstyrk ríkisins er að ræða viðkom-
andi raforkulögnum, hvort sem það er ábyrgð
eða bein hjálp, þá álit ég, að sú regla eigi að ráða,
að beiðnum um slíkan tilstyrk sé sinnt í þeirri
röð, sem eðlilegast er eftir allri aðstöðu, þ. e.
a. s. þar skuli byrja og þeim fyrst veittur slíkur
tilstyrkur, sem hafa líklegasta og bezta aðstöðu
til að hafa slíks not, m. ö. o. þar, sem flestir
geta notið ávaxtanna af því með sem minnstum
heildarkostnaði, og þar, sem telja má, að raf-
orkuframléiðslan fái fyrst og bezt borið sig.
Og ef hæstv. ríkisstj. og aðrir, sem um þessi
mál fjalla, taka þetta upp sem meginreglu, er
rétt að farið.

Formælendur þess máls, sem hér liggur fyrir,
halda því fram, að það komi ekkert rafleiðslum
frá Sogsvirkjuninni við. Ég veit vel, að það er
um rafveitu á öðrum landshjara, og þar stendur
að ýmsu leyti öðruvísi á. En ef maður hinsvegar
athugar, að raforkumál þjóðarinnar eru enn á
ungu skeiði, en jafnframt mikilvæg og hafa færzt
mjög í aukana með Sogsvirkjuninni, þá tel ég,
að ríkisstj. sé móðgun ger, ef því er haldið fram,
að eitt af þessum málum komi ekki öðrum raf-
veitumálum við. Því að það er skylda ríkisstj.
að líta yfir þessi mál öll í samfelldri heild. Og
þar sem mikið er sótt um slíkar ábyrgðir vegna
rafstöðvabygginga og raflagna, verður að hnit-
miða slíkar ábyrgðir við það, hvar nauðsyn er
mest, með tilliti til þess, sem ég hefi sagt. Ég
vil því láta eitt yfir allar þessar umræddu till.
ganga um afgreiðslu á þessu þingi.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég er að
ýmsu leyti samþykkur hv. 8. landsk., eins og ég
líka er samþykkur hv. 1. flm. till. á þskj. 61
um raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og
Stokkseyrar. En við þá till. liggja fyrir ýmsar
brtt., þar á meðal frá mér og hv. þingmönnum
Rang., sem allar stefna að einu marki, sem sé
því að hraða sem mest framkvæmd þeirrar hug-
sjónar að fá rafveitu frá Soginu yfir Suður-
landsundirlendið, Borgarfjörð, Reykjanesskaga
og til Vestmannaeyja. Það hefði að minum dómi
verið ákaflega æskilegt, ef hið háa Alp. hefði
séð sér fært að afgr. þessi mál, og enn þá æski-
legra, ef efni og ástæður ríkisins hefðu leyft,
að hafizt væri handa í þessu efni bráðlega. En
þrátt fyrir það, þó svo sé ekki, sé ég samt enga
ástæðu til þess sem Sunnlendingur að leggjast
á móti samþykkt þeirrar þáttill., sem hér liggur
fyrir á þskj. 211. Ég sé ekki, að við Sunnlending-
ar séum á neinn hátt í hættu settir með okkar
áhugamál, þó að Ólafsfirðingar fái ríkisábyrgð
fyrir þessari tiltölulega litlu upphæð, sem, ef
rétt er upplýst hér í grg. till. og af flm. málsins,
þýðir það, að Ólafsfirðingar geti komið á sinni
sérstöku rafvirkjun þegar á þessu ári.

Ólafsfjörður er, eins og menn vita, eitt hið
alefnilegasta fiskiþorp landsins og mjög efni-
legt kaupþún. Og þess vegna vildi ég fyrir mitt
leyti lýsa yfir því, að þó að ég svo feginn
vildi fá allt þetta samþ., sem ég taldi upp í
byrjun minnar ræðu, á sama þingi eða áður en
Alp. verður frestað, þá kemur mér ekki til hug-
að að leggjast á móti því, að þessi þáttill. gagn-
vart Ólafsfirði verði afgr. nú áður en þingi ver-
ur frestað. Og ég hygg, að sama sinnis séu ýmsir
fleiri hv. þm., sem ekki eiga heima á Norður-
landi, þó að þeir standi ekki beinlínis að flut-
ningi þessarar till. Við erum sem sé, Sunnlending-
ar, að engu bættari, þó að Ólafsfirðingar sitji
við sín rafmagnsmál í ölestri, eins og hér er lýst
í grg. þáttill. En Ólafsfirðingum er nokkur bagi
ger, ef settur er fyrir þá fótur í þessu máli.

Ég ætla ekki að blanda mér neitt að öðru
leyti inn í þessar umr. En ég vildi nota tækifærið
til þess að lýsa yfir þessari skoðun minni, þar
sem ég hefi ásamt öðrum hv. þm. borið fram
óskir og vonir Vestmannaeyinga í sambandi við
Sogsvirkjunina og þá till., sem hv. 1. þm. Árn.
minntist á á þskj. 61.

Ég vil hvetja hv. þm. og hæstv. ríkisstj. til
þess að gera það, sem unnt er í því, að lands-
menn yfirleitt geti notað raforku frá vatnsföll-
um landsins. Og þar sem svo stendur á eins og
hér um Ólafsfjörð, að hann hefir þarna vatns-
fall að sagt er hæfilega stórt til rafvirkjunar,
þá álit ég það hreint og beint skyldu þingsins,
ekki sízt á þessum alvarlegu tímum, að gera
ekkert til þess að drepa því máli á dreif eða slá
því á nokkurn hátt á frest, að Ólafsfirðingar
geti komið sínum rafveitumálum í framkvæmd
samkvæmt því, sem hér liggur fyrir.

Forseti (HG): Ég mun bera undir atkv. ósk
hv. 1. þm. Árn. um að fresta þessu máli til
næsta fundar, sem mun verða í haust. Ég vil
gera 4—5 mínútna hlé áður en atkvgr. fer fram.
[Fundarhlé.]

ATKVGR.

Till. 1. þm. Árn. felld með 25:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BÅ, BJB, EE, EystJ, HelgJ, HermJ, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, VJ, ÞÞ.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, BrB, EÁrna, EOl, EmJ, ErlÞ, GÞ, GSV, HV, IngP, ÍslH, JakM, JÓs, JGM, MG, MJ, SEH, SK, SÁÓ, StSt, SvBH, ÞBr, HG.

5 þm. (BSn, FJ, GG, JPálm, TT) fjarstaddir.

***Bjarni Bjarnason:** Það liggur ekki á að ljúka umr. strax, úr því að hv. þm. vilja meðhöndla þetta mál eins og gert hefir verið hér, og ýmsir þm. munu muna það seinna, að það getur komið sér vel að draga eina till. út úr stóru máli. Þegar við þm. Árn. fluttum till. á þskj. 61, gerðum við það í góðri trú á, að það yrði samþ., af því að málið er í fyrsta lagi mikið nauðsynjamál, og í öðru lagi er það vel undirbúið.

Við þetta mál komu fram margar brtt., og af því að okkur þótti ólíklegt, að hægt væri að sætta alla flm. brtt. við það, að einstakar till. fengjust samþ., gengum við ekki eftir því, að málið væri tekið á dagskrá, heldur vildum við biða allsherjarlausnar á því. En fyrir fáum dögum er tekin ein af brtt. út úr og lögð fram, en forseti tekur hana strax á dagskrá, án þess að hafa tekið á dagskrá þáttill. á þskj. 61. Ég get sakað mig um að hafa ekki gengið eftir því, og ég geri ráð fyrir, að þeir menn úti á landi, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við þáttill., uni því illa, hve slælega hefir verið staðið í ístaðinu fyrir þá. Svo mikið kapp er í mönnum, að málið fékkst ekki sent n. í gær.

Ég vil a. m. k. taka þetta dæmi til aðvörunar í framtíðinni. En hér er svo stórt mál á ferðinni, sem felur í sér svo miklar byrðar fyrir ríkið, að við flm. hugsuðum okkur, að réttast væri að láta það biða til næsta þings, en að málið yrði þá í heild tekið fyrir, og ef frv. um raforkuveitur ríkisins gæti orðið að l., yrðu þær veitur svo lagðar smám saman.

Hv. 7. landsk. ámælir mér og meðflm. mínum fyrir að hafa leyft okkur að óska þess, að þessu máli væri vísað til fjvn., og telur hann það tilraun til að eyða málinu. Í næstu setningu segir hann svo, að að sjálfsgöngu hefði fjvn. mælt með því nú eins og 1936. Þannig var nú samræmið þar.

Ein höfuðástæðan fyrir þessu máli er, að þing-ið hefir áður veitt slíka heimild. Það er ekki þýðingarlaust, en samt er leitað nýrrar ábyrgðarheimildar, af því að hin er úr gildi fallin. Ég man ekki til, að árið 1936 lægi fyrir ósk um ríkisábyrgð fyrir annarri veitu en þessari, en nú er auk till. á þskj. 61 kominn fram fjöldi brtt. um heimildir fyrir ýms önnur héruð. Talsmenn þessarar till. halda því fram, að einmitt nú geti Ólafsfjarðarhreppur fengið lán til nýs orkuvers. En þó að málinu hefði verið frestað, hygg ég ekki, að sá lánardrottinn, sem um er að ræða, mundi kippa að sér hendinni. Þessi ástæða er því tylliástæða. Ennfremur hefir það verið borið fram, að mótorinn, sem rafstöðin í Ólafsfirði hefir, væri ónýtur. En það er algengt, að slík

tæki bili, og þá verður að gera við þau. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að þetta verk yrði framkvæmt í vor hvort sem er, og að til þess mundi þurfa allt sumarið að minnsta kosti, svo að hvernig sem færi, mundi þurfa að gera við mót-orinn.

Mér finnst mjög einkennilegt, að hv. þm. skuli vera svo ákafir um að afgreiða þetta mál, þar sem ein tillaga er þarna tekin út úr stóru máli, sem á sama rétt á afgreiðslu og þessi eina till. Þetta segi ég ekki vegna þess, að ég er þm. fyrir kjördæmi á Suðurlandi, en rafveitan er fyrir pláss á Norðurlandi, heldur finnst mér eðlilegast, að slík mál fái heildarafgreiðslu, sem gildi fyrir framtíðina. Hitt er alrangt og óviðeigandi, að gera efnu slíku máli herra undir höfði en öðrum. Ennfremur er það að segja um þessar framkvæmdir, að sumar eru þannig undirbúnar, að gerð hefir verið um þær kostnaðar-áætlun, en aðrar ekki. Það hefir ekkert komið fram um, að þetta mál sé sérlega vel undirbúið, þó að þm. virðist svo ákafir um að láta það ná fram að ganga. Ég vildi óska, að þetta verði ekki fordæmi um það, að önnur mál eigi að ganga fram án rannsókna eða tilrauna til þess að skýra, hvernig slík fyrirtæki mundu bera sig.

Ég vil ennfremur endurtaka það, að slík meðferð á málum hjá hæstv. forseta, að taka þetta mál aldrei á dagskrá fyrr en húið er að draga út úr því einn lítinn þátt, sé einnig mjög óviðeigandi. En það kennir mönnum þá að vera betur á verði, — ég vil ekki segja gagnvart hlutdrægni, heldur vera á verði gagnvart því, að ekki sé beitt misrétti. Vitanlega er það fyllsta misrétti gagnvart þeim, sem flutt hafa þáttill. um heimild fyrir ríkisstj. til að ganga í ábyrgð fyrir rafveitur. Ég er enn ekki vonlaus um, að þetta mál fái þá afgreiðslu, sem við, sem stöndum að beiðnum um heimild fyrir ríkisstj. til ábyrgðar, viljum, svo að við verðum ekki alveg flatir fyrir réttlátum ámælum kjósenda okkar, eins og við í raun og veru erum, ef þessi þáttill. næði fram að ganga. Ef svo verður, þá er ekki hægt að verja sig fyrir þeim ámælum, sem við vitanlega fáum í því sambandi. Það er ekki réttlátt, að þessi þáttill. um ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarkauptún nái ein fram að ganga, en hinar liggi allar óafgreiddar.

***Flm. (Bernharð Stefánsson):** Það hefir verið talað um, að við flm. þessarar till. höfum hleypt kappi í málið. En mér virðist, að andstæðingar þessa máls beiti meira kappi, og það slíku ofurkappi, að mjög er óvanalegt um ekki stærra mál.

Hv. 2. þm. Árn. talaði m. a. um það, að meðferð þessa máls væri óvenjuleg og óviðeigandi, og færði það til, hve málið hefði verið tekið snemma á dagskrá, svo og að fellt var, að því yrði vísað til n. Ég man oft eftir um mál, sem legið hefir á, að fellt hefir verið að vísa þeim til n., og það hafa jafnvel verið stórmál, sem hafa verið afgr. þannig gegnum þingið. Eins hefir verið tekið fram, að sérstakar ástæður voru fyrir hendi, þannig að ekki var eins mikil ástæða til að vísa þessu máli til n. eins og oft hefir verið um önnur mál, þar sem ekki eru liðin nema 3 ár síðan

málið var fyrir fjv. og þá stutt af henni, eins og hv. 7. landsk. og fleiri hafa bent á. Hv. 2. þm. Árn. var þá, eins og nú, í fjv. og var formaður hennar og frsm. fjv. um fjárl., og ef ég man rétt, þá mælti hann sem slíkur með þessari ábyrgðarheimild. Þetta finnast mér svo sérstakar ástæður, einmitt að búið er að samþ. það áður, að það afsaki það fyllilega, þótt málinu hafi verið hraðað. Ég verð að líta svo á, að þegar hæstv. Alp. hefir heitið einhverjum aðila í landinu ákveðnum friðindum, þá eigi Alp. ekki að haga sér eins og óreiðumenn gera, að svíkja gefin loforð. Ég lit svo á, að þar sem hæstv. Alp. samþ. ábyrgðarheimild fyrir Ólafsfjarðar­kaupstað 1936, þá sé það loforð, sem sjálfsagt sé, að hæstv. Alp. standi við, þótt svo sé, að af því að ábyrgðarheimild sú var í fjárl., sem ekki gilda nema eitt ár, þá verði formsins vegna að ganga svo frá því, að samþ. hana á ný. Nú er heimildin borin fram sem sérstakt þingmál, en þess hefði ekki þurft, ef heimildin frá 1936 hefði verið borin þannig fram á sínum tíma og þá gilt enn. Aðalástæðan, sem borin er fram á móti till., er, að ýmsir aðrir hafi borið fram svipaðar till., sem ekki hafi verið teknar til afgreiðslu. Það er engan veginn hægt að telja það sjálfsagt að láta slíkt marka afstöðu manna til mála. Það er þekkt tilfinning í mannlegum hjörtum, sem veldur því, en það sæmir yfirleitt betur að láta ekki mikið á þeirri tilfinningu bera.

Ég er dálítið undrandi yfir, hve mjög er fjöl­yrt um þetta, að ómögulega megi samþ. þessa till. af því, að hinar till. séu ekki samþ. líka. Við þm. Eyf. bárum fram brtt. við þessa till. snemma á þinginu, og við höfum ekki rekið frekar á eftir því en aðrir hv. þm., að málið væri tekið á dagskrá. Nú höfum við samt sérstaka ástæðu til að leggja áherzlu á afgreiðslu till. Mér hefir borizt símskeyti frá lögreglustjórn­inum í Ólafsfirði um það, að nú væri hægt að framkvæma þetta, ef ábyrgðin fengist. Því hljóta allir að sjá, á hvaða grundvelli málið er lagt fram, en sé það ekki samþ. nú, þá er sá grund­völlur búinn að vera. Ég kann miklu betur við, að menn leggist beinlínis á móti málinu og greiði atkv. á móti því, heldur en að ætla að hafa þá aðferð, sem hér stendur til að notuð sé, því ekki þýðir að ætla að taka þetta mál upp á sama grundvelli í haust.

Ég skal ekki neita því, að þótt till. verði felld nú, þá megi Ólafsfirðingum samt e. t. v. takast að koma upp rafstöð síðar, e. t. v. í sambandi við ríkisábyrgð fyrir fleiri raflínur, en þeir möguleikar, sem till. nú byggist á, möguleikarnir til að fá lán og möguleikarnir til framkvæmda, verða þá komnir út í veður og vind.

Ég ætla að vona — og það virðist hafa komið fram í atkvgr. um þetta mál — að hæstv. Alp. samþ. till., svo að þetta nauðsynjamál Ólafsfjarðar, sem sannarlega hefir ekki verið neitt óskabarn fjarveitingavaldsins, nái fram að ganga, og vona, að hin önnur mál, sem eru í sambandi við þetta, fái góða afgreiðslu í haust, en ekki verða þær tillögur frekar samþykktar þótt þessi falli. Ég sé ekki, að það geti á nokkurn hátt skaðað þau mál, að þessi tillaga sé samþykkt.

Jörundur Brynjólfsson: Fyrst svo er komið, að þetta mál þolir enga bið, ekki einu sinni stundarbið, og það á að keyra það í gegn með ofurkappi, eins og hér standi svo sérstaklega á, að hvergi geti annarstaðar komið neitt líkt til greina, verður útkoma lokaatkvgr. auglýsing fyrirfram. Úr því að hv. þm. telja svo aðkallandi afgreiðslu þessa máls, þá virðist það eingöngu eiga við Ólafsfjörð af því, að þar sé bilaður mótór rafstöðvarinnar. Virðast þeir telja það svo mikið atriði, að allt annað eigi að leggjast til hliðar þess vegna. Hefi ég því leyft mér, ásamt nokkrum öðrum hv. þm., að orða brtt. við aðaltill. þá, sem hér er til meðferðar. Það þarf tvennskonar afbrigða fyrir henni, og vil ég mælast til, að hæstv. forseti fari fram á, að þau verði leyfð. Hún kemur of seint fram og er þar að auki að nokkru leyti skrifleg, en að nokkru leyti prentuð, og vona ég, að afbrigði fáiast, þar sem ekki er um annað að ræða en að keyra málið áfram. Allir hv. þm. hafa samt tekið undir það með mér, að afgreiða eigi málið með sanngirni og myndarskap, og mér dettur ekki í hug að efa, að þann myndarskap og sanngirni muni þeir sýna fleirum en Ólafsfirði einum, heldur eigi þar allir að sitja við sama borð. Því geng ég út frá því sem gefnu, að afbrigði fáiast og brtt. verði samþ. Brtt. er að mestu shl. brtt., sem flutt var á þskj. 82 af þeim hv. þm. Rang. og hv. þm. Vestm. Með mér hafa gerzt flm. þessarar brtt. þeir hv. 2. þm. Árn., hv. þm. Mýr., hv. þm. Borgf., hæstv. atvmrh. og báðir hv. þm. Rang.

Ég hefi nú þegar talað tvisvar, svo að ég má víst ekki bæta miklu við þetta, en af því að ég á að svara til saka, þá vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leyfi mér að gera stutta aths.

Í sjálfu sér er þegar búið að draga það fram, sem máli skiptir um till. Það er upplýst, að málið er hvergi nærri nægilega athugað; það kom fram út af fyrirsögn, sem hv. 1. þm. N.-M. bar fram, og virðast ekki aðrar upplýsingar liggja fyrir um undirbúning málsins en þær, sem felast í símskeyti frá oddvita Ólafsfjarðarhrepps, sem er um, að nú megi takast að framkvæma málið, en þer ekki á neinn hátt með sér, hver undirbúningur hafi verið gerður. Það má vel vera, að búið sé að leita eftir láni því, sem ábyrgðarheimildin á að vera fyrir, en ég sé ekkert á móti því, að þetta verði athugað eins og önnur hliðstæð mál, svo að tæmandi upplýsingar fást um það, eins og um rafvirkjun í Árneshvíli.

Ég vil ekki skiljast svo við, að ég ekki svari hv. 7. landsk. litilsháttar.

Honum fannst ég vera harðorður og óþinglegur, þegar ég nefndi hann fylgitingl þeirra hv. þm. Eyf., og hafi honum fundizt það móðgandi, þá þykir mér það leiðinlegt; ég meinti alls ekkert móðgandi með því. En mér fannst það heppi­legra orðaval heldur en að kalla hann t. d. hla­stjörnu. Hv. þm. kvaðst ekki hafa sagt eitt mis­jafnt orð í minn garð í sinni fyrri ræðu. Má vera, að hann hafi þann mælikvarða. Hann sagði, að fyrir mér vektí að drepa málið. Það var allt annað, sem ég sagði. Ég lagði til, að málinu væri frestað í nokkra mánuði, þá færi fram at-

hugun á því og síðan legði ríkisstj. þá athugun fyrir þingið. Út frá þessum ummælum mínum leggur hv. þm. þá merkingu í orð mín, að ég vilji drepa málið. Nei, ég vil láta eitt yfir öll þessi mál ganga. Þau eru öll nauðsynjamál, sem eðlilegt er, að almenningur hafi áhuga fyrir, og því finnst mér þessi aths. hv. þm. ekki meinlaus, — öðru nær. Hv. þm. endaði, eins og hann byrjaði, á því að býsnast yfir, að ég skuli andmæla þessari till.

Hv. þm. lætur sér sæma að hlaupa með gamlar blaðalygar, og kemur það mál ekki við mig, þótt hann telji sér slíkt sæmandi. Og ég ætlast sannarlega ekki til, að hann telji sig sitja á þingi fyrir neina náð frá mér. Ég hefi til þess enga kröfu gert og veit ekki til, að ég hafi neitt til-efni gefið til slíkra ummæla. Ef ég vildi haga mér eins og hann, að fara út í persónuleg ummæli, þá veit ég ekki nema hægt væri e. t. v. að finna einhverjar prósentutölur, en ég tel það fyrir neðan mig að hafa slíkt um hönd.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en þakka hæstv. forseta fyrir, að hann leyfði mér að gera þessa aths., og óska, að þingheimur beri giftu til að gera þessu máli þau skil, sem viðunandi eru.

Forseti (HG): Hv. 1. þm. Árn. og fleiri hafa borið fram brtt. við till. til þál. á þskj. 211. Það er of skammt liðið frá því að till. kom fram, og hún er ennfremur skrifleg, svo að tvennskonar afbrigði þarf.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vil benda á, að þetta er ný leið til að eyða frv., og vil mælast til, að neitað verði um afbrigði.

***Elíkur Einarsson:** Það er aths. um málið sjálft, sem gefur mér tilefni til að lýsa litilli brtt., er ég vil gera til viðauka við brtt. þá, sem fram er komin. Ég sé ekki betur en að gleymt hafi það, er einkum skiptir máli og ég og aðrir hv. þm. höfum tekið fram, að þegar veitt er ríkisábyrgð fyrir rafveitum, hvort heldur er frá Sogsvirkjuninni eða í Ólafsfirði, þá sé það skylda hins opinbera að undirbúa málin sem bezt og að það sé látið sitja fyrir, sem virkilega á að sitja fyrir.

Forseti (HG): Ég vil benda hv. þm. á, að það er eftir að veita afbrigði fyrir hinni brtt.

***Elíkur Einarsson:** Ég vildi með leyfi hæstv. forseta mega lýsa þessari brtt. minni, og ég æski þess, að hann leiti afbrigða fyrir henni ásamt hinni fyrri.

ATKVGR.

Samb. var án atkvgr. að leita afbrigða fyrir báðar brtt. í einu.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 253 og 254) synjað með 15:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EÁrna, EE, HelgJ, HermJ, IngP, JGM, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, VJ, ÞBr, ÞP, HG.

nei: ÁJ, BSt, EOI, EmJ, ErlÞ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JJós, MG, SEH, SK, SÁÓ, StSt.

BrB greiddi ekki atkv.

9 þm. (BSn, EystJ, FJ, GG, JakM, JPalm, MJ, SvBH, TT) fjarstaddir.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær umr., sem fram hafa farið um málið. Ég vil leiða athygli að því, að hér er um að ræða að sýna þingvilja um heimild til ríkisstjórnarinnar. Fyrir forgöngu hv. 7. landsk. (GÞ) hafa 15 þm. látið sér sæma að neita að sýna þann þingvilja, sem 23 þm. vildu fá fram. Þetta er vitavert og því vitavertara sem mál þetta er knúði áfram á síðasta degi þingsins. Ég mun beita mér fyrir því, að ríkisstj. hafi hlífðsjón af þessari málsmeðferð, þegar ákveða skal, hvort væntanlega ábyrgðarheimild til Ólafsfjarðar skal nota eða ekki.

***Pétur Ottesen:** Það er nú komið í ljós, hve mikil heilindi voru í tali hv. 7. landsk., að sjálf-sagt mundi verða tekið með mesta velvilja öðrum till. um samskonar nauðsynjamál og um ræðir í þáltill. þessari. Það leið ekki nema klukkutími frá því, að hann talaði þessi fögru orð, þang-að til hann stóð upp og eggjaði þm. til að neita um, að slíkar till. yrðu ræddar á Alþingi. Þessi framkoma er svo langt fyrir neðan allar hellur, að það er ekki hægt að grafa annað eins upp í sögunni hér á Alþingi. Það er hörmulegt, að slíkt ólán skuli hafa komið fyrir þessa stofnun, að maður með slíku hugarfari hefir komizt inn fyrir veggj hennar. Það er ekkert um að tala, þó að svona persónur séu til, heldur að sá, sem hefir þann mann að geyma, skuli verða fulltrúi á þingi þjóðarinnar.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði fyrir till., og honum vil ég svara nokkrum orðum. Hv. þm. (BSt) taldi, að þetta mál væri búið að afr. fyrir 3 árum í fjvn. og Alþingi. Ég vil benda honum á þær breytingar, sem orðið hafa á þessu tímabili. Fyrir þinginu liggur heildarlöggjöf um þessi efni, sem felur í sér fulla lausn þeirra í mörgum héruðum. Breytingar og rannsóknir síðustu ára hafa komið mál-unum á þann reksþöl, að slíka löggjöf er hægt að setja og framkvæma. En þá krefst heilbrigð skynsemi þess, að ekki sé slitið út úr eitt atriði, heldur sé frestað að taka ákvörðun um málið, sem liggur hér fyrir, þangað til heildarlausnin fæst og framkvæmdir í þessum stór-málum standa föstum fótum. Og það því fremur sem ekkert af þessu er hægt að framkvæma án styrks frá því opinbera. — Ég vildi láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. fjmrh., sem ég sé, að nú er viðstaddur, skuli ekki hafa látið til sín heyra, því að fyrir ríkið er það stórmál fjárhagslega, hvernig slíkum ábyrgðum á að haga. Til þess er fjmrh., að hann sé leiðandi maður í fjármálum, bæði á Alþingi og þann tíma, sem Alþingi situr ekki. Hér liggja fyrir tillögur, sem kosta margar milljónir, þegar til kemur, og það tekur til fjmrh., þó að minna væri. Mér finnst full ástæða til þess, þegar fyrir liggja áætlanir um slíkar framkvæmdir í einum sex sýslum, að afgreiðslan sé látin ganga hér jafnt yfir alla. Ég vil því gera það að minni till., að

þessari þáttill. verði vísað til ríkisstj. og hún taki málin öll til frekari athugunar, þangað til þing hefst aftur, væntanlega 1. nóv. í haust.

Forseti (HG): Nú er einn maður á mælenda-skrá. Þegar hann hefir lokið máli sínu, verður ræðutími hvers þm. styttr samkv. 37. gr. þingskapanna niður í 5 mínútur.

*Jónas Jónsson: Mér fannst tilhlýðilegt, úr því að ég er form. fjvn., að ég segi nokkur orð, áður en þetta mál er afgr. Við mundum allir óska þess, að hægt væri að gera rafveitu fyrir Ólafsfjarðarkauptún. Við mundum vilja raflýsa hvern einasta bæ á landinu, ef við bara hefðum efni á því. En ég vil mæla varnaðarorð til ýmissa manna, sem mest beita sér hér fyrir því að afgreiða þetta mál. Og ég geri það alveg án tillits til þess, hvort málið er í sjálfu sér gott eða ekki.

Það hefir verið tekið fram í blöðum Sjálfstfl. undanfarið, að gæta yrði meiri varúðar en hingað til í meðferð opinbers fjár. Ekki hefir sít verið lögð áherzla á þetta í blaði, sem talið mun, að standi bak við þann hv. þm., sem harðast hefir barizt hér fyrir þessari ábyrgð, og félagá hans. Þar hefir verið haldið stift fram, að engin gætileg fjármálastjórn væri hugsanleg nema fyrir þeirra tilverknað. Ég vil segja það, að hæstv. fjármálaráðherra hefir tekið við talsvert skól-uðu liði í gætilegri fjármeðferð. (HV: Skól-uðu?). Já, skóludu í öðrum hlutum en oliukarlinn og hans lið.

Þegar hin nýja stjórn tók við 1934 af Ásgeiri Ásgeirssyni, voru ábyrgðir rikissjóðs búnaðar að skapa mesta öngþveiti. Það hafði verið sótt fast á í stjórnartíð hans, og mér er það ljóst, að í fyrstu hafði hann bezta vilja á því að hamla móti, halda í horfinu um fjárstjórnina. En reyndin varð sú innan skamms, að hann réð ekki við neitt, og hverjum manni fannst hann gæti gengið í rikissjóðinn og skammtað sér sjálfur eða náð með hrossakaupum hverju, sem hann hafa vildi. Þá hlóðust upp ábyrgðirnar, sem þingið var síðan mörg ár að burðast með og hafði gengizt undir móti vilja sínum.

Þó að kosningarnar 1934 gæfu ekki mikinn meiri hl., stóð hann fast saman, og ég skal viðurkenna, að fyrsta árið beitti hann dálitilli hörku til þess að kippa ýmsu í lag og láta ekki draga taumana úr höndum sér. Ég var einn í þessum meiri hl. og átti minn þátt í þessu, en það varð að taka fast á því. Þá varð einskonar samkomulag um, að í eitt kjördæmi skyldi ekki koma einn eyrir til vegalagninga, — til þess að sýna sýslubúum, að þeir glydu þess, hvernig þeir hefðu kosið. En svo kom náttúran, sjórinna, og gerði tjón, og allir urðu þá sammála um að hlaupa undir bagga. Í annað kjördæmi átti í refsingarskyni að láta einungis 4 þús. kr., en önnur kjördæmi fengu nokkrum meira. En svo kom upp úr dúrnum, að vegaviðhaldið varð þar 35 þús. kr. á einu ári. Og bráðlega áttuðu menn sig á því, að svona refsiaðgerðir væru ósköp þýðingarlitlar, og hættu þeim. En það hafði verið tekin upp ný fjármálastefna, algerlega ólík þeirri, sem rekin var í stjórnartíð Ásgeirs Ás-

geirssonar og Þorsteins Briems, bæði réttlátari og harðari við sjálfa sig. Það kom annar blær á afgreiðslu fjárlaganna; þó að þau hafi vaxið, þá er það ekki af léttuð né hrossakaupum.

Hrossakaupin, sem ég býst við, að séu komin á bak við í þessu máli, eiga engan rétt á sér. Hrossakaupin hafa verið fordæmd í eitt skipti fyrir öll og eiga að hverfa úr þessari stofnun.

Það er ekki ofsagt, þó að einhverja furði á, að við, sem stóðum að þessari nýju fjármála-stefnu, séum skólaðir eða tamdir í meðferð fjár og ætlumst nú til jafngóðrar forystu í þeim at-riðum af hæstv. fjmrh. og við höfum haft, eða ennþá betri, ef þess kynni að mega vænta. En þá verðum við að sjá einhvern lit á því í þessu máli hjá hæstv. fjmrh. og þeim hv. þm., sem honum standa næstir. Ella mundi ég neita að eiga sæti og formennsku í fjvn. á síðara þingi þessa árs, ekki af því, að það mundi hryggja svo þessa hv. þm., þó að ég færi, heldur af því, að ég teldi tíma mínum og kröftum sóað til ónýtis í starf, sem Alþingi væri handvíst til að rífa allt niður á eftir.

Mig undrar ekkert, þó að 1—2 þingmenn hafi slegið sér lausum í þessu máli, en mig undrar það, ef helmingur þingmanna lætur til leiðast í einskonar kátinu að taka þátt í þessum leik. Til þeirra mæli ég þessum varnaðarorðum, svo að þeir viti, hvað þeir eru að gera. Það er ekki hægt að búast við, að unnt verði að framkvæma til fullnustu á stuttum tíma allar þær kröfur, sem fram hafa komið í þessum málum. Ástæðan til þess er fátækt landsins, og ekkert annað. Þessi fátækt landsins veldur því, að það er ekki minnstu líkur til þess, að ein einasta af þessum till. komi til framkvæmda, þó að þær væru samþ. í kvöld, ekki á þessu ári, og kannske ekki á næsta ári. Það er því það einasta, sem hafzt getur upp úr þeim skripaleik, sem við-hafður hefir verið hér í kvöld, að kasta bletti á Alp. og hæstv. fjmrh., sem ég efast ekki um, að vilji af fullum krafti og myndarskap starfa í því embætti. En ábyrgðin á þeim skripaleik, sem hér hefir verið leikinn í kvöld, hvílir á ykkur, sem brotið hafið þau grið, sem ríkt hafa undanfarið í réttlátri fjármálastjórn milli hér-æða, sem getur orðið til þess, að þingið verði eins ábyrgðarlaust aftur og það eitt sinn var. Þegar hver ríkisábyrgðin var samþ. á fætur ann-arri og þegar hver loddari, sem fór úr landi með slíka ábyrgð, fékk neitun í hverjum bank-anum eftir annan. Mér finnst, að þessir þm. ættu á þessum stað að minnast þess, að Reykjavík er búin að ganga með sinn borgarstjórnandi ný-lega með slíka ríkisábyrgð land úr landi, borg úr borg og banka úr banka, og er búin að reyna að fá lán, en hefir verið neitað, af því að ekki var treyst okkar gjaldgetu, sem hefir verið fyrir okkar fátækt og ekkert annað. Svo virðast þessir menn halda, að það sé það, sem landinu riði mest á, að leysa öll bönd og bregða drengskap þeim, sem verið hefir undirstaðan að því, að við höfum hætt að samþ. heimskulega mikið af ríkisábyrgðum. Svo er neitað um afbrigði í þessu máli ofan á annað, sem fram hefir komið. Það skal verða séð um, að þeir, sem fyrir því hafa gengizt, hafi ekki nema leiðindi af þeirri máls-

meðferð. Það skal engin rafveita koma í Ólafsfirði út af þessu máli. Liggur til þess sama ástæða og lá fyrir því, er einn mætur hv. þm., Hannes heitinn Hafstein, sagði á Alb., þegar gerð voru hrossakaup um brúna á Ólafsfjarðarós. Þá felldi hann það mál með sínu atkv., af því að hann vildi ekki með sínu atkv. kasta bletti á þingið með hrossakaupum.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Mér virðist, að það mætti ráða það af því út af fyrir sig, sem sumir hv. þm. sagt hafa hér í kvöld, að það væri ekki 50 þús. kr. ábyrgð, sem hér væri um að ræða, heldur a. m. k. 50 millj. Svo gifuryrtir virðast mér hv. þm. gerast út af því ódæði, sem viss hluti þm. gerir sig líklegan til að fremja hér með því að samþ. heimild þessa til að veita ríkisábyrgð, sem þó hefir þegar verið samþ. af þessu háa Alb. Hér er ekki um annað að ræða en endursamþ. á ríkisábyrgð, sem hefir verið veitt áður. Og meira að segja, sú ábyrgð var ekki veitt á þeim ábyrgðarlausu tímum, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, heldur einmitt eftir að fjárstjórnin og samstarf ríkisstj. og fjvn. var komið í það mjög svo lofsamlega horf, sem hv. þm. talaði um; það var reyndar árið 1936. Ég sé því ekki, að hér sé farið fram á neitt ódæði, þó að þessi heimild sé veitt, sérstaklega þegar litill er á það, að hér er um stað að ræða, sem þegar hefir komið upp hjá sér raflýsingu með tækjum, sem þeim verður nú bannað að nota. Það er því ekki nema um þrennt að gera fyrir Ólafsfirðinga, annaðhvort að hverfa frá rafljósum og fara að nota olíuljós, eða framkvæma þessa virkjun, eða í þriðja lagi að kosta ærnung peningum til þess að endurbæta þá rafveitu, sem nú er þarna í Ólafsfirði, og kasta því fé þá í sjóinn.

Mér virðist, að þegar ekki er um meiri upphæð að ræða en hér er um að ræða, og þetta hefir þegar verið samþ. af Alb. áður, þá liggja ekkert annað heinna við heldur en að endurtaka nú þessa samþykkt. Og að setja þessa 50 þús. kr. ábyrgð í samband við það fyrirhugaða rafveitukerfi, sem hugsað er að leggja út frá Sogsvirkjuninni, virðist mér svo fjarstætt sem frekast má verða, vilji menn gera sér einhverja grein fyrir, hver kostnaðurinn er í hvoru tilfellinu fyrir sig. Ég geri ráð fyrir, að hann yrði í sambandi við Sogsvirkjunarrafléiðslurnar, sem hér hefir verið um rætt, ekki tilfaldur, heldur tvítugfaldur á við upphæð þá, sem hér er reynt að fá ríkisábyrgð fyrir, sem sumir hv. þm. leggja svo ríka áherzlu á að setja Sogsvirkjunarrafveituna í samband við.

Ég legg á móti því, að þetta mál verði látið stranda nú á þinginu. Og ég mun enn greiða atkv. með því, að þessi ábyrgðarheimild verði veitt.

Páll Zóphóniasson: Mér skilst á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að það sé margt, sem ber á milli, og að þessi rafveitumál í heild sinni sé hvorki svo vel undirbúin fyrir Ólafsfjarðarhrepp eða annarstaðar sem þyrfti.

Ég hefi ekki fengið upplýsingar, hvað raforkuleiðsla til Ólafsfjarðar mundi kosta í sambandi við rafveitu frá Skeiðsfossi, þegar hún

verður gerð, og ekki heldur, hvað hún mundi kosta í sambandi við raforkuleiðslu frá Laxá. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram svohljóðandi rökst. dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. láti fyrir framhaldsþingið í haust rannsaka, á hvern hátt rafmagnsbörf íbúa Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Ólafsfjarðarhrepps verði bezt og ódýrast fullnægt, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

*Einar Árnason: Það hefir verið talað um, að nokkurt kapp væri í þessu máli. Ég skal viðurkenna, að mér virðist það á ýmsu því, sem hér hefir verið sagt, að nokkurt kapp væri í sambandi við þetta mál hjá hv. þm. En ég sé ekki, að það kapp hafi verið mest af hálfu þeirra manna, sem staðið hafa að flutningi þessarar þáttill., þó að ég kannske geti viðurkennt það, að það hafi ekki verið haldið eins vel á þessu máli eins og hvað málið er gott.

Hv. 2. þm. Árn. var að veita hæstv. forseta ákúru fyrir það, að hann hefði tekið þetta mál út úr öðru máli. Þetta á sér engan stað. Þetta mál hefir alls ekki verið tekið út úr öðru máli, því að hér er um að ræða byggingu rafstöðvar í Ólafsfirði. En það, sem ýmsir hv. þm. hafa verið hér að tala um, er raforkuleiðsla frá Sogsvirkjuninni, sem er allt annað mál.

Ég vil minna á, að þegar Sogsvirkjunin var sett upp, þá held ég, að margir okkar, sem stöndum að þessari þáttill., höfum rétt upp höndina til þess að ríkið gengi í ábyrgð fyrir láni til þeirrar virkjunar. Hér er aðeins um að ræða að ábyrgjast lán til þess að koma upp rafveitu fyrir kaupþún. En þáttill. sú, sem rædd hefir verið hér í sambandi við þetta mál, um raforkuleiðslur frá Sogsvirkjuninni, væri þá fyrst hlíðstætt mál rafveitumálum Ólafsfirðinga, ef búið væri að koma upp rafveitu hjá þeim og um það væri að ræða að fara að dreifa rafmagninu þaðan út um héraðið í kring. Það er því alls ekki sama eðlis og till. sú, sem fyrir liggur, það mál, sem dregið hefir verið hér inn í þetta mál nú við umr. Það geta því ekki verið ástæður gegn þessu rafveitumáli Ólafsfirðinga, þó að raforkuleiðslumálin í sambandi við Sogsvirkjunina séu ekki leyst samhliða því. En það virðist samt hafa verið eina ástæðan, sem haldið hefir verið fram gegn þessu máli.

Mér datt ekki í hug að vera á móti því, að afbrigði væru veitt frá þingsköpum um að taka fyrir til umr. brtt. um raforkuleiðslurnar frá Sogsvirkjuninni, sem bornar voru fram í kvöld, enda þótt verið væri að blanda þar saman óskyldum málum, því að ég sá, að fjmrh. var innan handar að gera upp á milli þessa efnis, sem í till. er, og brtt., sem fram komu við þetta mál, af því að það voru tvö óskyld efnis í till. og brtt. Þó að þáttill. og brtt. við hana hefðu verið samþ., þá gat fjmrh. vel tekið þessa 50 þús. kr. ríkisábyrgð út úr handa Ólafsfirði. Og það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta mál. Það er hörmulegt, að slíkt ofurkapp í sambandi við þetta mál skuli hafa getað orðið út af einni 50 þús. kr. ábyrgð.

***Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég skal ekki tala lengi. Ég vil aðeins segja hæstv. atvmrh. (ÓTh) það, að það er hvorki vítavert né fáheyrt, sem hér hefir komið fyrir, að neitað var um afbrigði fyrir brtt. við mál það, sem hér liggur fyrir. Hæstv. ráðh. veit, að þessi brtt., sem kom hér fram í kvöld, kom ekki fram til þess að vera samþ. — Því bjóst enginn við — heldur kom hún fram til þess, ef hún hefði verið samþ., að drepa málið, sem fyrir liggur. Og þegar vitað var, að sú leið var farin í þessum miður heiðarlega tilgangi, þá veit ég, að ef hæstv. atvmrh. hefði staðið í þeim sporum að vilja þessa þáltill. samþ., þá hefði hann ekki talið það vítavert eða fjarstaðu að neita um þessi afbrigði.

Ég vil benda hæstv. atvmrh. á, að hér er aðeins um heimild að ræða. Ríkisstj. hefir það fullkomlega á valdi sínu, hvort hún neitar um þessa ábyrgð eða veitir hana. Ef það sýnir sig, að virkjunin sé þannig undirbúin, að ekki sé rétt að veita þessa ábyrgð, eða að þær tryggingar, sem ríkisstj. vill hafa, eru ekki fullnægjandi, þá getur ríkisstj. neitað um ábyrgðina. Og sjálfsagt lætur ríkisstj. rannsaka þetta mál áður en hún veitir ábyrgð þessa.

Hv. þm. S.-Þ. (JJ) virtist vera að beina til mín orðum sínum í sambandi við það, að neitað var um afbrigði fyrir brtt. Ég vil spyrja þennan hv. þm. um það, hvers vegna hann hafi viljað veita þessi afbrigði. Hann vildi ekki gera það til þess að koma fram málinu, heldur til þess að geta komið þessu máli þannig fyrir kattarnef. Það var heldur ekki eðlilegt, að þessi afbrigði væru veitt, þegar vitað var, í hvaða tilgangi nokkrir hv. þm. vildu veita þessi afbrigði. Það er frá þessum hv. þm. komið, að staðið er á móti þessu máli og að nokkrir hv. þm. telja ekki, að Ólafsfirðingar eigi að fá þessa rafveitu. Ég vil einnig endurtaka það gagnvart þessum hv. þm., að hér er aðeins um endurnýjun á ábyrgð að ræða, sem veitt var 1936, þegar fjmrh. var hæstv. viðskmrh. (EystJ), og þá mun þessi hv. þm. hafa samþ. þessa ábyrgðarheimild. Og hann hefir ekki gert nokkra tilraun til þess að benda á, að aðrar ástæður séu fyrir hendi nú í sambandi við þetta mál en voru þá. En það er upplýst, að Ólafsfjarðarhreppur er megnugri nú að koma virkjuninni í framkvæmd en hann var árið 1936. Og ef hv. fjvn. hefði viljað athuga málið, þá vissi hún þetta, því hreppsnefnd Ólafsfjarðarhepps skrifaði um þetta mál til hv. fjvn. og hún biður fjvn. um þessa ábyrgð. Ef fjvn. hefði athugað málið, þá má gera ráð fyrir, að hún, eftir að hafa samþ. það 1936, hefði ekki hvað eftir annað reynt nú að hindra framgang þessa máls hér á hæstv. Alp. (BjB: Hver hindraði það?). Það má spyrja formanninn. Hann stendur þarna í dyrunum.

Hv. þm. Borgf. lét hér nokkur miður sémileg orð falla í minn garð. Er þetta í annað sinn, sem hann ræðst að mér með persónulegum svivirðingum og skömmum. Ég læt þetta nú framhjá mér fara. En ef hann í þriðja sinn sýnir slíka framkomu í minn garð, þá mun ég taka undir þá ósk með háttvirtum þingmanni Ísa-fjarðarkaupstaðar, að hann væri aftur kominn í hrútafönn.

***Einar Olgeirsson:** Ég gat varla orða bundizt, þegar hv. þm. S.-Þ. fór að segja hv. þingheimi til syndanna með miður sémilegum orðum og í sérstaklega mjög ósémilegum tilgangi. Ég sá ekki betur en að það kæmi fram, sem suma menn hefir grunað, að vissir menn gangi með þá hugmynd, að þeir ættu að ráða á þinginu, hvað gera skyldi, og ekki aðeins á þinginu, heldur líka, hvað ríkisstj. gerði. Hv. þm. S.-Þ. lýsti yfir, eins og hann talaði fyrir hönd ríkisstj., að þó að þetta mál yrði samþ., þá mundi ríkisstj. ekki taka mark á því, og rétt áður var þó hæstv. fjmrh. (JakM) búinn að gefa yfirlýsingu um, að hann væri með því, að þessi ábyrgðarheimild yrði veitt. Það var eins og hv. þm. S.-Þ skoðaði sig eins og einskonar yfirráðherra, sem hefði getið stjórnina af sér.

Mér þykir mjög vænt um afstöðu hæstv. fjmrh. í þessu máli, sem mun koma til með að hafa mest um þetta að segja. Ég álit, að þetta ógurlega ofurkapp, sem komið er inn í þetta mál, og kom fram sérstaklega greinilega hjá hv. þm. S.-Þ., stafi í raun og veru alls ekki af því máli, sem hér liggur fyrir. Það var ekkert tilefni gefið í sambandi við þetta mál, sem komið gæti af stað þeim ólátum, sem farið hefir verið út í hér í umr. um þessa þáltill. um ábyrgðarheimild fyrir Ólafsfjörð, þar sem búíð er áður á Alp. (1936) að samþ. samskonar ábyrgðarheimild fyrir þetta sama hreppsfélag, heldur kemur þetta kapp hv. þm. af tilfinningalegum ástæðum, við það, að vissir hv. þm. hafa orðið fyrir vonbrigðum í dag, þar sem þeir hafa ekki fengið að ráða á Alp. eins og þeir hafa viljað, og að þegar handjárnin losnuðu, þá finnst þeim eins og allt sé að fara norður og niður, og það sé því um að gera að reyna hið skjótasta að smeygja þeim á aftur.

Við þm. vorum sammála um að samþ. 110 þús. kr. ábyrgðarheimild fyrir Sauðárkrókshrepp. En þegar svo á að fara að endurtaka ábyrgðarheimild frá 1936, um að veita Ólafsfirði ríkisábyrgð fyrir um 50 þús. kr. láni, þá er alveg eins og landið sé að farast.

Svo er því lýst yfir af hv. þm. S.-Þ., að sú aðferð hafi verið höfð einhverntíma áður á hæstv. Alp., að þau kjördæmi, sem ekki voru valdhöfunum sérstaklega þóknarleg, hafi verið ströffuð með neitunum um tilstyrk hins opinbera. Og það litur út fyrir, að það ætti helzt að beita við Eyfjarðarkjördæmi sérstaklega þess háttar ströffum framvegis. Ég álit þetta, að beita þess háttar ströffum, mjög óviðeigandi, og að yfirlýsing hv. þm. S.-Þ. gefi miður fagrar hugmyndir um það, hverskonar hrossakaup hafi átt sér stað fyrr á Alp., en svo segir hann, að nú sé ekki um slíkt að ræða. Þessi hv. þm. sagði, að þessi siður, að straffa á þennan hátt, hefði verið hjá einhverjum valdhöfum hér á hæstv. Alp., ef ekki hefði verið kosið eins og valdhöfunum þóknarlist. Svo talaði hann um skripaleik, sem viðhafður sé hér á Alp. í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir um ábyrgð fyrir Ólafsfjörð, og í sambandi við mál, sem afgr. var í dag, er snerti Siglufjörð. Ef hann ætlar að kalla þær till. skripaleik, hvað kallar hann þá þá brtt., sem borin var fram hér áðan af nokkrum hv.

Ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

þm., sem fór fram á ábyrgðarheimildir svo nam millj. kr. í sambandi við raforkuleiðslur frá Sogsvirkjuninni?

Svo leyfir þessi hv. þm. sér að enda ræðu sína, eftir að hafa gefið allar þessar upplýsingar, með því að segja, að það hafi verið hér á hæstv. Alþ. gætileg og réttlát fjármálastjórn milli héraða.

Ég álit það viðeigandi, að hv. þm. sýni það gagnvart þessari þáttill., þar sem engin hrossakaup komust að á hæstv. Alþ. á því herrans ári 1936, þegar þessi till. var samþ., að farið verði einnig nú eftir málefnum, og samþ. því þáttill., sem fyrir liggur.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Hv. 2. þm. Eyf. (EÁrna) gat þess, að honum virtist sér koma það undarlega fyrir sjónir, að mál þetta væri sótt með svo miklu kappi. En ef mál hafa verið sótt með kappi hér á hæstv. Alþ., þá er það sérstaklega þetta mál. Það hefir verið sótt með kappi, og ég vil segja offorsi, þannig að það hefir ekki fengið afgreiðslu eftir venjulegum reglum, sem hafa átt sér stað um afgreiðslu annarra mála; þær reglur hafa ekki fengið að komast að um þetta mál. Það hefir ekki fengizt, að þessu máli yrði vísað til n. Og allan þann tíma, sem ég hefi setið á þingi, sem er að visu ekki langur tími, man ég ekki til þess, að nokkur ábyrgðarfrv. eða ábyrgðarþáttill. hafi verið afgr. svoleiðis, að fjvn. hafi ekki verið gefinn kostur á að segja álit sitt um málið.

Ég er ekki að segja, að þetta mál sé stórt. En það er þó það stórt, að hér er um að ræða ríkisábyrgð fyrir hálfu hundraði þús. kr., og a. m. k. hefði um afgreiðslu þessa máls mátt hafa sömu reglur og um afgreiðslu annarra hliðstæðra mála.

Ég hygg, að það sé óhætt að segja, að einstaklingum þyki enginn leikur að ganga í ábyrgðir og að þeir hafi oft orðið að finna til þess, að það hafi komið til með að verða meira fyrir þá en handskriftin ein oft, að taka slíkt á sig. Það hafa oft fylgt því óþægilegar afleiðingar. Og ég hygg, að það megi líka segja um ríkissjóð, að hann hafi stundum orðið að uppskera miður góða ávexti af því að hafa gengið í ábyrgðir. Það má því ekki minna vera en að fjvn. fái að athuga, hvernig til þeirra mála er stofnað, sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir. Nú við afgreiðslu þessa máls hafa nokkrir hv. þm. þjappað sér saman um að fylgja þessu máli fram án þess að á því verði höfð venjuleg afgreiðsla í n. Sósíalístafl. hefir viljað sparnað (VJ: Kommúnistar!). Það getur nú verið. (BrB: Hv. þm. veit vel, hvað hann segir, og fer ekki nema með rétt mál; það er ekki hætt við því). Annað eins hefir nú komið fyrir óvart. — Þeir menn, sem lýst hafa hátiðlega yfir því, að þeir ætluðu að skipa sér sem þéttast um það að spara og að niðurskurður á fjárl. ætti sér sem best stað, og telja það allra meina bót, þeir hafa nú, með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar, undantekningarlaust greitt atkv. á móti því, að málið væri fengið fjvn. til athugunar. Mér virðist þetta nokkuð langt gengið í þessu atriði, og ég vænti þess af þeim fl., að hann mundi ekki vilja hraða svo þessu máli, að það fengi ekki skynsamlega athugun.

Um þá hv. þm. Eyf. og uppbótarþm. þeirra hefi ég ekki annað að segja en það, að það er ekki nema mannlegt, þó þeir beiti sér fyrir þessu máli fyrir sína kjósendur. Ég ætla ekki að fást um það.

Hv. 1. þm. N.-M. (PZ) tók það fram, að mál þetta væri lítið athugað með tilliti til þess, hvort raforkuleiðsla frá Dalvík til Ólafsfjarðar yrði ódýrari heldur en að setja upp sérstaka rafveitu í Ólafsfirði.

Ég álit, að landið hafi ekki svo breitt bak, að það muni ekki um ábyrgð, sem nemur um hálfu hundraði þús. kr., því að reynslan hefir sýnt, að oft hafa orðið vanskil á því hjá mönnum að greiða skuldir. Og ég verð að segja það, að ég lofa þá hjartsýni þeirra hv. þm., sem nú telja okkar land svo vel stætt, að það muni ekki um að ábyrgjast 50 þús. kr. lán upp á von og óvon. En það er þá bara, að þeirra álit sé ekki á sandi byggt.

***Bergur Jónsson:** Það var eitt, sem kom fram í röksemdum hv. 7. landsk. (GP) — sem hefir, þótt hann sé ekki fyrsti flm. þessa máls, gert sig að aðalforsvarsmanni þessarar þáttill. — hann sagði, að það væri ekki hættulegt að samþ. þessa þáttill., af því að hér væri um ábyrgðarheimild að ræða. Ég lét þetta þá afskiptalaust. Svo kom hann aftur með þetta sem rök fyrir því, að óhætt væri að samþ. þessa till., og benti jafnframt á, að það væri hægt að setja öll möguleg skilyrði fyrir því, að ábyrgðin væri veitt. Ég hélt, að þessi hv. þm. vissi, að það eru yfirleitt aldrei veitt leyfi fyrir ríkisstj. til að ganga í ábyrgðir, nema að því hafi verið horfið að veita þær ábyrgðir. Ég man ekki heldur eftir því, að nokkru sinni hafi verið samþ. l., er heimiludu ríkisstj. að ganga í ábyrgð fyrir láni, þar sem það hafi verið öðruvísi orðað en að ríkisstj. væri þetta „heimilt“.

Og þessi hv. þm. talar um, að það séu skilyrði, sem ríkisstj. geti sett fyrir ábyrgðinni. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er bókstaflega alveg skilyrðislaus. Það er skilyrðislaus heimild fyrir ríkisstj. um að ábyrgjast fyrir Ólafsfjarðarhrepp þessar 50 þús. kr. (GP: Hún getur sett skilyrði.) Hún getur það ekki. Ríkisstj. er skyldug til þess að hlýða þáttill., ef hún verður samþ., alveg eins og það er alltaf talið skylt fyrir ríkisstj. að hlýða öllum þeim heimildum, sem byrja á því, að ríkisstj. sé heimilt þetta og þetta, og svo taldar upp ábyrgðirnar, sem þar er um að ræða.

Það getur vel verið, að þessi hv. þm. hafi komið fram með þessar rökfalsanir til þess að fylgja málinu eftir, án þess að vita, að þetta var svona. Ég er sannfærður um, að hæstv. fjmrh. veit þetta. Þó tók hann fram í sinni ræðu, að hér væri aðeins um heimild að ræða.

Þegar athugað er, hvernig þessu máli er fylgt fram að öðru leyti, þar sem tekin hefir verið upp sú einstaka aðferð, sem ég veit ekki, að tekin hafi verið upp fyrr, að neita um afbrigði fyrir brtt. af þeim sömu mönnum, sem eru að reyna að koma fram afbrigðilegri meðferð á þessu máli hér á Alþ. með því að taka út úr eitt fjárlagaatriði, án þess að það sé látið fara

til fjv. til rannsóknar, og þar með gera þinghluta, sem ekki var meiningin að gera að fjárlagabingi, að fjárlagabingi um heimild fyrir einstakt kjördæmi, þá má það heita furðulegt. Þessir sömu menn stóðu líka í dag fyrir þeirri ein-kennilegu aðferð, að neyta minnihlutatölu í Sp. til þess að drepa frv. Það er líka óvanalegt, enda höfðu þeir þar í frammí óvanalegan rökstuðning fyrir máli, sem kemur í bága við allar venjur og reglur í afgreiðslu mála. Þar sem þeir hafa staðið að því að neita um afbrigði, þá er ekki nema eðlilegt, að stj., sem á að taka við þessari heimild, lýsi því yfir, eins og hæstv. atv. hefir gert, að hún telji sig ekki bundna við till., þó samþ. verði, þar sem aðeins sé um heimild að ræða.

Skúli Guðmundsson: Er ekki hæstv. fjmrh. svo nálægur hér, að hann megi heyra mál mitt?

Hæstv. fjmrh. gat þess, að það væri óeðlilegt að hafa svo miklar umr. um slíkt smámál, þar sem aðeins væri um að ræða 50 þús. kr. ábyrgðarheimild. Ég vil benda þessum hæstv. ráðh. á, að ef hann ætlar að verða með öllum ábyrgðarveitingum eða fjárlagagögum, sem eru 50 þús. kr. eða þar fyrir neðan, þá getur skeð, að það dragi sig saman, svo það verði álitleg upphæð, því ef hvert kjördæmi kæmi með 50 þús. kr. til ákveðinna framkvæmda, þá væri það þegar orðin stór upphæð.

Ég verð að segja, og er ég þar sammála ýmsum öðrum, sem talað hafa hér, að þeir, sem flytja þetta mál, virðast hafa beitt þar nokkurri frekju. Ég skal játa, að það væri æskilegt, að Ólafsfjörður gæti haft rafmagn. En það eru nú svo mörg héruð hér á landi, sem ekki hafa getað orðið þeirra gæða aðnjótandi. Ólafsfjörður hefir þó rafstöð, þó hún sé ekki í fullkomnu lagi, sem mörg önnur kaupún — og ég tala nú ekki um sveitir — hafa ekki. Þetta mál virðist ekki heldur vera nægilega undirbúið, þar sem það hefir komið fram, að flm. geta ekki gefið frambærileg svör við þeim spurningum, sem til þeirra hefir verið beint út af þessu máli. Það mun vera lakar undirbúið en rafveitumál ýmsra annarra héraða, sérstaklega á Suðurlandi, sem nú fara fram á ríkisábyrgð til þess að koma sínum rafveitumálum fram, sem verða látin biða til frh. þings.

Þeir menn, sem standa að þessari till., hafa með atkv. sínum komið í veg fyrir, að málið fengi athugun í n., og einnig neitað um afbrigði, svo það er ekki ofmælt, að þeir sækja þetta mál með nokkurri frekju. Ég tel það ógífusamlegt, að hæstv. fjmrh. skuli byrja á því að standa með þeim, sem mesta frekju sýna í málaflutningi. Það litur þá ekki út fyrir, að hann verði líklegur til að auka ábyrgðartilfinningu þm. í fjármálum, og ég tel það illt, ef hann heldur þannig fram stefnunni. Geri hann það, þá eru litlar líkur til, að rætist draumar ýmsra flokksmanna hans um meiri sparnað á ríkisfé en að undanfögnu og lækkun skulda, sem margir eru sammála um, að æskilegt væri, að gæti orðið.

Forseti (HG): Ég vil geta þess, að 2 menn eru á mælendaskrá, og mun ég að loknum ræðum þeirra stytta ræðutímann niður í 2 mínútur.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég held, að hv. þm. V.-Húnv. hafi misskilið þetta mál, því hann talaði um það eins og upphæð úr ríkissjóði, sem greiða ætti. Ég veit ekki til, að hér sé um það að ræða, að ríkissjóður eigi að greiða neitt, heldur er hér að ræða um að veita ábyrgð á ½ kostnaðar við rafveitu í blómlegri byggð, sem engin ástæða er til að ætla, að ríkissjóður biði halla af. Þar við bætist, að þingið hefir, eins og ég sagði áðan, áður samþ. þessa till. með shlj. atkv. 1936.

Ég kem þá að hv. þm. Barð. Hann veit, að hér er aðeins um heimild að ræða. Það er miskilningur hjá hv. þm., að ábyrgðir séu aldrei veittar nema sem heimildir. Ég hefi flett upp í Stjórnartíðindunum, þar sem eru 1. um virkjun Sogsfossa, og þar segir í 4. gr., að ríkisstj. ábyrgist lán handa Rvíkurbæ til þeirra framkvæmda, sem um getur í 1.—3. gr. Það er alveg tvímálalaus lagasetning um, að ábyrgðin skuli veitt, og það sýnir, að greinarmunur er gerður á því, hvort um heimild er að ræða eða fyrir-mæli Alp. Það stendur því óhaggað, sem ég sagði, að það er á valdi ríkisstj., hvort hún veitir þetta eða ekki, að fengnum þeim upplýsingum, sem hún telur nauðsynlegt að fá til þess, að tryggj sé, að ekki sé lagt út í óháfilega áhættu í sambandi við þessa 50 þús. kr. ábyrgð.

***Jónas Jónsson:** Ég álit, að einn þáttur í þessu máli sé eðlilegur, en það er frammistaða kommúnistanna. Þetta mál er þannig borið fram og öll meðferð þess er þannig, að hún væri eðlileg af andstöðuflokki stj. eða kommúnistum. Kommúnistar í hvaða landi sem er hafa það hlutverk, að reyna að leysa upp þjóðfélagið, sem þeir segja, að sé ranglátt. Þess vegna reyna þeir að hafa í frammí þau verk, sem eru þess valdandi að skaða landið. Þess vegna vil ég ekkert svara þeim þm., sem talaði fyrir hönd kommúnista. Ég vil aðeins segja það, að hann er á sínum rétta stað. Hans tillaga í þessu máli er eins og maður gat búizt við af honum og hans flokki. Hann er þar í sínu rétta eðli, alveg eins og það er eðli músarinnar að grafa niður í moldina. Það er hennar skylda og til þess hefir hún hæfileika, og við því er ekkert að segja.

Ég vil geta þess, að sá þm. Eyf., sem hefir haft þar einna traustast fylgi af sínum kjósendum og verið einna vinsælastur, setti sig einu sinni á móti máli, sem varðaði hans kjördæmi. Af hverju gerði hann það? Ekki af því, að hann vildi skaða sitt kjördæmi, Eyjafjörð. Hvaða takmark hafði þá þessi þm. Eyf.? Hann var að hugsa um hin kjördæmin, en vildi ekki láta taka sitt kjördæmi út úr og ivilna því. Hann vildi ekki fá góða hluti fyrir kjördæmið þannig, að hann þyrfti að skammast sin fyrir það.

Sú aðferð, sem höfð er við þetta mál, á ekki að líðast í meðferð fjármála, að taka þetta mál, sem er hliðstætt fjölda af öðrum málum, út úr á þennan hátt fyrir ofstopa þeirra, sem að því standa og hindrað hafa það, að málið færi í n., þó það sé illa undirbúið frá þeirra hálfu. Að þetta mál, sem hefir í raun og veru alls ekki átt að taka á dagskrá, er tekið á dagskrá í þinglokin, er fyrir áróður þeirra manna, sem standa

Ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

eins að þessu máli og mennirnir, sem stóðu að Ólafsfjarðarósi í gamla daga. Þeir, sem ekki vilja láta þingið sökkva niður í þá músarholu, sem hv. 5. þm. Reykv. vill, að það sökkvi niður í, munu ekki beygja sig fyrir því, að þessi aðferð sé höfð. Við höfum ekki hér á þingi neinn Hannes Hafstein, en við höfum þó átt okkar þátt í því að byggja upp betra skipulag á afgreiðslu mála heldur en þegar allt gekk í gegn. Við höfum líka fyllsta rétt til, eftir því ofbeldi, sem heitt hefir verið í þessu máli, að stinga fótum við. Við höfum rétt til að gera það í krafti þess skipulags, sem byggt hefir verið upp undanfarið af þeim mönnum, sem vilja gæta þess, að annar blær sé á þinginu heldur en sá, sem byltingarmennirnir vilja hafa á því. Þeir eiga ekki að verða hissa á því. Þeir eiga að skoða það sem samskonar aðvörun og Hannes Hafstein gaf, þegar hann felldi Ólafsfjarðarós. Við munum reyna að sjá um, að ofbeldi og yfiringangur fái ekki að haldast uppi, heldur verði þeir, sem slíku vilja beita, látnir inn í músarholuna til kommúnistanna.

Forseti (HG): Út af þeim ummælum, sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni, að það væri fyrir áróður, að þetta mál hefði verið tekið á dagskrá, þá vil ég taka það fram, að það er rangt. Það er afleiðing af afgreiðslu þess við fyrri meðferð málsins á þingi.

***Bergur Jónsson:** Hæstv. fjmrh. vildi ekki setta sig við það, sem ég sagði áðan, að það væri svo að segja undantekningarlaus regla, að ábyrgðir væru ekki veittar nema sem heimildir. Ég veit, að hæstv. fjmrh. er þetta jafnkunnugt og mér. Ég vil benda á 22. gr. fjárl., en þar er safnað saman öllum ábyrgðarheimildum. Sú gr. hefst á því, að „ríkisstj. sé heimilt“. Svo eru taldar upp allar þær ábyrgðir, sem ríkisstj. er heimilt að veita. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á dæmi eins og hitaveitulögin frá síðasta þingi. Hvað hefði hann sagt, ef fyrrv. fjmrh. hefði neitað að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir hitaveituláni, vegna þess að l. nr. 41 frá 1938 væru aðeins heimildarlög. Þar er það tekið fram, að þetta skuli gert gegn tryggingum, sem stj. metur gildir. Hér er um enga slíka varnagla að ræða. En stj. getur kannske skotið sér undir það, að flm. till. og hæstv. fjmrh. hafa lýst því yfir, að stj. sé ekki bundin af þessu vegna þess, að það sé aðeins heimild.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Það var af tilviljun, að ég mundi eftir l. um Sogsvirkjunina, en ég efast ekki um, að það eru mýmörg tilfelli, þar sem eins er ástátt, að þingið beint fyrirskipi að veita ábyrgðir. Þó 22. gr. fjárl. sé orðuð sem heimildir til ríkisstj., þá sannar það ekkert um, að það geti ekki verið mýmörg tilfelli, þar sem ábyrgðirnar eru fyrirskipaðar.

Hvað snertir heimildina til þess að ábyrgjast lán til hitaveitu, þá býst ég við, að ég hefði tekið upp í mig, ef fyrrv. fjmrh. hefði neitað að veita þá ábyrgð. En því verður ekki neitað, að hann hafði formlegan rétt til þess. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. Barð. mundi ætla

þeim mæta manni að gera sig sekan um slíkt, nema hann hefði nægilegar ástæður til þess, t. d. að fyrirtækið væri fjárhagslega hættulegt. Ef svo var ekki, þá var ekkert að óttast, þó ábyrgðin væri veitt.

Ég vil svo aðeins leiðrétta það, sem hv. 5. landsk. sagði hér áðan, að þeir, sem væru fylgjandi málinu, hefðu með fjmrh. í broddi fylkingar hindrað, að málið færi í n. Þetta er ekki rétt. Ég greiddi ekki atkv. á móti því, að málið færi í n.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég verð að þakka hv. þm. S.-Þ. fyrir síðustu ræðu hans, sérstaklega sem kommúnisti. Ef einhverjir hv. þm. hafa haft einhverjar ógurlegar hugmyndir um það, hvernig kommúnistar litu út, þá var sú mynd, sem hv. þm. S.-Þ. dró upp af þeim, mjög sannfærandi. Hann var að mála djöfulinn á vegginn, þegar hann var að lýsa því, hvað það væri ógurlegt, sem kommúnistar vildu framkvæma í þessu máli. Það væri hvorki meira né minna en að þeir vildu grafa ræturnar undan þingskipulaginu, og það einmitt í þessu máli. Hvað er það svo, sem um er að ræða? Það er verið að ræða um það að veita litlu sjávarþorpi ábyrgð ríkissjóðs fyrir 50 þús. kr. til að koma upp rafveitu. Þessi ósköp eru það, sem eiga að leysa upp þjóðfélagið.

Þannig fara formenn þessara stóru flokka að því að sjá ofsjónir og mála fjandann á vegginn, til þess að hræða menn. Ég held, að hv. þm. hafi með þessu músarholutali sínu slegið eitt það mesta vindhögg, sem hann hefir slegið hér á Alþ. Hann er hér að tileinka okkur alla þá menn, sem að þessari till. standa. Hann gefur okkur þar t. d. hv. þm. Eyf., sem eru kosnir með flestum atkv. af þm. Framsfl., og ýmsa mæta menn aðra.

Þessi taumlausí geðofsi hjá hv. þm. stafar af því, eins og komið hefir í ljós í dag og undanfarna daga, að hann hefir ekki reiknað rétt, þegar hann var að beita sér fyrir því að koma á þjóðstjórn. Hann hefir reiknað með því, að sömu handjárnin mundu halda og áður, svo að lítil klika í fjvn. gæti komið sér saman um allt. Hann hefir reiknað með því, að hægt væri að taka ráðin af þm. En þegar þm. vilja sjálfir fara að ráða málunum og hætta að láta klikurnar ráða fyrir sig, þá er það sem sjálfur klikuhöfðinginn gerist svona æstur.

***Flm. (Bernharð Stefánsson):** Það hefir verið talað um okkur flm. þessarar till. eins og menn, sem ætluðu að setja þjóðfélagið á höfuðið.

Ég get ekki stillt mig um að minna á í þessu sambandi þá aðstöðu, sem ég og við þm. Eyf. höfum haft í fjármálum undanfarin ár. Við höfum ekki á mörgum þingum borið fram neina brtt. til hækkunar á fjárl., heldur höfum við haldið okkur við að samþ. till. fjvn. Við vorum á móti því, að þetta mál færi til fjvn., en ástæðan var sú, að það er sami meiri hl. í fjvn. nú eins og var, þegar mælt var með þessu máli, og það var okkur óskiljanlegt, þó að einhverjar ástæður kynnu að vera aðrar nú en þá voru, að það, sem öll fjvn. mælti með fyrir 3 árum, skyldi

Ríkisábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp. — Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

teljast stórglæpur nú. Þetta offors er líka óskiljanlegt.

Ég vil algerlega mótmæla þeim brigzlyrðum, sem komið hafa fram í garð okkar þm. Eyf. Ég hefi hvað eftir annað greitt atkv. móti fjárveitingum í mitt eigið kjördæmi, sem einn maður hefir sérstaklega verið að flytja.

ATKVGR.

Till. frá þm. Borgf. um að visa málinu til ríkisstj. felld með 21:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvBH, VJ, ÞP.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, BrB, EÁrna, EOL, EmJ, ErlP, GP, GSv, HV, ÍsIH, JakM, JJós, MG, SEH, SK, SÁÓ, StSt, ÞBr, HG.

7 þm. (BSn, FJ, GG, JGM, JPálm, MJ, TT) fjarstaddir.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N.-M. felld með 21:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvBH, VJ, ÞP, BJ, BÁ, BjB.

nei: BrB, EÁrna, EOL, EmJ, ErlP, GP, GSv, HV, ÍsIH, JakM, JJós, MG, SEH, SK, SÁÓ, StSt, ÞBr, ÁJ, ÁÁ, BSt, HG.

7 þm. (BSn, FJ, GG, JGM, JPálm, MJ, TT) fjarstaddir.

Till. samþ. með 22:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, BrB, EÁrna, EOL, EmJ, ErlP, GP, GSv, HV, ÍsIH, JakM, JJós, MG, PZ, SEH, SK, SÁÓ, StSt, ÞBr, HG.

nei: BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvBH, VJ, ÞP.

7 þm. (BSn, FJ, GG, JGM, JPálm, MJ, TT) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 257).

7. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sp.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar (A. 203).

Á 8. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sp., 26. apríl, var till. tekin til einnar umr.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. til þál., sem hér liggur fyrir. Ástæðan til þess, að hún er fram komin, er fyrst og fremst sú, að það liggja fyrir þinginu mörg allstór mál, sem ástæða þykir til, að tími fái til að rannsaka nánar. Þarf ég

ekki að telja þau mál upp. Stærstu málin eru vitanlega fjármálin. Það er enn fremur augljóst, þar sem nú hafa orðið stjórnarskipti og nýir menn tekið við sumum stjórnardeildunum, að þeir telji það heppilegt að fá tíma til að rannsaka þau mál og undirbúa áður en þingi verður að fullu lokið á þessu ári. Er alveg sérstök ástæða í því sambandi að benda á fjármálin og afgreiðslu mála í sambandi við þau. Ég skal ekki fara út í umr. um þá till., sem var verið að samþ., en í þeim komu fram raddir um, að þingið þyrfti að taka fjármálin þeim tókum, sem tímarnir gæfu tilefni til. Það kom í þessum umr. fram kvíði fyrir því, að Alp. ætlaði að fara að taka upp önnur vinnubrögð viðvikjandi fjármálum en það hefir haft. Ég held, að þetta sé ástæðulaus ótti, en hitt er jafnaugljóst, að ef á að taka fjármálin föstum tókum, þá hlýtur það að koma við ýmsa. Er þá fyrsta reglan, sem hafa verður í því sambandi, almennt réttlæti. Menn eru viðkvæmir fyrir misréttinu, en menn munu tvímælaust þola, að tekið sé föstum tókum á fjármálunum sem öðrum málum, ef sami réttur gengur yfir alla. Og ég fullyrði, að stjórnin muni vera einhuga um það að undirbúa fjárlögin í þessum anda. En það eru einmitt þessi mál, sem þarf að vinnast tími til að rannsaka, svo að hægt verði að leggja þau vel undirbúin fyrir þingið í haust, í samræmi við það ástand, sem þá verður ríkjandi. Það er rétt að minnst á það í sambandi við þessa þingfrestun, að það virðist svo sem ástandið sé þannig í heiminum, að enginn geti séð, hvað framtíðin geymir. Við vitum því lítið, hvaða ráðstafanir við kunnum að þurfa að gera fyrir næsta ár. Við vonum, að sumarið muni leiða eitthvað í ljós um þetta og að þingið geti í haust, með tilliti til þess ástands, sem þá verður, tekið til afgreiðslu þessi mál með meira öryggi en mögulegt er að gera nú.

Ég vil að lokum óska eftir því, vegna þess, hve áliðið er nætur, að menn hafi um þetta mál stutt-
ar umr.

*Héðinn Valdimarsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að við sósíalistar á þingi töldum það æskilegt, að leitað yrði nýrra umboða fyrir þm. eftir þeim breyttu viðhorfum, sem orðið hafa nú á þessu þingi. Þetta hefir ríkisstj. farið fram á þessa heimild til að fresta þinginu. Ég og minir flokksmenn munum ekki greiða þeirri till. atkv. Að öðru leyti vil ég segja það út af þessari till., að ég tel, enda þótt þinginu verði frestað, þetta óheppilegan tíma til þess. Það veit enginn, hvaða tíðindi kunna að gerast í álfunni nú alveg næstu daga. Ég get ekki neitað því, að það muni vera nokkur uggur hjá mörgum út af þessu ástandi, og mér er það mikið sorgarefni, að þetta þing skuli ekki hafa gert neinar ráðstafanir til varúðar, ef hörmungartimar skyldu yfir okkur dynja vegna ófriðar í nágrannalöndunum. Ég geri nú fastlega ráð fyrir, að þessi frestunartill. verði samþ., en ég vil áður en ég lýk máli mínu beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort ekki yrði, ef ófriður brytist út í okkar nágrannalöndum, þegar stefnt saman þingi.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis. — Betrunarhús og vinnuhæli.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ummæli hv. 3. þm. Reykv. gefa mér ekki tilefni til rökræðna, en ég skal að sjálfsgöðu svara fyrirspurn hans. Ég geri fastlega ráð fyrir, að þing mundi verða kallað saman, ef ófriður brytist út; a. m. k. verður leitað álits allra þm. um, hvaða ráðstafanir skulu gerðar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33:4 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 258).

8. Betrunarhús og vinnuhæli.

Á 94. fundi í Nd., 27. des., var útbýtt:

Till. til þál. um betrunarhús og vinnuhæli (A. 598).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 95. og 96. fundi í Nd., 28. og 29. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

*Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég skal ekki gera mikið til þess, að umr. verði langar um þessa till. Ég skal í því sambandi vísa til stuttrar grg., sem fylgir till., þar sem tekin eru fram meginatriði þess, sem fyrir mér vakir. En annars vil ég áréttta það, sem ég aðeins drep á í grg., að þetta svokallaða vinnuhæli, sem er á Litla-Hrauni við Eyrarbakka, á enga orsök í því, að skilyrðin eru þar óhentug. Húsið var byggt áður og ætlað til allt annara hluta. Það var ætlað til að nota það sem sjúkrahús eða sjúkraskýli, en á því urðu mistök, og ekki unnt að framfylgja því eins og héraðsbúar ætluðust til, er stóðu að því af miklum áhuga. En er húsið stóð ónotað, var gripið til þess ráðs að nota það til þess arna, til þess að hin dýra bygging yrði þó að einhverjum notum. Eins og tekið er fram í grg., sem fylgir till., er ástæðan til þess. að ég ber hana fram, sú, að hagnýtingin á húsinu sem vinnuhæli fyrir fanga er ekki sem bezt. Það er ekki hægt að segja, að þessi staður hafi verið sem heppilegast valinn til slíks og vinnuhælið eigi rétt á sér að vera þar til frambúðar. Það er álit fjölda margra manna, sem ég vil segja, að séu vel kunnugir þarna, að allir staðhættir séu þannig, að þar eigi vinnuhæli fyrir fanga ekki að vera ákveðinn staður til frambúðar. Vissulega hagar þannig til, að að því ber að stefna að flytja þá stofnun þaðan á brott, og á annan stað, sem er hentugri. Ég hefi drepði á það fáum orðum í grg., sem fylgir till., hverjar

ástæður valda því, að vinnuhælið ætti ekki að vera þarna til lengdar. Höfuðástæðan er sú, að þarna eru tiltölulega fjölmenn kaupún sitt til hvorrar handar við vinnuhælið, og að heita má alveg fast við það, og þjóðvegurinn svo að kalla um hlaðið. Það hefir gengið þannig til á liðnum árum, að vinnuhælið hefir ekki komið að tilætludum notum í framkvæmdinni, og orsökina til þess er í því fólgin, að fangarnir, sem eiga að vera þar einangraðir frá vinnustöðvum annara manna, eru það ekki eins og ætlað er til. Það hefir ekki reynzt kleift að fylgja því eftir. Það hefir iðulega komið fyrir, að ekki hefir verið mögulegt að framkvæma fulla aðgreiningu á vinnu hinna ófrjálsu manna og annara, sem vinna í námunda við þá. Það er sérstaklega, eins og ég hefi þegar tekið fram, vegna þess, hve stutt er til kaupúnanna, að fangarnir hafa helzt um of notað sitt takmarkaða frjálsræði til að fara þangað, og ég veit, að það hefir bæði orðið föngunum til óþæginda og þorpsbúum einnig, og er nú komið svo, að hvorugir mega vel við una. Eins og ég hefi tekið fram, er vinnuhælið alveg fast við þorpin, og þannig, að ekki er alltaf full skilgreining á vinnu fanga og annara manna, og auk þess stendur vinnuhælið alveg fast við fjölfarinn þjóðveg. Allt þetta mun mega telja gjaldar ástæður til þess, að ómögulegt er að segja, að vinnuhælið á Litla-Hrauni sé á hentugum stað. Þar er ekki unnt að koma á nauðsynlegri aðgreiningu á starfsviði fanganna og starfsviði annara manna, og auk þess er annað atriði, sem raunar á skylt við þetta og gerir það að verkum, að starfsviðið sjálft, sem er landareign vinnuhælisins á Litla-Hrauni, er óhentugt. Lönd næstu jarða liggja í afmörkuðum geirum og spildum að og inn á milli Litla-Hrauns landareignar, upp um mýri, sem er fyrir ofan þjóðveginn, og á þessum ræmum, sem eru inn á milli landa, sem aðrir menn eiga, verða fangarnir að vinna úti á sumrin, vorin og haustin. Þess vegna er auðsætt, að ekki er auðvelt að framkvæma aðgreiningu á þann hátt, sem æskilegt væri, og hér um bil ómögulegt að hún geti orðið nein. Jafnframt því er það líka verkefni til athugunar, að umbætur hvað snertir starfsvið fanganna er ekki hentugt að gera á Litla-Hrauni, því að skilyrði til túnræktar og garðræktar heima fyrir eru mjög óhagstæð, af því hvornig landi er þar háttað. Þurrlendið er að mjög miklu leyti hraunland, og þess vegna óhentugt til ræktunar, og enda þótt þar sé að vísu eitthvert sandlendi, sem er hæft til garðræktar, þá er það mjög takmarkað svæði. En umbótastarfsemi hvað snertir þá vinnu ætti einkum að vera fólgin í því að rækta mýrar, sem enn eru óframræstar milli landa kaupúnanna og Litla-Hrauns.

Ég tel hentugast, að land, þar sem fangar væru að heimavinnu, væri þannig, að landrými væri mikið og skilyrði góð til aukinnar ræktunar, því að það er fyrst og fremst gott, að fangarnir ynnu þar sem heimafólk að aukinni túnrækt, garðrækt og öðru slíku. Það væri hentugt, að vinnuhælið væri reist á kyrriátum stað, þar sem fangarnir gætu starfað á afskekktu svæði, sem alls ekki er á Litla-Hrauni. Ég vil

ennfremur geta þess til áréttingar, að enda þótt ætti að bæta úr þessu að nokkru leyti á Litla-Hrauni, með því að stækka landareign vinnuhælisins og nota þannig stærra svæði sem vinnustað fyrir fangana, þá er það miklum annmörk-um bundið, og nokkrir af þeim annmörkum, sem ég hefi nú þegar nefnt, myndu verða þar eftir sem áður. Í öðru lagi ber á það að líta, að fjölmenn kaupþúnur þurfa að mínu áliti þessi landsvæði sem starfsvið fyrir sitt heimafólk, og þess vegna er það varhugaverð stefna að taka nokkuð til viðbótar af löndum kaupþúnanna og láta vinnuhælið á Litla-Hrauni hagnýta þau, því að fólk, sem á heima í kaupþúnunum, má ekki missa neitt af löndum sínum. Ég veit, að fjölmargir menn, sem héra gott skynbragð á þetta, eru mér sammála. Þeir óska þess, að Litla-Hraun mætti verða til annara nota en að vera áfram fangahæli. Ég tel að visu, að ekki sé unnt að neita því, að færa mætti sumt til bóta með því að herða á umsjá með föngunum. Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið reynt af alúð að bæta úr annmörkum vinnuhælisins, og er ekki nema gott eitt um það að segja. Þó hefir það sýnt sig, að umbótaráðstöfunum er ekki hægt að framfylgja á þessum stað svo sem þörf krefur. og vildi ég því mælask til, að þessi till. yrði samþ., því að ég tel engu von til þess, að þarna verði bætt að fullu úr ýmsum knýjandi örðugleikum. Ég vona, að hv. þm. sé ljóst, að það beri að stefna að þessu, sem ég nú hefi tekið fram, og þeir muni óska, að hæstv. ríkisstj. vinni að því að athuga þetta mál og reyna að finna heppilegan stað fyrir vinnuhæli. Þar er hagnýtt verkefni fyrir höndum, ekki minnst fyrir þá sök, að það liggur nokkurn veginn í hlutarins eðli, hvernig þeim undirbúningi verður hagað, ef málið verður afgr. til ríkisstj. að þessari umr. lokinni. Hæstv. ríkisstj. mun velja þá hyggjustu og rétt-sýnustu menn sér til ráðuneytis um það, hvað bezt sé að gera til þess, að vinnuhælið komi að sem beztum notum, bæði hvað snertir verkefni og legu staðarins. Ég tel líka rétt að drepa á, að tilgangur minn með því að bera fram þessa till. er, að eitt atriði, sem er í órjúfanlegu sambandi við þetta, verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar, og það er, hvernig hagnýta megi þessa dýru stofnun sem bezt. Ég geng þess ekki dulinn, að því aðeins er hægt að framfylgja þessu nauðsynjaverki, að vinnuhælinu verði fengið samilegt verkefni til frambúðar handa þeim mönnum, sem hið opinbera verður að sjá fyrir hvort eð er. Ég minnst þess, að fyrir Alþ. hafa legið till. um ýmsa líknarstarfsemi, og svo að ég nefni eitt, sem er allmjög aðkallandi, má nefna byggingu hælis fyrir fávita. En ég tel, að hæstv. ríkisstj. verði að athuga það jöfnum höndum, hvaða skilyrði eru til þess, að núverandi vinnuhæli á Litla-Hrauni gæti komið að notum til slíkrar starfsemi. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta, að auðsætt er, að rekstur vinnuhælisins á Litla-Hrauni hefir orðið nokkuð dýr, þrátt fyrir alla viðleitni til þess að láta hann ekki verða dýrari en vera ber. Hvaða orsakir liggja til þess, að rekstur vinnuhælisins hefir orðið all-dýr ríkinu, verður e. t. v. ekki fyllilega skýrt, en einhverjar orsakir hljóta að liggja til þess

samhliða annmörkum staðarins, og auk þess, sem ég hefi nú getið um, og sýnir það, að vinnuhælið á ekki þarna að vera.

Ég vil taka það fram, að þegar íslensk lög-gjöf steig þetta spor, að fara þannig með fangaða menn, að láta þá vinna til þess að gera gagn og reyna að betra þá með þeirri aðferð, þá mælti allt með því, að það yrði fært til samræmis við þær ráðstafanir, sem tíðkast hjá nágranna-þjóðum vorum á Norðurlöndum, og fá því komið þannig fyrir, að stefnt væri í hina viðsýnustu, réttustu og skynsamlegustu átt, og stefnt yrði að hinu sama fyrirkomulagi hjá okkur sem hjá frændþjóðum vorum, Norðmönnum og Dönum, hvað snertir slík vinnuhæli. Ég hefi sannfrétt frá Noregi, að á vinnuhælum fyrir fanga þar eru fangarnir svo stranglega einangraðir og þess gætt, að þeir umgangist ekki frjálsa borgara, að þar er meira að segja hafður lögregluvörður um hælina, til þess að einangrunin komi að fullum notum. Hjá okkur Íslendingum yrðu að visu engir möguleikar til slíks, en eftir því sem hentugri staður yrði valinn fyrir vinnuhælið, því meira kynni það að nálgast, að hjá okkur yrði stefnt í sömu átt sem hjá Norðmönnum, og þá myndum við nálgast það á þann veg, sem eðlilegastur og réttastur er, með hentugum starfsgreinum fyrir fangana, og vonandi verður staðurinn fyrir vinnuhælið valinn þannig, að það geti stuðlað að því, að svo mætti verða.

Ég skal verða við beiðni hæstv. forseta og ekki lengja ræðu mína frekar, og mun nú ljúka máli mínu, þó að fleira mætti um þetta segja, í fullu trausti þess, að hv. Nd. sjái sér fært að samþ. þessa till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 664).

9. Verzlunarrekstur ríkisins.

Á deildafundum 22. des. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um verzlunarrekstur ríkisins (A. 545).

Á 21. fundi í Sp., 23. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 3. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sp., 4. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Efni þessarar till. hefir áður komið fram á þinginu í sambandi við frv. til l. um nokkrar bráðabirgðarástafanir vegna núverandi styrjaldarástands, og var

þá flutt af hv. 5. landsk. (ÞÞ) á þskj. 435. Það varð að samkomulagi við afgreiðslu þessa máls, sem vísað hafði verið til fjhn. í Ed., að þetta atriði skyldi tekið sérstaklega og borið fram sem till. til þál. í Sp., og tóku nefndarmenn fjhn. Ed. að sér að flytja till., og erum við því flm. hennar hér, á sama hátt og fjhn. tók að sér að koma á framfæri öðrum sérstökum frv., sem hér hafa verið á ferð í þinginu og tekin voru úr frv., sem ég nefndi áðan. Við flm. stöndum því ekki að henni á annan hátt en þennan, sem

nú er lýst, að það varð að samkomulagi, að við tækjum að okkur að bera hana fram. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni hennar. Sé þörf frekari skýringa, tel ég vist, að hinn eiginlegi flm., hv. 5. landsk., gefi þær.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 718).

Pingsályktunartillögur felldar.

1. Vantraust, þingrof og kosningar.

Á deildafundum 19. apríl var úthýtt frá Sp.: Till. til þál. um vantraust á ríkisstj. og áskorun um þingrof og nýjar kosningar (A. 170).

Á 7. fundi í Sp., 21. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sp., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

***Héðinn Valdimarsson:** Mér hefir borizt bréf frá forseta Sp. til okkar sósíalista sem svar við bréfi frá okkur til hans, þar sem við óskuðum eftir útvarpsumr. um vantrauststill. okkar á ríkisstj. Hefir hæstv. forseti eigi séð sér fært að verða við þessum óskum. Nú virðist mér að visu, að þingsköp geri ráð fyrir því í öllum tilfellum, að umr. um vantraust skuli útvarpað, en við verðum að sjálfsögðu að hlýða þessum úrskurði í þessu máli, eins og öðru, enda þótt við teljum hann ranglátan og tvímælaust brot á þingsköpum. — Ég vil nota tækifærið til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvernær hann hafi hugsað sér að taka þessa till. á dagskrá.

Forseti (HG): Út af fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. skal ég taka það fram, að till. verður tekin á dagskrá á mánudaginn kemur.

Á 9. fundi í Sp., 24. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sp., 25. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vil leyfa mér fyrst af öllu að mótmæla því, hvaða aðferð er viðhöfð við umr. þessarar þáltill., að þjóðin skuli ekki mega hlusta á það úr þingsölum, sem þingflokkarnir hafa um það að segja, hvernig sú stjórn er mynduð, sem sett er að völdum hér á landi. Og ég álit það allverulegt brot á anda þingskapanna, þar sem tekið er fram í ákvæðum um eldhúsumræður, að þeim skuli útvarpað, og á sama hátt skuli ræða um vantrauststill. Ég álit, að sú breyt., sem þingfl. hafa gert í sambandi við þessar umr., sé beinlinis brot á öll-

um þingræðisreglum, að neita því, að umr. þessum sé útvarpað úr sölum Alp., að taka þessa till. út úr og ræða hana í útvarpssal. Ég álit þetta eitt af þeim mörgu dæmum um það, hvernig nú er verið að reyna að traðka þingræðið niður einmitt af þeim mönnum, sem kosnir eru til þess að vernda það.

Ég vil mótmæla því, að hæstv. forsetar standi ekki betur á verði um réttindi þingsins heldur en þeir hafa gert í þessu efni. Það er í öllum löndum, þar sem þingræðið er gamalt, að forsetar eru skoðaðir sem verðir þingræðisins og þm. gagnvart þeim öflum í þjóðfélaginu, sem vilja ganga á rétt þingsins, og slíkir aðilar eru með núverandi fyrirkomulagi oft dómsvaldið eða framkvæmdarvaldið. Og það hefir sýnt sig í „praksis“ á þessu Alp. í vetur, að það er ríkisstj., sem ræður gerðum þingsins, en ekki þingforsetar. Og það virðist ekki nokkur skilningur á því hjá forsetum, að þeim beri að halda uppi heiðri Alp.; slíkt er í höndum ríkisstj., og það er ríkisstj., sem það er að kenna, að þetta mál fæst ekki rætt í útvarpi frá Alp. Forsætisráðherra gætir hér ekki heldur skyldu sinnar gagnvart þingræðinu.

Ég býst við, að það setji nokkurt mark á þessar umr., að ekki hefir fengizt að útvarpa þeim, en við treystum því, að fram fari útvarpsumr. um stj., en það er annað mál en vantraustsumr. hér á hæstv. Alp. og hætir alls ekki úr því. Með tilliti til þessa, að tekin eru mál út úr sölum þingsins og rædd annarstaðar, mun ég ræða vantrauststill., sem við berum fram, og þá till., sem við berum fram um þingrof og nýjar kosningar. Ég hygg öllum þm. sé vitanlegt, að með hinni nýju stjórnarmyndun er gerð stærsta breyt. á viðhorfi stjórn málafl., sem gerð hefir verið síðan á stríðsárum. Sameining þessara þingfl., sem harizt hafa hver gegn öðrum síðustu tuttugu árin, hefir nú gerbreytt stjórnarfyrirkomulaginu.

Þetta átti að gerast fyrir opnum tjöldum, frammi fyrir þjóðinni, og láta hana segja til um, hvað hún vildi. Þegar síðustu kosningar fóru fram, voru þessir þingfl. andstæðir og börðust hver gegn öðrum. Það kom ekki að neinu leyti fram við stjórnarmyndunina, sem notað var mikið sem agitation hjá Framsfl. og Alpfl., að þeir mynduðu ekki stjórn með Sjálfstfl. Það er því algerlega brugðið út frá þeim forsendum, sem voru til staðar þegar gengið var til kosninga 1937. Þjóðin hefir ekkert fengið

um þetta að segja og varla fengið um þetta að heyra, nema rétt það, sem hægt hefir verið að ljóstra upp um það, og því síður fengið að fella sinn dóm. Eins og kröfur stjórnarinnar og hennar þingfl. eru, er einu sinni engin vissa fyrir því, á hvern hátt þjóðin fær að fella sinn dóm yfir þeim atburðum, sem nú hafa gerzt. Þeir halda því fram, sem að þessari stjórnarmyndun standa, að það sé ekki nema gott, að þessir þrír flokkar, sem hingað til hafa borizt á bana-spjótum, eins og þeir kalla það, skuli hafa myndað sameiningarstj., sem nú eigi að skapa samvinnu á milli þeirra. Það má kannske nota orðið sameining, — en hvernig hafa þessir þingfl. verið, og hvernig hefir viðhorf þeirra verið gagnvart þeirri sameiningu, sem nú hefir verið gerð, og hvaða breyt. hafa orðið á aðstæðum þeirra? Hvernig stendur á, að til mála kom að skapa þessa sameiningu?

Ég vil beina þeirri spurningu til Alþfl. og Framsfl., hvort þeir hafi að gamni sínu haldið uppi sundrung meðal þjóðarinnar og barizt alveg sérstaklega á móti því, sem þeir kalla auðvaldsstétina í landinu. Var þessi flokkabaráttu aðeins leikfang og til þess að geta komið vissum mönnum í sérstakar stöður, eða voru til staðar hjá þjóðinni einhverjar ástæður, sem gerðu það að knýjandi nauðsyn að skapa þessa flokka? Hvernig sem þm. þessara flokka kunna að líta á þetta, þá hefir það verið meiningin hjá þjóðinni, sem staðið hefir bak við þá, sem eru bændur og verkamenn í landinu, að skapa með þessum flokkum sérstakt tæki í stéttarbaráttu og frelsisbaráttu þeirra, svo þeir sjálfir gætu notið ávaxtanna af sínum eigin verkum.

Síðan 1916 hafa bændur og verkamenn háð sína baráttu fyrir því að skapa þetta þjóðfélag. Til þess að vinnandi stéttirnar fengju þann rétt, sem þær ekki höfðu og hafa ekki enn, og fyrir því, að auðnum, sem skapazt hefir hér á landi, sé réttlátlega skipt, og fyrir því, að sú stétt, sem sölsað hefir undir sig meginhluta auðsins, og þá sérstaklega hér í Reykjavík, yrði að láta af þeirri kúgun, láta undan með því að veita þessum stéttum full réttindi í þjóðfélaginu á þann hátt, að bændur og verkamenn gætu uppskorið af erfiði sínu það, sem þeir hefðu unnið til. Þetta var í stórum dráttum sú stefnuskrá, sem gerð var af þessum flokkum 1916. Í trúnni á það, að þessir tveir flokkar, Alþfl. og Framsfl., héldu tryggð við bændur og verkamenn og herðust fyrir þeirra málstað, hefir nú meiri hluti íbúa þessa lands fylgt þeim í rúm 20 ár og stutt þá til að koma á ýmsum endurbótum, sem um tíma hafa verið framkvæmdar. Þetta hefir verið öll þessi ár tilgangurinn með baráttu Framsóknar og Alþfl. Þessu hafa þm. þeirra alltaf haldið fram við kjósendur sína, að þeir vildu berjast fyrir hinum vinnandi stéttum í landinu og á móti sérhagsmunastéttinni í Reykjavík. Þetta hefir verið uppistaðan í allri þeirra baráttu. Þetta hefir verið réttlætning þeirra fyrir því, hvernig þeir hafa sundrað þjóðinni á þessum tímum. Og það hefir ekki verið að þarflausu, að íslenska þjóðin hefir verið klofin í mismunandi pólitiska flokka. Ástæðan er sú, að það hafa verið í landinu 2 stéttir með svo andstæðum

hagsmunum sem verða mátti. Annarsvegur var sú stétt, sem hafði sérréttindin til gróða og valda í þjóðfélaginu, og hinsvegur vinnandi stéttin, sem hafði verið ofurliði borin. Þetta hefir verið grundvöllurinn í flokkaskiptingunni íslensku fram að þessu. Það er því ekkert til, sem gæti réttlætt, að þeir flokkar, sem vinnandi stéttirnar hafa skapað til að berjast fyrir þeirra hugsunum, hættu slíkri baráttu og færu að semja við þessa andstæðinga, fyrr en þeir væru ekki til, fyrr en stefna hinna vinnandi stétta hefði sigrað.

Ég vil í þessu sambandi vekja máls á því, hvernig var, þegar kosningarnar síðustu fóru fram, þegar þeir hv. þm., sem nú sitja hér, hlutu sitt umboð frá kjósendunum, og minna þessa þm. á, hverskonar umboð það var, sem þeir þá fengu, hvort það var ekki umboð í sömu átt og 2 árin þar á undan, hvort það var nokkur tilslökun gefin um, að fara ætti að slá af þeim kröfum, sem alþýðan hafði fram að þessu gert, hvort tilgangurinn var sá, að fara nú að semja við íhaldið. Við þessar kosningar er gengið enn lengra en áður af hendi þessara flokka, skorað enn eindregnar en áður á vinnandi stéttirnar að standa með þeim á móti íhaldinu. Það er útmálað af þm. þeirra, hversu gifurleg hættu sé framundan við þessar kosningar, hvorki meira né minna en að íhaldið geti nú komizt til valda, menn eins og Jakob Möller og Ólafur Thors geti orðið ráðherrar. Í sambandi við þetta skrifar formaður Framsfl., hv. þm. S.-Þ., í Timann svo hljóðandi grein, sem ég vil lesa upp með leyfi hæstv. forseta: „— því að ef Eysteinn lætur af fjármálastjórn, þá tekur Ólafur Thors við. — Hvað finnst þjóðinni um þessi væntanlegu skipti á fjármálaráðherrum, ef „Breiðfylking allra Íslendinga“ fær meiri hluta? Langar þjóðina að missa handleiðslu hins færaasta manns, sem völ er á í þessu efni? Langar þjóðina til að biðja hinn þroskaða fjármálamann að afhenda lykklana að rikissjóði og valdið yfir bönkum landsins í hendur Ólafi Thors? Langar þjóðina til að fá fjármálaforustuna í hendur vinnulausum málrófsmanni, sem hefir stýrt fjármálum sínum með meiri óaðgætni og óafsakanlegri eyðslu en nokkur annar Íslendingur?“

Þannig er haldið áfram af hálfu þessara þm. fyrir síðustu kosningar og kosningarnar þar áður. Í Alþfl. var það útmálað 1934, hver skelfing dyndi yfir þjóðina, ef Jakob Möller yrði fjmrh. Í Alþfl. segir 4. júní 1934 í leiðara með fyrrisögninni: „Jakob Möller fjármálaráðherra!“ með leyfi hæstv. forseta:

„— — — Þeir hafa þegar myndað rikisstjórn, og ráðherrarnir eiga að vera Ólafur (Thors), Magnús (Guðmundsson) og Jakob (Möller). Magnús á að halda sínu embætti, Ólafur á að vera forsætis- og atvinnumálaráðherra, en Jakob Möller fjármálaráðherra!“

Það má fullyrða, að mikill meiri hluti þeirra manna, sem léð hafa Sjálfstfl. fylgi, mundu aldrei samþykkja það, að þessir menn stjórnuðu landinu, og þess vegna er það ábyrgðarleysi og svik við trúnað kjósenda sinna, að láta sér detta slíkt í hug.

En þannig verður ríkisstjórnin skipuð, ef i-haldið fær meiri hluta.

Jakob Möller fjármálaráðherra!!“

Nú er svo komið, að þeir menn, sem skrifuðu þannig, þeir styðja Jakob Möller sjálfir og telja ekki svik, ekki einu sinni við kjósendur sína.

Þá má minna á það, sem hæstv. forsrh. sagði fyrir síðustu kosningar á síðasta degi útvarps-umr. Þá kom hann fram með kosningabombu til þess að sýna, hversu mikill skörungur hann hefði verið að bjarga þjóðinni. Hann afhjúpaði, að Ólafur Thors hefði ætlað sér að láta fangelsa forsprakka verkalyðshreyfingarinnar, en hann hefði á síðustu stund sýnt þann skörungsskap, að koma í veg fyrir slíkt ódæði. Þetta var sagt við síðustu kosningar.

Sumir vilja kannske segja, að þetta hafi verið sagt fyrir kosningarnar, en nú séu ástæðurnar aðrar, þegar um það sé að ræða, að gjaldþrot vofi yfir sjávarútveginum. Ég skal því til að færa betur sönnur á mitt mál, til að sýna enn betur fram á, með hvaða forsendum þessir tveir flokkar höfðu gengið til kosninga, og hvaða afstöðu þeir hafa haft undanfarin ár, lesa upp fleira, sem ekki hefir verið samið fyrir kosningar, heldur eftir þær. Ég skal lofa hv. þm. að heyra, hvernig andinn var á þingi Alþýðusambands Íslands 1934, 12. sambandsþinginu, lofa þeim að heyra þær ályktanir, sem þá voru samþ. einróma út frá því ástandi, sem þá var, og út frá þeirri stefnu, sem Alþfl. ætlaði þá að taka. Kosningarnar fóru fram 1934, og „stjórn hinna vinnandi stétta“ ætlaði að laga stjórnarið, Alþfl. gaf út sína 4 ára áætlun og 1939 átti þessu öllu að vera lokið. Það er því eðlilegt, að þjóðin vilji nú 1939 gera þetta starf upp við „stjórn hinna vinnandi stétta“. Það er að visu eðlilegt, að einstakir hv. þm. kæri sig ekki um að rifja þetta upp, en ég verð að gera það samt, með leyfi hæstv. forseta.

Í 4. kaflanum í ávarpi til íslenzkrar alþýðu segir svo:

„Á síðasta vetri og vori gerði alþýða þessa lands sér það ljóst, að kúgunar- og ofbeldisstjórn vofði yfir höfði hennar, ef hún fengi flokki stórútgærðar- og stórkaupmanna, Sjálfstfl., völdin í hendur. Hún skildi, að hættan á nazisma og gerræði hér á landi stafar fyrst og fremst frá foringjum þess atvinnurekstrar, sem lengst er kominn á braut auðvaldsskipulagsins, stórútgærðinni. Þeir foringjar höfðu um sama leyti sölsað undir sig öll völd í flokki borgarastéttarinnar, Sjálfstfl., bolað þar burtu þeim foringjum hans, sem enn aðhylltust lýðræði og hægfara íhald, en tekið sjálfir að boða opinberlega skoðanakúgun að dæmi ofbeldisflokka úti í heimi, sem höfðu rekið af höndum sér „rauðu hættuna“ með blóðugri byltingu, hneppt hinar vinnandi stéttir í þrældóm og fangelsað eða drepið foringja þeirra og annara frjálslyndra flokka eða hreyfinga.

Íslenzk alþýða til sjávar og sveita svaraði þessum hótunum við kosningarnar í sumar með því að mynda sjálfkrafa samfylkingu um lýðræðisflokkana, Alþfl. og Framstfl.

Sú samfylking og sigur hennar við kosning-

arnar var fyrsta svar alþýðunnar í landinu gegn hinni ofstopafullu, skipulögðu sókn, sem auðvaldið á Íslandi hafði hafið á hendur lýðræðinu og réttindum hinna vinnandi stétta.

Í 4 ára áætlun Alþýðuflokksins var í fyrsta sinni hér á landi bent á hina einu réttu vörn. sem beitt verður gegn einræðistilhneigingum auðvaldsins. Sú vörn er að ráðast á atvinnuleysið sem orsök þeirrar upplausnar í þjóðielaginu, sem kemur fram á krepptimum og getur orðið til þess að *sundra hinum vinnandi stéttum* og ofurselja þær einræði og ofbeldi auðvaldsins.“

Ég býst við, að menn sjái hér greinilega, hver andinn hefir verið í Alþfl. og með hvaða stefnu flokkurinn hefir gengið til kosninga 1937.

Í 5. kaflanum er tekinn fyrir sjávarútvegurinn. Þar segir svo:

„Aðalatvinnuvegur landsmanna, sjávarútvegurinn, hefir lýst yfir fullkomnu gjaldþroti sínu.

Forustumenn þessa atvinnuvegar, sem hafa stjórnað honum frá byrjun og bera einir ábyrgð á stjórn hans frammi fyrir þjóðinni, hafa lagt kapp á að sanna með eigin yfirlýsingum og skýrslum, að yfir honum vofi algert hrun og þar af leiðandi ægilegra atvinnuleysi og örbirgð alþýðunnar við sjóinn en þekkzt hefir hér á landi frá alda öðli.

Fyrir glæpsamega stjórn þessara manna — en þeir eru hinir sömu, sem fyrir skömmu og enn í dag krefjast þess að fá óskorað einræðisvald hér á landi og búast til þess að beita því til að hneppa í fangelsi, ef ekki drepa, foringja vinnustéttanna, — er nú svo komið, að þúsundir manna mega búast við að missa atvinnu- og afkomumöguleika sína fyrir fullt og allt á næstu mánuðum og árum.“

Þetta er myndin, sem dregin er upp á alþýðusambandsþinginu 1934 af því, sem vofi yfir sjávarútvegi landsins.

Þannig er haldið áfram í seinni partinum:

„Fyrir skömmu var birt skýrsla um efnahag og ástand sjávarútvegsins. Á þeirri skýrslu byggja forustumenn stóratvinnurekenda innan útgærðarinnar þá kröfu, að fyrirtækjum þeirra verði gefnar upp milljónir króna af skuldum þeirra og auk þess veittir opinberir styrkir til þess að annast fyrir þá það, sem þeir hafa látið ógert, öflun nýrra markaða og undirbúning til að taka upp nýjar verkunaraðferðir.

Um leið og foringi stórútgærðarmanna, sem jafnframt er foringi þess flokks, sem heimtar völdin í landinu og hótar að beita þeim til að undiroka andstæðinga sína með ofbeldi, ber fram þá kröfu, að vinnustéttirnar taki þannig við töpum og stórskuldum stóratvinnurekendanna, skýrir hann frá því, að atvinnutæki útgærðarinnar, fiskiskipin, séu undantekningarlaust orðin úrelt og ónýtt, þau séu „ryðkláfar, fúaduggur og mannskaðabollar, sem enginn geti rekið nema með tapi, enginn vilji kaupa og ekkert eigi eftir nema að verða „líkkistur duglegustu sjómanna heimsins“.

Þannig skilur einstaklingsreksturinn við aðal- atvinnuveg Íslendinga eftir 30 ára nær óslitið uppgangs- og gróðatímabil.

Þannig krefjast foringjar auðvaldsskipulagsins

á Íslandi, að vinnustéttirnar taki við töpum auðvaldsins og beri byrðar þess.

Þannig lýkur uppgangsskeiði auðvaldsskipulagsins á Íslandi. Framfarirnar eru á enda, en hnignun og afturför tekur við.

Auðvaldsherrarnir á Íslandi, sameinaðir í Sjálfstæðisflokknum svokallaða undir forustu hinna gjaldþrota stórútgærdarmanna, fara að dæmi hinna erlendu stéttarbræðra og búa sig til að svipta alþýðuna hinum dýrmætu lýðréttindum, vegna þess að þeir vita, að þeir hafa ekki lengur efni á að veita þau alþýðunni, eigi þeir að halda þeim forréttindum, sem hið unga auðvaldsskipulag hefir látið þeim í té, — *ef auðvaldsskipulagið sjálfst á að standa*'.

Ég býst ekki við, að þurfi að færa frekari sönnur á, hvornig viðhorf Framsfl. og Alþfl. var eftir kosningarnar 1934 og hvaða verkefni þeir álitu þá, að lægi fyrir þeirri ríkisstjórn, sem þá taldi sig stjórn hinna vinnandi stétta hér á landi, hvornig gengið var út frá því, að mál alþýðunnar fengju að komast í framkvæmd án þess að tekið væri tillit til þess, hvað þessir auðmenn segðu, og án þess að milljónaskuldum yrði velt yfir á þjóðina, enda tekur síðasti kaflinn, sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp, alveg af skarið í þessu efni. Þar segir svo:

„En forráðamenn einkarekstursins á atvinnuvegum þjóðarinnar hafa fyrirgert réttinum til þess að veita atvinnulifinu forsjá eða forstöðu. Þá á ekki að spyrja ráða eða til þeirra að leita um hjargráð. *Tímabil hins ótakmarkaða einkareksturs og einkauðvalds á Íslandi á að vera á enda.*

Fyrir tilstyrk hinna vinnandi stétta, alþýðunnar til sjávar og sveita, hafa völdin verið tekin af herrum auðvaldsskipulagsins íslenzka. Og hún vill, að völdunum sé beitt gegn þeim. Henni er orðið það ljóst, að hún á nú fyrir höndum úrslitabaráttu fyrir atvinnu sinni, frelsi og lífi og vill berjast til þrautar undir forustu Alþýðuflokksins. Hún skilur, að ef hún bíður ósigur í þeirri baráttu, vofir yfir henni ekki aðeins atvinnuleysi og örbirgð, heldur einnig ófrelsi og kúgun um ófyrirsjáanlegan tíma. Hún veit, að ef sleppt er því tækifæri, sem nú er fyrir hendi, meðan stjórn lýðræðisflokka fer með völdin í landinu, til þess að koma nú þegar nýju skipulagi á allt atvinnulíf þjóðarinnar samkvæmt fyrirfram ákveðinni áætlun, er miði að því að tryggja hverjum þeim, sem vinna vill, atvinnu, og að leggja þannig grundvöll að nýju þjóðskipulagi í anda jafnaðar- og samvinnustefnunnar með fullkomnu lýðræði í stjórn málu og atvinnu málu, þá biða hennar sömu örlog og alþýðunnar í þeim löndum, sem nú eru ofurseld ofbeldis- og einræðisstjórnun auðvaldsins.

Fyrir því skorar 12. þing Alþýðusambands Íslands á flokka þá, sem fara með völdin í landinu, að neyta valdanna til þess að forða alþýðu þessa lands frá þeim örlogum og heitir til þess fulltingi þeirra mörgu þúsunda vinnandi manna og kvenna, sem Alþýðusambandið skipa, og öllu því harðfyllgi, er alþýðusamtökin hafa yfir að ráða.“

Þetta voru samþykktir, sem gerðar voru eftir kosningarnar 1934, eftir þann glæsilegasta kos-

ingasigur, sem alþýða landsins þá hafði unnið. Og nú 1939 er þetta 4 ára tímabil á enda, sem áætlunin átti að gilda fyrir. Og þá liggur fyrir íslenzku þjóðinni að gera upp þetta tímabil og segja til um, hvornig henni finnist þeir flokkar, sem hún fékk völdin í hendur 1934 og 1937, hafa farið með það pund, sem þeim var þá fengið. Nú hefði verið sjálfsgagt að leggja þetta fyrir þjóðina. En þá fara flokkarnir inn á þessa braut og skjóta sér undan þessari skyldu, neita að láta fara fram kosningar, neita að spyrja þjóðina, heldur ganga til stjórnarsamvinnu við íhaldið.

Það hefir að visu mátt sjá, hvornig á síðustu þingum hefir smáfærzt í þessa átt. Sérstaklega hefir það verið augljóst í sambandi við þær deilur, sem staðið hafa í sambandi við sildarverksmiðjurnar. 2—3 síðustu þingin hefir staðið barátta um það mál og smásaman verið að færa sig lengra og lengra upp á skaftið, og nú nær þetta hámarki sínu, þegar hv. þm. G.-K. er settur yfir þessar verksmiðjur. Það er augljóst, hversu mjög þetta og annað eins var fjarri skapi þessara flokka, þegar þeir gengu til kosninganna 1934 og 1937, og vil ég í því sambandi varpa fram þeirri spurningu, hvort nokkur breyt. hafi orðið, sem réttlæti þessi umskipti. En það þarf ekki að spyrja. Það þarf ekki að færa sönnur á, að á þessum síðustu árum hefir engin sú breyt. orðið á þjóðfélagsfyrirkomulaginu, sem hafi gefið þessum flokkum ástæðu til að slá svo mjög af sinni stefnu, — það er síður en svo. Það er vitanlegt, að á síðustu árum hafa verið samþ. hver l. á fætur öðrum, sem hafa gengið á rétt þessara stétta, sérstaklega verkalýðsins. Það hefir verið dregið úr þeim hagsbótum, sem verkamenn höfðu fengið, t. d. í húsnæðismálunum, en þær réttarbætur voru einna þýðingarmestar af því, sem þessir flokkar komu í gegn á sínum bezta tíma, fjárveitingar, sem tryggðu verkamönnum og bændum góðar íbúðir. Úr þessu hefir verið sífellt dregið á síðustu árum, enda hefir farið svo, að þrátt fyrir það, að kjallaraíbúðir séu hannaðar, þá hafa þær vaxið margfaldlega á síðustu árum. Þá þarf ekki að minna á, hvornig atvinnuleysið er. Lífskjör þessara stétta hafa versnað, — það vita allir. Það er því langt í frá, að þessar stéttir hafi nokkra ástæðu til að semja frið við auðvaldsstéttina í landinu.

Það, sem hefir gert að verkum, að þessir 2 flokkar hafa alveg gefizt upp og brugðizt yfirlystri stefnu sinni frá undanförunum árum, er það, að auðvaldsstéttin íslenzka hefir á sinn hátt sett hnefann í borðið. Það mál, sem þessir flokkar sameinuðust um, var gengismálið. Af-sökunin, sem fram var borin, er sú, að ekki hafi verið annað mögulegt. Af hverju? Af því, að það var komið gjaldeyrisverkfall. Mennirnir, sem réðu yfir framleiðslutækjunum og gjaldeyrinum, héldu honum úti, létu ekki flytja hann heim. Hér var því um tvennt að velja. Annaðhvort að sýna auðmannastéttinni í tvo heimana og knýja hana til að láta undan, eða þá að hinir pólitisku flokkar gæfust alveg upp. Þeir hafa oft látið undan áður, en nú hafa þeir í raun og veru alveg gefizt upp. Þetta hefir sérstaklega komið í ljós í þeirri baráttu, sem fram hefir farið í þessa stórútgærd, eða þann hluta hennar, sem

mest vald hafði í þessu landi, sem sé Kveldúlf. Í síðustu kosningum var alveg sérstaklega barizt um Kveldúlf. Það var aðaltilefni þingrofsins og kosninganna 1937, að Alþfl. þótti Framsfl. ekki taka nógu skörulega á þeim málum. Þessir flokkar lögðu til kosninga 1937 og sögðu þjóðinni, að allt frelsi hennar væri í voða, ef ihaldið kæmist í meiri hluta, og þá mundi Kveldúlfur beita alþýðuna órétti og allskonar slæmu valdi. En eftir þann kosningasigur, sem þjóðin gaf þessum flokkum þá, hafa þeir alveg gefizt upp fyrir þessu sama valdi nú. Þannig hefir verið stefnt í þjóðmálunum fram að þessu. Við höfum séð, hvernig þessir 2 flokkar hafa smátt og smátt látið undan. Þeir hafa síðan síðustu kosningar smátt og smátt verið að hvika meir og meir frá þeirri stefnu, sem þeir voru kosnir til að framfylgja. Þeir hafa við hverjar kosningar tekið dýpra og dýpra í árinni og sífellt hamrað róttækar á því, að þjóðin yrði að kjósa þá, og hver hætta vofði yfir þeim, ef ihaldið kæmist að völdunum. En svo þegar þeir hafa fengið sigurrinn, þá byrja þeir að slá af, og nú slær samvizkan þá svo vegna afsláttar þeirra, að nú þora þeir ekki að leggja til kosninga, vegna þess að þeir vita, að nú duga engin undanbrögð. Nú standa þeir afhjúpaðir og verða að hljóta sinn dóm fyrir, hvernig þeir eru, en ekki hvernig þeir þykjast vera. Það, sem þeir nú setja von sína á, er, að þeir geti, þegar þar að kemur, leikið einhvern þann leik, sem gæti blekkst kjósendur landsins.

Ég hefi rakið þetta með tilliti til þess, að stj. er enn svo ung, að verk hennar eru ekki það mörg, að hægt sé að byggja vantraust á þeim framkvæmdum, sem hún þegar hefir gert. En það er þó ástæða til að minnast á það mál, sem hún hefir sameinazt um, en það er gengismálið, en þar sem það hefir verið rætt allmikið bæði í þinginu og útvarpinu, þá skal ég ekki fara langt út í það nú, en það mál sýnir, eins og sannað hefir verið með tilvitnunum í það, sem þessir flokkar hafa skrifað, hversu greinilega þeir hafa brugðizt því, sem þeir lofuðu fyrir síðustu kosningar. Ég býst við, að ef framsóknarmenn eða þessir þingflokkar taka til máls, þá muni þeir vitna í samþykkt, sem gerð var á miðstjórnarfundum þeirra áður en þing hófst. En ég veit, að á þeim fundi var andinn í þeim flokksmönnum, sem voru utan af landi, mjög eindregið á móti hverskonar undanlátssemi gagnvart Kveldúlf.

Ég þarf ekki að ítreka þær hátiðlegu yfirlýsingar, sem flokkarnir gáfu fyrir kosningarnar. Þær munu flestum í fersku minni. Sérstaklega minnst ég ræðu, sem hv. þm. Seyðf. flutti þá í útvarpið, þar sem hann tók sérstaklega fram það, sem Alþfl. ætlaði að varðveita. Það var ekki aðeins lýðræðið, verkfallsrétturinn og fullkomin andstaða gegn ríkislögreglu, heldur og margt fleira, en nú hefir lökkurinn kastað þessu öllu fyrir borð. Verkalýðurinn hefir verið sviptur verkfallsréttinum og ríkislögregla kvað vofa yfir. Stjórnarmyndunin hefir og orðið með þeim hætti, að það hefir ekki verið lagt undir svo mikið sem eina einustu stjórn í nokkru verklyðsfélagi að leita samþykkis félaganna eða

spyrja þau, hvort þau óskuðu eftir samsteypu-stjórn eða ekki. Eina afsökunin, sem foringjar flokksins hafa í þessu efni, er sú, að þeir eru slitnaðir úr tengslum við fólk. En þar í liggur einmitt hættan. Þá má og minna á það, að um $\frac{3}{4}$ hlutar af þm. Sjálfstfl. og um $\frac{2}{3}$ hlutar Framsfl. eru starfsmenn ríkisvaldsins og eru nú notaðir á móti þeirri alþýðu, sem þeir eiga að vinna fyrir. Hv. þm. Seyðf. sagði og nýlega í ræðu, að Alþfl. hefði orðið að fylgja gengisfallinu af því að um aðra leið á þinglegum grundvelli til viðreisnar sjávarútveginn hefði ekki verið að ræða. Alþfl. varð svo sem að fljóta með, hvern fjandann sem átti að gera. Þetta er saga, sem alltaf endurtekur sig. — alþýðuflokksmennirnir geta ekki hugsað sér annað en vera með stjórninni, á hverju sem veltur, og í þessu liggur einmitt spillingin. Að vera í stjórnarandstöðu getur þessi flokkur ekki látið sig dreyma um, hvað þá meir. Annars verð ég að láta í ljós hryggð mína yfir því, hversu fádæma lin þau öfl eru innan Alþfl.-brotsins, sem eru eða hafa verið á móti þjóðstjórninni. Það er dálítið á annan veg hér en þegar Mac Donald stofnaði þjóðstjórnina í Englandi 1932. Þá gekk meiri hluti enska alþýðuflokksins þegar á móti henni.

Það er alls ekki hægt að áfella hv. þm. G.-K., þó að hann sé með myndun stjórnar, sem vill gefa stórútgærdinni eftir fleiri milljónir kr. af fé alþýðunnar og banna, að kaup verkamanna hækki í eitt ár. Hæstv. núv. fjmrh. hefir jafnan greitt atkv. hér á Alþingi með brtt. frá okkur, sem gengið hafa í þá átt að auka framlag til atvinnubóta. Hæstv. ráðh. hefir óhræddur staðið með okkur í þessu efni.

Ég vil af þessum ástæðum beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann vilji nú ekki athuga í sumar, þar til þing kemur saman í haust, hvort ekki muni nú rétt að taka upp þær 750 þús. kr. frá ríkinu til atvinnubóta, sem við höfum verið að reyna að fá á undanförunum þingum, og ennfremur hvort hann vilji nú ekki láta verða úr þeim lofordum Sjálfstfl. að skera niður billinga svo um muni. Um þetta hefir ekki vant að stór loforð í ræðum og ritum sjálfstæðismanna, og getur því ekki talizt nema eðlilegt, þó að um þetta sé spurt. Vænti ég að fá skýr svör undir þessum umr., hvað þessir herrar ætla að gera í þessu máli o. fl., þó að ég að sjálf sögðu búist ekki við neinu góðu úr þessari átt, og má í því sambandi minnast á grein í Morgunblaðinu nú ekki alls fyrir löngu, þar sem svo er að orði kveðið, að ef fara ætti að endurreisa sjávarútveginn á heiðarlegum grundvelli, þá væri eins gott að fá kosningar strax.

Þá má og minna á aðra grein í Morgunblaðinu, þar sem talað var um, að fá þyrfti einhvern islenzkan Mac Donald í þjóðstjórnina; þó skrifaði hv. þm. S.-Þ. í blað sitt, að menn myndu ekki vita það hér, hvert væri álit fólks almennt á Mac Donald í Englandi. Hér hefir það skeð, að lífskjör fólksins hafa verið gerð miklu erfiðari en þau voru áður, og það hefði enginn ihaldsflokkur þorað að gera nema með því eina móti að hafa framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn með. Þá hefir og þessi nýja stjórn gert það,

að banna kauphækkun, — já, og það gerði hún áður en hún var fullsköpuð. Hverjar afleiðingar þetta kann að hafa, er enginn kominn til þess að segja um, og ekki heldur hitt, hvort því verður ekki slegið á frest að afnema bannið við kauphækkun, eins og t. d. um byggingu verkamannabústaðanna. Með þessu er beinlínis verið að setja íslenska alþýðu á lægra menningarstig en t. d. alþýðu manna á Norðurlöndum.

Þá er það og talið, að komið hafi fram krafa frá Alþfl. um ríkislögreglu, eða að hann styðji slíka kröfu að minnsta kosti. Hér stefnir því allt í þá áttina að skerða rétt þingsins og þingræðisins sjálfs. Fá stjórn þessi því að halda áfram, er víst, að allt stefnir hjá henni í einræðisáttina, og því á móti þeim lýðræðisanda, sem kom fram við síðustu kosningar. *Við krefjumst því þingrofs og nýrra kosninga.*

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég mun ekki eyða mörgum orðum um hina svokölluðu vantraustyfirlýsingu, sem hér liggur fyrir til umr. Það mun engum efa bundið, að vantrauststill. þessi mun óþinglegasta þáttill. um vantraust, sem nokkru sinni hefir verið borin fram á Alþingi, að undantekinni vantrauststill. þeirri, sem þessi sami flokkur bar hér fram um daginn, sem stjórnin gleymdi að ræða og flm. sömuleiðis að gera grein fyrir.

Vantraust þetta er borið fram áður en stjórnin fer nokkuð að starfa, en venjan er sú, að vantraust á stjórnir sé byggt á störfum þeirra, — því, sem þær eru taldar miður vel eða heppilega hafa gert. Vantraust þetta mun eiga að vera borið fram á grundvelli gengislækkunarinnar, en fyrir það mál hefir stjórnin fengið traust. Ræða hv. flm., sem átti að vera rökstuðningur fyrir vantraustinu, var aðallega upplestur á gömlum ræðum, hvað sagt hefði verið um ýmsa menn á ýmsum tímum. En þess var vandlega gætt, að lesa ekkert upp um hv. 3. þm. Reykv. (HV), sem er formaður í flokki þeirra kommúnistanna, sem að vantraustinu standa. Nei, hér er ekki um neina vantrauststill. að ræða, heldur er fundið upp á þessum skripaleik til þess að fá tækifæri til að ræða stjórnsmál almennt. Það er því með öllu ástæðulaust að fara að eyða mörgum orðum um þetta nú, þar sem stjórnin hefir fyrir nokkru ákveðið að ræða stjórnsmál almennt í útvarpinu nú mjög bráðlega, sennilega í næstu viku. Þar er sá rétti vettvangur að ræða þessi mál, og frá því verður ekki horfið. Mér dettur því ekki í hug að fara að eyða tíma þingsins í að ræða þau hér að þessu sinni.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það er í sjálfu sér með öllu gagnslaust að fara að ræða ýtarlega um þessa vantrauststill.; það var fyrirfram vítað, að framkoma hennar væri skripaleikur einn, þar sem hún var boðuð um leið og stjórnin var mynduð. Mun ég því leiða hjá mér að ræða hana, en svara með nokkrum orðum fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. um það, hvort allur ágreiningur, sem verið hefði hingað til á milli flokka þeirra, sem stjórnina mynda, hefði verið skripaleikur einn. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég benda honum á, að flokkur hans,

Kommfl., hefir ekki hingað til verið feiminn við að taka upp samstarf við aðra flokka, þar sem hann hefir átt þess kost, og má í því efni minna á samstarf hans við Sjálfstfl. á Norðfirði síðastl. haust, þar sem þessir tveir flokkar gengu sameinaðir til kosninga í bæjarstjórn, og yfir höfuð hefir flokkur hv. 5. landsk. ekki verið feiminn að ganga til samstarfs við aðra flokka í bæjarmálefnum að minnsta kosti.

Þá drap þessi hv. þm. á það, að Framsf. og Alþfl. hefðu gengið til síðustu kosninga í fullri andstöðu við Sjálfstfl. Hvað sem um þetta kann að mega segja, þá er hitt þó víst, að Kommfl. gekk til kosninga í fullri andstöðu við alla aðra flokka, en þó hefir hann síðan gert samband við nokkurn hluta Alþfl., enda þótt örilitill hluti sé, og virðist telja það ofur eðlilegt. En ég vil spyrja, — er það ekki breytt viðhorf hjá honum til þessara mála frá síðustu kosningum? Ég segi jú. Annars er þetta ekkert nýtt fyrirbrigði á sviði stjórnsmálanna, þó að stjórnsmálaflokkar, andstæðir í skoðunum að því er snertir sum atriði á sviði þjóðmálanna, geti hugsað sér samstarf til þess að leysa aðkallandi verkefni. Þannig vinna t. d. jafnaðarmenn og frjálslyndir saman í Danmörku. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa margir flokkar tekið höndum saman til þess að vinna að úrlausn á mestu vandamálu þjóðanna. Nokkuð hið sama má segja um Belgíu. Hjá okkur varð það niðurstaðan, þegar eftir að þing kom saman, að fara að vinna að því og taka ákvörðun um það, hvort allir aðalflokkar þingsins ættu ekki í þetta sinn að taka höndum saman um lausn hinna miklu vandamála, sem að okkur steðja.

Mér kom dálítið einkennilega fyrir sjónir sú mikla umhyggja og velvild, sem fólst í orðum hv. 5. þm. Reykv. til Alþfl., og þau viðurkenningarorð, sem hann talaði í garð flokksins. Ég man þá tíð, því að hún er ekki langt að baki, þegar kommúnistar héldu því fram, að Alþfl. væri aðalstoð auðvaldsins og hættulegrir en flestir aðrir flokkar í þjóðfélaginu. Þá vorum við taldir mestu þjóðfjendur, eins og hv. 1. landsk. telur okkur vera enn, og ég get vel trúað, að hann meini það sama í dag og á alþýðusambandsþinginu, að við séum hættulegir frá sjónarmiði kommúnista.

Ég þarf ekki að gera grein fyrir því af hálfu Alþfl. hvað það er, sem hefir dregið til stjórnsarsambands. Frá því hefir þegar verið skýrt, og það hefir komið fram í yfirlýsingu flokksins, Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh., að það er hreinasta „farce“, það er skripaleikur að flytja vantraust nú nokkrum dögum eftir að ríkisstj. er mynduð, samtímis því sem mikill meiri hl. Alþingis styður hana. Tíminn mun leiða í ljós tilverurét hennar. Verk hennar munu sýna, hvernig hún tekur á málunum. Þá getum við rætt við hv. þingheim um vantraust, þegar séð er, hvort hlutverk stj. hefir tekið eða mistekizt.

***Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég vil biðja hæstv. forseta að fella úrskurð um það, hvort þingsköpin ætlast ekki til þess, að fram fari útvarpsumr. um vantrauststill. Mér hefir verið

Vantraust, þingrof og kosningar.

hent á, að ein af ástæðunum til þess, að ekki eru hafðar útvarpsumræður, sé sú, að hæstv. félmrh., sem er nýbúinn að tala, mundi ekki eftir þingsköpum fá að tala í útvarp, nema forsrh. úrskurðaði hann meðlim þingflokks. Það væri gott að fá svar við þessu. Hitt er greinilegt af umr., að það er raunverulega hæstv. forsrh., sem hefir gripið fram fyrir hendurnar á þingflokkinum, fyrst og fremst með því að segja, að ríkisstj. óski útvarpsumr. að loknu þingi. Upphaflega átti ekki að kalla saman þingflokkanana til að ræða það, en var síðar gert. Það er kannske mannlégt að vilja ekki láta kjósendurna heyra neitt, en ég álit það brot á þingvenju.

Þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvort ekki eigi að veita tvær stöður, lögreglustjórstöðuna og skattstjórstöðuna. Það er óviðeigandi að halda þeim opnum svo lengi.

Ég mun svo snúa hér að ræðu hæstv. ráðh. en vil rétt stuttlega minnst á eitt mál. Í þeim ræðum, sem haldnar hafa verið af hálfu stjórnarflokkananna, var að visu getið um ýmisleg mál, en allt var það loðið mjög, og hvergi hefir komið fram, að neinn málefnaþingur hafi verið gerður. En það er gömul regla á þingi Alþfl., að samþ. að eigi að vera málefnaþingur. Það væri æskilegt að fá að vita, ef eitt-hvað annað hefir verið samþ. en látið hefir verið uppi.

Það var minnst hér á sjálfstæðismálið, og af því að það hefir alveg legið niðri á þessu þingi, vil ég drepa á það. Það hefir áður verið rétt, hvað gera skuli 1940, og liggur fyrir shlj. álit frá öllum flokkum um, að samningunum við Dani skuli sagt upp og Ísland verða lýðveldi. Utanríkisráðgjafi hefir átt að hafa þetta mál til meðferðar, en hún hefir enga skýrslu gefið á þessu þingi, og er ekki útlit fyrir, að nefndin hafi nokkurn hlut gert í sjálfstæðismálum landsins, eða til að reyna að tryggja friðhelgi þess. Úr því nú að stjórnarflokkarnir þykjast vilja setja sjálfstæðismálin hátt, vil ég spyrja: Hvaða leið ætla þeir að fara? Er það þeirra meining að segja upp samningunum við Dani, eða vilja þeir halda óbreyttu konungssambandinu? Ég álit, að á ófriðartímum geti sambandið við Dani verið okkur hættulegt og að við eigum að losa okkur við það. En ef stjórnarflokkarnir ætla sér ekki ákveðna stefnu í þessu máli, til hvers er þá verið að nefna það?

Þá talaði hæstv. forsrh um, að þetta væri óþinglegasta vantrauststill., sem komið hefir fram. En ég verð að spyrja: Hvers vegna situr hæstv. forsrh. hér á þingi? Heldur hann, að hann sé sjálfkjörinn? Nei, hann þarf að bera ábyrgð gagnvart kjósendum sínum. En hann hefir gengið á snið við vilja kjósendanna og tekið nýja stefnu án þess að spyrja þá. Hér er því um mikilvægt atriði að ræða, sem sé rétt fólksins í landinu gagnvart þinginu. Það er ekki mikið lýðræði eftir í landinu, ef þm. á að haldast uppi að svíkja öll sín loforð til kjósenda sinna. Ef þeir eru drengskaparmenn, eiga þeir að sjá, að þingrof og nýjar kosningar er eina rétta leiðin, þegar um svo stórar stefnubreyt. er að ræða. Hæstv. forsrh. og félmrh. segja, að viðhorfið sé öðruvísi nú, eftir að okkar flokkur

er stofnaður. En okkar flokkur óskar einskis annars frekar en að fá staðfestingu fólksins á tilverurétti sínum. Ég skil það vel, að hæstv. félmrh. vilji ekki ganga þessa leið, því að hans kjósendur eru fáir.

Hæstv. félmrh. vildi fara að afsaka afstöðu flokks síns. Ég vil spyrja hann: Hefir hann fengið samþykkt frá sinni eigin flokksstjórn um að ganga í þessa ríkisstjórn og vera með gengisfallinu?

Það var minnst á nágrannalöndin í þessu sambandi. Mér þætti gaman að sjá, hvar sósíalistar hafa sameinast íhaldi. Ég þekki bara eitt dæmi í sögunni, og það var þegar Mac Donald gekk með íhaldsflokknum brezka. En þar var sá munur, að í sjálfri flokksstjórninni hafði Mac Donald ekki meiri hluta.

Hæstv. ráðh. talar um samvinnuna á Norðfirði um bæjarmál. Þar er allt öðru máli að gegna. Samningurinn þar var til þess að komast út úr óstjórn, sem skjaldborgin var búin að koma öllu í. Ef þeir bara segja kjósendunum fyrirfram, hvers sé að vænta, þá er allt í lagi. — Hæstv. ráðh. talar mikið um lýðræði. Það væri æskilegt að vita, hvornig er umhorfs í hans flokki og hvað margir hafa stutt þessa braut, sem hann er kominn út á. Þó að enginn flokkur sé eins illa staddur og þetta auma Alþfl.-brot, gildir það sama að nokkru leyti um hina flokkanana. Ég hygg, að meiri hl. miðstj. Sjálfstfl. hafi verið með þessu, en Framsfl. hafði ekki gert ráð fyrir því. Hér er því meira í húfi en svo, að um sé að ræða eitthvert smámál. Enginn maður í þessum sal veit, hve marga kjósendur ríkisstj. hefir á bak við sig. Hún er því fullkomlega ólýðræðisleg, og enginn veit þetta betur en ríkisstj. sjálf. Hér hefir verið brotið í bág við allar reglur um myndun lýðræðisstj., og flokkarnir hafa kastað stefnum sínum fyrir borð. Svo hlýtur að fara þannig, að annaðhvort gengur þetta brot Alþfl. alveg á vald sjálfstæðismönnum, eða þá að þarna verður alveg óstarfhæf ríkisstj., þar sem hver togar til sín. Ef verið er að tala um samstarf á hættulegum tímum, þá á að hefja það samstarf að neðan og ganga til kosninga, en ekki tromma saman 5 mönnum, sem langar til að setjast í valdastól. Ég vil segja, að margar vantrauststill. hafa verið bornar hér fram með góðum rökum, en engin eins og sú, sem hér liggur fyrir.

*Einar Olgeirsson: Það kom mér ekkert á óvart, að ráðh. og fulltrúar stjórnarflokkananna vildu sem minnst um þetta mál ræða. Það, að ekki er útvarpað umr., bendir og til þess, að þeim er ekki um að vera að ræða þessi mál opinberlega. Ríkisstj. hefir verið mynduð með baktjaldamakki, sem staðið hefir í allan vetur. Það hófst með því, að hv. þm. G.-K., nú hæstv. atvnrh., og hv. þm. S.-Þ. tóku að bræða sig saman um ákveðið mál. Svo vikkaði hringurinn út frá þeim smám saman. Allan veturinn var farið með þetta eins og mannsmorð. Reynt var að gæta þess, að ekki væri talað um útifrá.

Það hafa ekki verið málefni, sem vakað hafa fyrir þessum mönnum, heldur hitt, að halda völdum. Enda hafa þeir ekki byrjað á að setja upp

stefnuskrá, sem þeir vildu reyna að sameina þjóðina um. Nei, það eina, sem hefir heyrzt um samstarfið, er þetta: Hvernig eigum við að skipta ráðherraembættunum niður? Hvað á Eysteinn að hafa, og hvað Jakob Möller? Um þetta hefir slagurinn staðið, en ekki um hitt, hvort hægt væri með einhverjum ráðstöfunum að láta fólkinu í landinu líða betur.

Þessir menn óttast, að alþjóð fari að standa betur saman en hún hefir hingað til gert. Við síðustu kosningar kom í ljós eindreginn vilji með vinstri pólitík. Það þarf ekki að færa sönnur á það, að þó að forsrh. kalli þessa vantrausts-till. óþinglega, þá er ríkisstj. sjálf það ólýðræðislegasta, sem til hefir verið í þessu landi. Stj. lafir bara á einni gr. í stjórnarskránni: að þm. séu bundnir við sína sannfæringu. Á þessum grundvelli er ríkisstj. mynduð. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að eftir sömu kokkabók er hægt að afnema allt lýðræði í landinu. Úr því að þjóðin fær að dæma, þó að ekki sé nema fjórða hvert ár, er það gert í trausti þess, að flokkarnir haldi í þessi fjögur ár við þá stefnu, sem kosið var eftir. Ef ekki er hægt að treysta því, er ekkert lýðræði lengur til.

Það er talað um, að ríkisstj. hafi þingfylgi. Það hefir Hitler líka, — 100% þingfylgi. — Spurningin er ekki um það, heldur hvert fylgi slík stjórn hafi hjá þjóðinni, sú stjórn, sem montar af því, að hún hafi fylgi 9/10 hluta þingmanna, en ekki þorir að leggja til kosninga. Slik stjórn ætti sem minnst að monta af sínu þingfylgi, sem hún telur, að allt megi gera með, en til þjóðarinnar þurfi aftur á móti ekkert tillit að taka.

Hæstv. félmrh. kom með alllélega vörn fyrir sínum MacDonaldisma. Hann sagði, að flokkur hans hefði ekki lýst því yfir áður en gengið var til kosninga, með hverjum hann ætlaði að vinna. Hafi nokkur flokkur lýst því ákveðið yfir, þá var það Alþfl., áður en hann gekk til kosninga 1937. Ef hæstv. félmrh., sem kallar sig forseta Alþýðusambandsins, hefir gleymt, með hverjum Alþfl. ætlaði að vinna, þá má minna hann á það. Árið 1937 var samþ. á alþýðusambandsþinginu að ganga aldrei til samvinnu við kommúnista, alls ekki við Framsfl. og svo fjarlæg var það þeim að ganga til samvinnu við Bændafll. eða Sjálfstfl., að slíkt þurftu þeir alls ekki að ræða um. Þessu er forseti sambandsins e. t. v. búinn að gleyma. Á grundvelli þessarar starfsskrár var kosningabaráttan háð og gengið til kosninga og þm. Alþfl. kosnir. Þess vegna á Alþfl. að segja, hvað hann nú ætla að gera í þessari samvinnu.

Svo kemur það, sem er aðalatriðið í sambandi við samstarf þessara flokka. Út frá sjónarmiði flokks eins og Alþfl. getur samstarf milli flokka að visu komið til mála, en það verður þá að vera samstarf um ákveðin málefni, samstarf um framgang baráttumála flokksins, sem leysa má með samkomulagi, eins og þegar Alþfl. gerir samband við Sjálfstfl. til að breyta kjördæmaskipuninni. Er það tilgangurinn nú? Nei, þvert á móti. Nú er gert samkomulag um málefni, sem Alþfl. var að berjast á móti við síðustu kosningar, samkomulag um að lækka laun verkalýðsins, svipta hann verkfallsrétti sínum að

nokkru leyti og að velta milljónaskuldum Kveldúlfs yfir á þjóðina. Allt mál, sem Alþfl. barðist á móti við síðustu kosningar. Að svo miklu leyti, sem þessi stjórn er ekki stefnulaus bræðingur milli flokka, þá er hún samkomulag um að vinna gegn verkalýðnum, sem Alþfl. taldi sig vera að berjast fyrir við síðustu kosningar.

Hæstv. félmrh. kom inn á afstöðu Kommfl. við síðustu kosningar. Við síðustu kosningar studdi hann á mörgum stöðum í landinu bæði Alþfl. og Framsfl., til þess að tryggja væri, að þessir flokkar fengju meiri hl. á Alþ., þessir flokkar, sem lýstu því yfir, að þeir væru tryggustu varðmenn alþýðunnar gegn ihaldinu, og atkv. kommúnista riðu baggamuninn í mörgum kjördæmum. Kommfl. sýndi ákveðinn vilja sínu með því að kjósa þessa flokka, sem samkv. þeirra eigin yfirlýsingu báru hag verkalýðsins fyrir brjósti. Þeir kusu þá til að tryggja, að ihaldið fengi ekki meiri hl. á Alþ., og höfðu þannig óbeint samstarf við þessa flokka.

Hæstv. félmrh. talaði um, að vantrauststill. væri skripaleikur. Það mætti segja um stjórn þá, sem hér hefir verið mynduð, ef málið væri ekki alvarlegra en svo. Það, sem er skripaleikur, er framkoma þeirra manna, sem stóðu frammi fyrir kjósendunum 1937 og þóttust vera ákveðnir andstæðingar ihaldsins, og allar ræður, sem haldnar hafa verið um það, hvað stjórnin ætlaði að gera, hafa sannað, að réttmætt var að bera till. um vantraustið fram nú þegar. Það er búið að koma fram í blöðum Alþfl., að réttast væri að banna Sósíalístafl. Menn geta nærri, af hverju sú krafa stafar. Af ótta þeirra manna, er óttast, að fylgi þeirra mundi hafa minnkað helzt til mikið síðan 1937, ef kosningar fengjast strax. Það er afturhaldið í landinu, sem vill berja niður þá flokka, sem harðsnúnastir eru á móti því.

Hvað þýðir þetta þingræðislega og lýðræðislega séð, að flokkarnir, sem sviku loforð sin frá því í kosningunum 1937, hafi tækifæri til að banna Sósíalístafl. flokkinn? Það mundi þýða það, að sporið yrði stigið til fulls af þeim mönnum, sem sitja í þessari stjórn, sem hefir slíkt þingfylgi. Íslenzku þjóðinni mundi ekki lengur gefinn kostur á að segja til um það á lýðræðislegan hátt, hver skoðun hennar á málunum væri. Við höfum sýnt fram á það hvað eftir annað, að í skjóli þingræðisins er hægt að afnema allt lýðræði, eða veita því banahögg, og við höfum séð, að sú tilhneiging hefir þegar komið fram — við myndum þessarar stjórnar. Svo þarf ekki nema eitt spor í viðbót til að banna íslenzkum verkalýð að gera verkfall, banna Sósíalístafl. flokkinn. Þess vegna er það skylda okkar að benda strax á þessa hættu og krefjast þingrofs og kosninga þegar í stað, og ef þeir þm., sem stofnað hafa til þessarar stjórnar, vilja kalla sig lýðræðissinnaða, þá er það skylda þeirra að leggja gerðir sínar undir dóm þjóðarinnar. Ef þeir gera það ekki, sanna þeir, að þeir búa yfir þeim ráðum, sem þeir þora ekki að leggja undir dóm þjóðarinnar, ráðum, sem þeir ætla að framkvæma án þess að spyrja um vilja þjóðarinnar. Þá er hægt fyrir þá að stofna til kosninga á þann hátt, að verkalýðurinn geti ekki haft sinn flokk í kjöri, og á því vil ég vekja athygli í sambandi

við þessar umr. Það mun koma í ljós, ef þessi stjórn fer lengi með völd, hvort ekki var full ástæða til þess nú þegar að vekja eftirtekt þjóðarinnar á því, hvernig komið er, og krefjast þess, að þeir menn, sem mynduðu þjóðstjórnina, þori að standa við það frammi fyrir þjóðinni.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla ekki að ræða frekar um vantraustið, en leiðréttu nokkrar missagnir, sem hafa komið fram í ræðum. Fyrst var það, að það hefði verið ég, sem sérstaklega óskaði eftir útvarpsumr., — en það var ákveðið í samráði milli flokkanna, eins og formenn þeirra, sem hér eru staddir, geta borið um.

Í öðru lagi vil ég vekja sérstaka athygli á, að því hefir verið haldið fram, að ríkisstj. vildi ekki ræða þetta mál opinberlega, en það eru einmitt þeir flokkar, sem að ríkisstj. standa, og ríkisstj. sjálf, sem bjóða til þessarar umr. á þeim vettvangi, sem alþjóð getur hlýtt á og mótstöðumennirnir borið fram sín rök.

Þá vil ég ennfremur segja út af aðstöðu Framsfl. í þessu máli, að svo vel vill til, að fyrir liggur mjög greinileg yfirlýsing af hálfu Framsfl. frá síðustu kosningum, að ekki verður glegggra kosið.

Ég var spurður að því í útvarpsumr., hvernig Framsfl. ætlaði að vinna eftir kosningar, og svaraði ég því, sem jafnframt var marglýst yfir í kosningabaráttunni, að hjá Framsfl. myndu mál-efnin marka línurnar. Þessi yfirlýsing var gefin á öllum fundum og kom fram af því, að einn kommúnistinn spurði þessa í útvarpsumr. þá. Jafnframt var það tekið fram í sambandi við það, með hverjum Framsfl. mundi vinna á næsta kjörtímabili, að hann mundi aldrei vinna með kommúnistum.

Nú hafa þau mál komið til sögunnar, sem Framsfl. telur fulla þörf á að sameina flokkana um, eftir því sem mögulegt er, og þarf ég ekki að rekja frekar, hver þau mál eru, atvinnumálin og framleiðslan.

Ennfremur vil ég leiðréttu það, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. var rætt um þessi mál og tekin um þau ákvörðun af fulltrúum flokksins, sem voru viðsvegar af landinu, og var sú ákvörðun í samræmi við áðurgreinda yfirlýsingu frá síðustu kosningum, að málefnin myndu marka línurnar. Framsfl. hefir þess vegna alveg hreina afstöðu í þessu máli og hefir enga ástæðu til að láta kosningar fara fram þess vegna. Væri til þess nokkurstaðar ástæða, að láta nýjar kosningar fara fram, þá væri það hjá Kommfl., sem lagður hefir verið niður í raun og veru og þm. hans því réttilega átt að leggja niður sitt umboð um leið. Það hefðu þeir átt að gera, ef þeir vildu koma fram sem heiðarlegir menn, en ríkisstj. getur ekki látið kosningar fara fram út af því, sem þeim bar að gera sem þingflokki.

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Ég hefi áður sýnt það hér á hæstv. Alþ., að ég er því mótfallinn, að borin verði fram vantrauststill., sem fyrirsjáanlega er tilgangslaus, og það því fremur, sem ríkisstj. er nýskipuð og ekki enn um

það vitað, hvernig hún framkvæmir þá starfskrá, sem hún hefir sett sér. Ég tel, að stjórnin eigi rétt á að sýna sig, ekki einungis andlitin, heldur og verkin. Ég tel mig ekki marka afstöðu mína til ríkisstj. að öðru leyti en því, að ég ann henni alls réttlætis.

Með skirskotun til þess, sem ég hefi áður sagt hér á hæstv. Alþ. fyrir hönd Bændafll., munum við greiða atkv. á móti þessari vantrauststill. kommúnistanna.

***Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég sé, að hæstv. forsrh. hefir gleymt fyrirsögnunum mínum, og vil ég því endurtaka, hvort það er tilætlunin að veita embætti skattstjóra og lögreglustjóra, sem svo lengi hafa staðið auð. Þessu er mjög einfalt að svara.

Ég ætla ekki að fara mikið út í svör hæstv. forsrh. Það er vitað, að framsóknarþingfl. ákvað að ganga ekki til samstjórnar nema þm. Alþfl. fengjust líka með, og sé ég ekki, hvaða mál-efnagrundvöllur það er. Nei, það átti að hruga sem flestum þm. utan um stjórnina, svo að þeir hefðu betri afsakanir fram að færa þegar kæmi á þingmálafundina, eða að geta a. m. k. sagt, að hinir hafi ekki verið neitt betri. Enda hefir hér ekki verið talað um neinn málaefnagrundvöll, heldur kom yfirlýsing frá þessum flokkum um, að þeir mynduðu stjórn, sameiginlega stjórn. Það virðist hafa verið aðalatriðið, ekki hvaða stefnu stjórnin ætlaði að taka. Hitt þótti sjálf-sagt, að mynda bandalag um að láta þessa menn standa saman að stjórn og leita ekki álits almenningu um það. Svo er vitað, og hæstv. forsrh. er það kunnugt, að Framsfl. er ekki flokkur, sem nýtur trausts meiri hl. þjóðarinnar, og sú stjórnsmálstefna, sem hann hefir tekið upp í seinni tíð, gerir það ekki heldur.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég skal verða við því að svara þessum fyrirsögnunum. Það er búið að veita annað embættið, embætti skattstjóra, er veitt var skattstjóranum, sem var settur. — Um embætti lögreglustjóra hefir engin ákvörðun verið tekin. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gefa frekari yfirlýsingu um stefnu stj. en ég hefi þegar gert.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 41:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOI, HV, ÍsIH.

nei: MG,¹⁾ MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH,²⁾ SK,²⁾ SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, VJ, ÞBr, ÞP, ÁJ,²⁾ ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, FJB, BS_n,²⁾ EÁrna, EE,²⁾ EmJ, ErlP, EystJ, FJ, GÞ,²⁾ GSV,²⁾ HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JJ, JörB, HG.

3 þm. (JGM, GG, TT) fjarstaddir.

1) MG: Með tilvisun til yfirlýsingar 8 þm. Sjálfstfl., þegar stj. var mynduð, sé ég ekki ástæðu til að lýsa vantrausti á stj. að sinni og segi því nei.

2) SEH, SK, ÁJ, BS_n, EE, GÞ, GSv: Með tilvisun til grg. hv. 11. landsk. segi ég nei.

2. Sala eða leiga Þórs og Hermóðs o. fl.

Á deildafundum 25. apríl var útbýtt frá Sp: Till. til þál. um að selja eða leigja gæzluskipið Þór og vitabátinn Hermóð og um að byggja nýjan varðbát (A. 212).

Á 10. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afrbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

*Frsm. (Jónas Jónsson): Meiri hl. fjv. hefir komið sér saman um að gera þá till., að stjórnin hefði heimild til þess að selja þessi tvö skip, gæzluskipið Þór og vitabátinn Hermóð.

Ég get verið mjög stutturður um þetta mál, því að að því liggja glögg rök. Þór kostar nú um það bil 200 þús. kr. á ári í rekstri, en hefir þó raunar ekki verið notaður nema af og til. Hann hefir verið notaður við Vestmannaeyjar alla vertíðina og stundum til fiskirannsóknafæða. En það er óneitanlegt, að það hefir ekki verið hægt að finna eðlilega notkun fyrir hann seinni árin, eða þó að það hefði mátt finna verkefni fyrir hann önnur, þá hefir það verið sparað og dregið úr notkun hans. En á skipi með mörgum föstum mönnum sparast ekki svo mikið, þó að það sé látið vera ónotað tíma úr árinu. Samt hefir það verið gert af og til með gæzluskipin, einkum meðan þau voru þrjú.

Nú verður ekki um það deilt, að Vestmannaeyjar eru mest útsetti staðurinn á landinu á vetrarvertíð, og þar verður að sinna bezt, ef ekki gæzlu, þá björgun. En nú hefir fjv. komið það til hugar, að það mætti létta á ríkissjóðnum með því að selja Þór, og að væntanlega mætti selja hann innanlands, því að hann mundi vera mjög gott sildarskip. Hvort hann yrði eftir-sóttur sem togari, skal ég ekki fullyrða neitt um. En í stað Þórs mundi koma bátur á stærð við Óðin, og slíkur bátur mundi kosta í rekstri um 100 þús. kr. Þarna yrði helmingssparnaður, miðað við að gera Þór út eins og nú er gert, sem munar okkur miklu, einkum af því að það er að verða meiri og meiri tiltrú á því að hafa báta til gæzlu heldur en áður var. En til þess nú að Vestmannaeyingar — — það er dálítið erfitt að tala vegna hávaða. (Forseti: Ég vil biðja hv. þm. að gefa hljóð). Engum dettur í hug annað en að Vestmannaeyingar verði að hafa þá beztu aðstöðu, sem landið getur veitt um gæzlu. Þess vegna er stungið upp á því hér að hafa Ægi að eins miklu leyti og hægt er við að koma á vetrarvertíð við Vestmannaeyjar, en þegar hann getur ekki vegna vélarhreinsunar verið þar, þá verði Óðinn eða annar bátur hafður þar í staðinn. Vestmannaeyingar munu e. t. v. álita þetta afturför. En 100 þús. kr. á ári eru ekki litlir peningar, sem og Vestmannaeyingar munu játa. Og útgerðarstjórnin hefir sagt mér, að henni þætti miklu skipta, að vélbátur verði hafður við Vestmannaeyjar til þess að gæta netanna. Álit ég það heppilegra en að hafa svona dýrt skip þar til gæzlu, sem landið hefir ekki að

öðru leyti með að gera. En viðvikjandi kostnaðinum við gæzluna er ekki hægt að reikna kostnaðinn við Ægi minna en 300 þús. kr. í rekstri á ári. Bátur eins og Óðinn kostar um 100 þús. kr. í rekstri á ári. Félögin, sem hafa Sæbjörgu, munu líklega láta ríkið fá hana, og hún mun kosta um 200 þús. kr. í rekstri. Síðan eiga Vestfirðir að hafa þriðja bátinn. Norðlendingar verða líka að hafa bát til gæzlu hjá sér; þá er kominn fjórði báturinn. Þess vegna bið ég menn að athuga, að það skiptir mjög miklu, hvort menn vilja hafa fjóra báta til gæzlu við landið, sem kosta í rekstri hver um sig 100 þús. kr., og Ægi, sem kostar 300 þús. kr. í rekstri, og bæta svo Þór ofan á með 200 þús. kr. rekstrarkostnaði.

Vitabáturinn Hermóður hefir kostað miklu minna í rekstri nú upp á síðkastið en áður. En hann er yfirleitt ekki notaður nema að sumrinu til vitaflutninga. Líklega kostar hann 50—60 þús. kr. í rekstri yfir árið nú. Nú hefir fjv. fullkomna ástæðu til að halda, að hægt muni vera að sinna flutningum til vitanna fyrst og fremst með því að senda nokkuð af efninu til vitanna með strandferðaskipunum. Dálítið er hægt að senda af þessu með bílum. Öðrum flutningum á sjó til vitanna má gera ráð fyrir, að verði hægt að koma fyrir með varðbátunum, og það í raun og veru með tiltölulega litlum kostnaði eða kostnaðarlaust, þar sem þeir hvort sem eru á ferðinni með ströndum landsins.

Ætla ég svo ekki að fjölyrða um þetta mál. Ég álit mjög heppilegt, að það fari fram atkvgr. um þessa þáttill. hér. Það getur vel verið, að hæstv. Alþ. felli þessar till. En ég vil bara benda mönnum á, ef hv. þm. hugsa sér að gerbreyta fjárl. landsins, að menn hafa mikið talað um, að það eigi að lækka fjárl. svo að nemi milljónum. En það er óhugsandi nema menn þori að gera nýsköpun eins og þetta. Annað mál væri, þó að sagt væri, að við þyrftum að hafa vitabát, ef við hefðum engar strandferðir, sem við gætum notað í staðinn.

Ef menn segja, að við þurfum að hafa Þór við Vestmannaeyjar, þó að við fjölgum gæzlubátum vegna annara landshluta — og þó að við bjóðum Vestmannaeyingum bezta skipið, sem landið á — ef þessar till. verða felldar, þá megum við ekki vera allt af hjartsýnir á, að í haust verði fjv. í skapi til þess að gera ráðstafanir til, að léttir verði skattarnir.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Þessi þáttill. um að selja Þór og vitabátinn Hermóð hefir verið litilsháttar rædd á vettvangi, þar sem mér var boðið að hlusta á fyrir skömmu, og gat ég þá lítið til þeirra mála lagt. En mér virðist, að það sé nauðsynlegt að rífa upp sérstaklega að því er snertir Þór það, að þegar Vestmannaeyingar afhentu ríkisstj. gamla Þór 1926, þá var það með þeirri skuldbindingu af ríkisins hálfu, að skipinu væri haldið út til björgunar og eftirlits við Vestmannaeyjar ákveðinn tíma úr árinu. Þegar gamli Þór svo strandaði, sem mun hafa verið 1930, þá urðu nokkur átök um það í þinginu, að hve miklu leyti þinginu bæri skylda til þess að halda þann samning, sem upphaflega var um þetta gerður, og niðurstaða varð sú í

málinu 1930, að svofelld þáttill. var samþ., sem ég með leyfi hæstv. forseta vil lesa hér upp:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að sjá um það, að björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar verði af hálfu ríkisins haldið áfram framvegis með ekki lakari skilyrðum fyrir Vestmannaeyjar en áður og að til þess verði notað engu ófullkomnara skip en Þór var.“

Í samráði við ríkisstj. gerði svo þingið ráðstafanir til þess að kaupa Þór, og hefir ríkið haldið honum út á sama hátt og áður var. Skal ég nú lýsa yfir því, að það hefir alltaf verið ljóst, bæði þeim, sem með gæzluna hafa farið við Vestmannaeyjar, og eins þeim, sem þessu hafa verið kunnugastir, að til þess að björgunarskip komi þar að gagni, þarf það að hafa mjög greinilega yfirburði yfir þau skip, sem það á að bjarga. Það hlutfall hefir ekki minnkað, heldur stækkað með þróun útgerðarmálanna þar eystra, þar sem mótorbátarnir eru orðnir öllu stærri yfirleitt heldur en þeir voru 1926.

Ég skil ákaflega vel afstöðu hv. fjvn., þar sem hún horfir á þann mikla mismun, sem á því er að gera út Þór, sem talið er, eftir upplýsingum útgerðarstjórnar ríkisskipanna, að kosti 188 þús. kr., með því að vera 5 mánuði á sjó og 7 mánuði bundinn við land, og hinsvegar, þegar litid er til Óðins, sem talið er, að kosti í rekstri 100 þús. kr. yfir árið, þó að hann gangi allt árið. Ég skil mjög vel, að hv. fjvn. sér það, sem í fljótu bragði virðist, að þarna megi allmikið spara. En þetta mál hefir miklu fleiri hliðar en í fljótu bili verður komið auga á. Og ég er ekki óhræddur um, að hv. fjvn. hafi ekki horft á þær allar eins og skyldi. Hv. frsm. fjvn. sagði það að visu að því er Vestmannaeyinga snerti, sem hann nefndi sérstaklega eins og eðlilegt er í þessu sambandi, að það væri hugmyndin að bjóða þeim varðskipið Ægi sem gæzluskip. Væri um það að ræða, þá væri engin fyrirstaða af minni hálfu eða annara, sem líta á björgunarstarfið og eftirlitsstarfið við Vestmannaeyjar sem höfuðatriðið í þessu máli. En ég fé bara ekki séð, að hv. fjvn. eða ríkisstj. gæti, hversu góður sem viljinn væri til þess, bundið Ægi við Vestmannaeyjar eins og gert hefir verið með Þór, ekki sízt vegna þess, að það er vitanlegt, að ef einhverstaðar strandar skip, þá hefir Ægir, oft með góðum árangri, verið sendur slíkum skipum til hjálpar og stundum orðið að dvelja vikum saman á strandstöðunum vegna þeirra hluta. En með því móti getur hann ekki verið bundinn við gæzlu á einum sérstökum stað.

Hv. frsm. fjvn. sagði ennfremur, að það væri í raun og veru ekki annað verkefni fyrir Þór nú heldur en þessi gæzla við Vestmannaeyjar. En ég vil benda á það, að þó að það megi teljast hans höfuðverkefni að líta eftir bátafлотanum, sem frá Vestmannaeyjum stundar sjó og hefir innanborðs frá 600 til 800 manns yfir örðugustu vetrarmánuðina — þó þetta megi teljast höfuðverkefni skipsins, þá hefir Þór líka verið notaður til hluta, sem ég býst ekki við, að hægt sé að nota Ægi til, a. m. k. ekki án þess að gera á honum einhverjar breyt. eða endurbætur, sem sé til fiskirannsóknna. Mér hefir verið tjáð, að það

hafi verið kostað ekki allfáum þúsundum eða jafnvel svo tugum þús. skipti til breyt. á Þór á síðasta hausti, einmitt með það fyrir augum, að hann kæmi að fullu gagni sem fiskirannsóknaskip. Og á fiskirannsóknaskipi þurfum við að halda og þyrftum e. t. v. á því að halda í miklu ríkara mæli heldur en hingað til hefir átt sér stað. Þarna virðist mér, að hv. fjvn. hafi alveg sézt yfir þetta hlutverk Þórs, sem hann er einn ríkisskipanna fær um að leysa af hendi eins og sakir standa. Skip eins og varðbáturinn Óðinn, með 240 hestafla vél, sem mun gera 8 mílna ferð í logni, er ennfremur alveg ófullnægjandi til þess að bjarga stórum vélbátum, og jafnvel þó að þeir séu ekki svo mjög stórir, þegar vindhraði er 10 eða 11, eins og oft á sér stað við suðurströnd landsins. Það gæti Óðinn ekki. Það yrði þá að vera miklu betra mótorskip og stærra en Óðinn, ef um mótorskip ætti að vera að ræða.

Þá vil ég benda á, að Þór hefir ekki einasta með góðum árangri gert öryggi þeirra manna, sem stunda sjó frá Vestmannaeyjum, meira, heldur líka bjargað miklu af veiðarfærum, enda hefir hann þess háttar spil, sem þarf til þess að lyfta veiðarfærum. Það getur verið, að Ægir kunni að geta lyft netatrossu þegar 60—70 net eru í bendu. en með mótorskipi væri það ógerlegt.

Ég skal að visu ekki neita því, að viðhorfið er ekki að öllu leyti það sama nú og það var 1936, þegar talstöðvar svo að segja þekktust ekki, enda er björgunarstarfsemin orðin miklu hægari og auðveldari fyrir það, að talstöðvar eru komnar í nokkuð marga báta. En hinsvegar virðist mér stefnt á allt of tæpt vað, að ætla sér að vinda bráðan bug að því að afnema þessa gæzlu, sem Þór hefir haft með höndum, meðan ekki er séð, að neitt komi í staðinn til frambúðar, sem jafnast á við þá gæzlu, sem skipið innir þar af hendi.

Það er talað um í þáttill. að selja eða leigja bæði þessi skip. Ég geri ekki ráð fyrir, að fyrir þau fengist nokkurt fé, sem teljandi væri. Ég býst við, að tilgangur n. sé frekar sá, að losna við að gera skipin út, vegna þess hversu dýr þau eru í rekstri. Ég skal játa, að ég hefi ekki átt kost á að kynnst því nógu vel hjá Ríkisskip, hvort þar er svo hagkvæmlega komið fyrir ráðningu, að hægt sé að flytja menn til og frá, t. d. af Þór, þegar honum er lagt upp, og á varðbátinn eða önnur skip hjá Ríkisskip. En ef svo væri, þá mætti kannske sleppa nokkuð miklu af þeim kostnaðarlið, sem af útgerð Þórs leiðir, þá 7 man., sem skipið liggur uppi, að undanskildum 1—2 eftirlitsmönnum, en aðrir skipverjar þá látnir vera við störf á öðrum skipum ríkisins.

Að öllu samanlögðu get ég ekki, eins og málið liggur fyrir, mælt með því, að sú leið verði farin, sem n. bendir á. Ég játa, að það þarf að færa niður útgjöld ríkissjóðs á ýmsum sviðum, en ég veit ekki, hvort það er rétt að þessa fyrst niður á þessari upphæð, sem miðar í fyrsta lagi að því að tryggja öryggi þeirra manna, sem á sjónum vinna, og jafnframt að tryggja þeirra atvinnu, þegar menn eru að hugsa sér að færa niður útgjöld ríkissjóðs.

Ég mun því, eins og þetta mál liggur fyrir,

greiða atkv. á móti því, og það vegna þess, að í fyrsta lagi býst ég ekki við, að neitt verulegt fé fáið fyrir skipin, þótt þau verði seld, og í öðru lagi vegna þess, að ég sé ekki, að fært verði að binda Ægi við Vestmannaeyjar, eins og gert hefir verið með Þór undanfarin ár. Þau önnur skip, sem til greina koma, eru svo miklu ófullkomnari en Þór, að þar kemst enginn samjöfnuður að. Í þriðja lagi greiði ég atkv. á móti till. af því, að ég tel — enda er það viðurkennt af Alþ. — að Vestmannaeyjar eigi kröfu á hendur ríkisvaldinu um það, að gæzlu sé þar haldið uppi með skipi, sem á engan hátt sé veikara eða minna eða á nokkurn hátt verra heldur en Þór er. En ég vil benda hv. þm. á, að þegar talað er um Vestmannaeyjar, þá er ekki þar eingöngu að ræða um menn búsetta í Vestmannaeyjum. Sem hér eiga hlut að máli, því það mun sannast mála, að af þeim mikla fjölda sjómanna, sem á vertíðinni stunda sjó frá Vestmannaeyjum, sé meiri hlutinn kominn annarstaðar að af landinu. Þetta er því engan veginn mál Vestmannaeyinga sérstaklega, heldur svo að segja allra landsmanna.

***Atvnrh. (Ólafur Thors):** Ef þessi þáttill. verður samþ., þá mun ríkisstj. líta á hana sem virðingarverða ábendingu um það, á hvern hátt fjvn. telur kleift að hefja þá sparnaðarviðleitni, sem allur þingheimur virðist sammála um, að nauðsynlegt sé að hefja. En hinsvegar þykist ég mega lýsa því yfir, a. m. k. að því er vitabátinn Hermóð snertir, að ríkisstj. mun ekki telja sig bundna við að selja skipið, þó þessi till. verði samþ. Það kemur í ljós, sem ekki er óeðlilegt, að ef einhverstaðar á að skera niður, þá risa upp raddir gegn því. En ég tek fyllilega undir það, sem hv. formaður fjvn. og frsm. þessarar till. sagði áðan, að menn verða að gera sér það ljóst, að það er ekki hægt að koma við sparnaði svo, að það komi hvergi illa við. Þó ég sé sammála honum um það atriði, þá vil ég leyfa mér að láta þau orð falla, að ég mun áskilja mér rétt til að láta rannsaka þetta mál, og ég mun meta þessa heimild að öllu eða engu eftir því, sem niðurstaða þeirrar rannsóknar verður.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Að því er snertir sölu vitabátsins Hermóðs, þá tel ég vist, að fjvn. hafi borið sig saman við vitamálastjóra um það mál, og það má vel vera, að það sé rétt að selja þann bát og flutningum til vitanna megi koma fyrir á ódýrari hátt. Ég hefi ekki getað séð af reikningum bátsins, hversu rekstur hans ber sig, því á reikningunum er honum aldrei fært til tekna svo sem neitt fyrir flutninga fyrir ríkið, og þess vegna er ekki hægt að bera saman, hvort verða myndi ódýrara að fá þennan flutning með öðrum skipum. En mér þykir ólíklegt, að svo sé, að varðskip eða strandferðaskipin geti annað þessa flutninga án þess að rekstur þeirra verði mun dýrari við það. Ég geri ráð fyrir, að fjvn. og hæstv. ríkisstj. muni rannsaka þá hlið málsins.

En ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að lítið muni fást fyrir þetta skip. Hinsvegar mun það að sjálfsögðu vera vel fært

til sildveiða, og væri þá ekki nema hagkvæmt, að skip, sem ekki væri þörf fyrir í flutningum, væri notað til framleiðslustarfsemi.

Ég lit allt öðruvísi á till. um sölu Þórs. Ég var mjög mótfallinn því, þegar það var samþ. og framkvæmt að selja Óðin, og þykist ég sjá hér áframhald sömu stefnu, þeirrar stefnu, að gera landhelgisgæzluna að vélbátagæzlu. En ég er sannfærður um, að sú stefna leiðir til þess, að í raun og veru er felld niður öll gæzla af Íslendinga hálfu. Það var svo með þessa vélbátagæzlu, að hún var í upphafi aðallega miðuð við það, að gæta veiðarfæra, og að sjálfsögðu eru vélbátar sæmilegir til þess að vaka yfir fiskimiðum, þar sem veiðarfæri eru lögð, því það er ekki líklegt, að róið sé á öðrum sviðum en þeim, að svona vélbátum sé fært að vera þar úti og gæta veiðarfæra. En ef gæta á landhelginnar fyrir ágangi botnvörpuskipa, bæði útlendra og innlendra, þá verður allt annað uppi á teningnum. Það er alveg vist, að þessir vélbátar komast varla hafna í milli í veðri, sem togarar geta togað í á grunn-sævi. Það er enginn vafi, að ef vélbátagæzlan verður upp tekin, þá mundu þessi skip verða staðbundin á ýmsum stöðum við landið, en þó svo yrði, þá mundu þau samt sem áður ekki geta gætt landhelginnar í hördum veðrum. Vélbátar af stærð Óðins komast varla út úr Ísafjarðardjúpi eða fyrir Bjarg, þegar stormasamt er fyrir Vestfjörðum og annarstaðar, þar sem algengastur er ágangur togara. Ég er ekki í neinum vafa um, að landhelgisgæzlan mundi að mjög miklu leyti falla niður, ef farið væri inn á þá braut, að vélbátar ættu að annast hana að miklu leyti, auk þess sem þessir vélbátar mundu eiga lítið erindi út úr höfn til þess að athuga um ferðir togara, því þeir mundu bara fá þá ánægju, að sjá þá sigla í burt og gefa sér langt nef.

Ég get ekki annað en látið í ljós óánægju mína yfir því, hvernig farið er með landhelgisgæzlumálin. Þessum málum hefir hrakað mjög í seinni tíð. Landhelgissjóður hefir sama sem verið lagður niður. Hann er varla til, nema að því leyti, sem honum eru talin þessi skip, því að í reiðufé á hann sama sem ekkert. Það hefir verið horið fram frv. hér á hv. Alþ. um að endurreisa þennan sjóð, því eins og fjárhag ríkissjóðs er komið, þá er lítil von um endurnýjun skipanna, ef ekkert fé er í sérstökum sjóði til þeirra hluta. Þetta frv. hefir ekki náð samþykki, en á sama tíma, sem landhelgissjóður hefir horfið, þá hefir verið tekin upp sú óheillastefna, að selja varðskipin úr landi og láta koma vélbáta í staðinn. Þetta tel ég vera einn þáttinn í þeirri alhliða fjárhagslegu og sjálfstæðislegu hrörnun, sem átt hefir sér stað síðastl. áratug.

Ég hefi ekki kunnugleika til þess að geta leyst úr því, hvort landhelgisgæzlan yrði ódýrari með vélbátum heldur en með stóru skipunum. Að sjálfsögðu þyrftu stóru skipin ekki að vera eins mörg og bátarnir, ef þeir væru eingöngu. En þessir leigubátar, sem notaðir hafa verið, hafa verið ákaflega dýrir í rekstri. Reikningana hefi ég ekki fyrir mér, en ég vænti þess, að hv. þm. hafi eins og ég kynnt sér þetta, því að landsreikningunum fylgir yfirlit yfir rekstur þessara báta, og af þeim reikningum má sjá, að

þeir hafa orðið geysilega dýrir, enda gömul skip og úr sér gengin.

Ég get ekki neitað því, að kaupin á þessu skipi, sem nú er farið fram á að selja, voru frá mínu sjónarmiði hin mestu hneyksliskaup, þegar þau voru framkvæmd, en samt sem áður mun ég greiða atkv. gegn því, að skipið verði selt, nema því aðeins, að það verði gert í þeim tilgangi, að fullkomnara skip komi í staðinn. Með því þykist ég greiða atkv. gegn þeirri óhappastefnu, að breyta landhelgisgæzlunni úr gæzlu fullkominna og hraðskreiðra skipa í vélbátagæzlu, sem ekki myndi verða að neinu virt af þeim, sem vilja stelast inn í landhelgina.

*Emil Jónsson: Hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. hafa nú aðallega minnt á þann hluta till., sem fjallar um Þór og starfsemi hans, annarsvegjar við Vestmannaeyjar og hinsvegjar við landhelgisgæzluna yfirleitt, og þau störf Þórs, sem að hafrannsóknnum snúa, því að þau störf hefir hann haft með höndum, enda er hann skipa færastur til að stunda þau. Ég get að öllu leyti tekið undir þau rök, sem þar hafa komið fram, að það er frá mínu sjónarmiði varhuga-vert að selja skipið og treysta á það að fá vélbát til gæzlu við Vestmannaeyjar, því Ægir getur ekki, eins og bent hefir verið á, verið þar að staðaldri vegna skipabjörgunar og annara starfa, sem hann hefir með höndum.

Af því að miklu minna hefir verið rætt um hina hlið till., sem sé vitaskipið Hermóð, skal ég snúa mér að henni, því að ég hefi miklu nánari kynni af rekstri þess skips heldur en Þórs og ég tel, að hv. þm. þurfi, til þess að geta áttað sig á þessu, að fá um það nánari upplýsingar. Þessi till. um að selja eða leigja Hermóð og Þór er ekki ný. Hún hefir komið fram áður og verið rædd í ríkisstj. og í fjvn., og jafnvel hér á Alþ., svo þm. kannast sjálfsagt við þau aðalrök, sem færð hafa verið fyrir þessu og einnig á móti. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að sú hefir æfinlega orðið niðurstaðan hjá fjvn. og ríkisstj., eftir að málið hefir verið athugað og upplýsingar komið fram um það, að skipin hafa ekki verið seld. Við athugun málsins hafa menn jafnan komið að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unnt að komast af án þeirra.

Hv. frsm., þm. S.-Þ., minntist ekki á það, að öll fjvn. stæði að þessum flutningi. Þetta get ég vel skilið, því að fyrirrennari hans sem formaður fjvn. hefir athugað þetta mál áður og þá komið að þeirri niðurstöðu, að þessi leið væri ekki fær.

Ég skal svo með nokkrum orðum vika að því, hvaða störf vitaskipið Hermóður hefir með höndum og hvernig hægt væri að hugsa sér að annast þau með öðru en þessu skipi. Þau störf, sem Hermóður annast, eru í mörgum liðum. Hann fer með allar nauðsynjar vitanna til þeirra. Hann fer einnig með nauðsynjar vitavörðanna heim til þeirra, matvöru, kol o. s. frv. Í þriðja lagi flytur hann efni milli þeirra vita, sem verið er að byggja. Í fjórða lagi flytur hann verkfræðinga vitamálskrifstofunnar, þegar þeir eru að athuga vitakerfið og veita hinum dreifðu

vitum þá aðhlyningu, sem þeir þurfa til þess að geta verið opnir mikinn hluta ársins. Í fimmta lagi hefir hann annast þær sjómælingar, sem gerðar hafa verið hér. Í sjötta lagi hefir hann verið notaður af landssímanum til að leggja sæsimann hér við land.

Vitar þeir, sem ríkið á að sjá um, eru milli 80 og 90. Langflestir þeirra eru gasvitar, eða 60—70. Til þess að geta logað verða þeir að fá gas, sem sent er til þeirra í sérstökum hylkjum. Þau eru um 500, og hvert hylki kostar 500 kr., eða öll um ¼ millj. En þau duga engan veginn til þess að halda vitunum við yfir ársfjórðunginn, því til þess þyrfti sennilega um 600 hylki. Ef allir vitar ættu að hafa hjá sér það, sem þeim nægði yfir ársfjórðunginn, þá þyrfti að bæta við um 100 hylkjum, og til þess að fá fyrir vanhöldum, þá yrði ekki komið hjá því að bæta við 100—120. Það er það minnsta, sem ég get hugsað mér, að bæta þurfi við til þess að reksturinn geti verið öruggur, ef ekki er hægt að taka þau á ákveðnum tíma og flytja þau til vitanna á ákveðnum tíma. Sú kerfisbundna útnotkun hylkjanna, sem átt hefir sér stað, væri útilokud, ef það ætti að senda þau með Péttri og Páli á einhvern viðkomustað og svo þyrfti kannske að flytja þau með motorbát á þann stað, sem ætti að nota þau. Þessi notkun vitahylkjanna er því aðeins möguleg, að hægt sé að taka þau á ákveðnum degi á einhverjum vita og flytja þau svo á annan vita á fyrirfram ákveðnum degi.

Að bæta við 120 hylkjum kostar 60 þús. kr. Þó það ætti að selja Hermóð, þá efast ég um, að 60 þús. kr. fáið fyrir hann. Ég tel sennilegt, að skipið sé ekki talið það mikils virði, að margir vildu gefa þá upphæð fyrir það.

Ég vil geta þess, að þetta fyrirkomulag, að flytja fyrst með strandferðaskipunum á viðkomustaði þeirra og láta gashylkin liggja þar, þangað til motorbátur eða varðskip ríkisins flytur þau á aðrar hafnir, er að ýmsu leyti óheppilegt. Við höfum einstaka sinnum rekið okkur á, þegar þurft hefir að senda varahluti út í vita síðari hluta vetrar, að þessar ferðir eru óheppilegar vegna þess, að það þarf, til þess að þær séu í góðu lagi, að hafa svo marga trúnaðarmenn úti um landið, að það er varla hægt að hafa þá svo marga. Staðirnir, sem um er að ræða, eru á útnesjum og eigi nema örsjaldan, sem þangað gefur. Það kemur oft fyrir á mörgum þessum stöðum, að það er svo mánuðum skiptir algerlega ólendandi þar. Ég get talið staðina á fingrum mér, sem er illlendandi nema við sérstök tækifæri. Og hver á það vist, að menn séu tilbúnir þegar tækifæri gefast? Í öðru lagi má taka það fram í sambandi við flutninga til vitanna, að það hefir verið venja, að vitaskipið hefir verið látið flytja allar lífsnauðsynjar til vitavörðanna án endurgjalds. Þessir vitaverðir eru í kringum 70—80, í öllum sýslum landsins. Þessir menn búa flestir við mjög erfið kjör, og sumir þeirra eru á vetrum algerlega einangraðir frá umheiminum. Og hvað fá svo þessir vitaverðir í laun? Ég efast um, að hv. alþm. viti, hvernig vitavörðunum er launað. Ég ætla því að lesa hér nokkur dæmi um það.

| | |
|---------|---------------------|
| 5 menn | með 500 kr. árslaun |
| 8 — | — 400 — — |
| 1 maður | — 375 — — |
| 2 menn | — 350 — — |
| 3 — | — 325 — — |
| 6 — | — 300 — — |
| 1 maður | — 275 — — |
| 4 menn | — 250 — — |
| 6 — | — 225 — — |
| 3 — | — 200 — — |
| 1 maður | — 180 — — |
| 1 — | — 175 — — |
| 2 menn | — 165 — — |
| 6 — | — 150 — — |
| 1 maður | — 110 — — |
| 1 — | — 60 — — |
| 2 menn | — ekkert kaup |

Ég skal geta þess, að þessir tveir menn, sem ekkert kaup hafa, fá ómakslaun sín goldin með ókeypis jarðnæði og öðrum hlunnindum. Á þessum tölum sést, að laun vitavarda eru á engan veg of há. Sumir vitaverðirnir komast upp í 2000 kr. árslaun, en það eru líka þeir best launuðu. Langflestir hafa um 300 kr. En til þess að mennirnir geti lifað af þessu, þá hefir verið farið inn á þá braut, að flytja til þeirra nauðsynjar, sérstaklega þunga-vöru. Hefir þetta verið til mikilla bóta fyrir þá, enda hafa margir þeirra fullrytt við mig, að ef flutningarnir hyrfu með Hermóði, þá mundu þeir neyðast til að segja af sér. Og ég geng út frá því, að ef vitabáturinn Hermóður verður látinn hætta, þá verði um tvennt að velja, annaðhvort að hækka launin stórum eða taka upp annað skipulag á flutningunum, en það gæti líka kostað ríkissjóðinn fé, og það meira en þessir flutningar kosta nú. Og ég verð að segja það, að ef hugsunin er að nota varðbáta ríkisins til þessara flutninga, þá er ég stórefinn í, að skipshafnirnar á þessum bátum fái stítt í þá vinnu, sem þarna er um að ræða. Á flestum þessum stöðum er svo slæm lending, að það þarf að vaða meira en upp í mitti til þess að koma vörum í land. Mér er sem ég sjái hermenn ríkisins fara í þesskonar vinnu. Ég hugsa, að þeir neiti. — Svo er það líka annað. Til þess að koma vörumum í land þarf viðkomandi skip að hafa uppskipunarbát og „trillubát“, sem það getur tekið upp. En mér er ekki kunnugt um, að þeir varðbátar, sem þegar hafa verið byggðir, hafi útbúnað til að taka upp slíka báta.

Þá er það 3. atriðið, sem um er að ræða og Hermóður hefir verið notaður til, en það er að flytja efni milli vita, þegar um nýbyggingar er að ræða. Ég vil benda á, að vitagjaldið er um 200 þús. kr. herra en það, sem eytt er til vitamála. M. ö. o., um það bil 200 þús. kr. af vitagjaldinu renna í ríkissjóð. Í þessari eyðslu er líka talinn kostnaður við nýbyggingarnar. Og til þess að nota þessa upphæð sem bezt, hefir Hermóður verið notaður til að flytja mótatimbur frá einum vitanum til annars. Með þessu móti má nota timbur og ýmislegt fleira í fleiri en einn vita. Í fyrra sumar notuðum við þannig sama mótatimbríð og ýmislegt fleira þess háttar í 3 vita. Með þessu móti var beinlínis hægt að koma upp einum vitanum fleira í fyrrasumar en

hægt hefði verið, ef við hefðum ekki notað skipið til þessara flutninga.

Þá er enn eitt atriði, og það eru viðgerðir og eftirlit með vitunum. Og það er atriðið, sem einna mest áherzla var lögð á af fyrirrennara mínum í starfinu, því hann taldi ógerning að reka vitakerfi landsins án þess að hafa sérstakt eftirlitsskip. Vitakerfið er, eins og menn vita, byggt þannig upp, að flestir vitarnir eru gasvitar, sem passa sig sjálfir, og þess vegna geta ólærðir menn passað þá, en það er þó því aðeins, að það sé svo vel frá þeim gengið, að engar bilanir eigi sér stað. Það verður því að hafa gott eftirlit með vitunum og halda þeim alltaf í ágætu lagi. Aðferðin hefir venjulega verið sú hjá vitamálastjórninni í þessu efni, að verkfræðingur hennar hefir farið til eftirlits með vitakerfinu og gert við það auðveldasta í fyrstu umferð. Hann hefir síðan í næstu umferð haft með tæki til að gera við það, sem á hefir vantað að unnt væri að gera í hinni fyrri umferð, eða þá að hann hefir farið með stykkin til viðgerðar. Ég fullyrði, að ef skipið verður tekið úr rekstri og verkfræðingurinn verður að ferðast landveg, eða með bátum, sem verða leigðir í hvert sinn, þá verður eftirlitið miklum mun „óeffektivar“, auk þess sem það kemur oft fyrir, að stykki hefir orðið að taka um borð í skipið og þar hefir farið fram viðgerð á því. Í slíkum tilfellum hefir Hermóður verið notaður sem einskonar fljótandi verkstæði.

Þá er það 5. atriðið, sjómælingarnar. Það hefir verið talað um, að þegar landmælingunum lyki, þá yrði lögð aukin áherzla á sjómælingar. Þessa er sannarlega ekki vanhörf, þar sem mikill meiri hluti af svæðinu kringum landið er ómældur, t. d. við Austurland og Húnaflóa. Það hefir talsverð viðleitni verið sýnd til þess á undanförunum árum að mæla þessa staði, en lítið áunnitt vegna ónógra fjarveitinga og vegna þess að við höfum ekki getað misst Hermóð nema lítinn tíma sumarsins. Hinsvegar væri vitanlega hægt að koma því svo fyrir, að sjómælingarnar fengju skipið nægan tíma af sumrinu, ef fyrir því væri hugsað. Friðrik Ólafsson skip-herra hefir sagt í viðtali við mig, að hann teldi Hermóð heppilegan til þessara hluta.

Þá er þess loks að geta, að póst- og síma-málastjórnin hefir fengið skipið, þegar þurft hefir að leggja sæsima eða gera við hann. Hefir þótt gott að geta gripíð til skipsins í þeim tilgangi.

Ég þykist nú hafa skýrt nokkuð frá því, til hvers skipið hefir verið notað og til hvers það leiddi, ef það væri lagt niður. En hver er svo reyndsla annara þjóða í þessu efni? Ég þekki enga þjóð, sem hefir vitakerfi, sem ekki hefir skip í sama tilgangi og ég hefi nú lýst að Hermóður er notaður til. Nágrannar okkar allir hafa ekki aðeins eitt skip, heldur fjögur til fimm. Ég get t. d. nefnt Dani. Þeir hafa 4 stór skip, og sum fjórum sinnum stærri en Hermóð. Vitakerfi þeirra er þó ekki nema fjórum sinnum stærra en okkar. Noregur hefir fimm skip, og ég veit, að Svíþjóð, Þýskaland og England hafa fjölda skipa í sama tilgangi.

Ég skal svo leyfa mér, af því ég veit, að það

muni ef til vill hafa þýðingu í þessu máli, að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, það, sem fyrrv. vitamálastjóri hefir um þetta skrifað. Þetta er ekki í fyrsta sinn að þessi hugmynd um sölu Hermóðs kemur fram. Henni skaut upp árið 1936, og þá skrifaði fyrrv. vitamálastjóri Alþ. langt mál út af þessu. Skal ég nú lesa upp úr þeim löngu plöggum nokkrar setningar. Hann segir svo í einu bréfi frá 1936: „Þetta er allt þannig tvinnað saman, að það er alls ekki hægt að gera slíka breytingu sem þessa án þess að rekstur vitanna falli með því alveg í mola“. Og hann segir enn: „Ég vil hiklaust halda því fram, að það sé alls ekki hægt að reka vitakerfi landsins, nema með því að hafa skip til umráða, er vinnur þau störf, sem Hermóður vinnur nú.“ Og loks segir hann hér: „Ég er sannfærður um, að reksturinn yrði miklu dýrari og jafnframt svo ótryggur, að ekki væri við unandi. Ég hefi þessi 30 ár, sem ég hefi unnið hér að því að mynda vitakerfi landsins, alltaf haft fyrir augum það, sem Bretar nefna „safety first“. Ég hefi talið, að svo framarlega, sem ekki sé farið eftir því, sé vitakerfið ekki aðeins gagnslaust, heldur beint hættulegt. En ég hefi jafnframt gert mitt ýtrasta til að gera það eins ódýrt og hægt er, og ég þori hiklaust að leggja það undir dóm hverra skynbærra manna sem er, hvort nokkur staðar í heimi sé til það vitakerfi, sem hlutfallslega er rekið nálægt því eins ódýrt og okkar. Ég veit alveg með vissu, að ef sú tilraun yrði gerð, að hætta við að hafa sérstakt skip fyrir vitana, en flytja í þess stað með strandferðaskipum og flóabátum og láta eftirlitið fara fram frá landi, mundi rekstrar-kostnaður vitanna hækka verulega, og jafnframt mundi „safety“ minnka þannig, að ég mundi ekki taka í mál að bera ábyrgð gagnvart sjómönnum á þeirri stofnun. En þar sem starfstími minn við þessa stofnun er nú að liða undir lok, vil ég leyfa mér í fullri eindrægni og alvöru að vara hina háu stjórn og þing við að láta narra sig af ókunnugum mönnum út í slíka tilraun, sem ég veit, að muni verða bæði hættuleg og dýr.“

Þetta segir hann. Og ég get, eins og ég hefi leitt rök að, fullkomlega fallið á skoðun hans um þetta. Það er ekkert aðalatriði, hvort skipið heitir Hermóður. Aðalatriðið er, að til sé skip, sem getur annazt þetta hlutverk. Hvað kostnaðinum fyrir ríkissjóð við kemur, þá hefir það verið svo, að kostnaðurinn hefir að meðaltali á ári verið um 60 þús. kr., eða stundum upp í 70 þús. kr. Með því að draga saman reksturinn komst kostnaðurinn niður í 59 þús. Af þessari upphæð borguðu sjómælingarnar og landssiminn 11 þús., svo að raunverulegur kostnaður vitamálastj. við skipið varð það árið 48 þús. kr., og hafði hún þó fullt gagn af því. Ég tel því ákaflega vafasamt, þó þessi nýja leið yrði farin, að þessir flutningar fengjust jafnóðýrt, jafnvel þó að slakað yrði á eftirlitinu og þar með öryggið minnkað.

Ég hefi átt tal um þetta mál við forstjóra skipaútgerðarinnar. Hann sagði mér, að hann mundi að vísu geta annazt flutninga til viðkomustaða skipanna, en hinsvegar kveðst hann

að athuguðu máli ekki gera það að till. sinni, að Hermóður sé seldur. Það sé langt síðan hann hafi haft þá skoðun, að það ætti að gera, en hann væri fyrir löngu kominn ofan af því. Ég átti kost á því að gefa fjvn. nokkra skýrslu um þetta mál á fundi hjá henni, en hafi það verið svo, að sú skýrsla hafi ekki verið nægilega glögg, þá vænti ég, að þessi lýsing, sem ég hefi nú gefið, bæti það upp að einhverju leyti.

Finnur Jónsson: Í tilefni af sölu Óðins bar sjútvn. Nd. fram þáttill. 1936 um framkvæmd landhelgieftirlits og björgunarstarfs, þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að verja öllu andvirði gæzluskipsins Óðins til smíði á vopnuðum vélbátum til landhelgigæzlu á svæðum þeim, þar sem mest væri þörfin. Áttu þeir að annast strand- og veiðarfæragæzlu og gæzla þessi að vera staðbundin. Þá var og gert ráð fyrir því, að ríkisstj. leigði báta til þessa, að svo miklu leyti sem hinir gætu ekki annazt gæzluna að fullu.

Nú var Óðinn seldur fyrir 250 þús. kr., en kostnaðurinn við smíði á vélbátum Óðni var 100 þús. kr., svo að hægt hefði verið að fá á m. k. 2½ slíkan vélbát fyrir andvirðið. En þetta hefir ekki verið gert, þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis í þál. þeirri, sem ég gat um. Nú er það vitanlegt, að hjá þeim, sem sjávarútveginn stunda, er mikill vilji til að reyna að fá sem fyrst vélbáta til landhelgigæzlu, er starfi jafnframt að björgun og aðstoð við bátaútveginn. Og í sambandi við till. um sölu á Óðni bárum við þm. Vestfjarða ásamt hv. þm. Ak. fram till. um að skora á ríkisstj. að hefja samninga við slysavarnasveit Vestfjarða. Er mér kunnugt um, að Vestfirðingar hafa á árinu, sem leið, boðið fram fjárhæð, sem svarar helmingi af kostnaði við smíði báts á stærð við Óðin. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvað liður þessu máli og hvi ekki er enn byrjað á smíði þessa skips. Fyrir þessu er mikill áhugi á Vestfjörðum, eins og sést á þessu tilboði úr ekki auðuga héraði. Teldi ég illa farið að fækka enn landhelgigæzluskipunum, meðan ekki er farið að framkvæma augljósan vilja þingsins, sem fram kom í sambandi við sölu Óðins.

Auk þess, sem þegar hefir verið minnzt á hér um vandkvæðin á því að selja Þór, má geta þess, að nú standa yfir fiskirannsóknir, sem gerðar eru samkv. alþjóðasamkomulagi um frið-un Faxaflóa, og er tæplega hægt að fá annað skip heppilegra til þeirra rannsókna en Þór. Væri frekar ástæða til að auka þær rannsóknir en draga úr þeim, og væri því um greinilega afturför að ræða fyrir sjávarútveginn, ef Þór yrði seldur.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en vildi sérstaklega óska þess, að hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn minni um það, hvað liði samningum við Vestfirðinga um byggingu nýs mótorbáts, er yrði staðbundinn við Vestfirði og annaðist þar björgunarstarf og gæzlu.

***Jón Pálmason:** Ég ætla ekki að hafa langar rökræður um þetta mál, enda tel ég það litla þýðingu hafa á þessu stigi. En mér virðast ræð-

ur margra þeirra, er hér hafa talað, miðast við það, að verið væri að ákveða að selja þetta skip. En hér er aðeins um heimild að ræða.

Það liggur ljóst fyrir, að gera verður gangskör að því á næstunni að skera niður útgjöldin, eins og hægt er, sérstaklega þau, sem óþörf eru, og er raunar hætt við, að eitthvað af þeim þörfu fljóti þar með. Margt af útgjöldum á okkar fjárl. er hægt að skera niður án undirbúnings, en margt þarf líka undirbúnings með. Ástæðan til þess, að ég var með því í fjvn. að samþ. þessa till., er ekki sú, að ekki er hægt að selja þessi skip fyrirvaralaust, heldur þyrfti hæstv. ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því, helzt á þessu sumri, hvort það er hægt. Þegar þess er gætt, að á þessum tveim skipum er 250 þús. kr. rekstrarhalli, þá sést, að ekki er þýðingarlítið að láta rannsaka. hvort ekki er hægt að koma þessum málum fyrir á hagkvæmari hátt, en það fer till. fram á. Við lauslega athugun og með þeirri takmörkuðu þekkingu á þessum málum, sem ég hefi, finnst mér ljóst, að minni vandkvæði eru á því að selja Þór en vitabátinn Hermóð.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, af því að sumir hv. þm. hafa talað eins og miðað væri við það, að ákveðið skyldi að selja þessi skip. En hér er í rauninni ekki um að ræða annað en heimild til að selja þau, eftir að rannsókn hefir farið fram og ef hún leiðir í ljós, að af þessu geti orðið sparnaður.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. skal ég taka það fram, að það er rétt, að Vestfirðingar hafa boðizt til að leggja fram að mig minnir 40—50 þús. kr. til að láta smíða bát, sem í senn gæti verið björgunarskip og gæzluskip. Samningum um þetta mál er ekki enn lokið. En ég vil geta þess, að Pálmi Loftsson, forstjóri skipaútgærðar ríkisins, telur þetta skynsamlega lausn og mun vera henni meðmæltur. Eftir því, sem ég hefi litið til um þetta mál, er ég einnig þeirrar skoðunar, eftir lauslega athugun. Ég er því fylgjandi, að sú leið verði farin að taka þessu tilboði, ef samningar nást um einstök atriði, og verði málið þá tekið fyrir á næstunni.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Þessi till. er þess eðlis, að ég get ekki setið þegjandi hjá. En áður en ég vik að till. sjálfri, vil ég beina orðum mínum til hv. þm. A.-Húnv., sem taldi, að þótt till. yrði samþ., þá bæri ekki að skilja málið svo, sem selja ætti þessi skip, heldur væri hér aðeins um söluheimild að ræða. En ef till. næði samþykki, held ég, að enginn myndi skilja hana öðruvísi en svo, að ríkisstj. yrði að selja skipin. Á þessari till. er sama orðalag og þeirri, sem áður var borin fram um sölu Óðins og stj. notaði sér, eins og kunnugt er. Það er því ekki hægt að blekkja menn með því, að hér sé aðeins um heimild að ræða.

Hér hafa verið færð fram mörg rök fyrir því, hve óheppilegt það væri að selja þessi skip. Ég skal bæta við það nokkru um vitaskipið Hermóð. Hér var því haldið fram, að hægt væri að koma þeim flutningi, sem hann hefir annazt, yfir á strandferðirnar. En ég held ekki, að það

sé framkvæmanlegt. Vitaflutningar fara einkum fram á vorin, og stundum einmitt þá, er mest er við strandferðaskipin að gera. En ég vil benda á annað atriði í þessu sambandi. Frá því að tekið var að hafa tvö strandferðaskip gangandi mestan hluta árs, hefir það verið svo, að frá því í maí og þar til í september hefir í rauninni ekki verið nema eitt strandferðaskip gangandi, því að Esja var þá notuð til farþegaflutninga milli landa, og það nýja strandferðaskip, sem á að koma í staðinn fyrir hana, á líka að nota til ferða milli landa, svo að það getur aldrei notazt vel til strandferða.

Ég læt svo útrætt um Hermóð, en vil þó aðeins geta þess til viðbótar, að möguleikarnir til að selja hann eru mjög veikir. Hann er nú orðinn 48 ára og þannig byggður, að illt væri að nota hann til fiskveiða, hefir auk þess gamaldags vél.

Um Þór er það að segja, að nánari athugun sýnir, að við Vestmannaeyjar er ekki hægt að bjóða upp á þá tegund mótorskipa, sem við höfum hugsað okkur að nota. Í mótorbátum Óðni er 160 hestafla vél, en Þór hefir 450 hestafla vél, svo að dráttarafli þeirra er mjög ólíkt. Mótorbátur gerir litið betur en bjarga sjálfum sér í óveðri, þar sem Þór getur líka bjargað öðrum til hafnar. Þessir yfirburðir eru tvímælalaust nauðsynlegir. Þessa skoðun hafði ég á sínum tíma, þegar um það var að ræða að selja Óðin, og hún hefir ekki breytt. Og ég hygg, að þetta muni vera skoðun flestra sjómanna.

Um rekstrarkostnað Þórs er það rétt, að hann er allmikill, þegar skipið er í gangi mestan hluta árs, en það er ekki nema að litlu leyti kostnaður við gæzluna. Þór hefir verið notaður til fiskirannsóknna, og hefir miklu fé verið varið til að gera hann hæfan til þess. Og ég hygg, að með þeirri þurrð, sem er að verða á okkar fiskimiðum, sé brýn nauðsyn að eiga slíkt skip, sem hægt er að senda út með vörpu til að leita að fiski. Sé ég ekki, að annað skip sé hentugra til þess en Þór. Og ef ekki þarf að nota hann þann tíma árs, sem hann er ekki við Vestmannaeyjar, er sá möguleiki til að leigja hann, eins og gert hefir verið, t. d. yfir sildveiðitímann. Það var gert síðastlið sumar.

Ég er því þeirrar skoðunar, að við eigum ekki að kasta frá okkur slíku skipi, sem er svo vel útbúið sem Þór og ekki eldra en 17 ára og vel við haldið að öllu leyti. Og hvaða líkur eru til þess, að gott verð fengist fyrir Þór? Hann er of litill togari, en of stór linubátur. Ég hefi því ekki trú á því, að gott verð fengist fyrir hann innanlands.

Það hefir verið sagt, að Ægir gæti komið í stað Þórs. Hann er að mörgu leyti gott skip og vel útbúið til björgunarstarfs. En það hefir sýnt sig við Eyjar á vertíðinni, að skipið má ekki fara þar hurt af stöðvunum. En nú er Ægir eina skipið, sem alltaf er hægt að gripa til, ef eitthvað ber út af hér við land. Það gæti þó ekki gerzt á sama tíma og hann væri bundinn við Vestmannaeyjar. Ægir er nokkurskonar foringjaskip í gæzlunni og á að hafa yfirlitsgælu um allt land, þó að bátar séu líka notaðir. Þá ber þess að gæta, að Ægir þarf líka vélhreinsun,

eins og önnur skip, sem dieselvélar hafa, og myndi það tefja hann allangan tíma í hvert skipi. Að hafa mótorbáta til þessa starfs að vetrarlagi er óráð. Þeir geta gert mikið gagn þar, sem þeir eru staðbundnir. Nágrannþjóðirnar hafa tekið upp smáskip með dieselvélar til þannig lagaðrar strandgæzlu. En það er galli á okkar bátum, að þeir eru ekki nógu hraðskreiðir, svo mikill sem hraði nýtizku togara er orðinn. Í öðrum löndum hafa verið smíðaðir mótorbátar með svo mikið vélaafl, að þeir geta farið allt að því eins hart og nýtizku togari. Reynslan af bátum þeim, sem við höfum notað, er yfirleitt góð, en þeir eru ekki nógu hraðskreiðir. Þeir komast ekki nema um 8 sjómílur á sléttum sjó og 4—5, ef vindur er á móti.

Hv. frsm. minntist á það, að líkur væru til, að björgunarskipið Sæbjörg væri til kaups fyrir ríkið. Ég er í stj. Slysavarnafélagsins, og er mér kunnugt um, að engin till. liggur fyrir innan félagsins um það að selja skipið. En þó að ríkið keypti það, gæti það ekki komið í staðinn fyrir Þór. Skipið hefir aðeins 180 hestafla vél, og gangur þess í lygnum sjó er nokkru meiri en mótorbátsins Óðins, en það kemur ekki að notum til þess að bjarga jafnstóru skipi sér eða stærra, enda er Sæbjörg ekki smíðuð fyrst og fremst til að bjarga skipum, heldur mönnum. Skipum getur hún ekki bjargað í ofveðrum, og er ekki tímabært að tala um kaup á henni, meðan ekkert liggur fyrir um það, að hún sé til sölu.

Ég skal ekki blanda mér inn í umr. um landhelgigæzluna í sambandi við þessi mál. Hana væri ástæða til að ræða um síðar hér á Alþ. En ég verð að segja það sem mína skoðun, að þó að hv. fjvn. og Alþ. komist að þeirri niðurstöðu, að gera þurfi sparnaðarráðstafanir í sambandi við okkar þjóðarþúskap, tel ég farið aftan að siðunum, ef á að byrja á því að takmarka okkar björgunarstarfsemi kringum land. Ég hygg, að ef menn líta til okkar aðstæðna allra, til þeirra mörgu manna, sem eiga alla afkomu sína undir sjósókn komna, til okkar veðráttu og þeirra slysa, sem orðið hafa hér við land, muni flestir verða mér sammála um, að ekki megi með nokkru móti draga úr framlaginu til björgunarstarfseminnar.

Ég skal ekki draga úr því, að nauðsyn beri til að lækka útgjöld ríkisins. En þessi kostnaður við varðgæzluna og björgunarstarfsemina, þessi einasti herkostnaður okkar, ef svo mætti segja, er svo hverfandi lítill, þótt við séu fámennir, miðað við það, sem aðrar þjóðir leggja á sig vegna herkostnaðar, að mér finnst þar ekkert mega af taka, eins og sakir standa.

Ég vænti því, að þessi till. nái ekki samþykki hv. Alþ., af þeim ástæðum, sem ég hefi greint.

Ísleifur Högnason: Ég skal ekki lengja umr. mikið um þetta mál, því ég býst við, að þessi till. verði felld, í fyrsta lagi vegna þess, að hún inniheldur tvö mál, og í öðru lagi vegna þess, að enginn vafi er á, að meiri hl. hv. þm. er á móti því, sem farið er fram á í till., og ég efast um, að fjvn. hafi ætlað til þess, að hún yrði samþ.

Til viðbótar því, sem sagt hefir verið, vil ég undirstrika það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að stefnan í strandvarnamálunum sé röng og að reynslan hafi sýnt, að strandvarnirnar í sínu núverandi ástandi séu einskis virði. Það sýnir ljóslega, hvað þessi gæzla á vélbátum og einu varðskipi er gagnslítill, að nú á síðustu 16 mán. hefir ekki verið tekinn nema einn togari í landhelgi. Meðan skipin voru tvö og höfðu duglega skipstjóra, voru teknir tugir togara á ári, og skiptu tekjurnar af þessu tugum og jafnvel hundruðum þús. Þetta er því mjög hæpin sparnaðarráðstöfun, þar sem þessi tekjustofn rýrnar stórlega, eða næstum því hverfur. Í öðru lagi er vitanlegt, að fiskistofninn eyðist smám saman, þegar landhelginnar er ekki gætt. Það er enginn vafi á því, að veiðipjófar eru enn til við strendur landsins, og þeim mun sennilega ekki fækka við það, að strandvarnirnar eru á góðum vegi með að leggjast niður.

Ég álit það heppilega aths., sem maður hér í hlíðarherberginu gerði áðan, að ef Alþ. ætlaði að fara að spara við landhelgigæzluna á þennan hátt, væri eins gott að selja hana á leigu til þeirra, sem vildu nota sér að fiska í landhelgi.

Eftir upplýsingum hv. þm. Vestm. mun ríkisstj. og Alþ. bundið samningum við bæjarstjórn Vestmannaeyja um að halda uppi skipi við Vestmannaeyjar til björgunarstarfsemi. Ég hygg, að ekki muni vera ætlunin að svikja þetta, heldur láta Ægi annast það starf, og sjá þá allir, hvernig landhelgigæzlan á öðrum stöðum við landið verður af hendi leyst á meðan.

*Héðinn Valdimarsson: Það er svo mikið búið að tala um þessa till., að ég mun ekki hafa um hana mörg orð. Svo að segja allir hafa talað á móti henni, bæði söluinni á Þór og Hermóði, og fært, að því er virðist, gild rök fyrir máli sínu. Ég hygg, að enginn komi með till. um að selja Ægi úr landi, og má vænta, að þessi till. falli, í því formi, sem hún er borin fram.

Hinsvegar er auðheyrð á ræðum hv. þm., að þeir álíta fulla nauðsyn á að rannsaka alla björgunarstarfsemi og landhelgigæzlu hér við land, og mun það þá væntanlega verða gert, svo að hægt verði að leggja þá rannsókn fyrir næsta þing, ef því verður nú frestað, eins og stjórnaflökkurinn mun ætla sér að gera. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að ég álit fulla ástæðu til að rannsaka líka, hvernig landhelgigæzlunni er varið með Ægi, sem er gott skip og sjálfsagt með góða skipshöfn. Eftir því, sem maður fær helzt fregnir af ferðum þess kringum land, eru þær aðallega bundnar við ferðalög ýmsra manna, og mun slík landhelgigæzla ekki koma að miklu gagni, þar sem alltaf er hægt að reikna út, hvert skipið fer og hvað lengi það verður. Ég álit því, að taka þurfi til gaumgæfilegrar athugunar þær ráðstafanir, sem stj. gerir um ferðalög Ægis, til þess að landhelgigæzlan komist í það horf, sem hún getur verið í.

Ég hafði hugsað mér að koma með sérstaka till. í sambandi við þetta mál. En í trausti þess, að þáttill. verði felld og málið tekið til nánari

athugunar, þar til þing kemur aftur saman, mun ég ekki gera það.

*Frsm. (Jónas Jónsson): Ég ætla að svara fáeinum orðum nokkrum af þeim röksemdum, sem bornar hafa verið fram á móti þessari þáttill, sem hér liggur fyrir.

Ég álit, að í þessu sambandi hafi í raun og veru mesta þýðingu að sjá, í hvaða hug Alp. er nú í þessum efnum. Og ég verð að segja það, að ég óttast, að eftir þeim ræðum að dæma, sem hér hafa komið fram, muni skattarnir tæplega lækka á haustþinginu. Þótt hér hafi verið færð glögg rök fyrir því, að þessum málum megi koma betur og haganlegar fyrir, veigra menn sér við að gera þar á breyt., af því þá uggir, að það kunni að ganga út yfir hagsmuni þeirra kjósenda. Af þessu leiðir, að ekki mun aðeins sitja við þau fjárl., sem nú liggja fyrir og sumum þykja of há, heldur munu þau vafalaust hækka. Þess vegna er það, að ég álit, að þær umr., sem hér fara fram, séu nokkuð fræðandi um það, hvernig hv. þm. standa í þessum málum yfirleitt.

Hjá flestöllum af þeim hv. þm., sem hér hafa talað, hefir ekki komið fram skilningur á því, að samhlíða því, að ný útgjöld hljóta að skapast á ýmsum sviðum, er ekkert vit í að hugsa sér að halda öllum gömlu gjöldunum. Ég get tekið dæmi. Eftir 1—2 ár, ef friður helzt, flytur háskólinn úr neðri hæð þessa húss í afar-skemmtilega byggingu. En hvað halda menn, að rekstrarkostnaður háskólans muni hækka mikið við þetta? Það húsrúm, sem hér losnar, fer til afnota Alp. Og mig grunar, að svona muni fara með fleiri hluti. Ef talið er sjálfsagt að halda við öllum hinum gömlu, einstöku útgjöldum, getur ekki hjá því farið, að byrðarnar aukist stöðugt.

Ég get ekki komið hjá því að minnst á það, sem kom fram hjá sumum hv. þm., að landhelgisgæzlan væri að spillast. Ég vil geta þess, að þegar sú þál. var samþ., sem hv. þm. Vestm. las hér upp, var það gert með atkv. Sjálfstfl. og Alþfl., móti Framsfl. Þótt ég hefði greitt atkv. á móti till., beygði ég mig fyrir þessari samþykkt, og átti ég þátt í að kaupa það skip, sem hér er rætt um. Get ég verið þakklátur fyrir, að skipið skuli hafa reynzt svo vel sem raun ber vitni um, að menn eftir mörg ár skuli vera ófáanlegir til að selja það. Hygg ég því, að það sé ofmælt, sem sumir hafa haldið fram, að þetta skip væri illa keypt. Þykir mér ólíklegt, að svo hafi verið, þar sem það þykir nú slíkur kjörgripur.

Þegar ég fór úr ríkisstj. árið 1932, átti ríkið 3 gæzluskip, Ægi, Óðin og Þór. Sú stj., sem þá tók við, taldi ómögulegt að halda skipunum öllum úti. Tók hún því upp þann sið, sem að meira eða minna leyti hefir haldizt við síðan, að láta skipin liggja til skiptis. Þetta var að vísu nokkur sparnaður, en ekki þó mikill. Niðurstaðan varð sú, að meiri hl. Alp. ákvað að selja Óðin, ekki af því, að skipið væri ekki gott, heldur af hinu, að ríkið hafði ekki ráð á að halda því úti. Síðan hefir fyrirkomulagið verið þannig, að Ægir hefir gengið alltaf og Þór 5 máni. ársins og svo viku

og viku við fiskirannsóknir á Faxaflóa og annað smávegis. En þetta er ekki nein heildarnotkun á skipinu og Þór hefir yfirleitt alls ekki verið notaður sem landhelgisgæzluskip, heldur sem björgunarskip við Vestmannaeyjar og til fiskirannsóknna. Þess vegna eru þær röksemdir, sem hér eru bornar fram, að landhelgisgæzlan myndi versna, ef Þór yrði seldur, ekki byggðar á veruleika. Ástæðan til þess, að Þór hefir ekki gengið allt árið, er vitaskuld sú, að það hefir verið of kostnaðarsamt, og þessa sparnaðarráðstöfun hefir þingið samþ. hvað eftir annað.

Ég vil sérstaklega benda Vestfirðingum á að athuga, hvernig hefir veiðzt á grunnmíðum á fjörðum eins og Arnarfirði síðari árin, og munu þeir þá komast að annari niðurstöðu en í ræðum sínum áðan. Eftir öllum gögnum að dæma, sem fyrir liggja, hefir landhelgisgæzlan batnað við það, að bátunum hefir fjölgað. Kemur þetta til af því, að síðan talstöðvarnar voru teknar upp og skeytasendingar milli skipa, veit allur togarafloinn, hvar okkar stóru gæzluskip eru. Þess vegna er sú skoðun, sem kom fram hjá einum hv. þm. nýlega, að landhelgissjóður fengi svona litlar tekjur vegna þess, hvað gæzlan væri léleg, algerlega röng. Þetta er einmitt af því, hvað gæzlan er góð. Og jafnvel þótt við hefðum efni á því að hafa 3 varðskip eins og Ægi, mundu fáir togarar verða teknir, og því færri, sem gæzlan væri betri, því þá hræðast togararnir skipin. Áður fyrr, þegar gamli Þór annaðist björgunarstarfsemi við Vestmannaeyjar, tók hann einu sinni 8 eða 10 togara á einum mánuði, samhlíða gæzlunni. Voru þetta flest þýzkir togarar á veiðum við Portland. Nú er þetta, sem betur fer, úr sögunni. Þýzkir togarar eru næstum allveg hættir að sjást í landhelgi, franskir togarar koma þar varla, enskir togarar lítið eitt, og sama má segja um þá íslenzku.

Af þeim ástæðum, sem ég þegar hefi greint, vil ég því leyfa mér að halda fram, að sannað sé, að það verði ákaflega erfitt fyrir skip eins og Óðinn gamli var eða fyrir Ægi að ná togara í landhelgi, vegna þess hvað þeir eru varir um sig og miklu hægara er að sjá til stórra varðskipa en lítilla báta. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að menn séu almennt fallnir frá þeirri skoðun, að við eigum að byggja okkar landhelgisgæzlu á stórum skipum.

Hv. þm. Vestm. hélt því fram í sinni ræðu, sem hann flutti að vísu með hógværð og kurteisi, eins og hans var von, að landið væri bundið samningum um gæzluskip við Vestmannaeyjar, sem ekki mætti breyta. Ég vil benda hv. þm. á — án þess að það séu hnútur til Vestmannaeyinga —, að í þessum samningum frá 1926 var gert ráð fyrir því, að Vestmannaeyingar borguðu talsverða þóknun fyrir þetta gæzluskip, 15000 kr. á ári. Meðan ég var í stj., lentu þeir í vandræðum með þessa greiðslu, ekki af því, að þeir vildu ekki borga, heldur af sömu ástæðu og fjrvn. flytur þessa till., að þeir áttu erfitt með að borga. Og þessi greiðsla féll niður. Þerur nú ekki Vestmannaeyingum, bæði uppþótarþm. og aðalþm., dottið í hug, að landið í heild hafi ekki nægilega peninga til alls, úr því þeir höfðu ekki fé til þess að standa í skilum með þessa greiðslu?

Ég hefði ekki að fyrra bragði farið að tala um þessa hluti og ég tel það á engan hátt ámælisvert fyrir Vestmannaeyinga, þótt svona færi, en ég álit samt sem áður, að Vestmannaeyingar megi gjarnan muna þetta, ef þeir telja, að ekki eigi að taka tillit til annara en þeirra.

Þá vil ég út af ræðu hv. þm. Ísaf. benda á, að mér þykir furðulegt, að hann, sá góði maður, skuli vera svo trúður á, að halda eigi við öllu gamla kerfinu, þar sem hann veit, að samhliða því er ekki hægt að koma björgunar- og gæzlu-málum við Vestfirði í það horf, sem hann og þeir þar vestra óska eftir, sem sé að fá þangað bát á stærð við Óðin. Og af hverju er þetta ekki hægt? Það er af þeirri einföldu ástæðu, að það vantar peninga. Ef á að halda úti skipi við Vestmannaeyjar, sem kostar 200 þús. kr. á ári, hefir það óhjákvæmilega þær afleiðingar, að minna verður hægt að leggja til björgunarstarfsemi við Austfirði, Vestfirði og fyrir Norðurlandi. Þeir ágætu þm., sem staðráðnir eru í því að drepa þessa till., mega því teljast ákaflega óeigin-gjarnir, þar sem vitað er, að af sigri þeirra leiðir, að minna verður gert fyrir þá.

Ég viðurkenni, að sjórinn við Vestmannaeyjar sé verri en við flóana vestanlands og austan og fyrir Norðurlandi, en ég álit, að hann sé ekki það miklu verri, að Vestmannaeyingar eigi að hafa 200 þús. kr. bát hjá sér, en allir aðrir að láta sér nægja litla báta og ófullkomna.

Ég skal geta þess, að á Vestfjörðum er búið að skjóta saman 60 þús. kr. — og ég held álika miklu á Norðurlandi — í bát eins og Óðinn. Og þar eru menn á eitt sattir um það, að heppilegast sé, að þessi bátur annist bæði björgunar-störf og landhelgisgæzlu.

Ég þykist vita, að þessi till. muni verða felld. En málið er ekki leyst fyrir því. Það er eftir að ráða fram úr, hvernig séð verður fyrir gæzlu-nni við Austfirði, Vestfirði og fyrir Norðurlandi. Og ég vil biðja hv. þm. að muna það, að þegar við vorum búnir að kaupa 3 stór skip til landhelgisgæzlunnar, var hætt að nota þau, af því að við höfðum ekki ráð á að halda þeim úti.

Í sambandi við Sæbjörgu vil ég aðeins taka það fram, að það er rétt, að ekki hefir komið til þingsins nein ósk um kaup á henni, enda mundi ekki um nein kaup að ræða, því ég hygg, að ef að því kæmi, að félagið vildi losna við hana, mundi það gefa landinu hana.

Ég vil skjóta því til hv. þm., ekki sít hv. þm. Vestm., að mér kemur það furðulega fyrir sjónir, að hér við Faxaflóa hefir verið lagt stórfé í Sæbjörgu og unnið við byggingu hennar af lærðum skipstjórum. Og hver er niðurstaðan? Jafnast þetta skip á við Þór, eða er það eins hraðskreitt og Óðinn? Menn vita, að þetta skip er búið allt öðruvísi út en Þór og að það hefir veikari vél en Óðinn. Og þetta á að vera björgunarskip sjómanna á Faxaflóa. Þess vegna held ég, að það sé ofrausn hjá þeim mönnum, sem því halda fram, að við getum tryggt Vestmannaeyinga betur en með Óðni og Ægi, úr því Faxaflói á að láta sér nægja Sæbjörgu.

Þá vil ég víkja fáeinum orðum að vitamálastjóra. Fyrir nokkrum árum kom til orða hér á þingi að selja vitabátinn. En af því að þáv. vita-

málastjóri var gamall maður og þetta var viðkvæmt mál fyrir hann, þá var horfið frá þessu ráði. Menn vissu líka, að vitamálastjóri væri að því kominn að hætta störfum og gerðu ráð fyrir, að eftirmaður hans mundi ekki hafa sömu sögulegu viðkvæmnina gagnvart þessu skipi og hægara mundi verða að koma við rökum í þessu máli hvað hann snerti. Þetta hefir þó ekki reynzt þannig að öllu leyti. Þótt núv. vitamálastjóri hafi ekki verið lengi í embætti, virðist hann ætla að halda eins fast í þennan bát og fyrirrennari hans.

Ég vil segja vitamálastjóra það, að þetta bréf, sem hann las hér upp eftir fyrirrennara sinn, hefi ég að litlu, því þótt sá mæti maður hafi margt vel gert, get ég upplýst, að í minni kjördæmi lét hann byggja 200 m. langa bryggju, beint á móti opnu hafi, þótt hægt væri að koma henni þannig fyrir, að hún gæfi skjól. Og dóm þess sérfróða manns, sem bar ábyrgð á slíku verki, hefi ég að engu um alla þess háttar hluti.

Reynsla mín af ýmsum sérfræðingum hefir verið þannig, að ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að þótt þeir séu nauðsynlegir, megi ekki taka orð þeirra eins og goðsvör, því þeir eru ófullkomnir eins og aðrir menn. Það má segja frá því hér, að fyrir skömmu síðan fengum við í fjvn. tilmæli um að leggja 25 þús. kr. í brimbrjótinn í Bolungavík. Í þennan brimbrjót hefir áður verið lagt of fjár, og hafa margir sérfræðingar gert till. um hann, enda átti hann fyrir mörgum árum síðan að vera orðinn ódrepanði. En svona er reynslan. Þess vegna er það, að sérfræðingar fá aldrei fyrirfram skorið úr því, hvernig bezt er að haga rekstri og öllu fyrirkomulagi þessara skipa, sem hér er deilt um, þótt þeir verði hafðir með í ráðum. Og líklega verður það að lokum pyngja ríkissjóðs, sem segir til um, hvernig eigi að koma þessu fyrir.

Hv. 6. landsk. sagði okkur, hvernig við eigum að koma þessu fyrir, en úti í hina ágætu ræðu hv. vitamálastjóra ætla ég ekki að fara að ráði, ræðu, sem myndi vera ómögulegt að flytja nema hér. Ég ætla ekki að þreyta þingheim verulega til viðbótar við þær umr., sem þegar hafa farið fram um þetta mál.

Hv. 6. landsk. sagði, að við yrðum að eiga skip til flutninga. En við eigum eitt stórt varðskip, og við eigum auk þess nokkra varðbáta, sem ekki hafa neitt annað að gera en að lóna kringum strendur landsins. Það er skiljanlegt, að suma menn skorti ímyndunarafli til að geta notað þá til þessa, því það þarf fjör og vilja til að sjá slíkt. Við Íslendingar eigum að laga okkur eftir kringumstæðunum. Ég hefi ekki mikla hugmynd um, hve mikið er hægt að hafa upp úr vitabátinum. En það yrði talsverður munur, hvort við eyddum 60 þús. kr. á ári í það, að hafa þetta vitaskip við strendur Íslands til viðbótar við bátana, er geta gert sama verk, eða spóruðum okkur þau útgjöld. Ég vildi, að hv. vitamálastjóri ynni ekki aðeins þann sigur að fella þessa till., heldur einnig, að kringumstæður okkar yrðu svo góðar, að við gætum leyst okkur að ausa út peningum. Það er náttúrulega skemmtilegt fyrir vitamálastjóra að hafa þetta skip, en ekki þjóðarnauðsyn fyrir því.

Ég ætla nú að segja eitt dæmi um það, hvernig menn komast á löngum tíma að raun um, að það er hægt að laga sig dálítið eftir kringumstæðunum.

Á fyrsta Alþ., sem ég átti sæti á, en það var 1923, bar ég ásamt Sveini í Firði fram till. um, að varðskip yrði byggt, sem bæði annaðist landhelgisgæzlu og hefði líka útbúnað til þess að geta dregið út strönduð skip. Það áttu menn að sjá, að það var ákaflega hentugt að hafa varðskip við strendur Íslands, er gæti leyst þetta tvöfalda hlutverk forsvaranlega af hendi. En þá komu sjávarútvegsmenn og sögðu: Þetta er ekki hægt. Hvernig fer um landhelgisgæzluna, þegar varðskipið er að draga út strönduð skip? En eftir stuttan tíma fór útlenda varðskipið burtu, og við Íslendingar urðum að annast landhelgisgæzluna sjálfir, og varðskipið dró líka út strönduð skip, og þegar till. kom, urðu allir ánægðir með það.

Þessi till. frá fjvn. miðar að því sama, sem till. um byggingu varðskips, sem sé, að við Íslendingar lögum okkur eftir okkar kringumstæðum.

Mér hefir fundizt, að þeim mönnum, sem hafa andmælt þessari till., fari nokkuð líkt og þeirri þrýðilegu drottningu, sem sagðist ekkert skilja í fólkinu, að vera að svelta, — það ætti bara að borða smjórið sitt og brauðið.

*Emil Jónsson: Það eru aðeins örfá orð, sem mig langar til að segja. Ég held, að hv. þm. S.-Þ. hafi alveg misskilið mig. Ég er á móti þeirri till. í þessu máli, er kom frá fjvn., ekki vegna þess, að í henni felist sparnaður fyrir rikissjóð, heldur vegna þess eins, að verði horfið að því ráði, sem sú till. gerir ráð fyrir, verður það ekki sparnaður, heldur þvert á móti dýrara fyrir rikissjóð. Hv. þm. S.-Þ. talaði um, að það væri ekki hægt að lækka skatta og tolla, því að við, sem hefðum andmælt þessari till. frá fjvn., gerðum slíkar lækkanir ókleifar með því að vera á móti till. Það var sannarlega ekki meining mín að vera á móti því, að hagnaður rikissjóðs yrði gerður sem mestur og að sparað yrði sem mest; ég vildi fylgja hverri þeirri leið til lækkanar, sem ég teldi bezta og hagkvæmasta, ekki aðeins fyrir embættismenn, heldur líka fyrir rikissjóð. En það, sem gerði, að ég var á móti þessari till. fjvn., var, að sala Hermóds myndi fyrst og fremst verða kostnaðarauki fyrir ríkið. Þeir bátar, sem vitamálastjóri þyrfti að hafa undir höndum, ef Hermóður yrði seldur, myndu verða dýrari en hann. Þetta er það, sem fyrir mér vakir, og ég hefi athugað þetta mál rækilega og mun reyna að sanna það.

Ég mun ekki fara mikið út í það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, aðeins minnast á tvö atriði, sem hann drap á í ræðu sinni. Hann sagðist ekki geta fallizt á rök fyrrv. vitamálastjóra, sem hefði átt þátt í því, að bryggjan var byggð á Húsavík og brimbrjóturinn í Bolungavík, sem ekki hefði staðizt sína raun. Ég hefi ekki heyrt annað en að bryggjan á Húsavík hafi staðizt sína raun, en ég hefi heyrt, að hún hafi orðið of dýr, og ég vil leggja áherzlu á, að það er nokkuð annað að framkvæma byggingu hafnarmann-

virkja eða leggja vitakerfi landsins frá rötum, eins og fyrrv. vitamálastjóri gerði. Ég hefi engan mann, hvorki útlendan né innlendan, heyrt vefengja það, að skipulagið, sem hann valdi fyrir vitakerfi landsins, sé rétt fyrir íslenska staðhætti. Samkv. minni reynslu í þeim efnum held ég, að hann hafi hitt á langheppilegasta fyrirkomulagið á þeim málum, sem okkur verði affarasælast að búa við. Aftur á móti kynni það að orka tvímælis um þau hafnarmannvirki, sem hann hefir verið riðinn við, en það breytir engu um álit á honum sem kunnáttumanni á sviði vitamála. Varfærnuðu innlendir og erlendir kunnáttumenn á sviði vitamála hafa ekki haft neitt verulegt út á vitakerfi Íslands að setja.

Um brimbrjótinn í Bolungavík og bryggjuna á Húsavík gæti ég haldið langa ræðu, því að ég hefi sett mig nokkuð inn í bæði þau mál. Ég tel, að hv. þm. S.-Þ. hafi kallað sök fyrrv. vitamálastjóra meiri í háðum þessum tilfellum en rétt var. Án þess að ég ætli að fara að ræða það mál hér, vil ég benda á, að þær aðgerðir á brimbrjótum í Bolungavík, sem dýrastar hafa orðið, hafa ekki verið gerðar samkv. ráðum fyrrv. vitamálastjóra, heldur móti þeim. Í öðru lagi er það að segja um bryggjuna, sem gerð var á Húsavík, að í hana mun hafa verið ráðizt án þess að leita tillagna hans, en hann átti að ráða, hvaða leið væri farin.

En þetta kemur ekki vitamálum landsins við, sem enginn, ekki einu sinni hv. þm. S.-Þ., hefir borið bríður á, að væru haganleg fyrir landið. Hv. þm. S.-Þ. spurði, hvað landhelgisbátnir hefðu annað þarfara að gera en að sinna þessum málum. Ég man ekki, hvort hann var hér inni, þegar ég var að lýsa því, hvert væri hlutverk Hermóds. Oft er mikið, sem þarf að flytja til vitavardanna, þar sem þangað verður að flytja bæði kol, málningu, neytluvörur og fleira, en það eru sumpart vörur, sem ekki er víst, að aðrir vilji taka að sér að flytja. (SÁÓ: Þeir hafa ekki farrými til þess.) Farrýmið er takmarkað, en ef möguleikar eru fyrir Hermóð að hafa meðferðis léttabáta þá, sem þarf til að komast að vitunum, er þó hægt að flytja vörur þangað. En án léttabáta væru flutningar með landhelgisbátunum mjög erfiðir og í sumum tilfellum ókleifir.

Þá sagðist hv. þm. S.-Þ. geta skilið það, að mér þætti gaman að geta ausið út peningum eins og ég vildi, og gaf hann það með því í skyn, að meiru hefði verið eytt til vitamála en þörf er á. En ég leyfi mér að fullyrða, að ég hefi rækt þannig starf mitt, að ég hefi viðhaft alla þá viðleitni, sem frekast var unnt, til að draga úr kostnaðinum við rekstur Hermóds, og rekstrarkostnaðurinn við vitana hefir verið lækkaður úr 70 þús. kr. niður í 48 þús. kr. á ári. Ég fullyrði það, að eigi er unnt að draga úr þeim kostnaði miklu meira en enn hefir verið gert, en ef það eiga að vera launin, sem embættismenn rikisins fá fyrir að reyna að draga úr kostnaðinum, að reksturinn er lagður á annan og óhaganlegri grundvöll, verður það ekki uppörvandi fyrir þá að reyna lækkanir á útgjöldum rikisins. Vitamákerfið hefir gert það að verkum, að unnt var að draga úr rekstrar-

kostnaðinum án þess að öryggi vitanna og starfsemi þeirra liði nokkuð við það. Útgjaldakostnaður við þá hefir lækkað um 20 þús. kr. á ári. Ég veit að visu ekki, hvort hægt verður að halda þeim kostnaði í sama horfi framvegis, því að allt hefir nú hækkað í verði. En það er heppilegt að leitast við að spara á hvern þann hátt, sem hægt er án þess að það hefni sín strax aftur.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Það er aðeins stutt aths., sem ég ætla að gera. Ég vildi aðeins minnst á eitt atriði í sambandi við þetta mál. Hv. form. fjvn. (JJ) gat þess, að Vestmannaeyingar hefðu ekki á undanförunum árum greitt tillag til útgerðar Þórs eins og upphaf-

lega hefði verið tilskilið. Þetta er rétt, en þessi skylda var látin falla niður af dómsmrn. eftir till. sjútvn., enda þótt Alþ. á sínum tíma hefði samþ. það, og dómsmrn. skerti ekki að neinu leyti annan rétt Vestmannaeyinga til þessa skips. Þegar sá úrskurður dómsmrn. var kveðinn upp, var tekið tillit til þess, að Vestmannaeyja-bær hefir orðið fyrir ákaflega miklum fjárútlátum til útgerðar skipsins meðan það var í einkaeign, og jafnvel líka eftir að það var farið að hafa miklar ferðir sem strandherskip fyrir ríkið. Ég vildi gefa upplýsingar um þetta fyrir hv. form. fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 21:14 atkv.

Pingsályktunartillaga tekin aftur.

Atvinna við siglingar.

Á 100. fundi í Ed., 3. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar (A. 671).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég ætla aðeins að geta þess, að þingskjal það, sem vísað er til um þetta mál, er verið að prenta upp. Ég tel, að ákveða megi umr. fyrir því, þar sem uppprentaða þingskjalið er um sama efni, aðeins fyrirsögninni breytt.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 101. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég skal stytta mál mitt, þar sem mjög er liðið á nótt. Eins og sést í grg. till., var efni hennar borið fram í 2. gr. í frv. til 1. um ýmsar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands, sem hér var á ferðinni fyrir nokkru. Menn þekkja það kannske undir öðru stytta nafni. Í meðferð þessa máls féll þessi 2. gr. út úr frv., en við flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir, hv. 5. landsk. þm. og ég, viljum tæplega una því, að vilji Alp. — a. m. k. þessarar hv. d. — komi ekki í ljós um þetta efni. Því að við litum svo á, að með þeirri löggjöf, sem á seinni árum hefir verið sett um atvinnu við siglingar, hafi íslenzkri útgerð, bæði til fiskiveiða og útgerðar flutningaskipa, verið bundinn of háar baggi, og þyngri baggi heldur en tíðkast meðal ýmissa nágrannaþjóða okkar, sem þó eru taldar standa okkur jafnfætis í siglingamálum. Með þessu vil ég þó ekki segja, að minn vilji sé, að dregið verði úr öryggi um stjórn íslenzkra skipa. En það er vit-að, að a. m. k. sumstaðar myndi vera hægt að fækka skipstjórnarmönnum án þess að svo væri. Ég vil taka sérstaklega fram, að það, sem olli því, að ég vildi ekki una við þau úrslit, sem urðu um þessa 2. gr. „höggormsins“, var alveg

sérstaklega með tilliti til íslenzkra veiðiskipa. Má miklu fremur una við ákvæði laganna að því er farþega- og flutningaskip snertir. Eins og allir vita, hefir útgerðinni verið breytt á síðari árum, þannig að veiðibátar hafa yfirleitt verið stækkaðir, og er því krafizt, að á þeim séu lærðir og dýrir skipstjórnarmenn og véla-menn. Þetta hefir bakað útgerðinni mikil útgjöld og áreiðanlega í mörgum tilfellum óþörf. Ég jata að vísu, að fullrar varúðar þarf að gæta í þessum efnum, en hitt er jafnvíst, að með löggjöf síðustu ára hefir verið gengið of langt í kröfunum á hendur útgerðinni. — Ég gæti farið lengra út í þetta mál og komið með álit kunnugra manna, sem þessum málum eru t. d. a. m. k. eins kunnugir og hv. 2. landsk. þm., og mundi það styðja það, sem ég hefi sagt. En vegna tíma-sparnaðar ætla ég að sleppa því.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Þessi till. fer fram á að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á 1. um atvinnu við siglingar, til þess að grundvöllur fái undir ákvarðanir um, hvort fært þætti að lækka útgerðarkostnað skipa. Nú liggur þetta mál þannig fyrir, að 1938 sat n. á rökstólum í þeim tilgangi að rannsaka þetta mál. Ég hefi nú fengið upplýsingar, sem ég hygg, að hv. flm. muni ekki kunnugt um, um það, að þessi n., sem skipuð er 5 mönnum, skillaði álit til fyrrv. ríkisstj. í jan. síðastl. N. klofnaði þannig, að 3 skiluðu sérstökú nál., en 2 nm. aftur öðru álit. Ríkisstjórnin hefir ekki mér vitanlega séð þetta álit, a. m. k. hefir það ekki komið fyrir mín augu. Það mun hafa verið sent sjútvn. Nd., og þar mun það liggja. Ég mun í tilefni af þessari till. sjá um, að þetta álit verði mér sent. Ég mun svo kynna mér það og þær skoðanir, sem koma fram hjá báðum aðilum. Einnig mun ég taka til athugunar, hvort mér þykir tímabært að leggja fyrir Alp. einhverjar till. um það, sem þessi þáltill. fjallar um. Ég vænti því þess, að að fengnum þessum upplýsingum þyki hv. flm. till. málinu borgið á þann hátt, sem þeir ætlast til með till.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég tel, eftir að hafa heyrt yfirlýsingar hæstv. atvmrh., að þessa till., sem hér liggur fyrir, sé óþarfi að láta koma til atkv. Hinsvegar er gagnlegt, að hún skyldi koma fram, ef hún verður til þess að vekja athygli stjórnarinnar á þessum málum, sem legið hafa í salti um lengri tíma. Ég tek till. því aftur.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Ríkisreikningurinn 1937 (till. minni hl. fjhn. Nd.).

Á 71. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. vegna athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins 1937 (A. 357).

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

*Jón Pálmason: Ég vildi aðeins mælast til, að umr. um þessa till. og þá næstu, þ. e. 10. málið á dagskránni, verði látnar fara fram um leið og 1. málið á dagskránni, um ríkisreikninginn, því að þær eru ekki annað en nál., þannig, að umr. verði ekki tvískipt.

*Sveinbjörn Högnason: Ég vildi geta þess í sambandi við ræðu hv. þm. A.-Húnv., er hann sagði, að þessar till. til þál. séu nál., að það hefir talast svo til fyrir okkur, sem till. höfum borið fram, að þær verði teknar út af fyrir sig, en ríkisreikningurinn látinn ganga sinn gang.

*Forseti (JörB): Ég hygg heppilegast, að umr. fari fram hver út af fyrir sig, og verði sérstakar umr. um till., því í þeim umr. verður gerð grein fyrir ástæðum fyrir því, að þær eru fram bornar. Það virðast líka allir sammála um, að Alþ. samþ. frv. um samþykkt á ríkisreikningnum, og því geti það gengið sinn gang, en umr. fari svo fram í sambandi við þáltill. Það er varla hægt að koma því við að hafa sameiginlegar umr. um þessi mál, því þáltill. eru sérstök þingmál, og álit ég, að umr. verði að fara fram sérstaklega um þær, og vitanlega snertir það þá frv. um ríkisreikninginn. Getur mér ekki skilist annað en að menn geti fallizt á þetta. (JPálm: Ég get ekki fallizt á þetta). Hv. þm. A.-Húnv. skaut því nú inn í, að hann geti ekki fallizt á þetta. Þá veit ég ekki, hvernig hann ætlar að ræða málin. Ég ætlast til, að umr. fari fram sérstaklega um þáltill., en ekki í sambandi við frv. um ríkisreikninginn. Hefir fjhn. fullkomlega fallizt á þetta í viðtali við mig.

*Jón Pálmason: Það verður líklega svo að vera, sem hæstv. forseti hefir stungið upp á, og verður það víst að skeika að sköpuðu, hvernig

þær umr. falla. En þannig hefir verið tekið á þessu máli af meiri hl. fjhn., að það verður ekki af minni hálfu látið fara umræðulaust í gegnum þær umr., sem hér liggja fyrir í dag.

Ég mun hafa sagt það við hæstv. forseta í gær, að ég teldi sjálfsagt og eðlilegt, að þessar umr. færu fram samhliða. Að öðru leyti verður það að ráðast, hvernig fer með þessar umr.

*Forseti (JörB): Það er á valdi hv. þm., hvernig þm. haga þessum umr., því þeir hafa það frjálsræði, að þeir ráða, hvenær þeir kveðja sér hljóðs um hvert þingmál. En ég hélt, að hv. þm. vildu hafa það á sem einfaldastan hátt, og á þann veg, sem best ætti við.

Hv. þm. A.-Húnv. getur verið viss um það, að ég veiti honum orðið, ef hann kveður sér hljóðs.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

2. Ríkisreikningurinn 1937 (till. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 75. fundi í Nd., 5. des., var útbýtt:
Till. til þál. vegna ríkisreikningsins 1937 og athugasemda endurskoðenda við hann (A. 379).

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

3. Launa- og kaupgjaldsmál.

Á 98. fundi í Nd., 3. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um launa- og kaupgjaldsmál (A. 674).

Á 101. fundi í Nd., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi,

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 slhj. atkv. Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 102. fundi í Nd., 4. jan., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 slhj. atkv.

*Flm. (Skúli Guðmundsson): Með þeim breyt., sem nú nýlega hafa verið gerðar á l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, geri ég einnig ráð fyrir kaupgjaldsbreyt. fyrir þetta ár, og verði þær miðaðar við hækkun framfærslukostnaðar. En í þeim l., sem ég minnst á, er ekki tekið tillit til afkomu framleiðenda í landinu að öðru leyti en að meðalverð er tekið á neyzluvörum og vísitala þeirra útreiknuð sem kaupgjald framleiðenda, en ekki tekið tillit til framleiðslu á vörum til útflutnings. Hugtakið „búskapur þjóðarinnar“ er það, sem hagar þjóðarinnar byggist á fyrst og fremst. Launagreiðslur fyrir embætti og aðra starfsemi og kaupgjald í landinu hljóta að fara að einhverju leyti eftir afkomu framleiðendanna. Hæstv. viðskmrh. (EystJ) hefir lýst því, hver væri skoðun Framsfl. í þessum efnum, og hann lét þess getið, að Framsfl. hefði óskað þess, ef kostur hefði verið á að skeyta ákvæði inn í l. um breyt. á gengisskráningu, er gerði það að verkum, að framleiðendur hefðu einhver áhrif, þegar breyt. á kaupgjaldi eru ákveðnar, og tekið yrði tillit til þess, að eðlileg afkoma launastéttanna í landinu fari að einhverju leyti eftir hag framleiðendanna í landinu. Þegar vel gengur, er rétt, að allir landsmenn beri eitthvað meira úr býtum en annars. Á hinn bóginn er eðlilegt, að erfiðleikar framleiðendanna í landinu leggjast að einhverju leyti á allar stéttir þjóðfélagsins. Ég verð því að telja, að mikil nauðsyn beri til þess, að reynt verði að finna vísitölu og útreikningar framleiðenda hafðir til hliðsjónar við launa- og kaupgreiðslur. Vitanlega kemur hér margt til athugunar, þegar um það er að ræða, hvað hver einstök framleiðslutegund hefir mikið að segja, og vitanlega er verðlagið alls ekki hið eina, sem hefir áhrif á hag framleiðendanna í landinu. Þar kemur vörumagnnið einnig til greina, enda þótt sennilega verði erfitt að finna reglur fyrir útreikningi á þessu hvorutveggja, er þarna kemur til greina. Þegar verðlagið færast í jafnvægi, mun tæplega verða umflúið að setja ný launal., því að núgildandi launal. eru orðin úrelt að ýmsu leyti og eiga ekki við það ástand, sem nú ríkir á ýmsum sviðum. En þegar að því kemur, að ný launal. verði sett, væri afar-mikilsvert, að búið væri að finna nothæfar reglur til að fara eftir við þennan útreikning, og það ætti að láta slíkt hafa einhver áhrif á launa-ákvæðin, þegar þar að kemur.

Ég ætla ekki að eyða tíma í frekari umr. um þetta mál, en vil vænta þess, að þessi þáttill. verði samþ. Einnig vona ég, að hæstv. ríkisstj. takist að finna til þess fróða menn og glögga, að finna þann grundvöll, sem við flm. þessarar till. óskum eftir.

Alpt. 1939. D. (51. löggjafarþing).

*Haraldur Guðmundsson: Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vildi bera þessa till. undir atkv. í tvennu lagi, fyrri hlutann sér aftur að orðunum „verðbreytingum á íslenskum framleiðsluvörum, sem hafa mætti til hliðsjónar“, o. s. frv. Ég get greitt atkv. með fyrri hl. þessarar till., en ekki hinum síðari. Fyrsti flm. þessarar till., hv. þm. V.-Húv., hefir drepið allýtarlega á það, að í sambandi við l. um gengisbreyt. hefði ekki verið tekið tillit til verðbreytinga á íslenskum framleiðsluvörum. Það var horfið frá því að setja slíkt ákvæði inn í l. um gengisskráningu, því að þeim mönnum, er að lögunum stóðu, var það ljóst, að í fyrsta lagi myndi verða svo að segja ómögulegt að finna slíkan mælikvarða, er vit væri í, og í öðru lagi ekki sanngjarnt að ætlast til, að kaupgjald í landinu skyldi miðast við slíkt, nema a. m. k. samtímis yrðu sett ýms fleiri ákvæði í l. þess efnis að tryggja verkalyðnum meiri áhrif á stjórn og þar með afkomu fyrirtækjanna en nú er. Ég vildi að lokum áréttta tilmæli mín við hæstv. forseta.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég ætla ekki að lengja umr. mikið, en vil þó aðeins drepa á það, að hjá þeim ræðumönnum, er hér hafa áður talað, kennir allmikils misskilnings á orðinu „framleiðendur“, enda er það orð mjög oft misnotað, ekki síður en orðið „vinnuveitendur“. Verkalýðurinn á Íslandi, verkamenn og sjómenn, eru stærsti framleiðandinn í landinu; það eru þeir, sem sækja fiskinn í skaut Ægis og afla þeirrar framleiðslu, sem er stærsti liðurinn í útflutningi landsmanna. Bændur Íslands, þ. e. a. s. hin vinnandi bændastétt, er annar stærsti framleiðandinn, því að landbúnaðarafurðir eru næststærsti liðurinn í útflutningi landsmanna. En útgerðarmenn og þessh. eru í rauninni alls ekki framleiðendur, nema að því leyti sem þeir teljast eiga framleiðslutækin, því að þeir snerta aldrei á framleiðslunni sjálfir.

Í þessari till. er svo mikill hugtakaruglingur, að ég hefi ekki trú á því, að nokkuð almennilegt gæti út af því komið. Sjálfur frsm. talaði um framleiðendur og launastétt sem andstæður. Þetta kom fram sem ólík hugtök, en er raunar það sama. Ég verð að segja, að það, sem ýmsir framsóknarmenn komu með inn í kaupgjaldsmálið, er að haga því á hverjum tíma eftir verði á framleiðsluvörum landsmanna. Það er afarfjarri lagi, meðan það skipulag, sem nú er, stendur. Þetta verður að gera sér ljóst, ef vel á að fara, sérstaklega meðan þau ákvæði eru sett í þjóðfélaginu, að þeir, sem kaupa vinnuaflið, leggi það fyrir sig að spekulera með það eins og mest þeir mega. Allt vinnuafli er eign launastéttarinnar í landinu, og þannig skapast völd þessarar stéttar með því að kaupa vinnuaflið. Það er því undir hennar stjórn komið, hverskonar verð fæst fyrir afurðirnar á hverjum tíma. Mér finnst ástandið vera þannig, að ekki sé hægt að ætlast til þess, að þeir, sem selja sitt vinnuafli, beri neina ábyrgð á og taki við afleiðingunum af, hvernig þessi stétt, sem kaupir vinnuaflið, rækir sitt starf. Það, sem felst í till. framsóknarmanna, er að láta þá,

sem kaupa vinnuaflið, fá það fyrir sem minnst verð. Ef verkalyðsstéttin í landinu á að fá kaup að einhverju leyti í samræmi við verð vörunnar á hverjum tíma, verður hún að fá að ráða sölu vinnuaflsins. Þetta vildi ég rétt minnst á, rétt til þess að rifja upp fyrir einstaka þm., hvernig afstaða málsins er í raun og veru, en sem hv. flm. virðist hafa alveg gengið framhjá. Það fæst ekki með þessum rannsóknum nein undirstaða, sem hægt er að leggja til grundvallar fyrir kaupgjald í landinu.

Ég vil ekki fara lengra út í þetta mál að svo komnu, en læt nægja að segja mitt álit, eins og ég gat um áðan, en það er, að hér hefði orðið hugtakaruglingur hjá þeim, sem málið fluttu.

*Pétur Halldórsson: Ég vildi bara spyrja hæstv. forseta, hvort hann skilur efni þessarar till. Ég verð að játa, að mér er ómögulegt að skilja, hvert hún stefnir, eða hvað má ráða af orðalagi hennar. Ég sé ekki, að samband sé milli launagreiðslu embættismanna ríkisins og verðlags á landbúnaðarafurðum. Þar sem engin upplýsing er í grg., er fylgir till., óska ég eftir skýringu.

Forseti (JörB): Ég skal játa, að mér er ekki vel ljóst innihald till. En þó orðalagið virðist vera nokkuð loðið, er meininguna með henni hægt að finna við nána ihugun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVG.R.

Fyrri liður tillgr. samþ. með 17:5 atkv.

Síðari liður tillgr. felldur með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: SkG, StgrSt, SvBH, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EystJ, HelgJ, JÍv, JörB.

nei: ÓTh, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ, EOI, EmJ, FJ, GP, GSv, HG, ÍsIH, JakM.

PHann, PHalld, PO, EE greiddu ekki atkv.

4 þm. (StSt, GG, HV, JPálm) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 16:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 713), en till. var aldrei tekin á dagskrá í deildinni.

4. Samgöngur við Austfirði.

Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:

Till til. þál. um samgöngur við Austfirði (A. 47).

Á 18. fundi í Ed., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var till. tekin til einnar umr.

*Flm. (Magnús Gíslason): Á Austfjörðum hefir um langt skeið verið mikil og megn óánægja yfir þeim samgöngum, sem þessi landshluti hefir átt við að búa, og fyrir því höfum við hv. 9. landsk. leyft okkur að koma fram með þáltill. á þskj. 47, til þess að reyna að fá bót á þessu ástandi. Við förum fyrst og fremst fram á það, að strandferðunum verði framvegis hagað þannig, að ferðir verði jafnan hálfsmán- aðrarlega á milli Austfjarða og Reykjavíkur árið um kring, og í öðru lagi förum við fram á það, að hið nýja strandferðaskip verði notað til milli-ferða á sumrum, komi við á helztu höfnum Austfjarða, bæði á leið til lands og frá landi. Eins og kunnugt er, þá er vart um aðra samgöngu- leið að ræða frá þessum landsfjórðungi en sjó- leiðina. Það er að visu bilfært til Reykjavíkur, en sú samgöngubót hefir mesta þýðingu fyrir samgöngurnar á milli Norðurlandsins og Austfjarða, en minni þýðingu fyrir samgöngurnar við Reykjavík, því eins og kunnugt er, þá er þessi leið ekki fær sökum snjóá, nema 2—3 mán. ársins.

Um ferðir frá Austurlandi til Reykjavíkur, sem telja má, að almennt séu farnar, er ekki aðrar að ræða en sjóleiðina sunnanlands. Það má segja, að menn geti farið með strandferðaskipunum norður um, en það ferðalag tekur eina 10 daga og er mjög kostnaðarsamt, og er því sú leið alls ekki farin. Í till. er lagt til, að nokkuð verði bætt úr þessu. Sem stendur er aðeins einu strandferðaskipi ætlað að halda uppi þessum ferðum, sem sé Súðinni. Að visu skilja menn þetta svo, að það sé bráðabirgðaástand, þar sem skipautgerð ríkisins hefir nú annað skip í smíðum. Ef bæta á samgöngur milli Austurlands og Suðurlands, verður að hafa í huga, hvernig þeim var háttáð meðan bæði Esja og Súðin voru þar í förum, en samkv. áætlun þeirra fyrir árið 1938 fóru skipin 10 hringferðir vestur um land og 11 hringferðir austur um land. Auk þess 4 ferðir austur um til Siglufjarðar, þar sem snúið var við sömu leið til baka, og þar að auki eina ferð til Austfjarða eingöngu. Þannig voru farnar alls 15 ferðir frá Reykjavík sunnanlands til Austfjarða, og 16 ferðir frá Austfjörðum sunnanlands til Reykjavíkur. Á þessu ári hafa skip Eimskipafélagsins siglt til Norður- og Vesturlands og komið á allar helztu hafnir þar.

Til þess að gera sér grein fyrir því, hve nauðsynlegt er að bæta úr samgöngunum, verður að athuga þær á árinu 1938. Eins og kunnugt er, eru það aðallega fólksflutningar, vöruflutningar og pósthflutningar, sem strandferðaskipunum er ætlað að annast. Áður voru pósthflutnarnir þannig, að landpóstur kom einu sinni í mánuði til Austurlands, en fyrir nokkru var þessu breytt svo, að þær ferðir voru lagðar niður og strandferðaskipunum falið að annast þær. Þetta hefir, hvað Austurland snertir, orðið til mikils óhagræðis vegna þess, að nú liður lengra á milli þess, sem menn geta fengið pósth frá Reykjavík og komið pósti þangað heldur en áður var. Þannig var þessu svo varið síðastl. vetur, að samkv.

áætlun átti Súðin að koma frá Reykjavík 13. desember, og var það síðasta ferðin á því ári. Samkv. áætlun þessa árs var ekki hægt að fá póst aftur frá Reykjavík fyrr en með ferð, er féll þann 24. janúar, eða sjö vikum síðar.

Hvað snertir fólksflutninga, þá eru þeir alltaf að aukast frá Austfjörðum til Reykjavíkur. Til þess liggja margar ástæður, en fyrst og fremst það hörmungarástand, sem hefir ríkt — og ríkir enn — í atvinnulífi á Austfjörðum undanfarin ár. Fjöldi fólks hefir orðið að leita sér atvinnu í Vestmannaeyjum og verstöðvunum hér sunnanlands. Er það þýðingarmikið fyrir þetta fólk að komast suður á hæfilegum tíma og heim aftur þegar vertíð er lokið. Sama gegnir um skólafólk, sem mjög margt sækir skóla hingað suður. Því er mikið hagsmunamál að komast heim þegar skólum lýkur, svo það þurfi ekki að kosta sig hér meðan það biður ferðar, e. t. v. í hálfan mánuð til 3 vikur.

Einnig hefir öll verzlun færzt meira og minna til Reykjavíkur, í stað þess að áður fyrr fengu Austfirðingar vörur sínar beint frá útlöndum, og hefir því þörf fyrir þessar samgöngur einnig aukizt mjög hjá kaupslumönnum, sem nú verða að fara árlega hingað til að kaupa nauðsynjavörur, og eftir að verzlunarhömlurnar komu á, að tala við innflutnings- og gjaldeyrisnefndina til að fá þar innflutningsleyfi, því oft hefir ekki reynzt nóg að skrifa henni.

Loks eru svo Austfirðir verr settir en aðrir landshlutar vegna þess, að þar er ekkert fullkomið sjúkrahús. Því er fjöldi fólks, sem ekki getur fengið þar lækningu, einkum þegar um skurðlækningar er að ræða, og verða því að fara hingað. Á Austurlandi eru heldur engin röntgentæki, svo að þeir, sem e. t. v. ekki þurfa beinrar læknishjálp, verða samt að fara hingað til að vita, hvað að þeim gengur.

Hvað vöruflutningana snertir, flyzt minna og minna af vörum beint til Austurlandsins síðan verzlunarhömlurnar voru settar á, og ýmsar vörur, svo sem vefnaðarvörur, járnvörur og isenkram, eru alls ekki fluttar til Austurlands, heldur beint til Reykjavíkur. Sama er að segja um allar einkasöluvörurnar. Við þetta bættist, að ekkert af skipum Eimskipafélagsins, sem til Austurlands kemur, siglir beint til Hamborgar. svo að allar vörur, sem koma frá meginlandi Evrópu, verða að fara hingað fyrst. Úr þessu verður margskonar óhagræði fyrir þá, sem vörurnar eiga, og kostnaðarauki. Skipin koma e. t. v. erlendis frá daginn eftir að Esja eða Súðin hafa farið austur, og þá hafa vörurnar orðið að liggja hér til næstu ferðar.

Ég hygg, að hv. þm. sé ljóst, að úr þessari samgöngubörf verði ekki bætt með 15—16 ferðum á ári. Er það því engin fjarstæða, sem við förum fram á með þáttill., að ferðunum verði fjölgað upp í 24—26, eða svo, að ferð falli á hálfsmánaðar fresti. Hvernig ferðunum skuli að öðru leyti haga, höfum við ekki farið út í, en búumst við, að skipaútgærd ríkisins sjái fyrir því, en við álítum, að með 2 skipum, öðru hraðskreiðu, ætti að vera hægt að fullnægja samgöngubörfinni.

Hvað snertir samgöngur við útlönd, eru þær

alls ófullnægjandi, eins og gefur að skilja, þar sem aðalskipið, sem þar er til vöruflutninga, er Lagarfoss, sem samkv. áætlun er gert ráð fyrir að fari 8 ferðir á ári. Í þá átt er ekki farið lengra í kröfunum en að hið nýja millilandskip komi við á Austfjörðum á ferðum sínum til og frá landinu. Við höfum ekki séð ástæðu til að fara sérstaklega fram á, að skip Eimskipafélagsins komi við á Austfjörðum, en gerum ráð fyrir, að hæstv. Alþingi og hv. samgmn. beiti áhrifum sínum við Eimskip, svo sem bezt má verða.

Það, sem vakir fyrir okkur, er að fá strandferðaskipin til að koma það oft til Austfjarða, að góðar samgöngur fáiast við Reykjavík og að bætt verði nokkuð úr samgöngubörfinni við útlönd, einkum með það fyrir augum, að hægt verði að koma ísfiski í verð á Englandsmarkaðinum, og eins og atvinnulíf Austfjarða stendur nú höllum fótum, er það stórt bjargráð, að hagkvæmar ferðir fáiast til útlanda, svo mögulegt væri að selja þangað ísaðan fisk, en það er ekki hægt nú. Á Austfjörðum eru víða góð kolamið og í maí og júní má oft veiða þar stórýsu, sem nú er góður markaður fyrir. Smátvegurinn á Austfjörðum hefir borið sig illa undanfarið, sem og víðar á landinu, en dragnótaveiðin hefir þó verið bezt. Fengist dragnótaveiðitíminn lengdur, er von um, að atvinnan og afkoman geti batnað, ef beinar ferðir fengjust með aflann til Englands.

Ég geri ráð fyrir, að einhverjar mótbáruk kunní að koma fram gegn þessari till., og þá einkum í sambandi við ferðirnar til útlanda og frá, vegna þess, að menn setji fyrir sig tíma- töfina, sem að því yrði, að skipin sigldu fyrst til Austfjarða. En ég sé ekki, að svo mikil ástæða sé til að óttast það. Mér segja siglingafróðir menn, að töfin fyrir skipin muni ekki verða meiri en einn sólarhringur, ef komið er við á helztu höfnum Austurlands. Þær liggja tiltölulega skammt úr siglingaleið, enda ekki um stóra töf að ræða. Hinsvegar þykist ég vita, að þeim útlendingum, sem til landsins koma, mundi síður en svo þykja neitt að því að koma sem fyrst á landi, því margir vilja vera sem allra stytzt á sjónum, og stytzt siglingaleiðin frá Englandi til Íslands er einmitt til Austfjarða. Svo er eitt atriði í sambandi við þetta, sem ég vildi vekja athygli á. Ég þykist vita, að ríkisstj. stofni til þessara ferða ríkisskipsins með það fyrir augum að auka ferðamannastraum hingað og hafa af fjárhagslegan hagnað. Mér er sagt, að þeir útlendingar, sem hingað koma, fari til Þingvallar, Gullfoss og Geysis, og fari svo úr landi eftir nokkra daga. Nú væri hægt að auka hagnaðinn af komu útlendinga til landsins með því að láta þá fara á land á Austfjörðum og fara þaðan landveg til Reykjavíkur. Til þess yrði skipaútgærd ríkisins auðvitað að hafa til taks góð farartæki og sjá fyrir samilegum gististöðum á leiðinni, en það ætti ekki að verða mjög erfitt.

Þá get ég og hugsað mér, að ef flugferðir innanlands komast bráðlega í samilegt horf, sem ég vona að verði, þá mundi margur útlendingurinn, sem kæmi til Austfjarða, vilja fara í flugvél til Reykjavíkur. Álit ég, að mörgum finn-

ist það hagkvæmt að nota sjóferðina til landsins, en fljúga svo strax frá Austfjörðum til Reykjavíkur, eða hvert á land, sem vill.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta meira að sinni, en vænti, að hv. þm. mæti þessum tillögum okkar með velvilja og skilningi og telji fært að veita málinu þann stuðning, sem þarf til að fá þessar samgöngur bætтар.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi ekki kvatt mér hljóðs til að hefja andmæli gegn rökstuðningi hv. 1. flm., en mér virðist málið þannig vaxið, að það geti orðið æðiviðtækt, ef við förum að ræða samgöngumál okkar yfirleitt í sambandi við það. Ég ætla mér ekki þá dul að andmæla réttmæti rökstuðnings hv. þm., sem bar í sér margt rétt og satt að því er það snertir, að Austfirðir eiga við skarðan hlut að búa í þessu máli. En svo að hægt sé að ræða þetta mál og ráða fram úr því svo, að vel megji við una, álit ég, að það þurfi að rannsaka af þeim mönnum, sem bezt skyn bera á það, og það hefir komið mér til að segja þessi orð.

Eins og till. er vaxin, virðist mér það fljót-ræðislegt mjög að samþ. hana hér í hv. d. án þess að fram fari slík athugun, og ég álit réttara, að n. hér í hv. d. fái tækifæri til að kynna sér alla málavexti um það, hvort mögulegt sé að koma á þessum samgöngum við útlönd með viðkomu á Austfjörðum.

Ég skal ekki lengja umr. með því að skýra mitt álit, en ég vil leggja til, að umr. verði frestað, og ég hygg, að réttast væri, að hv. samgmn. fengi málið til athugunar áður en umr. lýkur. Það vill svo vel til, að Austfirðingafjórðungur á að mestu leyti sem fulltrúa alla meðlimi samgmn., svo ég geri ráð fyrir, að málið mæti þar fullum velvilja og að athugað verði þar, hvað hægt er að gera, svo að Austfirðingar megji vel við una.

Ég get sparað mér að fara nánar út í málið þar til það kemur úr n., en till. mín til hæstv. forseta er sú, að málinu verði frestað og vísað til samgmn.

***Árni Jónsson:** Ég hefi ekkert við ræðu hv. 1. flm. að bæta, en sú till., sem hér hefir komið fram, er tilefni þess, að ég stóð upp. Það er síður en svo, að ég ætli að fara að hleypa neinu kappi í málið nú, enda erum við flm. alls ekki óánægðir með það, að till. þessi verði samþ. og málinu frestað og vísað til athugunar til samgmn., ekki sízt af því, að n. er þannig skipuð, að við verðum fyrirfram að vænta hinnar mestu velvildar af hennar hálfu í garð þessa máls. Við flm. fellum okkur því vel við það, að umr. verði frestað og málinu vísað til samgmn. til athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til samgmn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dag-skrá tekin framar.

5. Félagsdómur.

Á 74. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:

Till. til þál. um störf félagsdóms (A. 370).

Á 76. fundi í Ed., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 80. og 81. fundi í Ed., 9. og 11. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Ed., 12. des., var till. enn tekin til einnar umr.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Það hafa verið tengdar töluverðar vonir við það, að félagsdómur myndi starfa á þann hátt, að hann gæti stillt til friðar milli stétta. Þetta mál var rækilega undirbúið, og kom úr ýmsum áttum stuðningur við það. Fyrst og fremst hafði hæstv. forsrh. barizt fyrir málinu í mörg ár, og hv. þm. Snæf. af hálfu Sjálfstfl., — og fleiri menn úr þeim flokki munu hafa staðið að því með honum. Í fyrstu náðist ekki samkomulag á Alp. um málið, en það hefir nú tekizt og dómstóllinn starfað um skeið. Við því er ekki að búast, að almennt samkomulag geti orðið um niðurstöður allra dóma. Þess hefir heldur enginn væntzt af þessum dómstóli fremur en öðrum. Hitt er sanngjörn krafa, að félagsdómi sé það ljóst, að hann þarf að vinna sitt verk vel og vera alltaf verk-hæfur, — alltaf til taks. Og það er einmitt þetta atriði, sem ég vildi hreyfa hér í dag, til þess að það yrði rætt hér á Alp. meira en verið hefir, hvort þessi dómstóll og þeir málfræslumenn, sem við hann vinna, skilja raunverulega sitt hlutverk. Það er öllum kunnugt, að síðari hluta vetrar í fyrra urðu miklar deilur um verkalýðs-mál í Hafnarfirði. Þær voru mjög byltinga-kenndar, án þess að ég fari nánar út í það. Stundum voru menn reknir hópum saman úr verka-mannafélögnum, stundum stofnuð ný félag, o. s. frv. Lék mjög á tveim tungum, hvað væri löglegt í þessu og hvað ólöglegt. Þetta mál var svo alvarlegt og greip svo djúpt inn í atvinnu-líf bæjarins, að um tíma lá við borð, að verkamenn í Reykjavík færu herhlaup til Hafnar-fjarðar, og gerðu það að nokkru leyti. Ég hygg, að það hafi verið Héðinn Valdimarsson, sem sendi liðskost til Hafnarfjarðar dag eftir dag til þess að vera viðbúinn, ef á þyrfti að halda og upphlaupið tæki þá „vendingu“, sem honum og hans skoðanabráðrum þætti miður. Til þess að gera langt mál stutt, þá urðu málalok þau, að alþýðuflokksverkamennirnir, sem á sínum tíma höfðu hjálpað til að skapa félagsdóm, skutu máli sínu þangað. Í vetur kom svo dómur í málinu, sem var þeim alveg í vil. Fé-lagsdómur gekk að lokum inn á það, að þessir menn, sem hlýddu lögunum, hefðu haft alveg rétt mál að verja. En hvað hafði gerzt á meðan rétturinn var að velta þessu máli fyrir sér? Þegar hinn löghlýðni hluti verkamannanna í Hafnarfirði hafði tekið þá ákvörðun að láta fé-lagsdóm skera úr málinu, þá verður á því óskilj-

anleg töf. Þegar ég spurdist fyrir um, hverju þetta sætti, — ég spurði að visu ekki dómara, — þá er mér sagt, að þeir séu komnir í sumarfrí og að það sé aðalástæðan til þess, að þeir hafi ekki gert skyldu sína. Ég skrifaði um þetta grein í „Timann“ og stakk upp á því, að þessum mönnum væri gefið langt sumarfrí, bara svo langt, að þeir þyrftu aldrei að koma til starfsins aftur. Mér skilst, að það liggja einmitt ekki fyrir þessum dómstóli að taka sér nokkurt sumarfrí eða frí á nokkurn hátt. Ég álit það jafnfjarstætt, að félagsdómur taki sér frí frá deilumálinu í Hafnarfirði eins og t. d. að héraðslæknirinn í Hafnarfirði færi í burtu í tvo mánuði án þess að biðja þá lækna aðra, sem þar starfa, að gegna störfum fyrir sig á meðan. — Hafnarfjarðarmálið lá svo niðri og fréttist ekkert um það fyrr en í haust, er dómurinn tók aftur til starfa. En þá höfðu bara málfærslumennirnir tekið sér frí. Niðurstaðan af öllu saman varð sú, að margir mánuðir liðu án þess að málið væri afgr. frá því að það fyrst var lagt fyrir réttinn.

Ég hefi ástæðu til að ætla, að ríkisstj. hafi aflað sér nokkurra upplýsinga í þessu máli, og þess vegna ætla ég ekki að segja meira nú, en heyra, hverjar þær skýringar eru, sem stj. ber fram.

***Atvnrh. (Ólafur Thors):** Það er alveg rétt hjá hv. flm. þessarar till., að það var merkilegt lög-gjafaratriði og stefndi til þjóðþrifa, að stofnsetja félagsdóm, sem hefir með höndum þau mál sérstaklega, sem rísa út af kaupdeilum. Fyrir þessari löggjöf hefir verið barizt a. m. k. bæði af hendi Sjálfstfl. og Framsfl. langri og harðri baráttu, og þessi löggjöf var sett með langsamlegum meirihlutavilja hér á Alþ., þegar hún loks komst á.

Eitt frumskýrði þess, að af þessari löggjöf verði það gagn, sem þeir, er að henni stóðu, vænta, er að sjálfsögðu það, að sýna félagsdómi alla þá virðingu og nærgætni, sem á hverjum tíma er nauðsynleg til þess að almenningur í landinu geti horið virðingu fyrir þessum dómstóli. Ég álit, að það sé tvennt, sem veltur á því til framdráttar, að félagsdómur megi verða að sem mestu gagni: Annað, að dómurinn sæti hæfilegu aðhaldi, — því að það er hollt og hverjum manni nauðsynlegt, — en hitt, sem er engu minna atriði, að gagnrýni á dómstólum byggist á fullkominni sanngirni og velvild. Mér hefir fundizt þess gæta, að nokkuð andi kalt í garð dómstólsins, jafnvel frá hendi þeirra manna, sem voru löggjöfinni mjög fylgjandi á sínum tíma og alveg vafalaust bera hag félagsdóms fyrir brjósti og vilja vinna að því, að hann öðlist hjá þjóðinni þá virðingu, sem honum ber. Á ég þar m. a. við hv. flm. þessarar till., hv. þm. S.-P. Hann hefir, eins og hann sjálfur sagði, skrifað blaðgrein, að gefnu til-efni að því er honum finnst, þar sem hann fjargviðráðist yfir því, að dómaramirnir hafi tekið sér sumarfrí, og hafði á orði, að þetta sumarfrí bæri að framlengja, þ. e. a. s. vikja dómurinum frá störfum. Ég ætla ekki að fara út í stælur um þetta atriði, en aðeins skýra frá því frá

minu sjónarmiði, á hve miklum rökum þessi ummæli og þessi fyrirætlun hv. flm. er reist, og að hve miklu leyti þetta er makleg árás á dómendurna.

Ég hefi hér fyrir mér nokkur gögn í þessu máli. Með bréfi, dags. 29. júlí 1939, til félagsmálaráðuneytisins (sem í þessu tilfelli átti að sjálfsögðu að vera til atvinnumálaráðuneytisins, af því að félagsdómsmálefni heyrja undir það) kærir stjórn Alþýðusambandsins yfir félagsdómi og ber á hann nokkrar sakir. Þetta bréf var að minnu fyrirlagi sent félagsdómi til umsagnar, og hann svaraði því með bréfi, dags. 7. sept. Þetta bréf vil ég leyfa mér að lesa hér upp vegna þess, að það skýrir málið eins og bezt verður á kosið. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagsdómur.

Reykjavík, 7/9 '39.

Atvinnumálaráðuneytið hefir sent félagsdómi til umsagnar erindi Alþýðusambands Íslands, dags. 29. júlí þ. á., varðandi réttarfrí og afgreiðslu mála fyrir dómnum. Út af greindu erindi þykir ástæða til að taka fram eftirfarandi:

Af fimm málum, sem málf lutningur hafði ekki farið fram í um mánaðamótin júní—júli, hafði þremur, samkvæmt samkomulagi málsaðila, verið frestað til 4. sept. Að því er hin tvö snertir, sem sérstaklega eru gerð að umtalsefni í erindi Alþýðusambandsins, þykir ástæða til að upplýsa eftirfarandi atriði:

a) Málið: Alþýðusamband Íslands f. h. Nótar, félags netavinnufólks, gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Björns Benediktssonar. Það er rangt, sem stendur í erindi Alþýðusambandsins, að málið hafi verið þingfest 16. maí s. l. Þingfesting þess fór fram 16. júní s. l. En að gefnu til-efni þykir rétt að geta þess, að 10. maí s. l. kom málfm. Alþýðusambandsins, Sigurgeir hér- aðsdómsmálf lutningsmaður Sigurjónsson, með stefnu í máli þessu til forseta dómsins til út-gáfu, og var þar aðeins stefnt Birni Benediktssyni. Að gefnu tilefni frá forseta dómsins kom í ljós, að málfm. hafði ekki leitað upplýsinga um það, hvort nefndur Björn væri meðlimur í Vinnuveitendafélagi Íslands, en í samtali, er hann þá samstundis átti við skrifstofu Vinnuveitendafélagsins, fékk hann upplýsingur um, að svo væri. Hvarf hann þá frá því að fá málið höfðað í það sinn, með því að einnig bar að stefna Vinnuveitendafélaginu í máli þessu, sbr. 45. gr. 1. nr. 80/1938. Leið síðan fullur mánuður, eða til 14. júní, að málf lutningsmaðurinn kom á ný til dómsins með ósk um, að stefna yrði gefin út í máli þessu. Í þinghaldi 27. júní óskaði umboðsmaður stefnda eftir fresti til 4. sept. þ. á., með því að hann þyrfti að láta fara fram vitnaleiðslur í málinu á Ísafirði, Akureyri og Siglufirði. Umboðsmaður stefnanda samþykkti, að frestur yrði veittur í einn mánuð, en mót-mælti lengri fresti. Gekk málið til úrskurðar dómsins með þeim úrslitum, að stefnda var veittur umbeðinn frestur. Og þykir rétt að geta þess, að samkvæmt því, sem upplýst var í réttarhaldi 4. sept., höfðu endurrit að sumum þessara vitnaleiðslna ekki enn horizt hingað vegna fjar-

veru vitna frá heimilum sínum og réttarfrís héraðsdómara úti á landi.

b) Málið: Sigmundur Björnsson gegn verkamannafélaginu „Hlíf“.

Mál þetta var þingfest 2. júlí s. l., — ekki 31. maí eins og stendur í erindi Alþýðusambandsins. Í þinghaldi 7. júní fékk umboðsmaður stefnanda frest til 12. júní og þann dag aftur framhaldsfrest til 19. júní, en í því þinghaldi var ákveðið, að málflytningur Sigmundar Björnssonar skyldi fara fram 27. júní s. l. En er málið skyldi flytja, var málflym. stefnanda, hrm. Pétur Magnússon, veikur. Varð það þá að samkomulagi milli umboðsmanna málsaðila, að málinu skyldi frestað fyrst um sinn. Lýsti umboðsmaður stefnanda yfir því, að fullur vinnufriður væri í Hafnarfirði þrátt fyrir ágreining þann, sem mál þetta er risið út af, og lofaði hann að tilkynna dóminum, ef breyting yrði á því ástandi, en kvartanir um slíkt hafa ekki enn borizt dóminum. Var svo frá gengið í réttarhaldi þessu, að dómurinn ákvæði, hvenær málið skyldi flutt, og því lýst yfir af dómsins hálfu, að ef búast mætti við, að til átaka kæmi milli málsaðila, yrði ekki hægt að taka tillit til veikindaforfalla málflym. stefnanda, og myndi málflytningur þá verða ákveðinn þegar í stað. Samkvæmt læknisvottorði, er dóminum hefir borizt, er málflym. ekki enn heill heilsu. Hann býst hinsvegar við því að mega taka til starfa 20. þ. m., og hefir flutningur málsins verið ákveðinn þann dag.

Í tilefni af ummælum í erindi Alþýðusambandsins um meðferð dómsins á málinu: Alþýðusamband Íslands f. h. verkalyðsfél. Baldur gegn Hálfðáni Hálfðánarsyni, þykir ástæða til að geta þess, að mál þetta var þingfest 27. júní s. l. Málflytningur í því fór fram 29. s. m. og dómur var kveðinn upp 3. júlí s. l.

Loks skal þess getið vegna ummæla í oftnefndu erindi Alþýðusambandsins um réttarfrí dómsins, að hvert það mál, sem dóminum hefði borizt yfir sumarmánuðina, hefði verið tekið strax til meðferðar, svo sem á öðrum tímum, og það að sjálfsgöðu jafnt fyrir því, þótt einhverjir af aðaldómurum dómsins væru fjarstaddir vegna sumarleyfa, enda hafði forseti dómsins áður en hann fór í sumarleyfi sitt gert ráðstafanir til þess, að dómurinn gæti óhindrað starfað í fjarveru hans. En til þess hefir ekki komið, þar sem ekki hefir verið beiðzt útgáfu á neinni stefnu frá því í júnímánuði og til þessa dags.

Með tilvísun til framanritaðs vísu mér algerlega á bug öllum aðdróttunum í vorn garð um vítaverða meðferð mála í félagsdómi.

Erindi Alþýðusambandsins endursendist hér með.

Hákon Guðmundsson,

Gunnl. E. Briem, Sverrir Þorbjörnsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, Kjartan Thors.

Til atvinnumálaráðuneytisins.“

Ég held í sjálfu sér, að þessi skýrsla færi alveg fullnægjandi og óyggjandi rök fyrir því, að sérhver ádeila á dómstólinn í þessu efni er örökstudd. Alþýðusambandið hefir kært yfir meðferð 5 mála. Ég tel ekki, að flm. þessarar till.

hafi bætt neinu við rök þess. Af þessum 5 málum er upplýst, að fullkomlið samkomulag ríkti um afgreiðslu þriggja, og eru þau því í þessu sambandi úr sögunni. A. m. k. er ekki ástæða fyrir dómstólinn að hlaupa fram fyrir skjöldu í slíkum málum, þegar fullt samkomulag ríkir milli aðila. Ég efast meira að segja um, að dómurinn hafi nokkra heimild til þess að rjúka þannig til og kveða upp úrskurð. — Þá eru eftir tvö mál. Og það eru þá þau, sem eiga að vera stoðir undir ádeilu á dóminn, fyrir það, að hann hafi ekki innt af höndum sín skylduverk. En eftir þeim rökum, sem hér eru færð fram, þá held ég, að ég verði að leyfa mér að staðhæfa, að það séu a. m. k. alveg sérstaklega veigalitar ástæður, sem þessi mál gefa til árása á dóminn.

Um fyrra málið er upplýst, að í þinghaldi 27. júní óskaði annar aðilinn eftir fresti þangað til í septemberbyrjun, þ. e. a. s. í rúma tvo mánuði. Hinn aðilinn segist ekki vilja verða við þessu, en hinsvegar kveðst hann vilja ganga inn á að gefa mánaðarfrest. Þá stóð mánuður á milli aðila. Dómurinn sá, að athuguðu máli, að meðferð málsins krafðist vitnaleiðslu á Ísafirði, Siglufirði og Akureyri, og áleit því sjálfsagt að veita umbeðinn frest. Svo kemur það atriði, hvort þessi frestur hafi verið nauðsynlegur eða ekki. Þegar dómurinn tók málið til meðferðar á ný 4. sept. — en þangað til hafði frestur verið veittur —, kom í ljós, að nauðsynlegar vitnaleiðslur til að upplýsa málið höfðu enn ekki farið fram. Sumir mennirnir höfðu verið fjarstaddir frá sínu heimili og ekki náðst til þeirra, og auk þess höfðu héraðsdómarar verið í frii. Mér sýnist þessar staðreyndir tala því máli, að þetta atriði geti alls ekki orðið undirstaða ákæru á félagsdóm.

Þá er loksins síðasta atriðið, sem hv. flm. hefir einnig sérstaklega gert að umtalsefni. Það er upplýst, að málflytningur í því máli átti að fara fram 27. júní, en þegar þar að kemur, þá er málflym. annars aðila veikur, og varð það þá að samkomulagi málsaðila, að málinu skuli frestað fyrst um sinn. — Ég vil fyrst leggja áherzlu á það, að veikindaforföll á náttúrlega — svo framarlega sem nokkur forföll má taka til greina — að taka til greina umfram nokkur önnur. Ég viðurkenni, eins og flm. hélt fram, að það ástand getur verið fyrir hendi, að mál þoli enga bið. En með tilliti til þess, að umboðsmaður stefnanda fellst á frestinn og lýsir yfir því, að fullkominn vinnufriður ríki í Hafnarfirði, þá virðist enginn áfellingdómur verða reistur á þessum fresti málsins. Auk þess tekur félagsdómur það skýrt fram, að ef breyting yrði á í Hafnarfirði frá þeim vinnufriði, sem ríkti, þá yrði engin forföll hægt að taka til greina og muni málið þá tafarlaust verða afgreitt.

Ég verð að segja það, að ég get ekki áfellt félagsdóm fyrir frest í máli, þegar þessar ástæður eru fyrir hendi: 1) Veikindaforföll málaflm., 2) fyrir liggur yfirlýsing frá umboðsmanni stefnanda um, að fullkominn vinnufriður ríki, 3) dómurinn lýsir yfir því, að málið yrði strax tekið fyrir, ef ástandið geri það nauðsynlegt.

Ég veit ekki, hvers menn krefjast frekar af dómstólnum í þessu máli. Ég er ekki lögræðingur og ekki kunnugur þessum málum sem skyldi, þótt ég sem ráðherra hafi yfir þeim að segja, en ég get af mínu leikmannsviti enga sök fundið hjá félagsdómi. — En með sérstöku tilliti til þeirra umr., sem orðið hafa um sumarfrí réttarins, þá gerði dómstóllinn allar ráðstafanir til þess, að unnt væri að afgreiða hvaða mál sem að höndum bæri, þótt einhverjir af aðaldómendum væru fjarverandi. Þetta sýnir, að rétturinn er fyllilega sammála hv. flm. till. um það, að félagsdómur eigi að vera starfhæfur á hvaða tíma sem er, — enda hefir hann verið það. Hvað stendur þá eftir? Vitanlega getur það ekki verið krafa nokkurs manns, að dómara í félagsdómi eigi ekki eins og tíðkast um aðra embættis- og starfsmenn að fá sumarfrí, vegna þess að einhverstaðar frá kynni nú að koma kall frá þeim, sem eru að rífast um kaupgjaldsmál. Þessir menn eiga ekki fremur en aðrir að vera rigbundnir við sinn skrifborðsstól allt sumarið. einungis ef vissa er fyrir því, að dómurinn sé starfhæfur á hvaða tíma sem er, og það er hann vitanlega þótt varamenn mæti.

Allt þetta er fyrir hendi í þessu efni. Ég verð því að líta svo á, að að svo miklu leyti sem í þáttill. á að felast ádeila á félagsdóm, þá sé hún ekki á rökum reist. Og að svo miklu leyti sem þáttill. á að verða félagsdómi hvatning um það, að láta aldrei sumarfrí eða þesskonar valda frestun á að kveða upp úrskurði, þá sé ég ekki, að slíkar hvatningar sé þörf, af þeirri ástæðu, að félagsdómur er sammála hv. flm. þáttill. um það atriði.

Að öllu þessu athuguðu hverf ég aftur að því. sem ég sagði í byrjun þessa máls, að allir, sem bera félagsdóm fyrir brjósti og viðurkenna, að stofnun hans var stórt spor á framfarabraut á sviði kaupgjaldsmála og verkalýðs- og kaupgjaldslöggjafar, öllum þeim ber að hafa það hugfast, að þeir styðja og efla stöðirnar undir félagsdómi í framtíðinni með því að láta hann sæta velvilja og sanngjarnri gagnrýni. En til þessara sömu manna vil ég leyfa mér að þeina einnig því, að sérhver örökstudd gagnrýni á gerðum félagsdóms færir með sér þær afleiðingar, að þeir, sem ekki eru nægilega kunnugir málum, sem þessi dómur hefir með höndum, og því, hvernig dómurinn rækir sitt starf, skoða slíkar ádeilur sem rökstuddar ádeilur, en það rýrir að nauðsynjalausu álit manna á dómnum og dregur þar með úr gildi dómsins. Ég mælist því til, að að fengnum þessum upplýsingum taki hv. flm. þessi rök til greina, sem honum voru ekki kunn, þegar hann flutti þáttill. Mér hafði horizt ýmislegt til eyrna, eins og mörgum öðrum, um að félagsdómur hefði vanrækt skyldu sína. Þess vegna fór ég fram á það við dóminn, að hann gæfi mér skýrslu um störf sín. Um sama leyti barst mér svo þessi ádeila frá Alþýðusambandi Íslands, sem ég notaði sem ástæðu til þess að biðja dóminn um gögn í þessu máli. En að fengnum þessum upplýsingum ákvað ég að skrifa Alþýðusambandi Íslands þess efnis, að ég hefði sent félagsdómi ákæru Alþýðusambands Íslands til umsagnar. Mér barst

svo bréfleg umsögn félagsdóms. Ég sendi eftirrit af henni Alþýðusambandi Íslands og taldi svo ekki ástæðu til að hafast frekar að í málinu.

Ég vil segja hv. þm. frá því, því þeir vita það kannske ekki, að félagsdómur hefir nú allfyrirferðarmiklum störfum að gegna. Ég skal skýra frá því, að í ár hafa verið höfðuð fyrir félagsdómi 28 mál. Og svo að menn geti betur áttað sig á, hvað þetta þýðir, vil ég segja, að fyrsta árið, sem hæstiréttur starfaði hér á landi, komu fyrir hann 35 mál, eða aðeins 7 málum fleira en fyrir félagsdóm fyrsta árið, og annað árið 31 mál, eða 3 málum fleira. Dómara í félagsdómi hafa 1200 kr. laun yfir árið, en dómara í hestarétti 12 þús. kr. á ári. Dómara í félagsdómi hafa því vandasamt starf og mikið að vinna, en ákaflega lítil laun. En af þessu, og jafnframt af því, hve starf þeirra er nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, þá má ekki minna vera en að hv. þm. styðji þá eftir því sem auðið er og treysti og efla álit dómsins. Af þessum ástæðum, ef þessari þáttill. verður ekki vísað til n. — sem ég þó geri ráð fyrir, að hv. flm. hennar óski eftir —, en verði það ekki, þá verð ég henni andvígur, af því ég tel hana ástæðulausa.

*Flm. (Jónas Jónsson): Ég get verið samdóma hæstv. ráðh. um það, að það gæti vel farið á því, að málið færi til n. áður en atkvgr. færi fram um það.

En ég er ekki samdóma honum um það, að það hafi verið ófyrirsynju hreyft við þessu máli hér. Enda er hæstv. ráðh. kunnugt um, að minn flokkur hefir verið fylgjandi því um mörg ár, að stofnaður yrði félagsdómur. Og flokkur sá, sem hæstv. ráðh. er í, er mér og mínum flokki samdóma um það mál. Og málið komst í raun og veru seinna í höfn heldur en vænta mátti eftir því þingfylgi, sem það hafði. En ég álit það ekki bezt fyrir félagsdóm, eins og þó kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að það séu látin liggja í þagnargildi þau bernskubrek, sem kunna að vera á störfum þeirra fyrstu manna, sem með hann fara. Og ég get upplýst viss atriði. Ég vil biðja menn að athuga, að mál þetta, sem um hefir mikið verið rætt hér, var ákaflega mikið hitamál, hið mesta hitamál, sem fyrir hefir komið hér á landi síðan Skúlamálið forðum var á Ísafirði, þegar Hnífsdælingar voru sóttir til að skakka leikinn á Ísafirði í pólitíkinni, þegar þess þótti þurfa. Það hefir aldrei síðan komið upp annað eins æsingamál og þetta í Hafnarfirði, sem um hefir verið rætt hér nú. Þessi ágreiningur var svo mikill í Hafnarfirði, að flokkur Héðins Valdimarssonar sendi daglega liðskost til Hafnarfjarðar. Þar að auki var annar málsaðili, sem átti sér fylgi verkamanna hér í Reykjavík svo mikið, að við lá, að annar verkamannahópur færi til Hafnarfjarðar. Að ekki varð af því, var að þakka mönnum, sem stilltu til friðar til þess að ekki yrði beitt ofbeldi. Hér var að ræða um stórkostlegt hitamál, sem hafði komið lengra í öfgaátt en títt er hér á landi. Þess vegna held ég því fram, að það sé heppilegt, að félagsdómur viti, að því er veitt eftirtekt, hvern skilning hann hefir á málinu. Ég get tekið það fram, að ég hefi ekki gagn-

rýnt neitt við félagsdóm nema þetta eina mál. sem kom Alp. við.

Þá var það, sem hæstv. atvnrh. bar fram sem skýringu á því, að ekki var dæmt í þessu máli fyrr en í haust. Og skýring hans er sú, að það veiktist annar málfærslumaðurinn, Pétur Magnússon, sem mun hafa verið heilsulitill í sumar, og svo biður hann um frest. Nú vil ég benda á það, að það er öllum kunnugt hér í bæ, að bæði er Pétur Magnússon mikill málaflm., og eins, að hann hefir einn af álitlegustu ungum lögfræðingum í bænum sem aðstoðarmann, og mun sá lögfræðingur vera talinn hlutgengur málaflm. við hvaða vandamál sem er. Þess vegna, frá sjónarmiði dómsins, ef dómurinn hefði bara skilið, hvers þingið hlaut að ætlast til, að ekki væri stefnt í voða með möguleikum fyrir uppþaup í Hafnarfirði, þá bar ekki að taka hið minnsta tillit til þess, þó að Pétur Magnússon væri veikur, þar sem aðstoðarmaður hans, Einar Baldvin Guðmundsson, var reiðubúinn til að taka þetta mál að sér.

En það er annar aðili, sem á þyngri dóm skilið af þinginu heldur en félagsdómur, og það er Guðmundur I. Guðmundsson, sem mér skilst koma út úr þessu máli sem hinn raunverulegi sökudólgur, sem hefði vel getað orðið mikill óhappamaður fyrir þennan bæ. Þessi maður, sem var málaflm. fyrir Alpfl. í þessu máli í Hafnarfirði, hann gengur inn á þetta. Hann er trúnaðarmaður málsparts í þessu máli, sem vildi beygja sig og una lögum og rétti. Ég leyfi mér að lýsa því yfir, að Guðmundur I. Guðmundsson hefir komið þannig fram í þessu máli, sem er ósæmleg frammistaða af málaflm. Alpýðusambands Íslands fyrir félagsdómi, með því að ganga inn á, að frestur í þessu máli yfirleitt yrði veittur. Og það er ekki búið með það. Nú sjáum við, hvernig hans afstaða er. Hann hafði brugðizt sínum umbjöðendum, sem höfðu trúað honum fyrir sínum málstað, því að Alpýðusamband Íslands kærir yfir þessu. Félagsdómur getur vitanlega sagt við Alpýðusamband Íslands: Ber þú sjálfur fjanda þinn, — því að hann hafði ekki útvegað þennan mann. En félagsdómur sýnir það, að hann er ekki nema á fyrsta árinu ennþá, með því, hvernig hann svo rökstuddi sína aðferð í málinu. Fyrst og fremst er beðið um tveggja mánaða fri, þ. e. a. s. allt sumarið, vegna veikinda aðalmálaflm. öðrum megin. Guðmundur I. Guðmundsson er það samvizkusamur, að hann álitur einn mánuð nógan tíma fyrir slagsmál í Hafnarfirði og vill ekki ganga inn á tveggja mánaða frest. Hvað segir félagsdómur þá? Honum finnst hart að hafa þetta ekki nema einn mánuð. Tveir mánuðir verða það að vera. Og ef þeir hefðu kynnt sér málið eins og a. m. k. þm. hafa vitað um það, að þessi deila var á góðum vegi með að gripa djúpt inn í þingið. ekki einungis viðkomandi ríkisstjórninni, heldur mundu þm. hafa látið sig það miklu skipta, ef barizt hefði verið á öllum götum Hafnarfjarðar.

Í viðbót við þetta, sem mér finnst ákaflega skilningslittil ráðstöfun af hálfu félagsdóms, að biða mætti með þetta mál í 2 mánuði, þá kemur svo útskýring félagsdóms á því, hvers vegna þessi frestur hafi verið gefinn svona langur. Það

hafi verið gert vegna þess, sem hæstv. ráðh. upplýsti fyrir hönd félagsdóms með því að lesa kafla úr bréfi, sem þeir hafa haft þá dirfsku að senda ríkisstj. með þessu innihaldi: Að ef þeir álitu, að við áflog og slagsmál lægi í Hafnarfirði, þá væru þeir reiðubúnir til að taka málið fyrir; og þó að þeir ætli að biða eftir því, að Pétri Magnússyni batni, þá ætli þeir þó, ef barizt verði um allan Hafnarfjörð, að taka málið upp. Ég get ekki hugsað mér veikari aðstöðu í máli en þetta. Tökum til dæmis, ef kommúnistar hefðu haft sterkan flokk í Hafnarfirði, nokkur hundruð manns, og þeir hefðu talið sig beitta rangindum; og hefðu svo kommúnistar í Hafnarfirði í því tilfelli frétt, að dómurinn ætlaði að taka sér hvild og biða eftir því, að veikum manni batnaði, þá þekki ég illa kommúnista og Héðin Valdimarsson, ef þeir hefðu ekki byrjað barsmiðar og sagt: nú ætlum við að sýna, að við þekkjum nokkuð, sem heitir handafl. Svo hefði verið dregið saman lið í Reykjavík, ekki til þess að reisa hinn veika mann, Pétur Magnússon, upp úr sænginni, — nei, heldur til þess að félagsdómur kæmi saman til þess að gegna skyldu sinni.

Ég álit, að það geri ekki til, þó að atkvgr. fari ekki fram um þetta mál fyrri heldur en seinna á þinginu eða á næsta þingi. En þar sem er svo mikill ágreiningur um þetta mál, álit ég rétt, að Alp. hafi tækifæri til að meta, hvernig það hefir gengið til í þessu þýðingarmikla máli, sem visað hefir verið til þessa dómstóls.

Það, sem þá liggur ljóst fyrir í málinu, er þetta: Alpfl., sem hafði verið tregastur af þeim flokkum, sem ekki vildu byggja réttinn á ofbeldi, til þess að ganga inn á, að félagsdómi yrði komið á, — því að það hafði staðið allengi á samþykki hans til að ganga inn á það fyrirkomulag —, þessi fl., Alpfl., er svo beittur sérstökum órétti og ofbeldi í þessu máli. Alpfl., eða deild hans í Hafnarfirði, visar þessu til félagsdóms. Ég álit náttúrliga, að ekki hefði átt að synja þessum mönnum um aðstoð dómsins, þó lengi stæðu þeir á móti stofnun dómsins. En þeir höfðu beygt sig fyrir því, að lög og réttur réði í þessu þjóðfélagi, en ekki ofbeldi. En í því lá sósíalískt pólitískur sigur í landinu, að annar verkalýðsflokkurinn hafði skilið við ofbeldið í því skyni að taka þá afstöðu eins og sjálfstæðismenn og framsóknarmenn að virða lög og rétt. Þess vegna verða þm. verkamannafl. fyrir svo miklum vonbrigðum, þegar verið er að leika sér með svona þýðingarmikili mál, að þeir skrifa hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. lætur svo segja sér um þetta mál eins og fyrir liggur af því, sem fram hefir komið hér.

Hér hefir bilað hlekkur í keðju í þessu máli. Og ástæðan til þess, að ég hreyfi þessu máli hér, er sú, að mér þykir ákaflega mikils virði þessi þróun, að mikill hluti verkamannastéttarinnar fór að vera samdóma þeim flokkum, sem stundum eru kallaðir borgarafl., um það, að þeir vildu ekki skoða ofbeldið sem hæstarétt fyrir sig. Ég hafði mikla samúð með verkamönnum í Hafnarfirði í þessu máli, því að mér fannst þeir koma drengilega fram, og þeir stilltu í hóf í þeim kringumstæðum, þegar aðrir hefðu

farið með ofstopa. Þeir höfðu vikið málinu til dóms (og voru þá dregnir frá Heródesi til Pílatúsar). Þá vissi ég ekki það, að málaflm. þeirra hafði bilað og að hann hafði leikið sér að því að afsaka sig með því, að hann væri að taka próf í hæstarétti, og þess vegna, fannst honum, mætti hann bregðast í þessu efni. Ég þykist vita, að Alþýðusamband Íslands hafi kært út af þessu. Þá hafa þeir trúað óhappinu við að velja þennan mann, sem þeir höfðu ekki búizt við fyrirfram og hefir ekki sýnt gefa þeim gleði eftir á.

Ég tel ákaflega þýðingarmikið að heyra það bréf, sem hæstv. ráðh. las upp áðan. En ég vil láta það koma á prenti út um landið til kjósenda í Alpt., þó þau séu ekki mikið lesin, að félagsdómur hefir á sínu fyrsta ári ekki skilið betur sitt hlutverk að þessu leyti — ég veit, að hann hefir skilið margt vel og gert ýmsa góða dóma —, en hann hefir ekki skilið sitt hlutverk betur en það í þessu efni, að hann hefir treyst sér til að segja þessa setningu um það, að hann gaf þennan frest: Að hann hafi skotið þessu máli á svona langan frest í þeirri von, að ekki byrjuðu ólæti í Hafnarfirði. Þetta segi ég, að sé undirstöðuatriðið, sem gefur til kynna, að rétturinn er ekki alveg með á því, hvað til hans friður heyrir. Þetta má sít af öllu koma fyrir, að dómurinn segi þetta nokkurn tíma aftur, sem ég býst ekki við, að hann geri — eins og Þórbergur Þórðarson segir það ekki nema einu sinni, að hann hengi sig, ef ráðizt verði á Pólland — (Atvmrh.: Bara að hann geri það þá einu sinni.), eins vona ég, að þessir dómárár taki nokkurn lærdóm af þessu máli, þannig að slíkt sem þetta komi ekki fyrir aftur. En hitt er það, að það aðhald, sem rétturinn fær með þessu, er velviljað.

Ég óska alls ekki, að félagsdómur verði lagður niður. En ég held, að ég treysti mér til þess að sækja það mál á móti Guðmundi I. Guðmundssyni, t. d. í útvarpi eða blöðum, að hann hefir staðið sig alveg skammarlega í þessu atriði og að hann hefir komið afarilla fram fyrir þann hluta verkalyðsins, sem hafði stutt hina tvo borgaralegu flokka í að koma á þessum dómstóli í því skyni, að hér ríkti friður og ró í landi og að réttlátur dómstóll færi með mál verkalyðsins.

Þegar hæstv. forseti sér, að þær umr. hafa um þetta mál gengið svo lengi sem hann álitur ekki tíma til vera, þá vil ég óska þess, að málinu verði vísað til n., sem mér skilst, að geti verið allshn.

*Bjarni Snæbjörnsson: Það var eingöngu út af því, að hv. flm. þáltill. minnstist á það, að vel gæti verið, að fleiri fengju að lesa þessar umr., sem færu hér fram á Alþ. um þetta mál (þó að fáir læsu þingtiðindin, sagði hann), að ég vildi gefa upplýsingar í þessu máli og leiðrétta það, sem hann sagði.

Hv. flm. blandar saman tveimur atriðum í þessu máli, tveimur dómum.

Það fyrsta, sem var til umr. í Hafnarfirði, var það, að stofnað var nýtt verkamannafélag í Hafnarfirði og gerðir samningar við það félag af ýmsum atvinnurekendum í Hafnarfirði. Það

var þetta atriði, sem verkamannafélagið „Hlíf“ vildi ekki hlíta. Út úr því spannst svo deilan um það, hver hefði réttinn til vinnunnar, hvort það væri verkamannafélagið „Hlíf“ eða hið nýstofnaða verkamannafélag í Hafnarfirði. Þessu var skotið til félagsdóms, sem dæmdi það þannig, að hið nýstofnaða verklyðsfélag væri löglega stofnað, en að hinsvegar allir atvinnurekendur í Hafnarfirði væru bundnir við samninga sína við „Hlíf“. Þar með unnu má segja báðir aðilar. Það var viðurkennt og dæmt rétt að vera, að nýja félagið væri löglega stofnað. En hinir, sem vildu krefjast þess, að atvinnurekendur væru skuldbundnir til að skipta við félagsmenn í „Hlíf“, þeir unnu sitt mál í því efni í dómimum. Þetta var fyrri dómurinn.

Hinn dómurinn var út af því, að þessir menn, sem voru í nýja félaginu, unnu hreint og beint á móti hinu félaginu, þ. e. „Hlíf“, en voru samt sem áður nauðbeygðir til að vera í „Hlíf“, af því að annars höfðu þeir ekki vinnu. Verkamenn í „Hlíf“ bentu þá á það ákvæði í l. félags síns, að ef einhver félagsmaður vinnur á móti hagsmunum félagsins, skal hann vera rækur úr félaginu. Og þess vegna voru um 100 menn reknir úr „Hlíf“. Um þetta var svo seinni dómurinn, sem var frestað. Því að um fyrri dóminn gekk allt eins og lög gera ráð fyrir; það var dæmt í því máli eins fljótt og unnt var. En seinni dómimum var frestað. En það var vitanlegt, og það vissi hver einasti Hafnfirðingur, að verkamenn í Hafnarf. ætluðu ekki undir neinum kringumstæðum að láta koma til átaka milli þeirra um þetta eina atriði fyrir en dómurinn væri fallinn í félagsdómi, hvenær sem hann yrði kveðinn upp. Það vissi hver Hafnfirðingur og það var vitað, að verkamenn þar mundu biða með þennan ágreining sinn eftir dómi félagsdóms.

Ég býst við, að hv. flm. hafi verið þetta ókunnugt, en þá upplýsi ég þetta hér með. Enda var, eins og hæstv. ráðh. gat um, fullkominn vinnufriður í Hafnarfirði meðan á þessum fresti stóð.

Annars ætla ég, sem sagt, ekki að blanda mér neitt í þessa deilu. Ég vildi bara gefa þessar upplýsingar, til þess að sýna fram á, hvað rétt er í málinu og að þarna er tveimur dómum ruglað saman.

Það, sem olli mestum vandræðum, og það mál, sem mestur hitinn varð út af, var fyrri málið, og í því var dæmt í félagsdómi án þess að nokkur hefði nokkuð að athuga við dráttinn á því. Og báðir aðilar hlýddu dómimum. Og ég verð að segja, að það var einmitt málið, sem allt reis út af, hverjir hefðu réttinn gagnvart atvinnurekendunum, — og það voru „Hlíf“-menn. Og þeir sigruðu í því máli, en ekki hinu.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég álit ekki, að ég þurfi að skýra frekar mína afstöðu heldur en ég er búinn að í minni fyrri ræðu. Sérstaklega ekki eftir að hv. þm. Hafnf. hefir gefið þá skýringu, sem hann gaf. Það er ekki nema eðlilegt, að sumt, sem kom fram í ræðu hv. flm., sé þess eðlis, að ég vildi upplýsa það, en af því það kemur ekki málinu svo mikið við, mun ég sleppa

Félagsdómur. — Stimpilgj. vegna húskaupa. — Sildarverksm. á Raufarh. — Raforkuv. til Selfoss. — Rafv. í Vík.

því. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi upplýsa, og það er út af þeim ummælum, sem hv. flm. stefndi að málafærslumanni Albfl. í sambandi við framkomu hans í þessu máli.

Ég er ekki svo kunnugur réttarvenjum sem æskilegt væri um mann, sem á að koma fram í þessu máli. En það mun vera venjan, að sérhver málafærslumaður geri sitt ýtrasta til þess að taka til greina þær óskir, sem gagnsækjandi ber fram, svo framarlega sem hann skaði ekki sinn umbjóðanda. Pétur Magnússon varð veikur, og það er nú svo, að hver hefir sitt mál með höndum og aðrir eru því ókunnugir. Það er upplýst, að Pétur Magnússon var veikur, og það, sem Guðmundur Ingi gerði, var að ganga inn á að fresta málinu. Ég held ekki, að hv. flm. dæmi þetta réttléga, en ég þekki það svo vel, að ég veit, að þetta er nokkurn veginn ófrávikjanleg venja, og hún mjög góð að minni álit.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 9 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin fram.

6. Stimpilgjald og þinglestrargjald vegna húskaupa.

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um niðurfellingu á stimpilgjaldi og þinglestrargjaldi vegna kaupa á húseigninni Frikirkjuvegi 11 í Reykjavík (A. 44).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

7. Sildarverksmiðja á Raufarhöfn.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um bygging sildarverksmiðju á Raufarhöfn (A. 60).

Á 6. fundi í Sp., 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi. Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin fram.

8. Raforkuveita til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar (A. 61).

Till. var aldrei tekin á dagskrá, en fram komu brtt. á þskj. 71, 75, 82 og 91.

9. Rafvirkjun í Vík í Mýrdal.

Á deildafundum 23. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um niðurfelling á aðflutningsgjöldum af efni til rafvirkjunar í Vík í Mýrdal (A. 84).

Á 7. fundi í Sp., 21. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

*Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Eins og þessi till. ber með sér, er með henni farið fram á, að niður verði felld innheimta eða gjöld af aðfluttu efni til rafvirkjunarinnar í Vík í Mýrdal. Eins og grg. skýrir frá, hefir þetta mál komið fyrir ríkisstj., en með því að Alþingi er nú saman komið, þótti rétt að bera þessa till. fram, og hefir hún legið frammi til þessa tíma í fórum Alþingis.

Eins og kunnugt er, eru rafvirkjanir, bæði fyrir einstaklinga og heildina, taldar einhver helzti þjargræðisvegur. Sú virkjun, sem hér er um að ræða, kemur að fullum notum fyrir alla íbúa þessa kaupsins, og er raforkan seld með svo vægum kjörum, að allur almennigur sér sér fært að nota hana að fullu, en kostnaðurinn við þessa virkjun mun ekki fara fram úr 50 þús. kr., og hefir hann verið bundinn við greiðslu heima í héraði. Þar af leiðir, að það opinbera og bankarnir þurfa ekki að óttast neinn skell af þessu fyrirtæki, eins og því miður má segja um ýmislegt, sem ríkið hefir ábyrgzt eða bankarnir hafa lánað til, þó að tilgangurinn hafi þar oftast verið góður. Ég tel því, að hér sé um sérstakt mál að ræða og geti því ekki verið um neitt fordæmi að ræða frekar en það, sem áður hefir gerzt, því að aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af innfluttu efni til annara fyrirtækja á öðrum stöðum á landinu. Ég skal geta þess, að þessi aðflutningsgjöld munu vera um 3000 kr., og munu þau koma næsta hart niður á þeim almennig, sem hefir staðið undir þessari framkvæmd. Þó að ekki sé um nema fáar þúsundir að ræða, má vita, að það kemur illa við tómar þyngjur þessara manna, en fyrir ríkið munar þetta ekki til líka eins miklu. Hér við bætist. að á þetta fólk koma enn meiri útgjöld, með því að í Landsbankanum hefir nú frá síðasta ári legið krafa, 12—13 þús. kr., sem var veitt gjaldleysify fyrir í ágústmánuði síðastl., og peningar lágu til reiðu í Landsbankanum til að

Rafv. í Vik. — Stórútgæðarfyrt. — Launagreiðslur. — Mpn. um embættaveit. — Fasteignaveðslán veðdeildar.

greiða þetta frá því um mitt sumar fyrra árs, en þessi upphæð er ein af þeim mörgu, sem nú brenna inni í bankanum, og hækka vegna krónulekkunarinnar um 3—4 þús. kr., og vitanlega lendir þetta á almenningi í Víkurkaupþúni, vegna þess að yfirfærsla fékkst ekki á þessari upphæð, þó að loforð hefði verið gefið um það og peningarnir til, og mun þetta nema meiru en því, sem hér er farið fram á, að verði niður fellt.

Þetta mál kom fyrir síðasta þing, en eigi fyrr en seint. Flokkarnir gáfu því yfirlýsingu um málið, bæði Sjálfstfl. og Alþfl., en hæstv. fjmrh. var úr Framsfl. Þar gáfu þeir meðmæli sín með að gefa þennan toll eftir, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp ummæli flokkanna eða miðstjórnna þeirra.

Miðstjórn Sjálfstfl. segir svo 27. júlí síðastl.: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hefir samþykkt að vinna að því, að látn verði niður falla innheimta á aðflutningsgjöldum af innfluttu efni til rafvirkjunar í Vik í Mýrdal.

Miðstjórn Alþfl. segir svo 20. júlí síðastl.: Stjórn Alþýðusambands Íslands hefir á fundi sínum í gær samþykkt meðmæli með því, að fallið sé frá innheimtu á aðflutningsgjöldum af innfluttu efni til hinnar nýju rafvirkjunar í Vik í Mýrdal.

Hæstv. ráðh. var ekki tilbúinn, áður en þing kom saman, að afgreiða málið, og þótti mér því sjálfsgagt, að Alþingi fengi málið til meðferðar. Hvað Framsfl. viðvikur, þá hefi ég átt tal um málið við formann Framsfl., hv. þm. S.-P., og hefir hann tekið málinu liðlega.

Ég sé ekki ástæðu til, að málinu sé vísað til fjvn., en það er eina n., sem um það ætti að fjalla, en hefi þó ekki á móti því, ef einhver þættist ekki nægilega kunnugur málavöxtum, en fer þá fram á, að málinu sé skilað svo timanlega, að það geti fengið afgreiðslu á þessum hluta þingsins. Það er nauðsynlegt vegna innheimtu þessa gjalds.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Málið liggur einfaldlega fyrir og mun öllum skiljanlegt. Annars mun ég, ef hv. fjvn. fær málið til meðferðar, gefa allar frekari skýringar, sem unnt er að láta í té.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

10. Stórútgæðarfyrtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um uppgjör á stórútgæðarfyrtækjum, sem ekki eiga fyrir skuldum (A. 99).

Á 6. fundi í Sp., 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

11. Launagreiðslur til yfirmanna á veiðiskipum.

Á deildafundum 29. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um breyt. á tilhögun launagreiðslna til yfirmanna á veiðiskipum (A. 100).

Á 6. fundi í Sp., 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

12. Millipinganevnd um embættaveitingu o. fl.

Á deildafundum 29. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um kosningu millipn., sem undirbúi löggjöf um ráðningu starfsmanna og veitingu embætta þess opinbera o. fl. (A. 101).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

13. Fasteignaveðslán veðdeildar Landsbankans.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um fasteignaveðslán veðdeildar Landsbanka Íslands (A. 333).

Á 16. fundi í Sp., 7. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 3. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sp., 4. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Ég vil fyrst leyfa mér að heina athygli hv. þm. að því, að ég tel það mjög óheppilegt, að þær till. til þál., sem lagðar eru fram í Sp. samléga snemma, skuli yfirleitt ekki teknar fyrir fyrr en í lok þings, svo að enginn tími er til að vísa þeim til allsh. Sp. og láta þær fá þá meðferð, sem þær eiga að fá, eins og önnur mál, samkv. eðli sínu og réttum þingsköpum. Því vildi ég ákveðið mælast til þess, um leið og ég víti meðferð hæstv. forseta á þessari till., að þeir, sem verða forsetar, þegar við komum saman næst, drægu það ekki von úr viti að taka slíkar till. fyrir, heldur sæju til þess, að þær geti fengið meðferð í nefnd eins og skylt er. Nú er kominn síðasti starfsdagur þingsins, og þó að raddir séu um það, að till. þessa megi afgreiða án nefndar, tel ég það rangt, enda þótt ég búist við, að hún geti ekki komið aftur úr nefnd á þessu þingi. Ég vil nú, þótt till. þessi nái ekki afgreiðslu, heina nokkrum orðum til þess ráðh., sem málið snertir, og vonast til þess, að hann athugi, hvað hægt er að gera í málinu til næsta þings.

Það orkar ekki tvímælis, að nú er uppi sú stefna hér á Alþingi að reyna að dreifa fólkinu út á landsbyggðina, í von um meiri atvinnu-
möguleika þar en hér, sem atvinnuleysið sverfur nú mest að. En um leið og hv. Alþingi vill láta fólkið flytja úr þéttbýlinu, er lánun veðdeildar Landsbankans svo háttáð, að mjög reynist mönnum úr dreifbýlinu erfitt að fá lán þar til að byggja yfir sig hús. Sumpart liggur þetta ef til vill í reglugerðinni, sem veðdeildin starfar eftir, en sumpart í óheppilegri framkvæmd á stjórn veðdeildarinnar. Veðdeild Landsbankans er starfrækt eftir l. nr. 122 27. des. 1935 og nánari ákvæðum í reglugerð nr. 42 15. jan. 1936, og er þar ákveðið, að lána skuli gegn veði í fasteignunum — eða svo sem segir í reglugerðinni: „gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með löð í kaupstöðum og verzlunarstöðum.“ Nú er þetta túlkáð svo í veðdeildinni, að það, sem átt sé við með orðunum „í kaupstöðum og verzlunarstöðum“, sé aðeins sá hluti af löðum kaupstaðarins eða þorpsins, sem liggur á hinni löggiltu verzlunarlöð. Í mörgum þorpum er það ákaflega lítill blettur, sem þannig er löggiltur, en aðalbyggðin dreifð í kringum hann og veðdeildin lokuð fyrir öllum, sem þar byggja. Ég hefi oft komið í veðdeildina með lánbeiðnir fyrir hús og fengið þau svör, að ekki væri hægt að veita lánið, af því að húsið stæði utan kaupstaðarlöðar. Nú er kaupstaðarlöðin víða fullbyggð, svo að þeir kaupstaðir eru gersamlega útilokaðir frá því, að þangað fáist veðdeildarlán út á hús, sem byggð eru, og þá líka mjög takmarkað af þeirri ástæðu, hvað þeir geta stækkað, því til flestra nýbygginga þarf að taka byggingarlán.

Ef við ætlum að flytja menn út í dreifbýlið til að stunda þar bátaútveg og annað, sem þar má lifa af, þá geta þeir ekki byggt yfir sig nema með öðrum og óhagkvæmari lánsskilyrðum en Reykvikingar t. d. geta gert. Hvers vegna má ekki rýmka þessar reglur veðdeildarinnar og lána út á hús utan verzlunarlöðar í kaupstöðum?

Þegar um það er að ræða að lána út á hús úti um land, í kaupstöðum og verzlunarstöðum eða sveit, er harðneitað að lána út á timburhús, sem ekki er járnklætt utan. Nú er nokkuð um það deilt, hver þörf sé á járnklæðningu í landshlutum, þar sem úrfelli er minnst. En því hefi ég orðið fyrir, að vera umboðsmaður um lánsútvegum fyrir hús, sem fékk slíka neitun, og þegar húið var að járnklæða, varð lánið svo lítið, að hrökk ekki nema fyrir parti af því, sem járnklæðningin kostaði. Ég vildi biðja hæstv. ráðh. að athuga, hvort ekki mundi mega lána út á hús austanlands og norðan, þótt ekki séu járnklædd, en kannske þættu þá ástæður til að hafa lánstímann styttri en ella, og er ekkert við því að segja.

Þá er það skoðun sumra manna, sem stjórna veðdeildinni, að sum þorp séu svo illa sett, að alls ekki sé hægt að lána út á nein hús þar. Ég get nefnt sem dæmi, að þegar fokskaðarnir urðu mestir á Austurlandi 1938, fauk hús ofan af manni í einu þorpinu þar. Hann er söðla-smiður og leggur á margt gerva hönd, þó fatlaður sé. Hann steypti sér nýtt hús, sem kostaði á 6. þús. kr., og gat lagt fram 3 þús. sjálfur. Hann sótti um veðdeildarlán. En þegar sú umsókn hafði legið í bankanum á annað ár, fékk hann það svar, að ekki væri hægt að lána út á hús á þessum stað. Ég þarf ekki að telja fleiri dæmi en þetta, en hefi mörg fleiri, en vitanlega er það ekki stjórn veðdeildar, sem á að ákveða það, að ekki sé nein framtíð í þessu eða hinu þorpinu, og með þeim dauðasleggjudómi útiloka lán til bygginga á staði þá, er þeir þannig úrskurða „dauða“. Ég hygg, að ekkert þorp hér á landi sé svo illa sett, að það geti ekki átt framtíð.

Veðdeildin lánar venjulega ½ af virðingarverði húsa í kaupstöðum, og fer þá ætíð eftir virðingargerð, sem framkvæmd er vegna lánþökunnar, sem hún að visu lætur endurskoða. Reynsla er fyrir því, að við þessar virðingar, sem húseigendur kosta sjálfir, freistast virðingarmenn, þótt eiðsvarnir séu, til að hafa þær dálítið háar. Og því verður það mat ekki lagað svo með yfirmati, að vel fari að öllu. Ég er viss um, að miklu heppilegra væri, að veðdeildin tæki upp þann sið að miða lán sín við fasteignamat. Nú er framkvæmt millimat á hverju ári, svo að það er litlum vandkvæðum bundið að fá alltaf rétt fasteignamat. Það væri miklu fyrirhafnarminna en framkvæma nýtt mat við hverja lánveitingu, og það mundi útiloka þann sið, að reynt sé að hafa virðingar háar til lánþöku, en lágur til skatts. Ég held þess vegna, að eitt af því, sem þarf að athuga í þessu máli, sé, hvort ekki sé hægara eða réttara eða hvortveggja að leggja til grundvallar fasteignamat en sérstakt mat veðdeildarinnar, þegar hún veitir lán. Breytingin yrði til bóta fyrir lánþakendur og aukinnar tryggingar fyrir bankann.

Veðdeildin lánar yfirleitt, eins og ég veik að, ½ eða jafnvel meira út á hús í Reykjavík og kaupstöðum og upp undir það í sumum þorpum, en aðeins ¼, ef húsið stendur í sveit. Ég veit ekki, í hverju þessi munur liggur. Það kann að vera, að hús í sveit leigist síður út, eða alls

ekki. En ef matið er rétt á húsum í sveitum, er í rauninni engin ástæða til þess að lána minna út á þau en hús í kaupstöðum. Þetta allt, sem ég hefili talið, vildi ég, að ráðh. athugaði og reyndi að hafa áhrif á, að ekki yrði eins þröngur aðgangur að veðdeildinni og er, svo að menn séu ekki af því útilokaðir frá að byggja yfir sig, nema þeir húi í kaupstöðunum. Núna munu t. d. liggja í Landsbankanum þrjár beiðnir úr þorpum landsins, þar sem ég er umboðsmaður lánþega. Einni á að synja af því, að húsið er ekki járnklætt, annari af því, að það er utan kaupstaðarlóðar, þriðju af því, að ekki sé lánað út á hús í því þorpi. En ef þessir menn flytjast til Reykjavíkur, fá þeir strax lán til að byggja sér hús. En mér skilst, að Alþingi óski nú ekki beint eftir því og mundi heldur vilja láta þá hvern einn vera á sínum stað og í sinni atvinnu þar. En þá þurfa þeir líka að hafa hús yfir höfuðið.

Ég legg til, að till. verði vísað til allshn., eins og rétt er, og umr. frestað, enda þó ég viti, að með því verður málið ekki útrætt nú.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það virðist nú a. m. k. brugðið til beggja vona um það, hvort tími vinnst til að afgreiða þessa till. á þessu þingi. Fari svo, að það takist ekki tímans vegna, mun ég samt sem áður athuga málið eins og það hefði orðið samþ. og reyna að komast til botns í því, hvort eðlilegt sé að breyta þarna til frá því, sem verið hefir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

14. Launagreiðslur hins opinbera.

Á deildafundum 15. des. var útbýtt frá Sp.:
Till. til þál. um ráðstafanir til sparnaðar á launagreiðslum hins opinbera (A. 449).

Á 19. fundi í Sp., 22. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

15. Sildarverðsuppbót.

Á deildafundum 19. des. var útbýtt frá Sp.:
Till. til þál. um uppbót á verði sildar til sjómanna og útvegsmanna (A. 496).

Á 19. fundi í Sp., 22. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 3. jan., utan dagskrár, mælti

Ísleifur Högnason: Það er nú liðinn hálfur mánuður síðan ég bar hér fram till. um verðuppbót á sild til útvegsmanna og sjómanna. Hún hefir ekki enn verið tekin á dagskrá. Vil ég nú gera þá kröfu, að þetta mál verði nú tekið á dagskrá sem fyrst.

Forseti (HG): Það liggur nokkuð fyrir af óafgreiddum till., og munu þær verða teknar á dagskrá síðar, ef tími verður til.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

16. Verðjöfnun á kjöti.

Á deildafundum 27. des. var útbýtt frá Sp.:
Till. til þál. um verðjöfnun á kjöti fyrir árið 1939 (A. 589).

Á 22. fundi í Sp., 28. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 3. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið frammar.

17. Nýbýli og nýbýlahverfi.

Á 24. fundi í Sp., 30. des., var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning stofnunar nýbýla og nýbýlahverfa (A. 651).

Á 25. fundi í Sp., 3. jan., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sp., 4. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

Fyrirspurnir.

1. Talstöðvar í fiskiskipum o. fl.

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til atvnrh. um talstöðvar í fiskiskipum o. fl. (A. 63).

Á 21. fundi í Ed., 21. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 30. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að ráðh. hefði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara henni.

*Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Ég hefi leyft mér að bera hér fram þessa fyrirspurn út af till. til þál., sem samþ. var í þessari hv. d. á síðasta þingi áhrærandi lækkun leigu á talstöðvum í fiskiskipum. Þingsályktun þessi var svo hljóðandi:

„Ed. Alb. skorar á ríkisstj. að hlutast til um:

1. að afnotagjald af viðtækjum í fiskiskipum falli niður.
2. að leiga eftir talstöðvar lækki niður í 50 kr. á ári.
3. að strandargjald fyrir skeyti til fiskiskipa verði fært niður í 5 aura á orðið.
4. að leigjendum talstöðva verði framvegis ekki gert skylt að tryggja tækin fyrir hærri upphæð en 300 kr.“

Flm. þessarar till. voru Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson og ég. Í grg. fyrir till. var tekið fram í fyrsta lagi það, sem almennt er nú viðurkennt, að talstöðvar séu svo að segja ómissandi í fiskiskipum. Það var tekið fram, að þær væru til mikilla þæginda við veiðarnar og sjóferðir yfirleitt, og það, sem mest væri um vert, væri öryggið fyrir sjómennina, sem þær sköpuðu. Þá var til þess vísað, að á aukafundi í S. Í. F. hefði verið samþ. áskorun til ríkisstj., sem væri shlj. þeirri till. til þál., sem hér lá fyrir. Ennfremur var svo á það bent, að fiskiþingið hefði samþ. samskonar áskorun, og loks, að Slysavarnafélag Íslands hefði sent Alb. áskorun um málið. Við flm. bentum á það meðal annars, að okkur virtist, að útvarpið þyrfti ekki endilega að hafa gróða af þessari öryggisráðstöfun sjómanna. Við bentum á, að strandargjaldið væri of hátt og drægi úr notkun slíkra skeyta og þar með því gagni, sem væri að þessu

fyrir fiskimenn. Á það var bent, að ein sérstök stofnun í landinu, Bataabyrgðarfélag Vestmannaeyja, hefði tekið málinu sérstökum tökum, sem væri til eftirbreytni, sem sé að styðja að því, að taltæki séu notuð í fiskibátum og váttryggja þau endurgjaldslaust. Ég hefi nú ekki orðið var við breyt. á neinu þessu sviði. Ég hefi spurzt fyrir um þetta og ekki getað fengið upplýst, að neinstaðar hafi verið hliðrað til í þessum efnum. Af þeim ástæðum er þessi fyrirspurn hér fram komin. Ég álit ekki ástæðu til að fara út í almennar umr. um gagn af talstöðvum í bátum, af því að það er svo viðurkennd staðreynd. En ég vil minnast hér á 2 áskoranir frá mínu kjördæmi til Alb., sem eiga að leggjast hér fram. Það er áskorun frá slysavarnadeildinni Kyndli, sem er kvennadeild Slysavarnafélagsins í Vestmannaeyjum. Áskorunin hljóðar þannig:

„Á aðalfundi „Kyndils“, kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands í Vestmannaeyjum, 23. janúar 1939, var þessi tillaga samþ. með shlj. atkvæðum:

Aðalfundur slysavarnasveitarinnar Kyndils í Vestmannaeyjum 23. jan. 1939 samþ. að skora á Alb. og ríkisstjórn að styrkja vélbátaeigendur til talstöðvakaupa og fella niður leigugjaldið. Þar sem fæstum bátaeigendum er nú kleift að afla sér talstöðva í báta sína, með því verðlagi, sem nú er á þeim.

Virðingarfyllst. Í stjórn slysavarnasveitarinnar Kyndils, Dýrfinna Gunnarsd., Katrín Gunnarsd., Sylvia Guðmundsd.“

Hin áskorunin er frá sjómannafélaginu „Jötni“ í Vestmannaeyjum, og er hún svo hljóðandi:

„Hver dagur, sem liður, má segja, sannar betur og betur, hversu nauðsynlegar talstöðvar eru í fiskibátum, og má telja víst, að þær hafi þegar afstýrt ekki allfáum slysum. Enn sem komið er eru þær hvergi nærri nægilega útbreiddar, og æðimargir bátar, sem eru án þeirra, sem stafar að verulegu leyti af þeirri ástæðu, að útgerðarmönnum er um megn að afla sér þeirra í báta sína vegna fjárhagsörðugleika. Á þetta sérstaklega við um alla smærri báta, sem velta minna fjármagni og verður því allur slíkur kostnaður hærri hundraðshluti en hjá hinum stærri, en þeim er engu síður þörf slíkra öryggistækja.

Í sambandi við það, sem að ofan er sagt, skorar sjómannafélagið „Jötunn“ hér með á hið háa Alþingi og ríkisstjórn að veita svo riflegan styrk til framangreindra öryggisráðstafana, að

enginn vélbátur með þilfari þurfi í náinni framtíð að vera án talstöðvar.

Vestmannaeyjum, 17. febr. 1939.

Virdingarfyllst. Í stjórn sjómannafélagsins „Jötuns“, Guðmundur Helgason, Jóhann Sigfússon, Kristinn Ástgeirsson, Sighvatur Bjarnason, Finnboogi Finnbogason.“

Ég vil benda á, að fiskiþingið hafði þetta mál til meðferðar, og að áskorun þess fór í sömu átt og þessar áskoranir, sem ég hefi nú lesið. Einnig hafa undir þetta tekið S. Í. F. og Slysavarnafélag Íslands, bæði mjög eindregið. Þetta og margt fleira sýnir, að það er sannfæring manna yfirleitt, að það verði að greiða úr þessum málum og að taltæki komist í sem flesta báta. Ég get upplýst það, samkv. heimildum frá landssímanum, að talstöðvar munu nú vera komnar í um 250 báta. Þar með eru ekki talin stærri fiskiskip eða togarar. Það sést á þessu, að framförin í þessu máli er allör. Og mér er sagt, að það megi búast við, að tala tækjanna verði komin upp í 280 áður en þetta ár er liðið. Allar þessar talstöðvar eru frá landssímanum, að undanskildum fjórum, sem hafa verið látnar í bátana í útlöndum, en það er í Hugana frá Ísafirði og Sæhrími frá Siglufirði. Hér er því um að ræða mikið af talstöðvum, sem hafa verið teknar í notkun, en það er hinsvegar stór hluti fiskibáta landsins ennþá án þessa dýrmæta hjálparkæpis. Það þarf þess vegna að létta undir með mönnum, sem enn hafa ekki fengið slík tæki, með stofnkostnað þeirra, og eins þarf að reyna að gera mönnum sem léttast fyrir um rekstrarkostnað tækjanna. Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefir sýnt ágætan skilning á þessu máli hvað Vestmannaeyjar áhrærir, en þessi afskipti snerta vitaskuld ekki aðrar veiðistöðvar en Vestmannaeyjar. Þegar ég þess vegna geng eftir því hjá hæstv. ráðh., hvernig rekstri þessa máls liði, þá verður ekki hægt að ásaka mig fyrir það, að ég sé að berjast hér fyrir neitt sérstakt kjör-dæmi, enda er það ekki svo.

Ég skal nú mönnum til glöggvunar gefa upplýsingar um það, hvað kostnaðurinn er mikill við að setja slík viðtæki og taltæki í báta. Á þeim reikningi, sem ég hefi hér í höndum, en hann er frá 3. marz þ. á., er viðtæki frá viðtækjaeinkasölu reiknað á 500 kr., hátalari 35 kr., 3 Telefunken-lampar á 15 kr. stykkið 45 kr., einn slíkur lampi í viðbót, sem kostar 9 kr., 3 raffhlöður á 59 kr. og 2 rafgeymar á 44 kr., uppsetning talstöðvar er 20 kr., loftnet kr. 40.95 og jarðsambandsplata á 40 kr. Þetta verður til samans kr. 792.95. Þetta getur auðvitað verið breytingum undirorpið. Ég skal geta þess, að reikningurinn, sem ég vitna í, er frá Vestmannaeyjum, en eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið frá Bolungavík, þá mun stofnkostnaðurinn vera svipaður þar. En svo kemur hinn árlegi rekstrarkostnaður: ársleiga til landssímans fyrir tæk-ið 120 kr., afnotagjald til útvarpsins 30 kr., og svo kemur árlegur viðhaldskostnaður. Ég tel ekki fjarri að reikna 150—200 kr. í viðhaldskostnað. Ofan á þetta kemur svo váttrygging á tækjunum, en landssíminn heimtar, að tæki þau, sem hann leigir, séu tryggt fyrir 1200 kr. Iðgjaldið af tryggingu fyrir þau verður því um 90 kr.

Ég hefi verið að taka þetta svona nákvæmlega fram til þess að gefa hv. þm. sem bezt yfirlit yfir þann kostnað, sem er við það að setja taltæki í báta og greiða af þeim rekstrarkostnað. Einmitt með tilliti til þessa er það sýnilegt, að það er þörf á að fá þessa kostnaðarliði niður færða.

Ég skal að svo komnu ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess að fá að heyra frá hæstv. atvnrh. um það, að hverju leyti hæstv. ríkisstj. hefir í hyggju að taka til greina þá áskorun þessarar d., sem ég hefi þegar bent á og fyrirspurnin er risin út af.

Atvnrh. (Skúli Guðmundsson): Eins og flm. þessarar fyrirspurnar tók fram í sinni ræðu, var hér í þessari d. á síðasta þingi, 2. maí 1938, samþ. þál. um lækkan leigu talstöðva í fiskiskipum, svo hljóðandi:

„Ed. Alþ. skorar á ríkisstj. að hlutast til um:

1. að afnotagjald af viðtækjum í fiskiskipum falli niður.
2. að leiga eftir talstöðvar lækki niður í 50 kr. á ári.
3. að strandargjald fyrir skeyti til fiskiskipa verði fært niður í 5 aura á orðið.
4. að leigjendum talstöðva verði framvegis ekki gert skylt að tryggja tækin fyrir hærri upphæð en 300 kr.“

Eftir að síðasta þingi lauk tók ríkisstj. vitanlega þetta mál til athugunar, og að þeirri athugun lokinni sá ráðuneytið sér ekki fært að hlutast til um, að þessar áskoranir yrðu teknar til greina eins og sakir standa. Mun ég gera grein fyrir því, af hverju þetta stafar.

Það eru um það bil 7 ár síðan landssíminn fór að búa til litlar firðtalstöðvar og gera tilraunir um nothæfni þeirra í bátum og fiskiskipum. Þessar tilraunir tókust vel og talstöðvar þessar urðu brátt vinsælar. Jafnframt óx eftirspurnin fram yfir það, sem hægt var að fullnægja. Eins og hv. þm. Vestm. tók fram, munu nú vera komnar slíkar stöðvar í á 3. hundrað báta, en jafnframt þessu hefir verið komið á nýju strandarstöðvakerfi, en það er nauðsynlegt til þess að bátar geti fengið afgreiðslu við land hvar sem þeir eru staddir.

Það þarf að kosta nokkru til að fullkomna þessar stöðvar, sem landssíminn hefir látið búa til og eru ætlaðar litlum skipum og starfræktar af mönnum, sem hafa litla þekkingu á raffræði og raftækjum og kunna lítið til starfræslu slíkra stöðva. Það er reynt að gera tækin þannig úr garði, að ekki hljóti slys eða vandræði af starfrækslu þeirra, ennfremur að þau séu spör á raforku, ódýr í rekstri og að hægt sé að breyta þeim, ef með þarf. Tæki, sem fullnægja þessum skilyrðum, er ekki hægt að fá erlendis með samþærilegu verði og er á þeim, sem smíðuð eru hér, enda er firðtalsþjónusta á svo smáum skipum óþekkt annarstaðar í Evrópu en hér.

Landssíminn hefir leitast við, eftir því, sem fjárhagurinn leyfir, að fullnægja eftirspurninni eftir slíkum stöðvum og að hafa þær sem traustastar og straumsparastar, og undirbúið og gert ýmsar endurbætur á þeim. Nú þegar er lokið við að búa svo um þessi tæki og loftskýtastöðina

Talstöðvar í fiskiskipum o. fl.

í Reykjavík, að það geta farið fram samtöl milli bátastöðva við Suðvesturland og talsmanotenda, hvar sem er á landinu. Landssiminn hefir og til athugunar og undirbúnings samskonar fyrirkomulag á öðrum loftskýtastöðvum kringum land, og enn fremur ódýran útbúnað, er gerir viðtæki bátanna jafnframt að miðunartækjum. Enn fremur fjölgjum fastra öldulengda fyrir bátstöðvar, nákvæmari bylgjustillingar, ásamt ýms-um fleiri endurbótum.

Sem kunnugt er, tekur landssíminn 120 kr. á ári í leigu fyrir sendistöðvarnar, en krefst ekki neins stofngjalds. Þótt þessi upphæð muni þykja nokkuð há, þá er hún aðeins lítið brot af því, sem talstöðvar eru leigðar á í nágrannalöndunum, auk þess, sem þar er einnig krafizt stofngjalds. Að fengnum upplýsingum get ég skýrt frá því, að sænska símamálastj. mun taka 600 kr. ársleigu og 600 kr. stofngjald fyrir minnstu talstöðvarnar, sem hún leigir, en í því er viðtæki innifalið. Í gjaldi landssímans hér er falið allt eftirlit, endurbætur og breytingar, svo og allt eðlilegt viðhald senditækisins og ýmskonar leiðbeiningar og aðstoð, án aukagjalds. Telur póst- og símamálastjóri, að þessi árlegi kostnaður með viðhaldi og endurbótum nemi 70 til 80 kr. af ársleigunni. eru þá eftir 40—50 kr. til fyrningar og vaxta af stofnkostnaði, og er það hlutfallslega mjög lítið. Það er talið, að þau tæki, er landssíminn leigir, — þar með eru ekki viðtækin, eins og hv. þm. Vestm. tók fram, þau eru keypt hjá viðtækjaverzluninni — kosti lands-símamann um 750 krónur. Hefir verið áætlað, að með því að fá slík tæki erlendis frá yrði kostnaðurinn 40—50% hærri. Það er sýnilegt, að ef síminn hefir ekki nema 40—50 krónur af tæki að meðaltali fyrir fyrningu og vöxtum af þessu fé, þá er ekki hægt að telja leiguna óeðlilega háa.

Eins og hv. þm. Vestm. sagði, — og um það er ég honum sammála, — þá er hér um mikið velferðar- og öryggismál að ræða, og einnig með tilliti til þess, að smátúgerðarmenn yfirleitt hafa ekki rúmar fjárhagsástæður, þá er sjálfsagt að setja þessa leigu svo lága, sem frekast er hægt, og það held ég, að landssíminn hafi gert, eftir þeim upplýsingum að dæma, sem ég hefi fengið. Það má ekki setja þessa leigu svo lága, að öll framþróun á þessu sviði stöðvist vegna þess, að ekkert fé sé til endurnýjunar á stöðvum, er ganga úr sér, nema með því að taka það af því fé, sem veitt er til nýrra stöðva, og ef stöðvunum fjölgaði, mundi hún ekki einu sinni hrökkva til.

Póst- og símamálastjóri hefir reiknað út, að þessi krafa í 2. lið þál., um að leigan verði lækkuð niður í 50 krónur, mundi gera ca. 20000 kr. tekjurýrnun fyrir landssímamann á yfirstandandi ári. Nánar tiltekið 21000 kr., ef gert er ráð fyrir 300 bátastöðvum, þar sem og eftirlit mundi aukast eftir því, sem stöðvunum fjölgaði.

Þá er í 3. lið þál. óskað eftir því, að strandargjaldið verði lækkað úr 30 aorum niður í 5 aura. Ef með orðinu „fiskiskip“ í þál. er átt við mótorbáta, þilskip og togara, mundi sú breyt. þýða lækkun á tekjum landssímans, sem næmi 30 þús. kr. á ári. Ég hefi fengið upplýst, að annar-

staðar á Norðurlöndum muni þetta gjald vera 45 aurar, nema í Danmörku, þar sem það er 30 aurar, eins og hér, en aðeins fyrir dönsk skip. Af þessu er ljóst, að ef þetta væri framkvæmt, yrðu strandarstöðvarnar stór baggi á landssím- anum og tekjur þeirra — með 5 aura gjaldinu — ekki nema lítið brot af þeim kostnaði, sem síminn hefir af starfrækslu þeirra.

Þá er gert ráð fyrir í þál., að leigjendum talstöðva verði framvegis ekki gert skylt að tryggja tækin fyrir hærri upphæð en 300 kr. Stofnkostnaður þeirra er meir en helmingi hærri, svo þetta mundi þýða það, að landssíminn yrði sjálfur að tryggja þær fyrir hinum hluta stofnkostnaðarins, nema að taka mikla áhættu á sig sjálfur. Ef miðað er við 300 stöðvar, mundi sú trygg- ing nema allt að 9000 krónum.

Ég hefi ekki minnzt áður á 1. lið þál. vegna þess, að ég tel, að um það verði að gilda sömu reglur að því er báta snertir og aðra útvarps- notendur í landi. Það er tæplega hægt að fara að gera þannig upp á milli manna. Það mun rétt, sem hv. þm. Vestm. benti á, að sumir báta- eigendur, sem hafa tæki í bátum sínum, hafi einnig útvarpstæki í landi. Þó munu einhverjir vera, sem ekki hafa það, og því erfitt að greina þar í milli.

Til viðbótar því, sem ég hefi nú þegar tekið fram um þetta efni, má geta þess, að með al- þjóðaákvæði er talið nauðsynlegt að gera breyt- ingar og endurbætur á bátatalstöðvum. T. d. starfar síminn nú að breytingum og endurbót- um, sem miða að því að fjölga vinnubylgju- lengdum stöðvanna og gera kallbylgjuna svo stöðuga og nákvæma sem auðið er, en það tryggir það, að stöðin heyrast betur þegar hún kallar og eykur þar með öryggið. Einnig verður komið fyrir í stöðvunum nýju spennitæki, sem á að koma í stað háspennurafhláðnanna og gerir þannig rekstrarkostnaðinn minni en hann er nú. Póst- og símamálastjóri áætla, að efni til þessara endurbóta kosti um 200 kr. í hverja stöð af þeim, sem fyrir eru. Hinsvegar er það að sjálfsögðu hugmyndin, að allar stöðvar, sem hér eftir verða smíðaðar, verði með þessum nýja og fullkomnari útbúnaði. Ekki verður heldur hægt að breyta öllum eldri stöðvunum á einu ári, heldur verður kostnaðinum skipt á nokkur ár. Telur póst- og símamálastjóri, að vegna breyt- inganna verði óhjákvæmilegt að fara fram á hærri fjárframlög en nú er gert ráð fyrir, til þess að meira fé fái til viðbóta og viðhalds á stöðvunum.

Þá er nauðsynlegt að koma á þeim endurbót- um, að strandarstöðvarnar verði það fullkomnar, að þær geti allar gefið talstöðvum bátanna samband inn á línukerfi landssímans, svo bát- arnir geti talað við simanotendur í landi, hvar sem er á landinu. Þessi útbúnaður er nú ein- göngu í Reykjavík, en þyrfti sem fyrst að koma bæði á Siglufirði og í Vestmannaeyjum, svo og einnig á Ísafirði og Seyðisfirði. Þá telur póst- og símamálastjóri einnig nauðsynlegt, að komið verði á strandarstöð í Höfn í Hornafirði, sem geti afgr. báta, sem þaðan fiska, og haft sam- band við skip, sem þurfa að koma þar við. All- ar þessar breyt. hljóta að kostna mikið fé; t. d.

er áætlað, að breytingarnar, sem gera þarf á stöðinni á Siglufirði, muni kosta um 13 þús. kr., og ennþá meira í Vestmannaeyjum, eða ca. 25 þús. kr.

Um síðasta lið þál., þá upphæð, sem leigjendur eigi að tryggja tæki sín fyrir, skal þess getið, að eftir nánari athugun á þessu máli hefir póst- og símamálastjóri komið að þeirri niðurstöðu, að lækka mætti þá upphæð úr 1200 kr. niður í 850—900 kr., en lengra er ekki talið, að hægt sé að fara, samkvæmt þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið um stofnkostnað þessara tækja, en verði þessu komið í framkvæmd, lækkaar váttryggingin um 25—30%.

Ég vil nú eftir að hafa gefið þessar upplýsingar almennt um málið, draga saman nokkrar þær athuganir, sem eru þess valdandi, að ráðuneytið taldi ekki fært að taka þessa þál. hv. Ed. til greina. Það kom í ljós við athugun málsins, að væri þetta framkvæmt, hefði það í för með sér tekjurýrnun fyrir landssímann, sem mundi nema ca. 60000 kr. á þessu ári, svo miðað sé við það. Hún hefði orðið eitthvað minni árið 1938, vegna þess, að stöðvarnar voru þá færri en nú.

Þegar þetta er athugað, finnst mér ástæða til að halda því fram, að meðferð till. í þessari hv. d. á síðasta þingi hafi verið með nokkuð öðrum hætti en æskilegt hefði verið. Ég verð að gera ráð fyrir, að hv. flm. þeirrar þáttill. muni hafa flutt hana með það fyrir augum, að nauðsynlegt væri — sem og rétt er — að greiða fyrir því, að sem flestir útvegsmenn ættu þess kost að fá þessi nauðsynlegu tæki í sína báta. Með tilliti til þess, að fjárhagsástæður margra þeirra eru mjög erfiðar, hafi svo till. verið flutt. Ég býst ekki við, að hv. flm. hafi verið ljóst, hve mikla tekjurýrnun fyrir landssímann þessi till. hefði í för með sér, en það hefir ráðuneytið talið næga ástæðu til þess, að ekki væri fært að taka hana til greina.

Í þessari hv. d. fékk till. fremur óþinglega meðferð. Um hana var aðeins ein umr., og hvorki var hún send fjh. né fjvn. til athugunar, né heldur póst- og símamálastjóra til umsagnar, sem þó hefði verið eðlilegt, þar sem það snertir svo mjög hans stofnun. Enda er ekki, hvorki í till. né grg., gerð grein fyrir því, hve mikla skerðingu á tækjum og aukin útgjöld um er að ræða, og ekki mun það heldur hafa verið upplýst í framsögu málsins, þegar það var tekið fyrir í hv. d.

Þar sem ráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu við athugun málsins, að framkvæmd till. mundi hafa í för með sér stórkostlega tekjurýrnun fyrir landssímann og raska þar með útkomunni á rekstri hans frá því, sem samþ. var í fjárl. á því sama þingi, og kippa fjárhagslega fótum undan talstöðvaþjónustunni og draga úr og torvelda endurbætur á stöðvunum, sem fyrir eru, taldi ráðuneytið ekki fært að láta þetta koma til framkvæmda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vænti, að hv. deild sé ljóst af því, sem ég hefi sagt, hverjar ástæður liggja til þess, að ekki var farið eftir þessari þingsályktun.

*Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Ég vil að visu þakka hæstv. atv. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir hér gefið. En það er sýnilegt, að meginkjarninn í þeim er ekki annar en sá, að hæstv. ríkisstj. lítur á þetta mál frá einni hlið einungis, sem sé þeirri, að kröfur eða óskir um lækkun leigu talstöðva hafi tekjurýrnun fyrir landssímann í för með sér. Þar hefir hæstv. ríkisstj. látið staðar numið í athugunum sínum, og af þeim ástæðum ekki viljað skerast í málið að öðru leyti. Ég vil að visu ekki vefengja þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. hefir frá póst- og símamálastjóra, að þær séu í höfuðatriðum réttar. Að svo komnu máli vil ég ekki gera það. En ég vil benda á það nýstárlega fyrirbrigði, sem einkennilegt er, sé það 100% sannleikur, að smíði á talstöðvum hér á landi sé ódýrari en hjá útlendingum. Það virðist ekki koma heim við það, sem reynslan segir um ýmislegt annað, sem búið er til hér á landi og einnig utanlands.

Þá vil ég vekja athygli á því, að menn álíta það engan veginn fullrannsakað mál, hvort þær talstöðvar, sem landssíminn lætur í té, séu svo hagkvæmt útbúnar, að þar sé fullt tillit tekið til þess við kostnaðinn, að ekki sé sumt óþarft, er þeim fylgir. Ég býst við, að þær séu að mörgu leyti mjög vel útbúnar, en ég hefi fengið þær upplýsingar, að ekki muni allt bráðnaðsynlegt, sem þeim fylgir. Hefir einn maður, sem kunnugur er þessum málum, haft þau ummæli við mig, að mælitækin, sem stöðvunum fylgdu, væru „luxus“. Ég er þessu ekki svo vel kunnugur, að ég geti dæmt um réttmæti þess, en mælitæki það, sem hér um ræðir, gerir 150 kr. mismun á stöðvunum.

Virtist mér í ræðu hæstv. ráðh., sem hann byggði mjög á ummælum póst- og símamálastjóra, að þar kæmi það ljóst fram, að landssíminn væri kominn að þeirri niðurstöðu, að tækin, sem hann hefir krafizt 1200 kr. tryggingar fyrir, væru nægilega tryggð á 8 eða 9 hundruð kr. Ég var búinn að afla mér upplýsinga um, að þessi tryggingarupphæð væri mikils til of há, og það er þegar viðurkennt af hæstv. ráðh. og hans stofnun, landssímanum. Þá er því haldið fram af hálfu landssímans, og það mál flutti hæstv. ráðh., að af leigunni gengju 60—70 kr. árlega til viðhalds. Þetta atriði skal ekki vefengt; ég læt það liggja á milli hluta, þar til ég hefi aflað mér upplýsinga þar um. Það kann að vera rétt um einstaka tæki, en ég hygg, að eftir því, sem þekking sjómanna eykst á að fara með þessi tæki, muni viðhald, sem stafar af klaufalegri meðferð, fara minnkandi. Að öðru leyti vil ég taka það fram, að landssíminn kostar aldrei neinum 60—70 kr. í eftirlit á hverju einasta tæki, því sum tækin koma aldrei allt árið til skoðunar. Hvort eftirlit og viðhald tækja í einstaka bátum kann að kosta þetta, skal ég ekki fullyrða, — ég er því ekki svo kunnugur, að ég geti sagt um það. Þó svo væri, hagar það ekki þeirri staðreynd, að hagar íslenskra bátáeigenda er ekki svo, að sá aukakostnaður, sem er að því fyrir þá að fá talstöðvar í báta sína, sé þeim vel bærilegur. Ég get upplýst, að stofnkostnaðurinn er um 800 kr., og þar til við-

bótar árleg leiga af senditækinu og viðtækinu frá viðtækjaverzlun ríkisins, sem næmur 400—450 kr. á hvert viðtæki árlega. Þess vegna hlýtur hæstv. ráðh. og hv. d. að vera ljóst, að á þessum tímum getur þetta orðið nægileg hindrun fyrir ýmsa bátaeigendur til að leggja út í að koma þessum tækjum í báta sína.

Hæstv. ráðh. minntist á strandargjaldið og þær fyrirætlunir af hálfu landssímans um að gera endurbætur í simatalsambandinu við báta, sem væru í róðri, og hefi ég ekkert við það að athuga. Þær koma ekki beinlínis þessu máli við.

Það er náttúrulega ágætt, að landssíminn kom þessu talsambandi á. En allt þetta verður þó að vera þannig, að ekki sé það óbærilegur kostnaður fyrir þá, sem þetta eiga að nota.

Um afnotagjaldið til útvarpsins sagði hæstv. atvnrh., að hann teldi, að þó að bátaeigendur væru jafnframt útvarpsnotendur á landi og það mætti til sanns vegar færa, sem við flm. héldum fram, að þeir í raun og veru greiddu þar með tvöfalt afnotagjald með því að greiða einnig fyrir tækið í bátunum, þá mundi það valda misrétti, ef ætti að létta af alveg þessu gjaldi. Ég hygg, að a. m. k. meiri hluti bátaeigenda sé viðskiptamenn útvarpsins í landi og sjálfsagt að auki margir þeirra, sem eru á bátunum, aðrir en eigendur þeirra.

Svo vil ég enn fremur leyfa mér að geta þess hvað snertir útvarpið og þessar 30 kr., sem það krefst af hverjum bát, að það liggja nú fyrir till., líklega hjá hæstv. atvnrh., frá rekstrarráði útvarpsins um sparnað, sem nemi um 60 þús. kr. á rekstri útvarpsins, og að mér er hermt án þess að rekstur útvarpsins ætti að líða nokkurn raunverulegan halla eða tálmun við það, þó að þessar 60 þús. kr. væru sparaðar. Það væri að mínu viti ekki nema réttmæt ráðstöfun, að hæstv. ráðh. gengi inn á, að þessar 60 þús. kr. væru sparaðar í rekstri útvarpsins og um leið væri létt afnotagjaldinu af fiskibátunum. Um sjálft viðtækið, sem viðtækjaverzlunin selur til bátanna, sem kostar kannske um 500 kr., er það að segja, að það mætti sjálfsagt með góðum vilja lækka þann kostnað, ef stjórnin vildi til dæmis fallast á það, að viðtækjaverzlunin léti viðtækin til bátanna án sérstaklega mikils söluhagnaðar; og ég tala nú ekki um, ef létt væri að einhverju leyti tollum af tækjum til bátanna.

Í stuttu máli sagt er hér um það að ræða, hvort hæstv. Alp. og ríkisstj. yfirleitt hafa vilja á því að létta undir með bátaúteiginum í þessu efni og gera útgerðarmönnum bátanna yfir höfuð mögulegt að hafa talstöðvar í bátunum, en ekki það, hvort atvnrh. fær einhverjar upplýsingar hjá landssímanum, þar sem landssíminn segir: „Það kostar mig 60 þús. kr. að hjálpa bátaúteiginum í þessu efni.“ Nei, það er ekki höfuðatriði málsins. En ég vil beina því til hæstv. atvnrh. og hv. d., að teknar séu til greina þær till., sem síðasta fiskiþing samþ. og gengu í þá átt, að Alp. veiti fjárstyrk á einn eða annan hátt til kaupa á þessum tækjum til bátanna, annaðhvort með beinum fjárframlögum sem styrkveitingum til þessara hluta, eða þá, og jafnvel meðfram, með því að láta þessar stofnanir, útvarpið og landssímann, gefa ívilnanir í þessu

sérstaka skyni, sem gerðu mönnum færari leið að því að hafa talstöðvar í bátum sínum.

Hæstv. atvnrh. sagði, að meðferð þessa máls hér á síðasta þingi hefði kannske ekki verið sú æskilegasta; það hefðu, að mér skildist, ekki verið heyrðir allir þeir aðilar, sem þar komu til greina, og mér skildist hann þar með sérstaklega eiga við landssímann. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að málið fór þá ekki í n., og það var að visu ekki nema ein umr. um það, og það var ekki beint snúið sér til landssímans viðvikjandi upplýsingum um þetta mál. En þess var heldur ekki þörf, vegna þess að í þingtiðindum fiskiþingsins lá fyrir allt, sem landssíminn hafði um þetta mál að segja. Hann var ekki þá kominn að þeirri niðurstöðu, að hann hefði heimtað allt of háar tryggingarupphæðir fyrir taltækin, en hefir á eftir ef til vill komizt að þeirri niðurstöðu, að hægt væri án stórtjóns fyrir landssímann að gera dálitla tilslökun á leigu fyrir taltækin o. þ. l.

Þau félög í landinu, sem starfa að björgunarmálum, geta ekki leitt þetta mál hjá sér. Það má ekki viðgangast áfram, að leigu og öðrum kostnaði við að hafa þessar talstöðvar í bátunum sé haldið svo hátt, að óhjákvæmilega verði stór hluti fiskiflotans að vera án þessara gæða. Og þá kemur að aðalkjarna málsins: Hvað vill Alp. og ríkisstj. hafa í þessu efni? Hitt er algert aukaatriði, hvað einstakar ríkisstofnanir segja um sína sérstöku buðu gagnvart þessu máli. Ég verð að láta í ljós það álit mitt, að hæstv. atvnrh. hafi litið of smátt á þetta atriði, hann hafi stungið í vasa sinn þeim upplýsingum, sem landssíminn lét hann fá í þessu sambandi, gagnrýnislaust og án þess að hafa vilja á að aðhafast meira í þessu máli. En Alp. getur ekki gagnvart sjómannastéttinni tekið eins á þessu máli. Það er svo dýrmætur og þýðingarmikill liður í slysavörnum að hafa taltækin í bátunum, að á þessum tíma, þegar mikið er talað um það, bæði af hæstv. atvnrh. og öðrum góðum mönnum, að auka þurfi slysavarnir, verður að taka tillit til þess.

Beztu heilar landsins hafa nú mánuðum saman legið yfir því að finna út, hvað við getum gert til þess að létta undir með sjávarúteiginum. Þá má ekki á sama tíma, bara vegna þess að ein ríkisstofnun segir nei, skella skolleyrnum við því, sem er eins réttmætt og sjálfsagt og það að létta undir með því, að öryggi þeirra manna sé sémilega tryggt í þessu efni, sem standa fyrir og starfa að þeirri framleiðslu, sem aflar þeirra verðmæta, sem við þurfum að hafa, ef við eigum að lifa áfram í landinu.

Atvnrh. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. Vestm. komst að þeirri niðurstöðu í sinni síðari ræðu, að ráðuneytið hefði aðeins litið á fjárhagshlið málsins, en ekki aðrar hliðar þess, og því ekki framkvæmt það, sem þessi hv. d. fór fram á í fyrra. Þar kom að visu fleira til greina. En þé get ég vel viðurkennt það, að það var fyrst og fremst fjárhagshlið málsins, sem kom þar til greina. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég áður hefi sagt, að ég taldi að athuguðu máli ekki fært fyrir ríkisstj. að gera þessar

breyt. á gjaldi bátanna til landssímans fyrir þá þjónustu, sem hann hefir látið þeim í té í þessu efni, þegar það upplýstist, að það mundi hafa í för með sér 50—60 þús. kr. tekjurýrnun fyrir landssímamann frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárl., og málið hafði ekki einu sinni verið athugað í neinni n. hér í þinginu, hafði ekki verið sent fjvn., til þess að hún gæti svo mikið sem látið í ljós sitt álit um málið. Hv. þm. er það fullkunnugt, að þó ekki sé nema um smáupphæðir að ræða, sem miða til útgjaldaaukningar eða tekjuskerðingar fyrir ríkið, þá eru öll slík mál tekin til meðferðar í fjvn., ef Alp. á annað borð ætlast til þess, að gjöldum sé við bætt eða tekjur skertar. Ég álit því, að þeir hv. þm., sem fluttu þessa þáttill. á síðasta þingi, hefðu átt að fá málið athugað a. m. k. í fjvn. áður en þessi hv. d. gekk frá þessari þáttill. En eins og ég gat um áðan, geri ég ekki ráð fyrir, að þeim hv. þm. hafi verið ljóst, hve mikla fjárhagslega þýðingu þetta mundi hafa.

Hv. þm. Vestm. gat þess, að fyrir mundu liggja frá rekstrarráði útvarpsins till. um sparnað við þá stofnun, sem næmi stórrí fjárhæð, og hann áleit, að það mætti vel láta bátaeigendur njóta þess sparnaðar, sem þar mætti við koma, þannig að afnotagjaldi talstöðvanna í fiskiskipum yrði létt af þeim. Ég er hv. þm. Vestm. vitanlega sammála um, að útvegsmenn hér á landi séu alls góðs maklegir. En ég get búizt við, ef hægt væri að koma við sparnaði hjá útvarpinu og öðrum ríkisstofnunum, að fleiri vildu, og það með nokkrum rétti, nota þessa fjárhæð, sem þannig mætti spara.

Ég skil vel nauðsyn þess, að þessi tæki séu í sem flestum og helzt öllum fiskibátum, se n fiska eiga hér við land. En ég vil benda hv. þm. og hv. þd. á það, að fleiri menn hér á landi, sem fást við framleiðslustörf, hafa þörf svipaðra tækja, t. d. afskekktir sveitabæir að hafa útvarp. Og hjá þeim mörgum er rekstrar-kostnaður útvarpstækjanna tilfínanlega mikill, þar sem langt er að sækja til þess að fá hlaðna rafgeyma. Og ýmsir af þeim mönnum hafa ekki of miklu úr að spila frekar en útgerðarmenn bátanna. Það er ekki nema sjálfsagt að hlyna að útgerð og framleiðslustarfsemi yfir höfuð, eftir því sem fært er. En það ætti helzt að koma því þannig fyrir, að þeir, sem þennan atvinnuveg stunda, sjávarútveg, hafi ekki nein sérstök forréttindi, hvorki hjá útvarpinu, lands-símanum né öðrum ríkisfyrirtækjum, fram yfir aðra landsmenn. Það teldi ég æskilegast.

Hv. þm. Vestm. telur, að ég hafi litið of smátt á þetta mál. Ég get náttúrlega ekki gert að því, þó hann hafi þá skoðun. En ég get þó búizt við, að einhverjir aðrir muni ef til vill ekki telja þetta neina smámuní fjárhagslega og mundu mér því sammála um, að viðeigandi og eðlilegast hefði verið, að fjvn. Alp. hefði fengið tækifæri til þess að fjalla um málið áður en frá því var gengið á Alp., þar sem það hlaut að raska svo mjög fjárl., eins og ég nú hefi bent á. Ég vil því benda hv. þm. Vestm. og öðrum, sem áhuga kunna að hafa á því að fá á þessu einhverjar breyt. eða að málið verði athugað eitt-hvað frekar, á það, að ég teldi eðlilegast, að

þeir kæmu þessu máli á framfæri til athugunar í fjvn. þingsins. Því að ég tel hæpið fyrir ríkisstj. að framkvæma slíkar ályktanir, sem koma lítt athugaðar frá aðeins annari d. þingsins, þegar þær hafa mikil áhrif á hag ríkisins og stofnana þess, annaðhvort til útgjaldaaukningar eða tekjuskerðingar.

***Fyrirspeyrjandi (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Hæstv. atvnrh. vitnaði nú í ræðu sinni til afskekktara sveitabýla, sem þyrftu eins nauðsynlega að hafa útvarp eins og bátarnir taltæki. Þetta er náttúrlega dálítið fjarskyllt að jafna saman. Hitt skal ég viðurkenna, að það er nauðsynlegt fyrir þessi býli að hafa útvarpstæki. En þó að ég viti ekki til þess, að nein sérstök krafa hafi verið gerð af hálfu afskekktara býla á landinu um að fá linun á gjöldum til útvarpsins vegna sinnar legu, þá hefir þingheimi verið kunnugt um það, að ekki hefir verið horft í það að leggja fyrir tugi þús. kr. símalínur á landinu, sem ekki hafa komið nema kannske nokkrum tugum manna að notum. Það hefir ekki skort, að það hafi verið tekið fullt tillit til ýmissa afskekktara sveita landsins í þeim efnum.

Hvað hinu viðkemur, sem ég sagði, að mér þætti hæstv. ríkisstj. hafa litið of smátt á þetta mál, þá er ég enn á þeirri skoðun. En því skal ég ekki neita, sem hæstv. ráðh. talaði um, að réttara hefði verið, að málið hefði komið til fjvn., þó að málið sé ekki svo stórt að mínu álit, að ekki hefði með góðum vilja ríkisstj. mátt leysa það eftir þáttill. þeirri, sem gerð var. — Jája, þá það. Ég skal lofa hæstv. ráðh. því, að fjvn. skal fá að taka afstöðu til þessa máls. Fyrst hann hefir ekki getað mannað sig upp til þess að framkvæma vilja þessarar hv. d., sem kom fram í umræddri þál., síðan þingi var slitið á síðastl. vori. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem með þessu máli voru í fyrra, muni vera fylgjandi því enn og muni því vera hægt að koma málinu svo á framfæri, að sú góða fjvn. geti tekið það til meðferðar. Hitt vitum við báðir og skulum ekki orðlengja um það, að það hefir oft verið rifizt hér tímunum saman á hæstv. Alp. um smávægileg útgjöld og togast á um þau. En með eyðslu og óstjórn á stofnunum ríkisins hefir á einn eða annan hátt verið eytt tugum þús. kr. utan við ákvarðanir Alp. og án þess að hv. fjvn. hafi nokkuð komið þar nálægt. Við hæstv. atvnrh. erum hvorugur þau börn, að við ekki vitum, að þetta hefir komið fyrir. En ef þetta er nauðsynlegt form á meðferð þessa máls og ríkisstj. telur sig ekki geta kippit þessu í lag, sem hér hefir verið til umr., að fiskibátarnir fái þessa linkind um gjöld sín vegna talstöðvanna, án þess að fjvn. fái að segja álit sitt um það, þá er ekki nema rétt og skylt fyrir þá, sem vilja berjast fyrir þessu máli, að koma því þannig á framfæri sem hæstv. atvnrh. hefir óskað eftir.

Ráðstafanir vegna ófriðarhættu.

2. Ráðstafanir vegna ófriðarhættu.

Á 24. fundi í Ed., 24. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. um ráðstafanir vegna ófriðarhættu (A. 92).

Á 25. fundi í Ed., 27. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 10 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 27. marz, sendi forseti Ed. ríkisstj. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hún teldi sig reiðubúna að svara.

Við þessu bréfi barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framár.



VIÐBÆTIR

Alþingisreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1938.

(Yfirlit.)

Tekjur:

| | | |
|---|---------|------------------|
| I. Fyrir seld Alþingistiðindi | kr. | 185.00 |
| II. Fyrir selt bókkfell | — | 100.00 |
| III. Vextir af innstæðu í hlaupareikningi við Landsbankann | — | 70.15 |
| IV. Ávísað úr ríkissjóði samkv. ávísana- og gjaldabókum þingsins: | | |
| a. Alþingiskostnaði | kr. | 262626.29 |
| b. Fyrir yfirskoðun ríkisreikninga o. fl. | — | 4405.00 |
| | | <u>267031.29</u> |
| | Samtals | kr. 267386.44 |

Gjöld:

| | | |
|---|-----|----------------------|
| A. Samkvæmt 9. gr. 1. í fjárlögum (alþingiskostnaður): | | |
| I. Þingfararkaup alþingismanna | kr. | 80277.00 |
| II. Goldið starfsmönnum: | | |
| a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 5000.00 + húsaleigu- styrkur kr. 2400.00; laun fulltrúa kr. 4995.00 + persónul. launa- viðbót kr. 1605.00; laun aðstoðarmanns kr. 6000.00; laun hús- varðar kr. 3000.00] | kr. | 23000.00 |
| b. Lausum starfsmönnum [skrifst. og prófarkalestur (þar í að- stoð við útgáfu á umræðum kr. 6840.50); skjalavarzla og af- greiðsla kr. 1779.00; lestrarsalgæzla kr. 1730.00; innanþings- skriftir kr. 16847.00; þingfréttamaður í útvarpi kr. 1270.00; dyra- og pallavarzla kr. 4845.00; þingsveinsstörf kr. 2126.00; símavarzla kr. 1472.00; fatagæzla kr. 1326.00] | — | 38235.50 |
| | | <u>61235.50</u> |
| III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda og önnur prentun: | | |
| A. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda: | | |
| 1. Umræðupartur síðara þings 1937: | | |
| a. B-deild, 79 arkir á kr. 187.85 + a—d-örk (aðalefnisyfirlit) = 4 arkir á kr. 250.80; hefting kr. 890.55; 4 kápur á kr. 18.15; aukalíming á 4 hefti á kr. 19.80 | kr. | 16885.70 |
| b. C-deild, 24% arkar á kr. 187.85; hefting kr. 290.40; kápa kr. 18.15; aukalíming kr. 19.80 ... | — | 4977.65 |
| c. D-deild, 13% arkar á kr. 187.85; hefting kr. 193.60; kápa kr. 18.15; aukalíming kr. 19.80 .. | — | 2814.50 |
| d. Pappír í umræðupart með kápum | — | 1816.70 |
| | | <u>kr. 26494.55</u> |
| 2. Skjalapartur og þingskjöl 1938: | | |
| a. Prentun 1.—8¼ arkar A-deild- ar (stjfrv.), án sérprentana, á kr. 168.00; hefting kr. 87.85 | kr. | 1473.85 |
| b. Prentun og hefting á 8¼—106. örk, með sérprentunum + a— d-örk (3¼ arkar) = 101 örk á kr. 236.00, að frádregnum 750 kr. afslætti vegna endur- notkunar á lettri frá fyrra þingi; 6 kápur á kr. 18.15; aukalíming á 6 hefti á kr. 19.80; uppbót fyrir setningu á þingmannaskrá kr. 50.00 | — | 23363.70 |
| | | <u>kr. 24837.55</u> |
| | kr. | 26494.55 |
| | | <u>kr. 141512.50</u> |

Alþingisreikningur 1938.

| | | | |
|---|--------------|-----------------------|---------------|
| | kr. 24837.55 | kr. 26494.55 | kr. 141512.50 |
| c. Pappír í skjalapart, í sér- prentanir og kápur | — 2252.70 | — 27090.25 | |
| 3. Umræðupartur 1938: | | | |
| a. B-deild, 92% arkar á kr. 187.85 + a—d-örk = 4% arkar (aðal- efnisyfirlit) á kr. 250.80; heft- ing kr. 1064.75; 5 kápur á kr. 18.15; aukalíming á 5 hefti á kr. 19.80 | kr. 19649.55 | | |
| b. C-deild, 20% arkar á kr. 187.85; hefting kr. 251.70; kápa kr. 18.15; aukalíming kr. 19.80 | — 4187.55 | | |
| c. D-deild, 18% arkar á kr. 187.85; hefting kr. 232.30; kápa kr. 18.15; aukalíming kr. 19.80 .. | — 3792.45 | | |
| d. Pappír í umræðupart með káp- um | — 1869.95 | — 29499.50 | |
| 4. Útsending [burðaræyrir kr. 1100.50; afgreiðsla o. fl. kr. 900.00; umbúðagarn kr. 14.15] | — 2014.65 | kr. 85098.95 | |
| B. Önnur prentun [prentun dagskráa kr. 1048.60; lagaprentun o. fl. kr. 1855.70; prentun á þingmannaskrá o. fl. kr. 530.95; fjölritun kr. 310.05] | — 3745.30 | — 88844.25 | |
| IV. Bókband (kr. 718.30), bækur (kr. 253.52), ritföng (kr. 841.08) | | — 1812.90 | |
| V. Ljós, hiti, ræsting og kostnaður af húsi og munum: | | | |
| 1. Ljós og önnur raforka (kr. 657.90), ljósfæri (kr. 328.38) | kr. 986.28 | | |
| 2. Hiti | — 3057.55 | | |
| 3. Ræsting [ræstingarvinna kr. 2279.65; ræstingarvörur kr. 327.17] | — 2606.82 | | |
| 4. Kostnaður af húsi (kr. 548.50) og munum (kr. 919.39) | — 1467.89 | — 8118.54 | |
| VI. Önnur gjöld: | | | |
| 1. Aðstoð og aukavinna [þar af aukavinna Lárusar Blöndals kr. 600.00 og fyrir ýmislegt kr. 108.00] | kr. 708.00 | | |
| 2. Kostnaður við einstakar nefndir [þóknun til ritara fjárveit- inganefndar, Haralds Matthíassonar, kr. 812.00, og til ritara utanríkisráðgjafar, Stefáns Þorvarðssonar, kr. 2400.00] ... | — 3212.00 | | |
| 3. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af sínum o. fl. kr. 2351.98; símtöl og símskeyti frá forsetum og skrifstofu kr. 41.77] | — 2393.75 | | |
| 4. Símanot þingmanna | — 5562.29 | | |
| 5. Þinghúsgarðurinn | — 610.35 | | |
| 6. Opinber gjöld [vatnsskattur kr. 755.25; brunabótaiðgjald kr. 379.68; slysatryggingariðgjöld fyrir þingsveina kr. 51.60] | — 1186.53 | | |
| 7. Ýms gjöld [minningarskjöldur og blómsveigar við fráfall tveggja alþingismanna og eins fyrrv. þingmanns kr. 423.00; kostn. af útför Jóns Baldvinssonar alþingisforseta kr. 1866.90; sjúkrastyrkur til Sigríðar Gísladóttur vegna byltu við ræst- ingarstörf kr. 200.00; ferðakostn. 4. manna á fulltrúaþing þing- mannasambands Norðurlanda í Stokkhólmi kr. 6000.00; greitt fyrir samningu yfirlits um íslenska löggjöf í Árbók sama sambands kr. 298.00; risnukostn. forseta kr. 116.65; kostn. af þingskrifaraprófi kr. 94.78; myndasafn Alþingis kr. 15.00; leiga fyrir pósthólf kr. 6.00] | — 9020.33 | — 22693.25 | |
| | | kr. 262981.44 | |
| B. Samkv. 9. gr. 2. í fjárlögum (yfirskoðun ríkisreikninga): | | | |
| VII. Laun yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna o. fl. [yfirskoð- unarlaun kr. 3750.00 + 625.00 (aukaþóknun til Magnúsar Jónssonar fyrir óvenjul. aukavinnu); vélritun athugasemda kr. 30.00] | — 4405.00 | | |
| | | Samtals kr. 267386.44 | |

Skrifstofu Alþingis, 1. marz 1939.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Þingfararkaup alþingismanna 1938.

| Nöfn | Dagpeningar og dýrtíðaruppbót | | | Ferða- kostnað- ur o. fl. 1) | Þing- fararkaup alls |
|--|-------------------------------|---------------|---------------------------------|------------------------------------|----------------------------|
| | Dagpen- ingar | Uppbót 25% | Dagpen- og uppbót alls | | |
| | kr. | kr. | kr. | kr. | kr. |
| 1. Árni Jónsson, 10. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 3. Bergur Jónsson, þm. Barð. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | 300.00 | 1605.00 |
| 4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. | 1248.00 | 312.00 | 1560.00 | 518.00 | 2078.00 |
| 5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | 320.00 | 1625.00 |
| 6. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. | 1416.00 | 354.00 | 1770.00 | 470.00 | 2240.00 |
| 7. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | 300.00 | 1605.00 |
| 8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 9. Einar Árnason, 2. þm. Eyf. | 1188.00 | 297.00 | 1485.00 | 523.00 | 2008.00 |
| 10. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 11. Eiríkur Einarsson, 9. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 12. Emil Jónsson, 7. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | 300.00 | 1605.00 |
| 13. Erlendur Þorsteinsson, 11. landsk. þm. | 1056.00 | 264.00 | 1320.00 | 425.00 | 1745.00 |
| 14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 15. Finnur Jónsson, þm. Ísaf. | 1200.00 | 300.00 | 1500.00 | 440.00 | 1940.00 |
| 16. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 17. Gísli Guðmundsson, þm. N.-P. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 18. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk. | 1080.00 | 270.00 | 1350.00 | 585.00 | 1935.00 |
| 19. Guðrún Lárusdóttir, 2. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 20. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 21. Helgi Jónsson, 2. þm. Rang. | 1092.00 | 273.00 | 1365.00 | 450.00 | 1815.00 |
| 22. Hermann Jónsson, þm. Str. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 23. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 24. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. | 1212.00 | 303.00 | 1515.00 | 434.00 | 1949.00 |
| 25. Ísleifur Högnason, 5. landsk. þm. | 1140.00 | 285.00 | 1425.00 | 400.00 | 1825.00 |
| 26. Jakob Möller, 2. þm. Reykv. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 27. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. | 1056.00 | 264.00 | 1320.00 | 300.00 | 1620.00 |
| 28. Jóhann G. Möller 4. (vara)þm. Reykv. | 852.00 | 213.00 | 1065.00 | » | 1065.00 |
| 29. Jón Baldvinsson, 9. landsk. þm. | 72.00 | 18.00 | 90.00 | » | 90.00 |
| 30. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv. | 1368.00 | 342.00 | 1710.00 | 520.00 | 2230.00 |
| 31. Jónas Jónsson, þm. S.-P. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 32. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. | 1188.00 | 297.00 | 1485.00 | 420.00 | 1905.00 |
| 33. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 34. Ólafur Thors, þm. G.-K. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 35. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. | 1308.00 | 327.00 | 1635.00 | 730.00 | 2365.00 |
| 36. Páll Zóphóniasson, 1. þm. N.-M. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 37. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 38. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv. | 192.00 | 48.00 | 240.00 | » | 240.00 |
| 39. Pétur Ottesen, þm. Borgf. | 1380.00 | 345.00 | 1725.00 | 430.00 | 2155.00 |
| 40. Sigurður E. Hliðar, þm. Ak. | 1164.00 | 291.00 | 1455.00 | 535.00 | 1990.00 |
| 41. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 42. Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 43. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. | 1356.00 | 339.00 | 1695.00 | 285.00 | 1980.00 |
| 44. Stefán Stefánsson, 4. landsk. þm. | 1164.00 | 291.00 | 1455.00 | 640.00 | 2095.00 |
| 45. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 46. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang. | 1104.00 | 276.00 | 1380.00 | 450.00 | 1830.00 |
| 47. Thor Thors, þm. Snæf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 48. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf. | 1044.00 | 261.00 | 1305.00 | » | 1305.00 |
| 49. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk. | 1548.00 | 387.00 | 1935.00 | 747.00 | 2682.00 |
| 50. Þorsteinn Briem, þm. Dal. | 1080.00 | 270.00 | 1350.00 | 325.00 | 1675.00 |
| 51. Þorsteinn Þorsteinsson, 6. landsk. þm. | 1440.00 | 360.00 | 1800.00 | 565.00 | 2365.00 |
| Samtals | 55092.00 | 13773.00 | 68865.00 | 11412.00 | 80277.00 |

1) Í ferðakostnaðinum er fölginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtímann, 100 kr. á mánuði fyrir hvern utanbæjarþingmann, skv. úrskurði þingfararkaupsnéfdnar.

Reikningur Alþingissjóðs 1938.

[Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Alpt. 1936, B. 1452—1453].

Tekjur:

| | |
|--|----------------------------|
| 1. Eign við árslok 1937: | |
| Innstæða í Söfnunarsjóði | kr. 2775.04 |
| 2. Vextir 1938 af innstæðu í Söfnunarsjóði | — 144.30 |
| | <u>Samtals kr. 2919.34</u> |

Gjöld:

| | |
|--------------------------------|----------------------------|
| Eign við árslok 1938: | |
| Innstæða í Söfnunarsjóði | kr. 2919.34 |
| | <u>Samtals kr. 2919.34</u> |

Skrifstofu Alþingis, 2. jan. 1939.

Jón Sigurðsson.

